(1) A High Contracting Party may denounce the present Convention only after the expiry of five years from the date on which it became a Party to it and after six months' notice contained in a notification addressed to the Secretary-General of the Council of Europe, who shall inform the other High Contracting Parties.

(2) Such a denunciation shall not have the effect of releasing the High Contracting Party concerned from its obligations under this Convention in respect of any act which, being capable of constituting a violation of such obligations, may have been performed by it before the date at which the denunciation became effective.



11 3. Hver sá samningsaðili, sem gengur  
9. febr. úr Evrópuráðinu, skal á sama hátt eigi  
talinn lengur aðili samnings þessa.

4. Samningi þessum má segja upp í samræmi við ákvæði töluliðanna hér að ofan varðandi hvert það landsvæði, sem hann skyldi taka til eftir yfirlýsingu samkvæmt 63. gr.

#### 66. gr.

1. Aðilum Evrópuráðsins skal heimilt að undirrita samning þennan. Hann skal fullgiltur. Fullgildingarskjöl skal afhenda aðalritara Evrópuráðsins.

2. Samningur þessi skal taka gildi, er tíu ríki hafa afhent fullgildingarskjöl sín.

3. Hvert það ríki, sem undirritað hefur samninginn, en afhendir fullgildingarskjál sitt síðar, skal samningurinn binda frá þeim degi, er það hefur afhent fullgildingarskjál sitt.

4. Aðalritari Evrópuráðsins skal tilkynna öllum aðilum Evrópuráðsins gildistöku samningsins, nöfn þeirra ríkja, sem hafa fullgilt hann og afhendingu allra fullgildingarskjala, sem síðar kunna að berast.

*Gjört í Róm, hinn 4. nóvember 1950, með enskum og frönskum texta, sem báðir eru jafngildir, í einu eintaki, er varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins. Aðalritari skal senda staðfest endurrit hverju ríki, sem undirritað hefur samninginn.*

(3) Any High Contracting Party which shall cease to be a Member of the Council of Europe shall cease to be a Party to this Convention under the same conditions.

(4) The Convention may be denounced in accordance with the provisions of the preceding paragraphs in respect of any territory to which it has been declared to extend under the terms of Article 63.

#### Article 66

(1) This Convention shall be open to the signature of the Members of the Council of Europe. It shall be ratified. Ratifications shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe.

(2) The present Convention shall come into force after the deposit of ten instruments of ratification.

(3) As regards any signatory ratifying subsequently, the Convention shall come into force at the date of the deposit of its instrument of ratification.

(4) The Secretary-General of the Council of Europe shall notify all the Members of the Council of Europe of the entry into force of the Convention, the names of the High Contracting Parties who have ratified it, and the deposit of all instruments of ratification which may be effected subsequently.

*Done at Rome the 4th day of November 1950 in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary-General shall transmit certified copies to each of the signatories.*

Fylgiskjal II.

11

9. febr.

## VIÐBÓTARSAMNINGUR

## P R O T O C O L

við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

to the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms.

Ríkisstjórnir þær, sem undirritað hafa viðbótarsamning þennan, eru aðilar að Evrópuráðinu og hafa ákveðið að bindast samtökum um að fullnægja tilteknunum réttindum og frelsi, umfram það, sem þegar er greint í I. kafla samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem gerður var í Róm hinn 4. nóvember 1950 (og hér er nefndur „samningurinn“). Hafa þær því komið sér saman um það, sem hér segir:

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Being resolved to take steps to ensure the collective enforcement of certain rights and freedoms other than those already included in Section I of the Convention for the Protection of Human Rights and Fundamental Freedoms signed at Rome on 4th November, 1950 (hereinafter referred to as “the Convention”),

Have agreed as follows:

## 1. gr.

Öllum mönnum og persónum að lögum ber réttur til þess að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings þjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

*Article 1*

Every natural or legal person is entitled to the peaceful enjoyment of his possessions. No one shall be deprived of his possessions except in the public interest and subject to the conditions provided for by law and by the general principles of international law.

Eigi skulu þó ákvæði síðustu málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum, sem það telur nauðsynleg til þess að eftirlit sé haft með notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta, annarra opinberra gjalda eða sekta.

The preceding provisions shall not, however, in any way impair the right of a State to enforce such laws as it deems necessary to control the use of property in accordance with the general interest or to secure the payment of taxes or other contributions or penalties.

## 2. gr.

Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miða að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það, að slík menntun og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífs skoðanir þeirra.

*Article 2*

No person shall be denied the right to education. In the exercise of any functions which it assumes in relation to education and to teaching, the State shall respect the right of parents to ensure such education and teaching in conformity with their own religious and philosophical convictions.

## 3. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að halda frjálsar kosningar með hæfilegu millibili, og sé atkvæðagreiðsla leynileg og fari fram við aðstæður, er

*Article 3*

The High Contracting Parties undertake to hold free elections at reasonable intervals by secret ballot, under conditions which will ensure the free expres-

11 tryggi það, að í ljós komi álit almennings með frjálsum hætti í kjöri til lög-gjafarþings.

4. gr.

Hver samningsaðili um sig má við undirskrift, við fullgildingu eða síðar afhenda aðalritara Evrópuráðsins yfirlýsingu um, að hve miklu leyti hann ábyrgist, að ákvæði viðbótarsamnings þessa nái til landsvæða þeirra, sem hann svarar fyrir á alþjóðavettvangi og upp eru talin í yfirlýsingunni.

Hver samningsaðili, sem afhent hefur yfirlýsingu samkvæmt síðustu málsgrein, getur hvenær sem er afhent aðra yfirlýsingu, þar sem breytt er ákvæðum fyrri yfirlýsinga eða tilkynnt er, að ákvæði viðbótarsamnings þessa gildi ekki um tiltekið landsvæði.

Yfirlýsingu, sem gefin er í samræmi við grein þessa, skal skoða svo sem hún sé gerð í samræmi við 1. málsgrein 63. greinar samningsins.

5. gr.

Samningsaðilum ber að líta á 1.—4. grein hér að ofan sem viðbótargreinar við samninginn, og skulu öll ákvæði hans gilda samkvæmt því.

6. gr.

Viðbótarsamning þennan er öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins, sem undirritað hafa samninginn, heimilt að undirrita. Skal fullgilda hann jafnframt samningnum eða síðar. Gengur hann í gildi, þegar tíu fullgildingarskjöl hafa verið afhent. Að því er snertir undirskriftir, er síðar verða fullgiltar, skal viðbótarsamningurinn ganga í gildi frá þeim degi, er fullgildingarskjalið er afhent.

Afhenda skal fullgildingarskjölin aðalritara Evrópuráðsins, og skal hann tilkynna öllum meðlimum nöfn þeirra, er fullgilt hafa.

sion of the opinion of the people in the choice of the legislature.

*Article 4*

Any High Contracting Party may at the time of signature or ratification or at any time thereafter communicate to the Secretary-General of the Council of Europe a declaration stating the extent to which it undertakes that the provisions of the present Protocol shall apply to such of the territories for the international relations of which it is responsible as are named therein.

Any High Contracting Party which has communicated a declaration in virtue of the preceding paragraph may from time to time communicate a further declaration modifying the terms of any former declaration or terminating the application of the provisions of this Protocol in respect of any territory.

A declaration made in accordance with this Article shall be deemed to have been made in accordance with Paragraph (1) of Article 63 of the Convention.

*Article 5*

As between the High Contracting Parties the provisions of Articles 1, 2, 3 and 4 of this Protocol shall be regarded as additional Articles to the Convention and all the provisions of the Convention shall apply accordingly.

*Article 6*

This Protocol shall be open for signature by the Members of the Council of Europe, who are the signatories of the Convention; it shall be ratified at the same time as or after the ratification of the Convention. It shall enter into force after the deposit of ten instruments of ratification. As regards any signatory ratifying subsequently, the Protocol shall enter into force at the date of the deposit of its instrument of ratification.

The instrument of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe, who will notify all Members of the names of those who have ratified.

*Gjört í París hinn 20. marz 1952, með enskum og frönskum texta, sem báðir eru jafngildir, í einu eintaki, er varðveita skal í skjalasafni Evrópuráðsins. Aðalritari skal senda staðfest endurrit hverju ríki, sem undirritað hefur viðbótarsamninginn.*

*Done at Paris on the 20th day of March 1952, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary-General shall transmit certified copies to each of the signatory Governments.*

11  
9. febr.

## AUGLÝSING

### um fullgildingu alþjóða fjarskiptasamnings.

12

9. febr.

Hinn 22. desember 1952 var undirritaður fyrir hönd Íslands á alþjóða fjarskiptaráðstefnu í Buenos Aires alþjóðasamningur um fjarskipti ásamt viðbótarsamningi.

Fullgildingarskjal Íslands varðandi samninga þessa hefur verið afhent svissneska utanríkisráðuneytinu hinn 15. október 1953.

Samningarnir gengu í gildi fyrir Ísland hinn 1. janúar 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 9. febrúar 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

## AUGLÝSING

### um fullgildingu alþjóðapóstsamninga.

13

9. febr.

Hinn 22. apríl 1953 undirritaði forseti Íslands fullgildingarskjal varðandi alþjóða póstsamninga þá, sem undirritaðir voru fyrir Íslands hönd í Bruxelles hinn 11. júlí 1952. Samningarnir, sem póststjórnin hefur gefið út í íslenskri þýðingu, eru þessir:

1. a. Alþjóðapóstsamningur.  
b. Lokabókun alþjóðapóstsamningsins.  
c. Starfsreglugerð alþjóðapóstsamnings.  
d. Bréfapóstsendingar loftleiðis.
2. a. Samningur um bréf og öskjur með tilgreindu verði.  
b. Lokabókun samningsins.  
c. Starfsreglugerð samningsins um bréf og öskjur með tilgreindu verði.
3. a. Samningur um póstbögglar.  
b. Lokabókun samningsins.  
c. Starfsreglugerð samningsins um póstbögglar.
4. a. Samningur um póstávisanir og ferðapóstávisanir.  
b. Starfsreglugerð samningsins um póstávisanir og ferðapóstávisanir.
5. a. Samningur um póstkröfusedingar.  
b. Starfsreglugerð samningsins um póstkröfusedingar.

- 13 6. a. Samningur um póstinnheimtur.  
9 febr. b. Starfsreglugerð samningsins um póstinnheimtur.  
Fullgildingarskjal Íslands var skrásett í belgiska utanríkisráðuneytinu hinn 6. maí 1953, og gengu téðir samningar í gildi hinn 1. júlí 1953.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 9. febrúar 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

14  
10. febr.

## AUGLÝSING

um milliríkjasamning milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

Hinn 20. júlí 1953 var í Reykjavík undirritaður milliríkjasamningur milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

Forseti Íslands undirritaði fullgildingarskjal Íslands að samningnum 22. janúar 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 10. febrúar 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

### Fylgiskjal.

Milliríkjasamningur milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

Forseti lýðveldisins Íslands, Hans Hátign konungur Danmerkur, Hans Hátign konungur Noregs og Hans Hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa komið sér saman um að gera með sér milliríkjasamning um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Forseti lýðveldisins Íslands:

Forsetis- og félagsmálaráðherra Steingrím Steinþórsson.

Hans Hátign konungur Danmerkur:

Vinnu- og félagsmálaráðherra Poul Sørensen.

Hans Hátign konungur Noregs:

Félagsmálaráðherra Aaslaug Aasland.

Hans Hátign konungur Svíþjóðar:

Félagsmálaráðherra G. E. Sträng,

sem, að fengnum nauðsynlegum umboðum, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

## I. KAFLI

## Sjúkrasamlög, er samningurinn tekur til.

14

10. febr.

## 1. gr.

Samningur þessi tekur að því er *Danmörku* snertir til viðurkenndra sjúkrasamlaga, sem eru í sambandi sjúkrasamlaga í Danmörku („De samvirkende Centralforeninger af Sygekasser i Danmark“) og framhaldssjúkrasamlaga undir ríkis eftirliti, sem eru í sambandi framhaldssjúkrasamlaga í Danmörku („De samvirkende statskontrollerede Fortsættelsesygekasser i Danmark“), að því er *Ísland* snertir til allra sjúkrasamlaga, stofnaðra samkvæmt III. kafla alþýðutryggingalaganna frá 1936 með síðari breytingum og viðaukum, svo og, að því er varðar sjúkradagpeninga, til Tryggingastofnunar ríkisins, að því er *Noreg* snertir til tryggingasamlaganna („trygdekasserne“) og hinna viðurkenndu sjúkrasamlaga, — og að því er *Svíþjóð* snertir, til allra viðurkenndra sjúkrasamlaga (erkända sjukassor).

Þessi samlög og Tryggingastofnun ríkisins nefnast hér á eftir sjúkrasamlög.

## II. KAFLI

## Flutningur tryggðra manna.

## 2. gr.

Þeir, sem sjúkratryggingar njóta í sjúkrasamlögum, sem samningur þessi nær til, hafa rétt til flutnings samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Maki, börn og aðrir, sem sjúkratryggðir eru sem aukameðlimir í því landi, sem flutt er frá, en verða ekki tryggðir sem aukameðlimir í því landi, sem flutt er til, eiga rétt til flutnings sem sjálfstæðir meðlimir.

## 3. gr.

1. Til þess að flutningur geti fram farið, skal hinn tryggði hafa:

- a. sleppt búsetu í landinu, sem hann flyzt frá, og búsett sig í landinu, sem hann flyzt til,
- b. fullnægt skyldum sínum við samlagið eða samlögin, sem hann á að flytjast frá, og
- c. gefið sig fram við sjúkrasamlagið á þeim stað, sem hann flyzt til, innan tveggja mánaða frá því að hann kom til landsins, og afhent samlaginu flutningsvottorð, útgefið af samlaginu, sem hann á að flyjast frá.

Tryggður maður getur ekki krafizt flutnings, þegar hann hefur flutzt í þeim tilgangi að leita læknishjálpar, sjúkrahúsvistar eða fæðingarhjálpar í hinu landinu.

Hafi sá, sem flutning tilkynnir, ekki flutningsvottorð meðferðis, skal gefa honum hæfilegan frest til að afla slíks vottorðs.

Gerð flutningsvottorðsins ákveður að því er Danmörku snertir „Sygekassenævnet“, að því er Ísland snertir Tryggingaráðið, að því er Noreg snertir „Rikstrygdeverket“ og að því er Svíþjóð snertir „Riksförsäkringsanstalten“ með samráðum sín á milli.

2. Ef fleiri en eitt sjúkrasamlag eru á þeim stað, sem hinn tryggði flyzt til, og ekkert er því til fyrirstöðu samkvæmt lögum eða samþykktum samlagsins, að hann geti valið milli sjúkrasamlaganna, er það samlag, sem hann snýr sér til, skylt að taka hann í meðlimatölu.

14

10. febr.

## 4. gr.

1. Innganga í sjúkrasamlagið, sem flutt er til, miðast við þann tíma, þegar hinn tryggði kemur til landsins, sem hann flyzt til.
2. Hafi hinn tryggði ekki gefið sig fram við sjúkrasamlagið á þeim stað, sem hann flyzt til, innan þriggja vikna frá komudegi, á hann ekki rétt á sjúkrahjálpi fyrir tímann áður en hann gefur sig fram.
3. Þegar flutzt er milli *Íslands, Noregs og Svíþjóðar*, svo og frá *Danmörku* til *Íslands* eða *Noregs*, fer sem hér segir:

Tryggður maður, sem er veikur, þegar hann flyzt og á rétt til sjúkradagpeninga eða greiðslu á kostnaði við sjúkrahúsvist, á ekki rétt til slíkrar sjúkrahjálpar á yfirstandandi sjúkdómstímabili frá sjúkrasamlagi því, er hann flyzt til. Sé flutzt frá *Íslandi, Noregi* eða frá *Svíþjóð*, skal, er svo stendur á, það eða þau sjúkrasamlög, sem flutzt er frá, greiða áfram sjúkradagpeninga, unz veikindatímabili eða styrktíma lýkur. Sé styrktíminn lengri en tvö ár, skal hann takmarkast við þá tímalengd.

Þegar flutzt er milli *Danmerkur* og *Svíþjóðar*, fer sem hér segir:

- Tryggður maður, sem er veikur, þegar hann flytur, og á rétt til sjúkradagpeninga eða greiðslu á kostnaði við sjúkrahúsvist, á rétt á að njóta áfram slíkrar hjálpar á yfirstandandi veikindatímabili, eftir samþykktum hlutaðeigandi samlaga og öðrum gildandi reglum.
4. Fyrir fæðingu, sem átt hefur sér stað fyrir flutninginn, greiðir samlagið, sem flutzt var til, ekki fæðingarstyrk.
  5. Tryggður maður, sem flyzt til *Íslands*, á rétt á að tryggja sér þá sjúkradagpeninga, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkvæmt gildandi almanna-tryggingalögum. Skal hann þá greiða viðaukaiðgjald til samlagsins. Upphæð iðgjaldsins ákveður Tryggingaráðið.
  6. Flutningur fer að öðru leyti fram eftir þeim reglum um flutninga milli sjúkrasamlaga, sem gilda í því landi, sem hinn tryggði flyzt til. Þessar reglur skulu þó ekki hamla flutningi námsmanna, sem vegna náms ætla að dveljast í hinu landinu í meira en 3 mánuði í röð.

## 5. gr.

Því sjúkrasamlagi, sem fær tilkynningu um flutning, er rétt að leita upplýsinga um þann, sem flytur, frá því eða þeim sjúkrasamlögum, sem hann hefur áður verið í. Sjúkrasamlag má ekki synja slíkra upplýsinga, nema lög banni.

## 6. gr.

Verði breytingar á gildandi reglum um flutninga í hinum einstöku löndum, skulu „Sygekassenævnet“ í *Danmörku*, Tryggingaráðið á *Íslandi*, „Rikstrygdeverket“ í *Noregi* og „Riksförsäkringsansalten“ í *Svíþjóð* tilkynna það hvert öðru.

## III. KAFLI

## Sjúkrahjálpi vegna dvalar um stundarsakir.

## 7. gr.

Verði maður, sem sjúkratryggður er í samlagi, sem um ræðir í 1. gr., skyndilega veikur og sjúkrahjálpar þurfi, er hann dvelst um stundarsakir í einhverju hinna landanna, er sjúkrasamlagið á þeim stað, þar sem þessi hjálpi er veitt, skylt að greiða kostnaðinn við hana í samræmi við eftirfarandi reglur.

Slík skylda hvílir og sem undantekning á öðru samlagi, ef hinn tryggði getur sýnt fram á, að veigamiklar ástæður hafi verið til þess að hann sneri sér til þess samlags í stað hins fyrrnefnda samlags.

## 8. gr.

14

Almenn skilyrði fyrir að fá sjúkrahjálp, auk þeirra, sem nefnd eru í 7. gr., eru þessi:

10. febr.

- a. Hinn tryggði skal svo fljótt sem verða má, og í síðasta lagi 14 dögum eftir að hann leitaði læknis eða lagðist í sjúkrahús, tilkynna veikindin til sjúkrasamlags, eins og segir í 7. gr. — Síðari tilkynningu má þó taka gilda, ef sýnt er fram á, að hinum tryggða hafi ekki verið unnt að tilkynna fyrr.
- b. Hinn tryggði skal staðfesta, í hvaða sjúkrasamlagi hann sé tryggður, með samlagsbók, öðru tryggingarskirteini, eða, sé þess ekki kostur, með skriflegri drengskaparyfirlýsingu.
- c. Hafi hinn tryggði sjálfur lagt út kostnaðinn við sjúkrahjálpinu, skal hann senda samlaginu, sem tilkynnt hefur verið um veikindin, kvittaðan reikning, áður en hann hverfur úr landi, ef unnt er, og aldrei síðar en sex vikum eftir að hann hefur greitt reikninginn.

## 9. gr.

1. Sjúkrahjálp sú, sem þessi kafli fjallar um, er læknishjálp og sjúkrahúsvist eða endurgreiðsla kostnaðar við læknishjálp og sjúkrahúsvist. Þessi sjúkrahjálp er veitt eftir reglum hlutaðeigandi sjúkrasamlags, nema öðruvísi sé ákveðið í samningi þessum.

Sjúkrahjálpin er ekki veitt lengur en þar til ástand hins tryggða leyfir ferð til þess lands, þar sem hann er tryggður. Ekki skal þó neita um sjúkrahjálp, þegar telja má óeðlilegt, með tilliti til allra aðstæðna, að vísa hinum tryggða til sjúkrahjálpar í því landi, þar sem hann er tryggður.

Sjúkrahúsvist eða endurgreiðsla kostnaðar við sjúkrahúsvist skal veitt — án tillits til fyrri hjálpar — í 90 daga hið mesta í hverri dvöl um stundarsakir.

Enginn biðtími gildir varðandi sjúkrahjálp eftir þessum kafla.

2. Sænsk sjúkrasamlög endurgreiða útgjöld fyrir læknishjálp að svo miklu leyti sem segir í fyrstu mgr. 22. gr. í tilskipuninni um viðurkennd sjúkrasamlög („erkända sjukassor“) og kostnað við flutning í sjúkrahús og sjúkrahúsvist með þeirri fjárhæð, sem hinn tryggði hefur greitt, þó ekki hærri upphæð en greidd skyldi fyrir flutning í næsta almennt sjúkrahús, þar sem kostur er fullnægjandi meðferðar, og dvöl á fjölþýlisstofu þar. Hvort og að hve miklu leyti þessum útgjöldum skuli skipt milli hlutaðeigandi héraðs- og staðarsamlags, ákveður hlutaðeigandi yfirvald.

## 10. gr.

1. Vegna slysa, sem orðið hafa við vinnu, skal sjúkrahjálp aðeins veitt að því leyti sem bótaréttur er ekki fyrir hendi samkvæmt lögboðinni slysatryggingu.
2. Sjúkrahjálp skal ekki veitt sjómönnum, sem tryggð er hjálp samkvæmt gildandi sjómannaalögum á þeim tíma, sem þeir verða hjálparþurfi.

## 11. gr.

Eigi hinn sjúkratryggði vegna sjúkdóms rétt á bótum frá tjónvaldi, er honum skylt, ef samlagið óskar, að framselja því skaðabótakröfu sína, allt að þeirri upphæð, sem samlagið greiðir vegna sjúkdómsins.

## 12. gr.

Þegar sjúkrasamlag hefur fengið tilkynningu þá, sem getur í 8. gr. a., skal það án tafar skýra samlaginu, þar sem hlutaðeigandi er tryggður, frá sjúkdómnum. Slíkri tilkynningu má þó sleppa, þegar aðeins hefur verið um minni háttar læknishjálp að ræða.



14 10. febr. Þegar síðastnefnt sjúkrasamlag hefur fengið greinda tilkynningu, skal það, ef óskað er, svo fljótt sem verða má senda samlaginu, sem hjálp hefur veitt, staðfestingu á meðlimsréttindunum og þær upplýsingar, sem samlagið kann að hafa óskað.

Hafi sjúkrahúsvist verið veitt, skal sjúkrasamlagið, þegar henni er lokið, senda samlaginu, þar sem hlutaðeigandi er tryggður, tilkynningu um veitta sjúkrahjálpi.

Að öðru leyti skal veita þær upplýsingar, sem samlag hins tryggða óskar.

#### 13. gr.

Það sjúkrasamlag, sem veitt hefur sjúkrahjálpi samkvæmt þessum kafla, á ekki rétt til endurgreiðslu hennar frá því samlagi, þar sem hlutaðeigandi er tryggður, né til að krefja hinn tryggða um iðgjald.

### IV. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 14. gr.

Ágreining um framkvæmd ákvæðanna í samningi þessum úrskurða þau stjórnarvöld, sem úrskurð eiga slíkra mála samkvæmt lögum þess lands, sem hinn tryggði flyzt til eða á dvöl í um stundarsakir.

Tilkynning um úrskurði aðalstjórnarvaldanna skal send hliðstæðu stjórnarvaldi í hinu landinu.

#### 15. gr.

Nánari fyrirmæli, sem þörf kann að krefja vegna framkvæmdar samnings þessa, setja í Danmörku „Sygekassenævnet“, á Íslandi Tryggingastofnun ríkisins, í Noregi „Rikstrygdeverket“ og í Svíþjóð „Riksförsäkringsanstalten“ með samráðum sínu á milli og við sambönd sjúkrasamlaganna.

#### 16. gr.

1. Þegar tvö landanna hafa fullgilt samninginn, tekur hann gildi fyrir þau lönd frá og með fyrstu mánaðamótum eftir að tveir mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er síðara landið fullgilti hann.

Samningurinn tekur gildi fyrir hin löndin á samsvarandi hátt, talið frá þeim degi, er hlutaðeigandi land hefur fullgilt samninginn.

2. Hvert samningslandanna um sig getur sagt upp aðild sinni að samningnum með sex mánaða fyrirvara hið minnsta.

Þegar samningur þessi tekur gildi fyrir hlutaðeigandi lönd, falla niður:

Samningur milli *Danmerkur* og *Íslands* um flutning meðlima milli sjúkrasamlaga í Danmörku og á Íslandi, frá 30. marz 1939, svo og samningur um reglur um sjúkrahjálpi vegna dvalar um stundarsakir á Íslandi og í Danmörku, frá 20. september 1939.

Samningur milli *Danmerkur* og *Noregs* um flutning meðlima milli sjúkrasamlaga í Danmörku og Noregi, frá 21. janúar 1948.

Samningur milli *Danmerkur* og *Svíþjóðar* um flutning meðlima milli sjúkrasamlaga í Danmörku og Svíþjóð, frá 23. desember 1947.

Samningur milli *Noregs* og *Svíþjóðar* um flutning meðlima milli sjúkrasamlaga í Noregi og Svíþjóð, frá 22. desember 1947.

Samninginn skal varðveita í skjalasafni íslenska utanríkisráðuneytisins, og 14 staðfest afrit af honum skal utanríkisráðuneytið senda ríkisstjórnnum allra hinna 10. febr. samningsríkjanna.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað samning þennan.

*Gert í Reykjavík í einu eintaki á íslensku, dönsku, norsku og sænsku, hinn 20. júlí 1953.*

Steingr. Steinþórsson. Aaslaug Aasland. G. E. Sträng. Poul Sörensen.

## AUGLÝSING

15

10. febr.

um milliríkjasamning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæmni varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

Hinn 20. júlí 1953 var í Reykjavík undirritaður milliríkjasamningur ásamt lokabókun milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæmni varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

Forseti Íslands undirritaði fullgildingarskjal Íslands að samningnum hinn 22. janúar 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 10. febrúar 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

### Fylgiskjal.

Milliríkjasamningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæmni varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

Forseti lýðveldisins Íslands, Hans Hátign konungur Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans Hátign konungur Noregs og Hans Hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa komið sér saman um að gera með sér milliríkjasamning um gagnkvæmni varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Forseti lýðveldisins Íslands:

Forsætis- og félagsmálaráðherra Steingrím Steinþórsson.

Hans Hátign konungur Danmerkur:

Vinnu- og félagsmálaráðherra Poul Sörensen.

Forseti lýðveldisins Finnlands:

Félagsmálaráðherra Vieno Simonen.

Hans Hátign konungur Noregs:

Félagsmálaráðherra Aaslaug Aasland.

Hans Hátign konungur Svíþjóðar:

Félagsmálaráðherra G. E. Sträng,

sem, að fengnum nauðsynlegum umboðum, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

15

10. febr.

1. gr.  
Samningsrikin skuldbinda sig til þess að láta ríkisborgurum annars samnings-  
ríkis í té greiðslur vegna skertrar starfshæfni í samræmi við ákvæði þessa samnings.

Kona, sem ekki er sjálf ríkisborgari í samningsriki, en er eða var síðast gift  
ríkisborgara hlutaðeigandi ríkis, nýtur sama réttar og ríkisborgari þess ríkis.

Enn fremur nýtur sá, sem áður hefur átt ríkisfang í samningsriki og hefur ekki  
öðlazzt ríkisfang í öðru ríki, sama réttar og ríkisborgarar þess ríkis.

2. gr.

Greiðslur vegna skertrar starfshæfni taka samkvæmt samningi þessum til ör-  
orkulífeyris, gervilima, svo og ráðstafana varðandi lækningu, þjálfun og vinnu.

3. gr.

Um skilyrðin fyrir rétti til greiðslna, sem samningurinn tekur til, svo og um  
upphæð greiðslnanna og útreikning fer eftir reglum dvalarlandsins.

Til þess að öðlast rétt til örorkulífeyris í dvalarlandinu verður hlutaðeigandi þó  
annað hvort að hafa dvalizt þar samfleytt í a. m. k. 5 árin næstu, áður en krafa um  
hann er borin fram, eða hafa dvalizt þar a. m. k. síðsta árið áður en krafan er borin  
fram og hafa á þessum tíma verið a. m. k. eitt ár líkamlega og andlega fær um að  
inna af höndum venjuleg störf. Til þess að öðlast rétt til annarra greiðslna sam-  
kvæmt þessum samningi, þ. e. gervilima og ráðstafana varðandi lækningar, þjálfun  
og vinnu, verður hlutaðeigandi að hafa eignazt fast heimili í dvalarlandinu. Fjar-  
vera frá dvalarlandinu um stundarsakir skiptir ekki máli.

4. gr.

Dvalarlandið skal standa straum af kostnaði við greiðslur samkvæmt samningi  
þessum.

5. gr.

Ef löggjöf samningsríkis hefur að geyma reglur um það, að örorkulífeyrisþegi  
skuli, er hann nær ákveðnum aldri, fá ellilífeyri í stað örorkulífeyris, skulu örorku-  
lífeyrisþegar, sem eru ríkisborgarar annarra samningsríkja, hefja töku ellilífeyris  
eftir sömu reglum og ríkisborgarar dvalarlandsins.

6. gr.

Samningur þessi skerðir ekki rétt samningsríkjanna til þess að setja almennar  
reglur um rétt erlendra manna til dvalar í hlutaðeigandi landi. Slíkar reglur mega  
þó ekki opna leið til þess að sniðganga samning þennan.

7. gr.

Samning þennan skal fullgilda, og fullgildingarskjölunum skal, svo fljótt sem  
unnt er, komið til varðveizlu í íslenska utanríkisráðuneytinu.

Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir  
heilir almanaksmánuðir frá afhendingu fullgildingarskjalanna.

8. gr.

Vilji eitthvert samningsríkjanna segja samningnum upp, skal skrifleg tilkynn-  
ing um það send íslenzku ríkisstjórninni, en hún skal þegar skýra hinum samn-  
ingsríkjunum frá því og hvaða dag tilkynningin barst henni í hendur.

Uppsögnin gildir aðeins fyrir það land, sem hana hefur tilkynnt, og gildir hún  
frá 1. janúar að liðnum a. m. k. sex mánuðum frá því er íslenska ríkisstjórnin tók  
við tilkynningu um uppsögnina.

Samninginn skal varðveita í skjalasafni íslenszka utanríkisráðuneytisins, og 15 skal það láta ríkisstjórnnum allra samningsríkjanna í té staðfest afrit af honum. 10. febr.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað samning þennan.

*Gert í Reykjavík* í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland, en hinum fyrir Svíþjóð, hinn 20. júlí 1953.

Steingr. Steinþórsson. Aaslaug Aasland. G. E. Sträng.  
Poul Sörensen. Vieno Simonen.

### LOKABÓKUN

Í sambandi við undirritun í dag á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæmni varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni hafa umboðsmenn samningsríkjanna lýst yfir því, sem hér fer á eftir:

Það hefur verið tilætlun samningsríkjanna að veita ríkisborgurum hinna ríkjanna rétt til greiðslna vegna skertrar starfshæfni eftir þeim reglum, sem gilda í dvalarlandinu.

Þegar um er að ræða greiðslur samkvæmt heimild í lögum, hvort sem þær eru fólgnar í örorkulífeyri, gervilimum eða ráðstöfunum varðandi lækningu, þjálfun eða starf, skulu þær vera hinar sömu til þeirra, sem samningurinn tekur til, og ríkisborgara landsins. Að því er tekur til viðbótargreiðslna, sem háðar eru ákvörðunum einstakra sveitarfélaga, skal hvert ríki leitast við að tryggja þeim, sem samningurinn tekur til, einnig slíkar greiðslur.

Að því er tekur til Danmerkur skal það fram tekið, að skilyrði fyrir örorkulífeyri, einnig að því er snertir ríkisborgara hinna samningsríkjanna, er það, að hlutaðeigandi sé meðlimur dönsku örorkutrygginganna, en skyldan til þess að leita upptöku í tryggingarnar, sem lögð er á danska ríkisborgara, tekur ekki til ríkisborgara hinna samningsríkjanna.

Til skýringar á því, hversu viðtækur samningur þessi er, hafa hin einstöku ríki lýst yfir því, að samkvæmt núgildandi löggjöf falli eftirtaldar greiðslur undir samninginn:

#### Á Íslandi:

1. Greiðslur samkvæmt almannatryggingalögum nr. 50/1946 og viðaukalögum nr. 38/1953:
  - a. Örorkulífeyrir samkvæmt 18. og 19. gr. almannatryggingalaganna, sbr. 5. gr. viðaukalaganna.
  - b. Barnalífeyrir samkvæmt 20. og 22. gr. almannatryggingalaganna, sbr. 5. gr. viðaukalaganna.
  - c. Örorkustyrkur samkvæmt 3. bráðabirgðaákvæði almannatryggingalaganna.
  - d. Makabætur samkvæmt 38. gr. almannatryggingalaganna, sbr. 5. gr. viðaukalaganna.
  - e. Ellilífeyrishækkun samkvæmt 17. gr. almannatryggingalaganna.
  - f. Sjúkrasamlagsiðgjöld samkvæmt 6. tölulíð 23. gr. viðaukalaganna.
2. Greiðslur samkvæmt lögum nr. 78/1936, 1. gr. 3. mgr. og 6. gr. 4. mgr., sbr. 8. gr. (gervilimir).

## 15 Í Danmörku:

10. febr.

1. Örorkulífeyrir ásamt viðaukum samkvæmt almannatryggingalögum.
2. Aðstoð og hjúkrun samkvæmt 62. gr. almannatryggingalaganna.
3. Ráðstafanir samkvæmt 60. gr. almannatryggingalaganna.
4. Aðstoð til langvarandi sjúklinga samkvæmt 247. og 248. gr. framfærslulaganna.

## Í Finnlandi:

1. Lífeyrir vegna vanhæfni til vinnu, sem reglur eru um í lögum um veitingu lífeyris frá 31. maí 1937 svo og sjúkrahjálp sú, sem ræðir um í 51. gr. nefndra laga og yrkisnám og veiting vinnutækja og annarra hjálpartækja.
2. Öryrkjaumönnun samkvæmt lögum um umönnun öryrkja frá 30. des. 1946.
3. Örorkustyrkir samkvæmt lögum um örorkustyrki frá 14. júní 1951.

## Í Noregi:

1. Greiðslur samkvæmt lögum frá 19. júní 1936, um öryrkja.
2. Aðstoð til blindra og öryrkja samkvæmt bráðabirgðalögum frá 16. júlí 1936, um aðstoð við blindra og öryrkja.
3. Yrkisnám og kennsla nýs starfs fyrir þá, sem eru vinnufærir að nokkru, í þeim sérstofnunum, sem að öllu eða nokkru leyti eru starfræktar á ríkisins kostnað.

## Í Svíþjóð:

1. Örorkulífeyrir og sjúkrastyrkur samkvæmt lögum frá 29. júní 1946, um lífeyrisgreiðslur ásamt visitöluuppbót, makabótum, húsnæðisuppbót og blindrauppbót á slíkar greiðslur.
2. Sérstakar barnauppbætur fyrir börn örorkulífeyrisþega og þeirra, sem rétt eiga á sjúkrastyrkjum samkvæmt lögum frá 26. júlí 1947, um sérstakar barnauppbætur til barna ekkna og öryrkja o. fl.
3. Ráðstafanir framkvæmdar eða styrktar af ríkinu til þess að koma í veg fyrir örorku svo og starfs- og öryrkjaumönnun, sem framkvæmd er eða styrkt af ríkinu, þar með talin umönnun daufdumbra og blindra.

Hafi dvöl — að undanskilinni fjarvist um stundarsakir — staðið í fimm ár eða lengur, ber að skilja fjarvist um stundarsakir samkvæmt 3. gr. samningsins sem fjarvist, er ekki standi lengur en fjóra mánuði. Hafi dvölin — að undanskilinni fjarvist um stundarsakir — staðið skemur en 5 ár, ber að skilja fjarvist um stundarsakir samkvæmt 3. gr. samningsins sem fjarvist, er ekki standi lengur en 1 mánuð. Í báðum tilvikunum má þó líta á fjarvist í lengri tíma sem sé hún um stundarsakir, þegar sérstakar ástæður mæla með því, þannig má taka tillit til þess, hve lengi hlutaðeigandi hefur dvalizt í dvalarlandinu samanlagt og ástæðurnar fyrir fjarvistinni.

Þessi lokabókun gengur í gildi samtímis ofannefndum samningi og skal hafa sömu verkanir og ná til sama tíma og hann.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn allra samningsríkjanna undiritað lokabókun þessa.

Steingr. Steinþórsson. Aaslaug Aasland. G. E. Sträng.

Poul Sörensen. Vieno Simonen.

## A U G L Ý S I N G

16  
10. febr.

### um milliríkjasamning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma veitingu mæðrahjálpar.

Hinn 20. júlí 1953 var í Reykjavík undirritaður milliríkjasamningur ásamt lokabókun milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma veitingu mæðrahjálpar.

Forseti Íslands undirritaði fullgildingarskjal Íslands að samningnum hinn 22. janúar 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, 10. febrúar 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

#### Fylgiskjal.

### Milliríkjasamningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma veitingu mæðrahjálpar.

Forseti lýðveldisins Íslands, Hans Hátign konungur Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans Hátign konungur Noregs og Hans Hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa komið sér saman um að gera með sér milliríkjasamning um gagnkvæma veitingu mæðrahjálpar, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Forseti lýðveldisins Íslands:

Forsætis- og félagsmálaráðherra Steingrím Steinþórsson.

Hans Hátign konungur Danmerkur:

Vinnu- og félagsmálaráðherra Poul Sørensen.

Forseti lýðveldisins Finnlands:

Félagsmálaráðherra Vieno Simonen.

Hans Hátign konungur Noregs:

Félagsmálaráðherra Aaslaug Aasland.

Hans Hátign konungur Svíþjóðar:

Félagsmálaráðherra G. E. Sträng,

sem, að fengnum nauðsynlegum umboðum, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

#### 1. gr.

Samningsríkin skuldbinda sig til þess að veita konu, sem dvelst í landinu og er ríkisborgari í einhverju hinna samningsríkjanna, mæðrahjálp í samræmi við ákvæði þessa samnings.

Kona, sem ekki er sjálf ríkisborgari í landinu, en er eða hefur verið gift ríkisborgara hlutaðeigandi lands, nýtur samkvæmt samningi þessum sama réttar og ríkisborgari samningsríkis.

16 Sú kona, sem áður hefur átt ríkisfang í einhverju samningsríkjanna og hefur 10. febr. ekki öðlazzt ríkisfang í neinu öðru ríki, skal enn fremur njóta sama réttar og ríkisborgari samningsríkis.

## 2. gr.

Með mæðrahjálpar er í samningi þessum átt við þá hjálpar, með viðaukum, sem almennt er látin konum í té vegna meðgöngu eða barnsfæðingar, samkvæmt gildandi félagsmálalöggjöf hlutaðeigandi ríkis.

## 3. gr.

Um skilyrði fyrir rétti til mæðrahjálpar samkvæmt samningi þessum, gilda ákvæði dvalarlandsins um veitingu mæðrahjálpar til þess eigin ríkisborgara.

Samningurinn tekur ekki til fólks, sem er í utanríkisþjónustu samningsríkjanna.

## 4. gr.

Dvalarlandið skal standa straum af öllum kostnaði við mæðrahjálpar samkvæmt samningi þessum.

## 5. gr.

Samningur þessi skerðir ekki rétt hvers einstaks samningsríkjanna til þess að gefa út almennar reglur um rétt erlendra manna til dvalar í hlutaðeigandi landi. Slíkar reglur mega þó ekki opna leið til þess að sniðganga samning þenna.

## 6. gr.

Hlutaðeigandi stjórnarvöld samningsríkjanna — í Svíþjóð félagsmálastjórnin að því er tekur til mæðrahjálpar og annars lífeyrisstjórnin — skulu semja um þau nánari ákvæði, sem teljast nauðsynleg í sambandi við framkvæmd samnings þessa.

## 7. gr.

Samning þenna skal fullgilda og fullgildingarskjölunum komið til varðveislu í skjalasafn utanríkisráðuneytis Íslands svo fljótt sem unnt er.

Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir almanaksmánuðir frá þeim degi, er fullgildingarskjölin voru afhent.

## 8. gr.

Vilji eitthvert samningsríkjanna segja upp samningi þessum, skal það tilkynna íslenzku ríkisstjórninni það skriflega, en hún skal tafarlaust skýra hinum samningsríkjunum frá tilkynningunni og á hvaða degi hún hafi borizt henni í hendur.

Uppsögnin gildir aðeins fyrir það land, sem segir samningnum upp, og gildir hún frá og með 1. janúar þess árs, sem hefst að liðnum a. m. k. sex mánuðum frá því að íslenzka ríkisstjórnin tók við tilkynningunni um uppsögnina.

Samninginn skal varðveita í skjalasafni íslenzka utanríkisráðuneytisins, og staðfest afrit af honum skal utanríkisráðuneytið senda ríkisstjórnnum allra hinna samningsríkjanna.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað samning þenna.

*Gert í Reykjavík í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland, en hinum fyrir Svíþjóð, hinn 20. júlí 1953.*

Steingr. Steinþórsson. Aaslaug Aasland. G. E. Sträng.

Poul Sørensen. Vieno Simonen.

## LÖKABÓKUN

16

10. febr.

Í sambandi við undirritunina í dag á samningnum milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma veitingu mæðrahjálpar, hafa umboðsmennirnir lýst yfir því, sem hér fer á eftir:

Það hefur verið tilætlun samningsríkjanna að koma á jafnræði með eigin ríkisborgurum hvers ríkis og ríkisborgurum hinna samningsríkjanna, að því er snertir þau framlög, sem af hálfu hins opinbera eru veitt þeim, sem rétt eiga til mæðrahjálpar.

Til skýringar á því, hve viðtækur þessi samningur er, hafa samningsríkin tilkynnt, að samkvæmt núgildandi lögum falli eftirtaldar greiðslur undir samninginn:

*Á Íslandi:*

Styrkur samkvæmt lögum nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, 34. gr. 1. og 4. málsg., sbr. lög nr. 1 12. janúar 1952, upphaf 10. greinar, enn fremur fæðingarstyrkur eða dvalarkostnaður á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun samkvæmt lögum nr. 104 30. desember 1943, 33. gr., 4. töluliður

*Í Danmörku:*

Hjálp samkvæmt lögum nr. 119 frá 15. marz 1939, um mæðrahjálparstöðvar, eins og þeim er breytt með lögum nr. 150 frá 30. marz 1942 og lögum nr. 112 frá 23. marz 1948.

Hjálp samkvæmt lögum nr. 85 frá 31. marz 1937, um varnir gegn heilsuleysi og dauða ungbarna, sbr. lög nr. 107 frá 13. marz 1943 og lög nr. 44 frá 20. febrúar 1948.

Hjálp samkvæmt lögum nr. 472 frá 1. október 1945, um heilsuvernd barnshafandi kvenna, eins og þeim er breytt með lögum nr. 182 frá 20. maí 1952.

Hjálp samkvæmt lögum nr. 236 frá 30. apríl 1946, um læknisskoðun barna.

Hjálp samkvæmt lögum nr. 362 frá 4. júlí 1946, um mjólkurstyrk.

*Í Finnlandi:*

Styrkur samkvæmt lögum frá 13. júní 1941, um mæðrahjálp.

„Mæðravernd“ samkvæmt lögum frá 31. marz 1944, um héraðsljósmaður.

Upplýsingar, ráðleggingar og hjálpar, sem ráðleggingarskrifstofum sveitarfélaga fyrir mæðra- og barnavernd er skylt að láta mæðrum og börnum í té samkvæmt lögum frá 31. marz 1944, um ráðleggingarskrifstofur sveitarfélaga um mæðra- og barnavernd.

*Í Noregi:*

Hjálp samkvæmt lögum um barnaframsælsu (lög um framsælsu barna) nr. 2 frá 10. apríl 1915.

*Í Svíþjóð:*

Mæðrastyrkur samkvæmt tilskipun frá 11. júní 1937, um mæðrastyrk.

Mæðrahjálp samkvæmt tilskipun frá 11. júní 1937, um mæðrahjálp.

Varnarráðstafanir til handa mæðrum og börnum búsettum í Svíþjóð, samkvæmt tilskipun frá 15. júní 1944, um ríkisstyrk til varnarráðstafana varðandi mæður og börn.

Ókeypis læknadómar samkvæmt tilskipun frá 22. júní 1939, um ókeypis afhendingu varnarlyfja til tiltekinna kvenna og barna, og tilskipun frá 15. júní 1944, um ókeypis afhendingu læknadóma til tiltekinna kvenna vegna sjúkdóma, sem orsakast af því, að þær eru barnshafandi.



**16** Ljósmeðrahjálpi samkvæmt tilskipun frá 30. júní 1943, um skipun héraðsljós-  
10. febr. meðra o. fl.

Fæðingarhjálp í stofnunum, sem eru starfræktar eða styrktar af ríkinu.  
Umönnun á ungbarnaheimilum eða meðraheimilum, sem styrkt eru af ríkinu.

Lokabókun þessi gengur í gildi samtímis ofangreindum samningi og skal hafa sömu verkanir og ná til sama tíma og hann.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn allra samningsríkjanna undirritað loka-  
bókun þessa.

*Gert í Reykjavík* í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland, en hinum fyrir Svíþjóð, hinn 20. júlí 1953.

Steingr. Steinþórsson. Aaslaug Aasland. G. E. Sträng.

Poul Sörensen. Vieno Simonen.

**17**

2. marz

## AUGLÝSING

### um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands.

Hinn 20. febrúar 1954 var undirritaður í Helsinki samningur um viðskipti milli Íslands og Finnlands.

Samningurinn gildir frá 1. febrúar 1954, að þeim degi meðtöldum, til 31. janúar 1955. Ef hvorugur aðili segir upp samningnum fyrir árslok 1954, framlengist hann sjálfkrafa um eitt ár.

Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir, að heildarverðmæti útflutnings og innflutnings á samningstímabilinu nemi samtals um 2.4 milljónum sterlingspunda.

Helztu útflutningsvörurnar frá Íslandi eru saltsild, gærur, garnir, fiskmjöl, þorskalýsi, skreið, freðfiskur og freðsild.

Helztu útflutningsvörur frá Finnlandi til Íslands verða timbur, staurar, krossviður, þilplötur, pappírsvörur, tunnustafir, grasfræ, gúmmískófatnaður, járnvörur o. fl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 2. marz 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

## L Ö G

18

3. marz

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbættis við samninginn frá 2. apríl 1953.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að ákvæðin í alþjóðasamningi, sem undirritaður var í London þann 5. apríl 1946, milli Íslands, Belgíu, Danmerkur, Frakklands, Hollands, Írlands, Noregs, Póllands, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, skuli ganga í gildi. Enn fremur er ráðherra heimilt að setja frekari reglur, er kynnu að vera nauðsynlegar til þess að framfylgja greindum samningi.

Samningurinn er prentaður í þýðingu á íslenzku með lögum þessum ásamt fylgiskjölum.

## 2. gr.

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 20 000.00.

## 3. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 77 21. desember 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi frá 23. marz 1937, um möskva fiskinetja og lágmarksstærð á fiski, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bág við ákvæði nefnds samnings frá 5. apríl 1946.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. marz 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Kristinn Guðmundsson.*

Fylgiskjal.

## SAMNINGUR

um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

London, 5. apríl 1946.

## Inngangur.

Ríkisstjórnir Belgíu, Danmerkur, Frakklands, Hollands, Írlands, Íslands, Noregs, Póllands, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands (sem hér eftir er nefnd ríkisstjórn Bretlands í þýðingu þessari), hafa gert með sér svofelldan samning um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda:

## I. KAFLI

## Til hvers samningurinn nær.

## 1. gr.

Svæði það, er samningur þessi nær til, skal vera allt hafið innan Norður-Atlantshafs og Norður-Íshafs og aðliggjandi höf, norðan 48. norðurbreiddarbaugs og milli 42. vesturlengdarbaugs og 32. austurlengdarbaugs, að undanteknu Eyrstrasalti og Beltunum sunnan og austan línu, sem hugsast dregin frá Hasenörehöfða til Gni-benhöfða, frá Korshage til Spodsbjerg og frá Gilbjerg höfða til Kullen.

## 2. gr.

Ekkert atriði samnings þessa skal túlkað á þá leið, að það dragi úr forréttindum skipa, sem skráð eru í löndum samningsaðila eða eru eign þjóðborgara þeirra, til þess að stunda veiðar á hafsvæðum, þar sem samningsríkin hafa ein lögsögu um fiskveiðar.

## 3. gr.

Ekkert atriði samnings þessa skal túlkað á þá leið, að það dragi úr kröfum samningsríkja að því er varðar landhelgistakmörk.

## II. KAFLI

## Reglur um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

## 4. gr.

Að höldnum ákvæðum 8., 10. og 16. (2. mgr.) greina, skulu ákvæði samnings þessa ná til allra skipa samningsríkja, hvort sem þau stunda veiðar innan hafsvæða þar sem samningsríki hefur eitt lögsögu yfir fiskveiðum, eða utan slíkra hafsvæða.

## 5. gr.

Bannað er að hafa innanborðs eða nota á nokkru skipi botnvörpur, dragnet eða annars konar net, er draga má eða toga við botn eða nærri botni, með möskvum, sem eru minni en þeir, sem tilgreindir eru í 1. fylgiskjali samnings þessa.

## 6. gr.

Hvað sem ákvæðum 5. greinar liður, mega þó skip, er veiða makríl, síld og skyldar tegundir, gulllax, ál, fjörsung (*Trachinus draco*), rækjur, kampalampa, leturhumar eða lindýr, hafa innanborðs og nota net með smærri möskvum en þar greinir, með þeim skilyrðum, (a) að slík veiðarfæri noti skipin ekki til þess að veiða aðrar tegundir fisks en hér greinir og (b) að öllum fiski, sem með þeim kann að veiðast og eigi nær lágmarksstærð þeirri, er lýst er í II. fylgiskjali samnings þessa, verði þegar eftir veiðina fleygt útbyrðis.

## 7. gr.

(1) Ekkert skip má við veiðar nota nokkurt það tæki, sem þrengir eða heftir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 5. grein samnings þessa.

(2) Hvað sem ákvæðum undanfarandi málsgreinar liður, skal þó eigi teljast ólöglegt að festa striga, neti eða öðru efni undir poka botnvörpunets, í því skyni að forða eða draga úr sliti.

## 8. gr.

Bannað er öllum skipum að hirða nokkurn sjófisk þeirra tegunda, sem tilgreindar eru í II. fylgiskjali samnings þessa, ef fiskurinn er smærri en þar greinir um hverja tegund. Skal tafarlaust fleygja slíkum fiski fyrir borð. Þó er heimilt að geyma slíkan fisk um borð í því skyni að sleppa honum lifandi á öðrum fiskimiðum.

18

3. marz

## 9. gr.

Sérhvert samningsríki skuldbindur sig til þess að banna með lögum innan sinna takmarka að leggja á land, selja, sýna eða láta falan nokkurn fisk, sem tilgreindur er í II. fylgiskjali samnings þessa, ef fiskurinn er smærri en þar greinir um hverja tegund og hefur verið veiddur á miðum þeim, sem tilgreind eru í 1. grein samnings þessa. Skiptir eigi máli, hvort slíkur fiskur er óskorinn, hausskorinn eða sundur-skorinn á annan hátt.

## 10. gr.

Eigi ná ákvæði samnings þessa til fiskveiða í þágu visindalegra rannsókna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur, enda verði hann eigi seldur, sýndur eða látinn falur gegn ákvæðum 9. greinar.

## 11. gr.

Samningsríkin skuldbinda sig til þess að gera virkar ráðstafanir til þess að framfylgja ákvæðum samnings þessa og refsa fyrir brot gegn þeim, hvert innan sinna landamæra og gagnvart skipum, er frá þeim eru gerð út.

### III. KAFLI

#### Skipun fastanefndar.

## 12. gr.

(1) Samningsríkin skipa hvert um sig einn fulltrúa eða tvo, ef þau óska þess, í fastanefnd.

(2) Nefndin kýs sér formann, annaðhvort úr hópi nefndarmanna eða annarra, sem tilnefndir kunna að verða. Sá nefndarmanna, sem kjörinn er til formennsku, skal þegar í stað hætta að vera fulltrúi ríkisstjórnar sinnar, og skal henni rétt að skipa fulltrúa sinn í hans stað.

(3) Nefndin setur sér fundarsköp og reglur um kjörtímabil formanns og kjör síðari formanna. Getur nefndin breytt fundarsköpum eftir því, sem þurfa þykir, og nægir til þess meiri hluti atkvæða viðstaddra og atkvæðisbærra nefndarmanna. Formaður greiðir því aðeins atkvæði, að atkvæði séu að öðru leyti jöfn, og ræður atkvæði hans úrslitum.

(4) Hvert samningsríki skal ráða einu atkvæði í nefndinni um öll mál, er þessa grein varða. Skiptir eigi máli, hvort nefndarmenn samningsríkis eru einn eða tveir, né hvor þeirra fer með atkvæðið.

(5) Nefndinni ber að athuga, hvort æskilegt sé að gera ákvæði samnings þessa viðtækari eða breyta þeim. Skal hún í þessu efni hafa samráð við Alþjóða-hafrannsóknaráðið, eftir því sem við verður komið.

(6) Ríkisstjórn Bretlands ber að kveðja nefndina saman til fyrsta fundar í Bretlandi, áður en tvö ár eru liðin frá því að samningur þessi kom til framkvæmda, og til síðari funda að fyrirlagi formanns. Ákveður nefndin stað og stund fyrir síðari fundina.

(7) Eigi skal nefndin halda fundi sjaldnar en þriðja hvert ár.

(8) Ríkisstjórn Bretlands skal tjá öllum samningsríkjum dagskrá fyrsta fundarins eigi síðar en mánuði áður en hann hefst.

18 (9) Formaður skal afhenda ríkisstjórn Bretlands fundargerðir nefndarfunda, og skal hún senda þær öllum ríkisstjórnnum, sem fullgilt hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum.

(10) Samningsríkin skuldbinda sig til að framkvæma þær ályktanir nefndarinnar um viðauka við eða breytingar á samningi þessum, sem einróma hafa verið samþykktar á nefndarfundi og ríkisstjórnir þær, sem eigi áttu fulltrúa á nefndarfundi, hafa fallizt á.

#### 13. gr.

(1) Í samningi þessum merkir orðið „skip“:

(a) öll skip eða báta, sem notuð eru til fiskveiða á sjó eða til vinnslu á sjófiski, eða

(b) öll skip eða báta, sem að nokkru eða öllu leyti eru notuð til flutninga á sjófiski,

og skrásett eru í löndum samningsríkja eða eru í eigu þegna þeirra.

(2) Orðið „lönd“ (landsvæði) merkir, að því er til samningsríkjanna tekur:

(a) heimaland ríkisins,

(b) landsvæði, sem um er samið af hálfu ríkisstjórnar, samkv. 16. gr., og

(c) hafsvæði þau, þar sem samningsríki hefur eitt lögsögu um fiskveiðar.

#### 14. gr.

Fullgilda skal samning þennan svo fljótt sem auðið er, og skal hann ganga í gildi tveim mánuðum eftir að allar ríkisstjórnir þær, sem hann hafa undirritað, hafa lagt fram fullgildingarskjöl sín, eða fyrr, ef svo semst um milli ríkisstjórna þeirra, er fullgilt hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum samkvæmt 15. grein, enda nær hann þá aðeins til þeirra.

#### 15. gr.

(1) Allar ríkisstjórnir (nema stjórnir landsvæða, sem ákvæði 16. greinar ná til), sem eigi hafa undirritað samning þennan, geta gerzt aðilar að honum hvenær sem er, eftir að hann hefur gengið í gildi samkvæmt ákvæðum 14. greinar. Aðild skal skriflega tilkynnt ríkisstjórn Bretlands og gengur í gildi þann dag, er tekið er við henni.

(2) Ríkisstjórn Bretlands skal skýra öllum ríkisstjórnnum, sem undirritað hafa eða aðilar hafa gerzt að samningi þessum, frá öllum nýjum aðildartilkynningum og hvenær við þeim er tekið.

### IV. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 16. gr.

(1) Um leið og samningsríki undirritar eða fullgildir samning þennan eða síðar, er því heimilt að tilkynna ríkisstjórn Bretlands skriflega þá ósk sína, að samningurinn nái til tiltekinna eða allra nýlendna sinna, landsvæða erlendis, verndarsvæða eða landsvæða, sem eru undir forráðum þess eða gæzluvernd. Skal samningurinn þá ná til allra þeirra landsvæða, sem getið er í slíkri tilkynningu, svo og til skipa, sem þar eru skrásett eða eru í eigu þarlendra eigenda, og gengur hann í gildi að þessu leyti þrem mánuðum eftir að ríkisstjórn Bretlands hefur tekið við tilkynningunni.

(2) Eigi skal samningurinn ná til framangreindra landsvæða, nema slík tilkynning sé gefin þar um.

(3) Samningsríki er hvenær sem er heimilt að tilkynna ríkisstjórn Bretlands það skriflega, að það óski þess, að samningur þessi nái eigi lengur til tiltekinna eða allra nýlendna sinna, landsvæða erlendis, verndarsvæða eða landsvæða, sem eru undir forráðum þess eða gæzluvernd, sem tilkynnt hefur verið samkvæmt ákvæðum

1. málsgreinar þessarar greinar, að samningurinn nái til, Skal samningurinn þá 18 hætta að ná til þargreindra landsvæða og til skipa, sem þar eru skrásett eða eru í 3. marz eigu þarlanda eigenda, og gengur uppsögnin í gildi þrem mánuðum eftir að ríkisstjórn Bretlands hefur tekið við henni.

(4) Ríkisstjórn Bretlands ber að skýra öllum ríkisstjórnnum, sem undirritað hafa eða gerzt hafa aðilar að samningi þessum, frá því, hverjar tilkynningar henni hafa borizt samkvæmt ákvæðum 1. og 3. málsgreinar þessarar greinar, og jafnframt á hvaða degi samningurinn gangi í gildi eða úr gildi, að því er varðar þargreind landsvæði, hvort sem við á.

#### 17. gr.

Frá þeim tíma, er samningur þessi gengur í gildi, skulu ákvæði hans koma í stað ákvæða milliríkjasamningsins um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, sem gerður var í London 23. marz 1937, að því leyti, sem samningsríki þau, er aðilar voru að þeim samningi, hafa beitt þeim eða beita þeim.

#### 18. gr.

Þegar þrjú ár eru liðin frá því, að samningur þessi gekk í gildi samkvæmt ákvæðum 14. greinar, má segja honum upp með tilkynningu, er stíla skal til ríkisstjórnar Bretlands. Gengur uppsögnin í gildi, að því er snertir ríkisstjórn þá, er upp segir, þrem mánuðum eftir að uppsögninni var veitt móttaka, og ber ríkisstjórn Bretlands að skýra ríkisstjórnnum annarra samningsríkja frá slíku.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa lögmætt umboð, skrifað undir samning þennan.

*Gjört í London, 5. apríl 1946, í einu eintaki á ensku. Gera skal franskan texta samningsins, og þegar hann hefur náð samþykki samningsríkjanna, skal hann talinn hafa hið sama gildi og enski textinn. Ber síðan ríkisstjórn Bretlands að geyma báða textana í skjalasafni sínu.*

Staðfest afrit samningsins skulu látin samningsríkjum og öðrum aðildarríkjum í té.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Belgíu:

*Charlier.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Danmerkur:

*P. F. Erichsen.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Frakklands:

*Pierre Tissier.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Hollands:

*D. J. van Dijk.*

*Dr. B. Havinga.*

*G. P. Baerends.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Írlands:

*J. D. Rush.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

*Stefán Þorvarðsson.*

*Árni Friðriksson.*

#### A d r e f e r e n d u m .

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs:

*Jens Bull.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Póllands:

*Kaz. Petruszewicz.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Portúgals:  
*Joao vaz M. d'Azevedo e Silva.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Spánar:  
*José Miguel Ruiz Morales.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Svíþjóðar:  
*N. E. Ihre.*  
*Nils Rosén.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins  
Stóra-Bretlands og Norður-Írlands:  
*A. T. A. Dobson.*  
*J. E. de Watteville.*

### Fylgiskjal I.

1. Á öllum hafsvæðum, sem samningur þessi nær til og tilgreind eru í 1. og 4. grein, nema þeim, sem frá greinir í 2. málsgrein þessa fylgiskjals, skal lágmarks-möskvastærð netja þeirra, sem um getur í 5. grein, vera slík, að þegar möskvar eru teygðir horna í milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 80 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

2. Á miðum norðan 66° norðurbreiddar og austan Greenwichlengdarbaugsins og á Íslandsmiðum milli 68. og 62. norðurbreiddarbaugs og 28. og 10. vesturlengdarbaugs skal lágmarksmöskvastærð netja þeirra, sem um getur í 5. grein, vera slík, að þegar möskvar eru teygðir horna í milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

### Fylgiskjal II.

Fisktegundir þær, er 6., 8. og 9. grein samnings þessa gilda um, og minnsta stærð hvernar tegundar, er hirða má, landa, selja, sýna eða láta fala, eru sem hér segir:

Fisktegundir:	Lágmarksstærð heilla fiska, mæld frá granarbroddi að sporðblökuenda í cm.
Dorskur ( <i>Gadus callarias</i> ) .....	30
Ýsa ( <i>Gadus aeglefinus</i> ) .....	27
Lýsingur ( <i>Merluccius merluccius</i> ) .....	30
Skarkoli ( <i>Pleuronectes platessa</i> ) .....	25
Langlúra ( <i>Glyptocephalus cynoglossus</i> ) .....	28
Þykkvalúra ( <i>Microstomus kitt</i> ) .....	25
Tunga ( <i>Solea solea</i> ) .....	24
Sandhverfa ( <i>Scophthalmus maximus</i> ) .....	30
Slétthverfa ( <i>Scophthalmus rhombus</i> ) .....	30
Stórkjafta ( <i>Lepidorhombus whiff</i> ) .....	25
Lýsa ( <i>Gadus merlangus</i> ) .....	20
Sandkoli ( <i>Pleuronectes limanda</i> ) .....	20

### VIÐBÆTIR

Ríkisstjórnir Belgíu, Danmerkur, Frakklands, Hollands, Írlands, Íslands, Noregs, Póllands, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar og Sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem gert hafa með sér samning um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, í London 5. apríl 1946, hafa gert sér það ljóst, að

samkvæmt 14. grein nefnds samnings, skal hann ganga í gildi tveim mánuðum eftir að öll samningsríkin hafa lagt fram fullgildingarskjöl sín. 18

3. marz

Á hinn bóginn telja þær óvist, hvort sá tveggja mánaða tími muni í öllum tilvikum nægja til þess að láta fiskinet með þeirri lágmarks-möskvastærð, sem ráðgerð er í 5. grein nefnds samnings, koma í stað þeirra netja, sem fyrir hendi eru, né til þess að gera ráðstafanir til þess að banna að hirða, setja á land eða selja fisk, sem eigi nær þeirri lágmarksstærð, er 8. og 9. grein samningsins kveða á um.

Samningsríkin telja rétt, að ákvæði samningsins, nema ákvæði 5., 8. og 9. greina, komi til framkvæmda samkvæmt ákvæðum 14. greinar.

Að þessu athuguðu vilja þau gera samkomulag til viðbótar nefndum samningi um að fresta gildistöku sín í milli á ákvæðum 5., 8. og 9. greina hans.

Fyrir því hafa þau orðið ásátt um það, sem hér segir:

#### 1. gr.

Milli aðilja þessa samkomulags er svo um samið, að gildistöku ákvæða 5., 8. og 9. greina nefnds samnings sé frestað um tólf mánaða bil, talið frá gildistöku samningsins samkvæmt 14. grein hans, það er að segja til 5. apríl 1954.

#### 2. gr.

Allar ríkisstjórnir, sem aðiljar kunna að gerast að nefndum samningi samkvæmt ákvæðum 15. greinar hans, skulu teljast bundnar gagnvart ríkisstjórnunum þeim, er aðiljar eru að þessu samkomulagi, af ákvæðum þess, en með þeim er gildistöku 5., 8. og 9. greina nefnds samnings frestað til 5. apríl 1954.

#### 3. gr.

Samkomulag þetta gengur í gildi jafnsnemma og samningurinn gengur í gildi samkvæmt ákvæðum 14. greinar hans.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa lögmaett umboð, skrifað undir samkomulag þetta.

*Gjört í London, 2. apríl 1953, í einu eintaki á ensku og frönsku, og hafa báðir textar sama gildi. Skal eintakið geymt í skjalasafni ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands. Staðfest eintök beggja texta skulu látin öllum samningsríkjum í té, svo og öðrum ríkjum, er aðilar kunna að gerast að samningnum.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Belgíu:

*Jean Nieuwenhuys.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Danmerkur:

*E. Reventlow.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Frakklands:

*Etienne de Crouy-Chanel.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Hollands:

*Stikker.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Írlands:

*F. H. Boland.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

*Agnar Kl. Jónsson.*

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs:

*P. Prebensen.*



18  
3. marz

Fyrir hönd ríkisstjórnar Póllands:  
*Jerzy Michalowski.*  
Fyrir hönd ríkisstjórnar Portúgals:  
*R. Ennes Ulrich.*  
Fyrir hönd ríkisstjórnar Spánar:  
*Luis de Olivares y Bruguera.*  
Fyrir hönd ríkisstjórnar Svíþjóðar:  
*Gunnar Hägglöf.*  
Fyrir hönd ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins  
Stóra-Bretlands og Norður-Írlands:  
*William Strang.*

19  
3. marz

## AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða alþjóðasamnings frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbættis við samninginn frá 2. apríl 1953.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 18 frá 3. marz 1954, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbættis við samninginn frá 2. apríl 1953, hefur verið ákveðið, að ákvæði nefnds alþjóðasamnings skuli taka gildi 5. apríl 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 3. marz 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

20  
8. marz

## LÖG

um váttryggingarsamninga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAPÍTULI

Sameiginlegar reglur um allar tegundir váttrygginga.

**Inngangur.**

1. gr.

Lög þessi gilda um váttryggingarsamninga, sem gerðir eru við váttryggingarhlutafélög, gagnkvæm váttryggingarfélög eða önnur félög eða stofnanir, sem reka váttryggingarstarfsemi.

Lögin gilda ekki um:

- a. endurtryggingar;
- b. almannatryggingar samkvæmt l. nr. 50 7. maí 1946, sbr. l. nr. 1 12. jan. 1952 og l. nr. 38 27. febr. 1953;
- c. stríðsslysatryggingar skipshafna samkvæmt l. nr. 43 9. maí 1947, eða ófriðartryggingar, sbr. l. nr. 2 21. jan. 1944;
- d. tryggingar samkvæmt l. nr. 51 27. júní 1921, l. nr. 41 27. júní 1925, l. nr. 15 7. maí 1928, l. nr. 101 30. des. 1943, sbr. l. nr. 40 15. febr. 1945, l. nr. 102 30. des. 1943, l. nr. 103 30. des. 1943 og l. nr. 86 11. júní 1938, sbr. l. nr. 114 30. maí 1940;
- e. samninga, þar sem stéttarfélög lofa að veita meðlimum sínum bætur fyrir tjón, er þeir bíða af atvinnuleysi eða stöðvun atvinnurekstrar;
- f. samninga, þar sem vinnuveitandi heitir mönnum, er starfað hafa við atvinnurekstur hans, eftirlaunum.

20

8. marz

#### 2. gr.

„Félagið“ merkir í lögum þessum váttryggjanda.

„Váttryggingartaki“ merkir þann, er gert hefur samning um váttryggingu við félagið.

„Váttryggður“ merkir þann, sem kröfu á um greiðslu bóta, er til hennar kemur.

#### 3. gr.

Ákvæði laga þessara koma því aðeins til greina, að eigi sé á annan veg áskilið berum orðum í samningi eða verði talið í honum fólgið. Þetta gildir þó ekki um þau ákvæði, er lögin sjálf berum orðum lýsa ófrávikjanleg eða ófrávikjanleg eru samkvæmt öðrum réttarreglum.

### Rangar upplýsingar við samningsgerð.

#### 4. gr.

Hafi váttryggingartaki, er váttryggingin var tekin, sviksamlega gefið rangar upplýsingar um atvik, er ætla mátti að skiptu máli fyrir félagið, eða leynt slíkum atvikum sviksamlega, er samningurinn ekki skuldbindandi fyrir félagið. Sama gildir, ef framkoma hans hefur að öðru leyti verið með þeim hætti, að það mundi almennt verða talið óheiðarlegt að bera samninginn fyrir sig.

#### 5. gr.

Ef ætla má, að váttryggingartaki hafi, er váttryggingin var tekin, hvorki vitað né mátt vita, að upplýsingar, er hann gaf, voru rangar, er félagið skuldbundið svo sem engar rangar upplýsingar hefðu verið gefnar.

Sé um skaðatryggingu að ræða, getur félagið þó sagt váttryggingunni upp með 14 daga fyrirvara.

#### 6. gr.

Hafi váttryggingartaki gefið rangar upplýsingar, er öðruvísi stendur á en segir í 4. og 5. gr., er félagið laust mála, ef ætla má, að það hefði ekki tekið á sig váttrygginguna, hefði það haft rétta vitneskju um málavexti.

Ef ætla má, að félagið hefði tekið váttrygginguna á sig, en með öðrum kjörum, ábyrgist það að þeim mun, sem það mundi hafa skuldbundið sig fyrir hið umsamda iðgjald. Ef félagið mundi hafa takmarkað ábyrgð sjálfs sín enn frekar með endurtryggingu, lækka bæturnar í hlutfalli við það.

Sé um sjóváttryggingu eða aðra flutningatryggingu að ræða, gilda ákvæði 2. mgr. ekki. Í þess stað ábyrgist félagið þá aðeins að þeim mun, sem sannað verður, að

20 atvik þau, er rangt var skýrt frá, hafi engin áhrif haft um það, að váttryggingar-  
8. marz atburðurinn gerðist eða hve mikið tjónið varð.

#### 7. gr.

Láti váttryggingartaki hjá líða að skýra frá atvikum, skiptir það engu máli um ábyrgð félagsins, nema honum hafi mátt vera það ljóst, að atvik þau, er eigi var frá skýrt, skiptu máli fyrir félagið, og meta megi það atferli stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. Ef svo er, skal það metið sem hann hefði gefið rangar upplýsingar, sbr. 6. gr.

#### 8. gr.

Vilji félagið bera fyrir sig eitthvert atvika þeirra, er ræðir um í 5.—7. gr., skal það, er það hefur fengið vitneskju um þau, skýra váttryggingartaka án ástæðulausrar tafar frá því, að hve miklu leyti það vill neyta réttar þess, er umræddar greinar veita því.

#### 9. gr.

Félagið getur eigi borið það fyrir sig, að rangt hafi verið frá skýrt eða launung viðhöfð, hafi það vitað hið rétta, er váttryggingin var tekin, eða mátt vita það, né heldur, ef atvik þau, er félaginu var ókunnugt um, skiptu það eigi máli eða skipta eigi máli frammar.

#### 10. gr.

Félagið getur eigi borið fyrir sig samning, sem fer í bága við 5. gr. eða 7.—9. gr. Hafi félagið undanskilið sig ábyrgð, ef svo skyldi reynast, að upplýsingar, er annar maður en váttryggingartaki gaf því, reyndust rangar, þá hefur það eigi ríkari áhrif en það mundi hafa haft, ef váttryggingartaki sjálfur hefði gefið þær upplýsingar. Sama gildir, ef félagið hefur lýst einhverjum atvikum í váttryggingarskirteininu, án þess að leita um þau vitneskju hjá váttryggingartaka, og það hefur áskilið sér að vera að nokkru eða öllu undanþegið ábyrgð, ef lýsing atvika þessara reyndist að vera röng.

### Upphaf ábyrgðar félagsins.

#### 11. gr.

Nú hefur váttryggingarsamningur verið gerður, en eigi á það kveðið, hvenær ábyrgð félagsins skuli hefjast, og telst hún þá hefjast, þegar félagið eða váttryggingartaki sendir frá sér orðsendingu um, að hann samþykki tilboð hins.

Orðsendingar þær, er ræðir um í 1. mgr., skulu taldar hafa verið sendar kl. 6 síðdegis, sé annað eigi sannað.

### Iðgjaldið.

#### 12. gr.

Hið fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þegar, er samningurinn er gerður, enda sé eigi um annan gjalddaga samið.

Eigi iðgjaldið að greiðast með fleiri greiðslum, hverri fyrir sitt tímabil, eða sé váttryggingin framlengd með samningi eða samkvæmt 84. gr., er hinn fyrsti dagur hvers tímabils gjalddagi hinna síðari iðgjalda.

#### 13. gr.

Sé fyrsta iðgjaldið eigi greitt á réttum tíma, má félagið segja váttryggingunni upp, og fellur samningurinn þá með öllu niður, sé iðgjaldið eigi greitt innan þriggja daga. Sama gildir, sé síðara iðgjald eigi greitt innan viku eftir að félagið hefur krafði váttryggingartaka greiðslu. Þá kröfu má þó í fyrsta lagi gera viku fyrir gjalddaga.

## 14. gr.

20

Verði hið fyrsta iðgjald eigi greitt, er þess er krafizt, en þá kröfu má í fyrsta lagi gera á gjalddaga, er ábyrgð félagsins lokið. Sama gildir, séu síðari iðgjöld eigi greidd innan viku frá því, að þeirra var krafizt, en krefja má þeirra í fyrsta lagi viku fyrir gjalddaga.

Fyrirvarar um að ábyrgð félagsins skuli þá fyrst hefjast, er hið fyrsta iðgjald er greitt eða skirteini afhent, eru ógildir.

Meðan samningurinn er ekki með öllu fallinn úr gildi, má váttryggingartaki greiða iðgjaldið, og hefst þá ábyrgð félagsins að nýju, frá því að greiðslan fór fram.

## 15. gr.

Nú eru liðnir 3 mánuðir frá því að greiðslu iðgjalds var krafizt, og er það enn ógreitt, og fellur samningurinn þá úr gildi uppsagnarlaust, enda hafi félagið eigi byrjað lögsókn til heimtu iðgjaldsins. Ábyrgð félagsins hefst að nýju við byrjun þeirrar lögsóknar. Láti félagið lögsóknina niður falla eða leiði hún eigi til fullnustu kröfunnar, lýkur ábyrgð félagsins að nýju, og skal þá litið svo á, sem lögsóknar-fresti þeim, sem getur í 1. málslið, hafi eigi verið slitid.

## 16. gr.

Hafi félagið, samkvæmt ákvæðum laga þessara, sagt váttryggingarsamningnum upp til slita, áður en sá tími, er hann var gerður um, var liðinn, eða falli samningurinn úr gildi samkvæmt 15. gr., og á félagið þá rétt á iðgjaldsupphæð þeirri, er greiða hefði átt, ef váttryggingin hefði aðeins verið gerð um þann tíma, sem liðinn er.

Falli samningurinn úr gildi af öðrum ástæðum, á félagið rétt á þeim hluta iðgjaldsins, er samsvarar tímanum fram til þess, að samningurinn féll úr gildi.

## 17. gr.

Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að greiðslufall á lúkningu iðgjalds hafi í för með sér harðari kosti fyrir váttryggingartaka eða váttryggðan en segir í 13.—15. gr. Ákvæði 2. og 3. málsliðar 13. gr. og 16. gr. gilda eigi um líftryggingar.

**Ásetnings- eða vangáratferli, er veldur því, að váttryggingaratburðurinn gerist.**

## 18. gr.

Ef váttryggður verður þess valdur af ásettu ráði, að váttryggingaratburðurinn gerist, á hann enga kröfu á hendur félaginu.

Hafi hann af vangá sinni valdið því, að váttryggingaratburðurinn gerðist, og telja má vangá hans stórkostlega eftir því, sem atvik lágu til, skal úr því skorið, hvort greiða skuli bætur og hve háar, eftir því, hversu mikil sökin er, og eftir öðrum atvikum. Þegar um er að ræða líftryggingar eða ábyrgðartryggingar, ber félagið þó fulla ábyrgð.

## 19. gr.

Ákvæðum 18. gr. um brottfall eða takmörkun ábyrgðar félagsins skal þó eigi beitt, er váttryggður var yngri en 15 ára eða gat eigi hegðað sér skynsamlega vegna geðveiki, andlegs vanþroska, geðtruflana um stundarsakir eða annars þess konar ástands.

Sama gildir, ef verknaður sá, er leiðir til þess, að váttryggingaratburðurinn gerist, er unninn í því skyni að varna því, að tjón verði á mönnum eða eignum, og með þeim atvikum, að hann verði talinn réttmætur.

20

8. marz

Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að félagið skuli laust úr ábyrgð, er því, að váttryggingaratburðurinn gerðist, hefur verið valdið af vangá, er ekki verður talin stórkostleg. Ákvæði þetta er því þó eigi til fyrirstöðu, að samið sé um það, bæði að félagið skuli leyst úr ábyrgð, er váttryggður hefur valdið váttryggingaratburðinum í ölaði, er honum verður sjálfum gefin sök á, og að félagið megi draga allt að 5% frá bótunum, er váttryggingaratburðurinn stafar frá vangá, sem eigi verður talin stórkostleg.

**Skyldur váttryggs, er váttryggingaratburðinn ber að höndum.**

21. gr.

Þegar váttryggingaratburðurinn hefur gerzt, skal váttryggður þegar í stað skýra félaginu frá því, ef hann ætlar að hafa uppi kröfur á hendur því vegna hans.

Vanræki váttryggður þetta, ber félagið ekki frekari ábyrgð en það mundi hafa borið, ef slík tilkynning hefði verið gefin. Ef líkur eru að því leiddar, að félagið hafi vegna þessarar vanrækslu misst af tækifæri til að leiða sönnur að atvikum, sem mundu hafa leitt til þess, að ábyrgð þess hefði fallið niður eða orðið minni en ella, skal úr því skorið, með hliðsjón af atvikum málsins, hvort bætur skuli greiða, og ef svo er, hve háar.

Ef svo er um samið, að váttryggður skuli skýra frá atburðum, sem félagið ábyrgist afleiðingar af, enda þótt þær afleiðingar séu enn eigi komnar í ljós, gilda ákvæði þau, sem sett eru hér að framan, eftir því sem við á.

Eigi verður, svo gilt sé, samið um það, að vanræksla váttryggs eða annarra á því að gefa félaginu tilkynningu svo sem hér var sagt, skuli hafa meiri afleiðingar en nú var um mælt.

22. gr.

Hafi váttryggður uppi kröfur á hendur félaginu, er honum skylt að veita því allar þær upplýsingar, er honum er unnt að veita, um atvik, er máli kunna að skipta, er dæma skal um váttryggingaratburðinn, eða er ákveða skal fjárhæð þá, er félaginu ber að greiða, eða endurgreiðslukröfur þær, er félagið kynni að eiga á hendur öðrum mönnum.

Vanræki váttryggður að gefa þessar upplýsingar, hefur það þau áhrif, sem segir í 2. mgr. 21. gr.

23. gr.

Ef svo er um samið, að váttryggður, er sviksamlega skýrir frá eða leynir atvikum, er skipta máli, þegar dæma skal um ábyrgð félagsins, skuli glata rétti þeim til bóta, er hann ella hefði átt, getur dómur, með hliðsjón af atvikunum, er svikunum var beitt, ákveðið, að bætur skuli greiða að nokkru eða öllu leyti þrátt fyrir samningsákvæði þetta.

Nú hafa upplýsingar verið gefnar eða vanrækt hefur verið að gefa þær, en hvorugt hefur þetta verið gert í sviksamlegum tilgangi, og hefur það þá eigi önnur áhrif en segir í 2. mgr. 21. gr., þótt á annan veg sé um samið.

### Greiðsluskylda félagsins.

24. gr.

Krefja má um greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta váttryggingaratburðinn og ákveða upphæð bótanna.

Ef augljóst er orðið, áður en endanleg ákvörðun bótanna getur átt sér stað, að félaginu beri að minnsta kosti að greiða nokkurn hluta upphæðar þeirrar, er það er

krafið um, má krefjast greiðslu á þeim hluta hennar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 1. mgr. þessarar gr. 20

8. marz

Félagið skal greiða vexti af fjárhæðinni frá gjalddaga, er séu 1% p. a. lægri en víxilvextir Landsbankans.

Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að gjalddagi bótanna skuli háður ákvörðun félagsins eða því, að það hafi verið skyldað til greiðslu með dómi.

### Aðgangsréttur félagsins.

#### 25. gr.

Ef einhver er skaðabótaskyldur við váttryggðan fyrir atvik, er váttryggingin tekur til, þá öðlast félagið rétt váttryggðs á hendur honum, að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur. Ef þriðji maður hefur valdið tjóninu af vangá, er eigi verður talin stórkostleg, eða sé ábyrgð hans eingöngu byggð á reglunum um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna hans, má lækka skaðabótaábyrgð hans eða fella hana niður eftir atvikum.

Sé um líftryggingu, slysa- eða sjúkratryggingu að ræða, á félagið enga kröfu á hendur þeim, er valdur varð að því, að váttryggingaratburðurinn gerðist. Þegar um þessar tryggingar er að ræða, hefur það og engin áhrif á kröfur váttryggðs, hvort heldur er gegn félaginu eða þeim, sem tjóninu hefur valdið, þótt hann hafi þegar fengið greiddar bætur hjá hinum. Ákvæðum 1. mgr. skal þó beitt um slysa- og sjúkratryggingar, að svo miklu leyti sem greiðsla félagsins er raunveruleg skaðabót.

Félagið getur eigi áskilið sér að öðlast rétt váttryggðs gegn þriðja manni í rýmra mæli en hér að framan segir.

### Fjárprot félagsins og váttryggingartaka.

#### 26. gr.

Ef bú félagsins er tekið til gjaldprotaskipta, má váttryggingartaki rifta samningnum. Geri hann það ekki, fellur samningurinn þó úr gildi þrem mánuðum eftir að gjaldprotaskiptin voru auglýst.

Komi það í ljós við fjárnámsgerð, að félagið skorti fé til að greiða skuldir sínar, eða hafi það stöðvað greiðslur sínar eða reynist fjárhag þess með öðrum hætti þannig varið að ætla megí, að það geti ekki fullnægt skuldbindingum sínum, má váttryggingartaki rifta samningnum, ef félagið setur eigi þegar í stað, er hann krefst þess, nægilega tryggingu fyrir efnendum sínum.

Þegar váttryggingarsamningi er rift samkvæmt framangreindum ákvæðum, getur váttryggingartaki krafizt bóta fyrir tjón það, er hann bíður við það að váttryggingunni lýkur.

#### 27. gr.

Missi félagið rétt til að stunda váttryggingarstarfsemi hér á landi, má váttryggingartaki rifta samningnum. Sama gildir, sé félagið sameinað öðru félagi eða afhendi það öðru félagi fjármuni sína í heild sinni.

Ef efnt er til frjálsra skuldaskila félagsins, fellur váttryggingarsamningurinn niður, þegar ár er liðið frá upphafi skuldaskilanna. Innan þess tíma má váttryggingartaki rifta samningnum, ef félagið setur eigi þegar í stað, er hann krefst þess, nægilega tryggingu fyrir efnendum sínum.

Ákvæði 3. mgr. 26. gr. koma hér til greina, eftir því sem við á.

#### 28. gr.

Verði bú váttryggingartaka tekið til gjaldprotaskipta, eða boði hann til nauðasamninga án gjaldprotaskipta, þá hefur það, enda þótt öðruvísi sé um samið, engin

20 áhrif á váttryggingarsamninginn önnur en þau, er leiðir af almennum reglum laganna.  
8. marz Þegar um skaðatryggingu er að ræða, má félagið þó áskilja sér rétt til að segja samningnum upp með 14 daga fyrirvara.

### Fyrning.

#### 29. gr.

Kröfur, sem rísa af váttryggingarsamningi, fyrnast á 4 árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur um greiðslu bóta eða váttryggingarfjárhæðarinnar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að váttryggingaratburðurinn gerðist. Að öðru leyti fer um fyrninguna eftir almennum reglum laganna. Ákvæði 4. mgr. 2. gr. 1. nr. 14 20. okt. 1905 halda gildi sínu.

#### 30. gr.

Samningi um að váttryggður glati kröfu sinni, ef hann krefur hennar eigi með lögsókn innan skemmra frests en segir í 29. gr., verður eigi beitt, nema því aðeins að félagið hafi, með eigi skemmri fresti en 6 mánaða, skýrt váttryggðum skriflega frá því, hversu langur fresturinn sé og hvaða afleiðingar það muni hafa, ef hann er látinn líða ónotaður.

Samningi um að félagið skuli vera leyst úr ábyrgð, ef krafa, er rís af váttryggingaratburði, er eigi höfð uppi við félagið innan tiltekens frests, verður eigi beitt gegn þeim manni, er slíka kröfu hefur uppi innan 3 mánaða frá því að hann fékk vitneskju um atvik þau, er krafan rís af.

### Samningur um framlengingu váttryggingarinnar.

#### 31. gr.

Félagið getur eigi borið fyrir sig samning um það, að váttryggingin skuli talin framlengd um lengri tíma en eitt ár, hafi henni eigi verið sagt upp, nema því aðeins að það hafi minnt váttryggingartaka á það, í fyrsta lagi þremur mánuðum og síðasta lagi einum mánuði fyrir lok uppsagnartímans, að váttryggingin mundi framlengjast á þennan veg, ef henni væri ekki sagt upp.

### Ákvæði um gerðardóm o. fl.

#### 32. gr.

Samningur um að váttryggður eða váttryggingartaki megi ekki njóta aðstoðar annarra manna, er þeir semja við félagið, er ógildur.

Samningi um að váttryggður eða váttryggingartaki skuli mæta sjálfir til slíkra samningaumleitana verður eigi beitt, ef það mundi hafa í för með sér óhæfilega mikinn kostnað eða vera óhæfilegum örðugleikum bundið, ef þess væri gætt.

Nú er svo um samið, að væntanleg ágreiningsefni skuli undanskilin úrskurði dómstóla, og getur þá dómur metið það að engu, ef ákvæðin um skipun og starf þeirra, er úrskurðurinn skal falinn, verða eigi talin tryggileg fyrir váttryggðan.

### Um tilkynningar.

#### 33. gr.

Tilkynningar frá félaginu til váttryggingartaka eða váttryggðs hafa þá fyrst áhrif, er þeir hafa tekið á móti þeim. Nú kemur tilkynning eigi fram eða eigi á réttum tíma, og stafar það af því, að móttakandi hefur vanrækt að skýra frá því, að hann hafi flutt sig, eða af öðrum atvikum, er hann varða, og fær tilkynningin þá

áhrif að lögum daginn eftir að hún undir venjulegum kringumstæðum mundi hafa komið í hendur móttakanda. 20

8. marz

Þegar váttryggður hefur afhent þess konar tilkynningu, sem um ræðir í 21., 46. og 67. gr., til sendingar í símskeyti eða með pósti, eða hún hefur verið afhent til flutnings með öðru flutningatæki, er gilt þykir að nota, verður það eigi hans skaði, þótt henni seinki eða hún komi eigi til skila.

### Ógildi ósanngjarnra sanningsákvæða.

#### 34. gr.

Ef ákvæði í váttryggingarsamningi er í ósamræmi við lög þessi og mundi leiða til niðurstöðu, sem augljóslega væri ósanngjörn, skal meta það ógilt, svo fremi ógilding þess yrði talin vera í samræmi við góðar venjur í váttryggingarmálum.

## II. KAÞÍTULI

### Skaðatrygging.

#### A. Almenn ákvæði.

#### Tryggingarhagsmunir.

#### 35. gr.

Gegn skaða má váttryggja sérhverja lögmæta hagsmuni, er metnir verða til peningaverðs, hvort heldur eru hagsmunir váttryggingartaka sjálfs eða þriðja manns.

#### Váttryggingarverð.

#### 36. gr.

Nú er hlutur váttryggður og engir sérstakir hagsmunir tilgreindir, og telst váttryggingin þá taka til þeirra hagsmuna, að verð hlutarins sjálfs rýrni eigi við váttryggingaratburðinn, og tekur hún þá eigi til annarra hagsmuna, sem tengdir eru því, að hluturinn varðveitist. Félagið ábyrgist því ekki rekstrartap né tjón, sem hlýzt af því, að hluturinn varð ekki notaður á þeim tíma eða með þeim hætti, sem ráðgert hafði verið.

#### 37. gr.

Með undantekningum þeim, sem um getur í 38. og 75. gr., skal verð hlutarins talið nema þeirri upphæð, er þurft hefði til kaupa á hlut þeim, er fórst eða skemmdist, með því verðlagi, er síðast var á slíkum hlut áður en váttryggingaratburðurinn gerðist, að fráreginni hæfilegri verðrýrnun hans vegna aldurs, brúkunar, minnkads notagildis og annarra atvika.

Þegar um búsgögn er að ræða eða hluti til persónulegra nota og þess háttar, er verðrýrnun vegna aldurs og brúkunar því aðeins dregin frá verðinu, að telja megi, að notagildi hlutanna fyrir váttryggðan hafi minnkað svo verulegu nemi.

Sé hús, sem skaðast hefur, byggt að nýju eða við það gert, skal aðeins dreginn frá mismunur milli gamals og nýs.

#### 38. gr.

Bætur fyrir hluti, sem váttryggður hefur framleitt sjálfur til sölu, skulu ákveðnar í samræmi við verð það, er fengið hefði fyrir þá, síðast áður en váttryggingaratburðurinn gerðist, við sölu þeirra með venjulegum skilmálum, en draga skal frá því venjulegan sölukostnað, verzlunaráhættu þá, er hjá varð komizt, og það hagræði að verðið er greitt út í hönd.



20

8. marz

Enda þótt umsamið sé á annan veg, er félaginu óskýlt að greiða hærri bætur en með þarf til þess að bæta tjón það, sem orðið hefur.

Sé kveðið á um ákveðið verð hinna váttryggðu muna í váttryggingarsamningnum, eða samið um tiltekna aðferð við mat á tjóninu, þá eru þau ákvæði skuldbindandi fyrir félagið, nema það sanni, að bæturnar mundu þá nema meiru en upphæð tjónsins.

### Váttrygging undir verði.

40. gr.

Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en verð hinna tryggðu hagsmuna, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim, sem er á váttryggingarfjárhæðinni og verði hins tryggða.

### Tvíttrygging.

41. gr.

Séu sömu hagsmunir váttryggðir gegn sömu hættu hjá fleiri félögum en einu, ábyrgist hvert þeirra með sama hætti og væri það eitt váttryggjandi.

42. gr.

Ef fleiri félög en eitt bera ábyrgð á tjóni og bætur þær, er greiða skal, eru lægri en samanlagðar bótafjárhæðir þær, er félögin ábyrgjast, skal skipta ábyrgðinni milli félaganna í hlutfalli við fjárhæðir þær, er hvert þeirra um sig ábyrgist. Geti eitthvert félaganna eigi greitt sinn hluta bótanna, skal skipta því, sem á vantar fulla greiðslu, milli hinna í samsvarandi hlutfalli innan þeirra takmarka, sem sett eru í 1. málsl. þessarar greinar.

43. gr.

Ef fyrirvari er um það gerður í váttryggingarsamningi, að félagið skuli að öllu eða nokkru leyti leyst úr ábyrgð, ef hinir sömu hagsmunir eru eða verða síðar váttryggðir hjá öðru félagi, þá á váttryggður þó rétt á bótum fyrir tjón, er hann fær eigi bætt samkvæmt hinni váttryggingunni. Ef fleiri félög en eitt hafa tekið á sig váttryggingu á sömu hagsmunum og öll sett það skilyrði fyrir ábyrgð sinni, að hagsmunir þessir væru eigi váttryggðir annars staðar, þá ábyrgjast öll félögin samt sem áður í hlutfalli við þá fjárhæð, sem hvert þeirra um sig hefði ábyrgt, ef það eitt hefði tekið váttrygginguna á sig. Geti eitthvert félaganna eigi greitt sinn hluta bótanna, skal skipta því, sem á vantar fulla greiðslu, milli hinna í samsvarandi hlutfalli.

Nú er ekki aðeins ábyrgðin heldur og rétturinn til iðgjalda háður því, samkvæmt samningnum, að váttrygging sé eigi tekin annars staðar, og koma þá ákvæði 1. mgr. eigi til greina.

Félagið getur bundið ábyrgð sína því skilyrði, að váttryggður beri sjálfur áhættu á nokkrum hluta hagsmuna þeirra, sem tryggðir eru, svo og að hann tryggi eigi annars staðar aðra hagsmuni en þá, er ræðir um í 36. gr.

44. gr.

Váttryggðum er skylt að skýra félagi því, er hann krefur bóta, frá því, hjá hvaða félögum öðrum hann einnig hefur tekið váttryggingu. Ber hann ábyrgð á tjóni því, er af því kann að leiða, að hann vanrækti að skýra frá þessu.

Ef svo er um samið, að váttryggingartaki eða váttryggður skuli, áður en váttryggingarathurðinn ber að höndum, skýra félaginu frá því, ef sömu hagsmunir eru váttryggðir annars staðar, þá hefur vanræksla hans á því eigi önnur áhrif en þau, er segir í 1. mgr., og það enda þótt annað hafi verið ákveðið í samningi.

**Aukin áhætta.**

20

8. marz

## 45. gr.

Ef hætta, sem sérstaklega er nefnd í skirteininu, breytist síðar með vilja váttryggðs á þann veg, að áhætta félagsins eykst fram yfir það, sem ætla má, að haft hafi verið í huga, er samningurinn var gerður, er félagið laust úr ábyrgð, ef ætla má, að það hefði eigi tekið váttrygginguna á sig, ef aðstæður þær, er skapast hafa við breytinguna, hefðu verið fyrir hendi, þegar samningurinn var gerður.

Ef ætla má, að félagið hefði tekið váttrygginguna á sig með öðrum kjörum, verður ábyrgð þess á sömu leið, sem hún mundi hafa orðið, ef það hefði haldið váttryggingunni áfram fyrir sama iðgjald og því verið kunnugt um hina auknu hættu. Ef félagið hefði takmarkað sjálfs sín ábyrgð enn frekara með endurtryggingu, lækka bætunar hlutfallslega.

Um sjóváttryggingar og aðrar flutningatryggingar gildir sú regla, í stað þess er segir í 2. mgr., að félagið ábyrgist aðeins að því leyti til, sem aukning hættunnar hefur eigi haft áhrif um það, að váttryggingaratburðinn bar að höndum, né um það, hve mikið tjónið varð.

## 46. gr.

Nú eykst áhættan, en ekki með vilja váttryggðs, og fær hann vitneskju um það, en vanrækir að ástæðulausu að skýra félaginu frá því, og er þá sem breytingin hefði orðið með vilja hans.

## 47. gr.

Nú eykst áhættan svo sem segir í 45. gr., og má félagið þá segja váttryggingunni upp með viku fyrirvara, hvort sem hættan hefur aukizt með eða án vilja váttryggðs.

## 48. gr.

Vilji félagið bera það fyrir sig, að áhættan hafi aukizt, verður það, án ástæðulausrar tafar, er það hefur fengið vitneskju um aukningu áhættunnar, að tilkynna váttryggðum, að það hyggist neyta réttar síns samkvæmt 45.—47. gr.

## 49. gr.

Félagið getur eigi krafizt lausnar frá skyldum sínum vegna þess, að áhættan hafi aukizt, þegar sú áhættuaukning er eigi lengur fyrir hendi eða hún skiptir eigi lengur máli fyrir félagið.

Sama gildir, er áhættan hefur aukizt við ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að varna því, að tjón verði á mönnum eða eignum, og ráðstafanir þessar verða taldar réttmætar.

## 50. gr.

Félagið getur eigi borið fyrir sig samning um það, að aukning áhættunnar skuli hafa áhrif að lögum endranær eða í ríkara mæli en greinir í 45.—49. gr. Þó má semja svo um, að reglunum í 2. mgr. 45. gr. skuli beitt í stað reglnanna í 3. mgr. sömu greinar eða öfugt.

Þegar hlutur er váttryggður í þágu þriðja manns og hluturinn er í varðveizlu váttryggingartaka, hefur áhættuaukning, sem hann hefur valdið viljandi, sömu áhrif, sem væri hún af völdum váttryggðs. Sama gildir um váttryggingu gegn rekstrartapi.

**Varúðarreglur.**

## 51. gr.

Ef mælt er í váttryggingarsamningi fyrir um varúðarreglur, er gætt skuli, áður en váttryggingaratburðinn ber að höndum, til þess að afstýra honum eða draga úr

20 tjóni því, er af honum kynni að leiða, og hafi váttryggður eða annar maður, sem 8. marz skylt var að gæta þess, að varúð þessi sé viðhöfð, orðið sekur um vanrækslu á að gæta hennar, á váttryggður aðeins kröfu á hendur félaginu, þegar og að svo miklu leyti, sem telja má sannað, að það hafi eigi verið að kenna vanrækslu á því, að reglum þessum væri fylgt, að váttryggingarathurðurinn gerðist eða hve viðtækar afleiðingar hans urðu.

Nú er fyrirmæla um varúð, þeirra, er getur í 1. mgr., eigi gætt, og ber það vott um hirðuleysi, svo að ástæða er til að óttast, að einnig verði vanrækt að gæta þeirra síðar, eða sé af öðrum rökum ástæða til að óttast frekari vanrækslu, og má félagið þá segja samningnum upp með viku fyrirvara.

Samningar þess efnis, að félagið skuli leyst úr ábyrgð í ríkara mæli en hér var lýst, er slíkra fyrirmæla er eigi gætt, hafa eigi gildi að lögum.

### Ráðstafanir til að varna tjóni.

#### 52. gr.

Þegar váttryggingarathurðurinn hefur gerzt eða bein hætta er á því, að hann muni að höndum bera, ber váttryggðum að reyna af fremsta megni að afstýra tjóninu eða draga úr því. Eigi váttryggður rétt til bóta frá þriðja manni fyrir tjón, sem félaginu er skylt að bæta, ber honum að gera þær ráðstafanir, sem eftir atvikum eru nauðsynlegar til að tryggja endurgreiðslukröfu félagsins, þar til félagið getur gætt hagsmuna sinna sjálf. Hafi félagið gefið ákveðin fyrirmæli um þetta efni, ber váttryggðum að fara eftir þeim eftir því sem honum er unnt.

Vanræki hann þessa skyldu sína af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi, ábyrgist félagið eigi það tjón, sem ætla má, að af því hafi hlotizt. Eigi verður, svo gilt sé, samið um það, að vanræksla váttryggðs eða annarra á að gera áður nefndar ráðstafanir skuli hafa ríkari áhrif en hér var sagt.

#### 53. gr.

Váttryggingin nær til tjóns og kostnaðar, er váttryggður hefur af ráðstöfunum þeim, sem ræðir um í 52. gr. og hæfilegar þykja eftir atvikum. Ákvæðum 40. gr. skal beitt um þetta efni eftir atvikum.

Félaginu er skylt að bæta nefndan kostnað, þótt bæturnar þá verði hærri en váttryggingarfjárhæðinni nemur.

### Váttrygging hagsmuna þriðja manns.

#### 54. gr.

Sé hlutur váttryggður og eigi greint, hverjum sú trygging skuli til hagsbóta, þá telst váttryggingin vera hverjum þeim til hagsbóta, er bíða mundi tjón við það, að hluturinn skemmdist eða færi forgörðum, vegna þess að hann ætti hlutinn eða veðrétt í honum eða önnur óbein eignarréttindi, eða vegna þess, að hann bæri áhættuna af því, að hluturinn færirist. Ákvæði þetta gildir þó því aðeins um sjóveðrétt, að persónuleg krafa gegn eiganda veðsins sé veðréttinum samfara.

Sé áskilið, að váttryggingin skuli falla úr gildi við eigandaskipti, gildir hún þó í 14 daga, — í 3 daga, er um búfjártryggingu er að ræða, — frá eigandaskiptunum, að svo miklu leyti sem hinn nýi eigandi á ekki rétt á bótum samkvæmt váttryggingu, er hann hefur aflað sér sjálfur. Ákvæði þetta gildir eigi um sjóváttryggingu á skipi.

#### 55. gr.

Váttrygging á búsmunum tekur, sé annað eigi ljóst af atvikum málsins, einnig til búsmuna maka váttryggingartaka, barna hans, sem hjá honum eru, og heimilisfólks hans, sem er í persónulegri þjónustu hans.

## 56. gr.

Ef tekin er váttrygging á hagsmunum þriðja manns eða taki hún lögum samkvæmt til hagsmuna annarra manna, er váttryggingartaka þó heimilt, gagnvart þeim, að taka ákvarðanir um breytingar á samningnum, riftun hans eða uppsögn, og getur hann einnig, svo gilt sé, tekið við uppsögn og öðrum tilkynningum, er váttrygginguna varða. Þetta gildir þó eigi, ef annað leiðir af lögskiptum hans og þriðja manns.

Hafi váttryggingartaki gert slíka ráðstöfun í heimildarleysi, er hún samt skuld-bindandi gagnvart félaginu, nema því aðeins, að það hafi vitað eða mátt vita, að váttryggingartaka skorti rétt til þess. Þegar um sjóváttryggingu eða aðra flutningatryggingu er að ræða, gildir þetta þó því aðeins, að váttryggingartaki sýni skírteinið, svo að athugasemdir verði ritaðar á það eftir þörfum, eða hann sanni, að eigi hafi verið gefið út farmskírteini eða farmbréf þess eðlis, að sendandi varningsins geti eigi ráðstafað honum, eftir að hann hefur látið bréfið af höndum.

## 57. gr.

Þegar váttryggingarathurðinn ber að höndum, á sá rétt á bótum, sem á hagsmunum þá, er váttryggingin tók til, þótt honum hafi ekki verið skýrt frá váttryggingunni.

Þó getur váttryggingartaki, svo gilt sé, samið við félagið um bæturnar og tekið við greiðslu þeirra, nema því aðeins, að váttryggingartaki hafi nefnt til ákveðinn mann eða einhver hafi gefið sig fram við félagið sem rétthafa, eða loks að váttryggður eigi rétt til váttryggðra fasteigna, er tryggður sé með þinglýsingu. Ákvæðum síðasta málsl. 56. gr. skal beitt, eftir því sem við á.

## 58. gr.

Taki váttrygging samtímis bæði til hagsmuna eiganda og veðhafa, má greiða eigandanum bæturnar, ef tjónið hefur þegar verið bætt, hús, er váttryggt var, byggt upp að nýju, aflað á ný annarra hluta, sem váttryggingin og veðrétturinn náðu til, eða önnur jafngóð trygging sett fyrir því, að veðhafi fái rétti sínum fullnægt. Sama gildir, ef váttryggingin tekur til hagsmuna annarra, sem rétt eiga til hlutarins.

Hafi viðgerð eigi farið fram eða nýrra hluta verið aflað, skal váttryggingarfénu skipt milli eigandans og annarra rétthafa, og skal þá gætt ákvæða 2. mgr. 57. gr.

## B. Sjóváttrygging og önnur flutningatrygging.

## 1. Sjóváttrygging.

## 59. gr.

Þegar talað er um sjóváttryggingu í lögum þessum, er átt við váttryggingu gegn hættu, sem hagsmunir váttryggðs eru lagðir í við flutninga á sjó. Taki váttryggingin einnig til annarrar hættu, er tengd er flutningunum, telst hún í heild sinni sem sjóváttrygging.

Váttrygging, er varðar skip, er lagt hefur verið í lægi eða er í dráttarbraut eða í skipakví, eða liggur kyrrt með öðrum hætti, telst vera sjóváttrygging. Sama gildir um tryggingu á varningi, sem er í slíku skipi.

## 60. gr.

Sé sérstök undantekning eigi gerð í lögum eða í samningi, tekur sjóváttrygging til hvers konar hættu, sem hinir váttryggðu hagsmunir eru lagðir í.

## 61. gr.

Þegar um húftryggingu er að ræða eða váttryggingu farmgjalds, ábyrgist félagið skaðabótaskyldu, er falla kann á váttryggðan gagnvart þriðja manni, þegar skip eða farmgjald eru í ábyrgð fyrir tjóni, er hlotizt hefur af árekstri skipa eða árekstri

20 skips við fasta hluti eða á floti, eða þeim atvikum, sem lögð eru á borð við árekstur  
8. marz í 228. gr. a. í siglingalögunum. Þegar váttryggt er undir verði, koma ákvæði 40. gr. til greina. Félagið svarar þó ekki til ábyrgðar útgerðarmanns á tjóni á varningi, er var í hinu váttryggða skipi og hlotizt hefur af árekstrinum.

## 62. gr.

Félagið ábyrgist ekki tjón á skipi, er eingöngu stafar af sliti, elli eða fúa, og eigi heldur tjón á varningi, er stafar af ónógum umbúðum eða af eðli varningsins sjálfs, svo sem innri skemmdum, rýrnun, venjulegum leka, eða ef dýr deyja.

## 63. gr.

Þegar félagið váttryggir hagsmuni útgerðarmanns, er því óskýlt að bæta tjón, er stafar af því, að skipið var óhaffært, er það lét síðast úr höfn, ófullnægjanlega útbúið eða mannað, hafði eigi nauðsynleg skipsskjöl eða var eigi tryggilega hlaðið. Þetta gildir þó ekki, ef ætla má, að hvorki útgerðarmaður né skipstjóri hafi vitað eða mátt vita um það, sem áfátt var.

## 64. gr.

Sé reikningur um niðurjöfnun sameiginlegs sjóttjóns gerður á réttum stað og með löglegum hætti, skal félagið greiða framlag það til sjóttjónsbóta, sem kemur í hlut hinna váttryggðu hagsmuna að greiða samkvæmt niðurjöfnun tjónsins. Sé váttryggt undir verði, koma ákvæði 40. gr. til greina.

## 65. gr.

Ef kveðið er á um það í farmsamningi, að reikningur um niðurjöfnun sameiginlegs sjóttjóns skuli gerður eftir öðrum reglum en lög mæla fyrir um, og leysir það þá eigi félagið við skuldbindingu þess, þótt eftir sanningsákvæði þessu sé farið, enda séu reglur þær, sem eftir er farið, notaðar almennt í alþjóðlegum viðskiptum.

## 66. gr.

Þótt heimta megi bætur fyrir tjón, sem orðið hefur á váttryggðum hlut, samkvæmt reglunum um sameiginlegt sjóttjón, er váttryggðum þó rétt að krefjast þess, að félagið bæti sér tjónið sem einkasjóttjón, og þarf hann ekki að biða þess, að sjóttjónsreikningurinn sé gerður.

Ef félagið greiðir slíkar bætur, öðlast það allan rétt váttryggðs á hendur öðrum hluttakendum í sjóttjóninu. Sé váttryggt undir verði, koma ákvæði 40. gr. til greina.

## 67. gr.

Ef flutt er með öðru skipi en því, er nota skyldi samkvæmt váttryggingarsamningnum, er félagið laust úr ábyrgð, ef ætla má, að það hefði eigi tekið váttrygginguna á sig, ef því hefði verið um þetta kunnugt, eða það mundi hafa áskilið sér hærra iðgjald, sett aðra skilmála eða endurtryggt meira af áhættu sinni.

Ef breyting þessi verður, eftir að ferðin er hafin, ber félagið þó ábyrgð, ef breytingin varð án samþykkis váttryggðs eða hún var nauðsynleg vegna atburðar, er váttryggingin tók til. Verði slík breyting, án samþykkis váttryggðs, er honum þó skýlt að skýra félaginu frá henni, jafnskjótt og hann fær vitneskju um hana. Vanræki hann það, er félagið laust úr ábyrgð á atburðum, er gerast að þeim tíma liðnum.

## 68. gr.

Ef vikið er á ferðinni frá leið þeirri, er ráðgert var í samningnum að farin skyldi, eða að öðru leyti má telja rétta leið, er ábyrgð félagsins lokið, nema því aðeins, að afvik þessi séu gerð án samþykkis váttryggðs.

Ábyrgð félagsins lýkur þó ekki, ef afvik þessi voru nauðsynleg vegna atburðar, 20  
er váttryggingin tók til, eða þau voru gerð til þess að forðast tjón á mönnum eða 8. marz  
eignum, en atvik lágu svo til, að telja mátti slíkt réttmætt. Félagið er þó leyst úr  
ábyrgð á tjóni, sem verður, ef eigi er aftur horfið á rétta leið, jafnskjótt og unnt er.

Hafi ábyrgð félagsins lokið samkvæmt fyrirmælum 1. eða 2. mgr., ber það  
samt ábyrgð á váttryggingaratburðum, er gerast, eftir að skipið aftur er komið á  
réttu leið, ef ætla má að afvikin hafi eigi skipt máli um það, að tjónið varð eða  
hversu mikið það varð.

Samsvarandi reglur gilda, er skip kemst út fyrir siglingasvæði það, er váttrygg-  
ingin tekur til.

#### 69. gr.

Verði skip eða farmur, sem útgerðarmaður á, fyrir tjóni við björgun á öðru skipi  
eða farmi þess, er félaginu óskilyt að bæta tjón, sem ætla má að fengizt hafi bætt  
með greiðslu björgunarlauna. Komi það í ljós, eftir að bætur hafa verið greiddar, að  
tjónið hafi fengizt bætt að öllu eða nokkru leyti með greiðslu björgunarlaunanna,  
getur félagið auk þess krafizt endurgreiðslu á tilsvarandi hluta bótanna.

#### 70. gr.

Váttryggður á rétt á bótum, sem um algert tjón væri að ræða, ef skip, vegna þess  
að það hefur sokkið eða strandað eða vegna annars atburðar, er váttryggingin tekur  
til, er svo komið, að ekki er unnt að hjarga því með hæfilegum tilkostnaði, eða það  
hefur orðið fyrir svo miklum skemmdum, að það er eigi þess virði, að við það sé gert.

Sama gildir, er varningur, vegna atburðar, er váttryggingin tekur til, er svo  
kominn eða hann svo skemmdur, sem áður var sagt, eða honum hefur verið skipað  
upp á stað, er hann verður eigi sóttur til innan hæfilegs tíma eða með hæfilegum  
tilkostnaði.

#### 71. gr.

Váttryggður á rétt á bótum, sem um algert tjón væri að ræða, hafi eigi spurzt  
til skips á þreföldum þeim tíma, er að jafnaði fer til ferðar skipsins þaðan, sem  
síðast fréttist til þess, og til næsta ákvörðunarstaðar þess, þó eigi á skemmri tíma en  
3 mánuðum, eða hafi áhöfnin yfirgefið skipið og sé það eigi komið undir umráð vá-  
tryggðs innan 3 mánaða, frá því að það var yfirgefið.

Sama gildir um varning, sem í skipinu er, þegar hvorki hann né skipið eru  
komin fram innan frests þess, er greinir í 1. mgr.

#### 72. gr.

Váttryggður á rétt á bótum, sem um algert tjón væri að ræða, ef erlent ríki leggur  
farbann á skip eða farm eða þau eru hernuminn eða kyrrsett með líkum hætti og  
eigi látin laus innan 6 mánaða.

Ef váttryggður vill neyta þessa réttar, skal hann skýra félaginu frá því innan  
3 mánaða frá því hann fékk vitneskju um atvik þau, er veita honum þennan rétt.

#### 73. gr.

Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir algert tjón, öðlast það rétt váttryggðs til  
þess, er enn kynni að vera til af munum þeim, er það hefur bætt. Félagið getur og  
krafizt þess, að váttryggður afhendi sér öll skjöl og sönnunargögn, er varða muni  
þessa og hann getur látið í té.

Sé um váttryggingu undir verði að ræða, á félagið þó aðeins rétt á hluta af fjár-  
munum þessum eftir hlutfalli því, sem er á milli váttryggingarverðsins og váttrygg-  
ingarfjárhæðarinnar.

20

8. marz

74. gr.

Beri tjón að höndum oftár en einu sinni á váttryggingartímabilinu, bætir félagið það, enda þótt bótagreiðslurnar samanlagðar verði hærri en váttryggingarfjárhæðin.

Þegar tjón hefur orðið getur félagið þó leyst sig úr allri ábyrgð á atburðum, sem gerast, og kostnaði, sem á fellur, eftir að váttryggingartaki hefur fengið tilkynningu um að félagið vilji neyta þessa réttar síns, enda greiði það áður alla váttryggingarfjárhæðina að viðbættum kostnaði þeim, sem þegar er á fallinn. Þegar þannig stendur á, verður ákvæðum 73. gr. ekki beitt.

75. gr.

Váttryggingarverð skips er verð þess á þeirri stundu, er ábyrgð félagsins hófst.

Ef kveðið er á um tiltekið verð á skipi, þegar váttryggingarsamningurinn er gerður (verðsett skirteini), er sú verðákvörðun skuldbindandi fyrir félagið, ef það getur eigi sannað, að hið tiltekna verð sé herra en svo, að sanngjarnt sé að telja það váttryggingarverð skipsins.

Verð á váttryggðum vörum skal ákveðið — án þess að tillit sé tekið til síðari verðbreytinga — sem verð það, er greitt var á fráfararstaðnum síðast, áður en flutningarnir hófust, fyrir sams konar vörur afhentar fritt í skip eða annað flutningatæki, að viðbættum 10% svo og iðgjaldi fyrir almenna váttryggingu og farmgjaldi, eigi það að greiðast, hvort sem flutningunum verður lokið eða eigi.

76. gr.

Ef váttryggingu mundi lokið, meðan skipið er á ferð sinni, hvort heldur það er samkvæmt samningnum eða fyrir uppsögn vegna annarra atvika en vanskila á greiðslu iðgjalds, fellur samningurinn þó fyrst úr gildi við lok komudags skipsins til fyrsta ákvörðunarstaðar þess. Ef váttryggingin framlengist af þessum sökum, getur félagið krafizt iðgjalds fyrir framlenginguna.

## 2. Önnur flutningaváttrygging.

77. gr.

Sé sérstök undantekning eigi gerð í lögum eða í samningi, tekur önnur flutningaváttrygging en sjóváttrygging til sérhverrar hættu, sem hinir váttryggðu hagsmunir eru lagðir í við flutningana.

78. gr.

Ákvæðum 62., 67., 68., 72., 73., 74. og 75. gr. skal beitt eftir því sem við á.

## C. Brunatrygging.

79. gr.

Brunatrygging tryggir tjón, er verður vegna eldsvoða á hlut, sem váttryggingin tekur til, jafnvel þótt eigi kvikni í honum. Tryggingin tekur ekki til tjóns, sem hlýzt af eldi, sem ekki verður talinn eldsvoði.

80. gr.

Sé hlut af ásettu ráði stofnað í hættu af hita, við suðu, þurrkun, reykingu eða því um líkt, ber félagið ekki ábyrgð á tjóni, sem verður á hlutnum af þeim sökum, þótt í honum kvikni.

81. gr.

Ef eigi er öðruvísi um samið, ábyrgist félagið með sama hætti og brunatjón tjón, sem hlýzt af því, að eldingu lýstur niður, þótt eigi verði af því eldsvoði.

Hafi félagið tekið á sig ábyrgð á tjóni, er verður við sprengingu, sem eigi er afleiðing bruna, fer um það eftir ákvæðunum um brunatryggingar.

## 82. gr.

Ef hlutir, sem brunatryggðir eru, tynast við eldsvoða vegna þjófnaðar eða af öðrum sökum, eða skemmist þeir, er reynt er að bjarga þeim frá bruna, telst það tjón vera brunatjón. Sama gildir, ef þeir eyðileggjast eða skemmast við það, að reynt er að koma í veg fyrir eldsvoða eða hefta útbreiðslu hans, enda sé það eftir atvikum talið réttmætt að leggja þá í sölurnar. Gildir þetta, þótt engum hlut, sem tryggingin nær til, sé hætt vegna eldsvoðans.

20

8. marz

## 83. gr.

Sé váttryggður hlutur annars staðar en greint var, er váttrygging á honum var tekin, þegar váttryggingarathurðinn ber að höndum, er félagið samt sem áður ábyrgt, nema því aðeins að ætla megi, að félagið hefði ekki tekið á sig váttrygginguna, áskilið sér hærri iðgjald eða aðra skilmála, eða endurtryggt sig frekara, ef til þess hefði verið sagt, að staður sá, þar sem váttryggingarathurðurinn gerðist, væri váttryggingarstaðurinn.

Þegar váttryggðir eru búsmunir, ábyrgist félagið með allt að 15% af váttryggingarfjárhæðinni, þó ekki hærri upphæð en 10000 kr., brunatjón, er verður, er hinir váttryggðu munir til bráðabirgða eru á öðrum stað innanríkis en tilgreindur er í skirteininu, og það þótt áhættan hafi aukizt af þeim sökum.

## 84. gr.

Ef váttrygging gildir um eins árs tíma, skal telja, að hún framlengist um ár að hverju sinni, ef eigi má ætla, að á annan veg hafi verið umsamið, og hvorki váttryggingartaki né félagið hafa sagt tryggingunni upp í síðasta lagi viku fyrir lok váttryggingartímabilsins.

## 85. gr.

Ákvæði í 18. og 19. gr. gilda einnig, er maki váttryggðs, sem samvistum er við hann, hefur valdið því, að váttryggingarathurðurinn gerðist.

## 86. gr.

Ef veðbönd hvíla á váttryggðri fasteign og félagið leysist úr ábyrgð gagnvart eiganda hennar samkvæmt 4. eða 6. gr. eða 2. mgr. 50. gr., getur veðhafi þó krafizt fullnustu af bótum þeim, er ella hefði átt að greiða, enda geti hann hvorki fengið fullnustu af veðinu né af öðrum eignum skuldarans. Félagið öðlast rétt veðhafans gegn skuldaranum að því leyti, sem það hefur greitt veðhafanum bætur.

Sama gildir, ef váttryggingin tryggir hagsmuni annarra, er rétt eiga til hlutarins.

## 87. gr.

Ef váttrygging fasteignar fellur úr gildi samkvæmt samningi eða sé váttryggingarfjárhæðin lækkuð eða ljúki ábyrgð félagsins vegna vangreiðslu iðgjalds eða eigandskipta, þá hefur það eigi gildi að lögum gagnvart veðhafa fyrr en 14 dögum eftir að hann hefur fengið tilkynningu félagsins um það.

Ákvæðum 1. mgr. 51. gr. verður því aðeins beitt gagnvart veðhafa, að hann eigi sjálfur sök á því, að fyrirmælunum var eigi fylgt.

Að öðru leyti skulu enn í gildi ákvæði, er sett eru í sérlögum um brunatryggingar fasteigna, eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, til verndar veðhöfum eða öðrum, sem rétt eiga til eignarinnar.

Ákvæði þessi gilda og um fylgifé með fasteign, enda taki váttryggingin til þess.

## 88. gr.

Félagið getur eigi borið fyrir sig ákvæði í samningi, sem hafa að geyma afvik frá reglum þeim, sem settar eru í 86. og 87. gr. veðhafa til varnar.



20

8. marz

**D. Búfjártrygging.**

89. gr.

Deyi dýr eða sé því slátrað innan mánaðar frá lokum váttryggingartímans vegna afleiðinga atburðar, er samningurinn tók til og gerðist á váttryggingartímanum, er félagið í ábyrgð eins og dýrið hefði dáið á váttryggingartímanum.

90. gr.

Deyi dýr eða sé því slátrað vegna sjúkdóms eða slyss, skulu bæturnar ákveðnar eftir því hvers dýrið mundi hafa verið vert síðast, áður en það dó, ef það hefði eigi sýkt eða slaszt.

**E. Ábyrgðartrygging.**

91. gr.

Ef váttryggt er gegn bótaábyrgð, er maður kann að baka sér gagnvart þriðja manni vegna atvika, er tjón hafa í för með sér, ber félaginu að greiða bætur, ef atvik, sem samningurinn nær til, eiga sér stað á váttryggingartímanum, enda þótt skaðlegar afleiðingar þeirra verði eigi fyrr en síðar.

92. gr.

Váttryggingin nær einnig til kostnaðar við vörn váttryggðs gegn kröfum þriðja manns, ef það verður talið eðlilegt eftir atvikum, að váttryggður hafi lagt í þann kostnað.

Ef váttryggður er dæmdur til að greiða vexti af skaðabótageiðslu, skal farið eftir reglunum í 1. mgr., eftir því sem við á.

Ef kveðið er á tiltekna váttryggingarfjárhæð í samningnum, ber félaginu að greiða nefnda vexti og kostnað, þótt greiðsla þess af þeim sökum fari fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Ef váttryggingarfjárhæðin er lægri en skaðabótageiðsla sú, sem dæmd er, ber félaginu þó aðeins skylda til að greiða þann hluta vaxtanna, er svarar til bótafjárhæðar þeirrar, er því ber að greiða.

93. gr.

Þegar krafizt er kyrrsetningar fyrir kröfu, er ris af ábyrgð, er váttryggingin tekur til, er félaginu skylt að setja tryggingu þá, er á þarf að halda til að varna því, að kyrrsetning sé gerð, þó eigi hærri tryggingu en váttryggingarfjárhæðinni nemur.

94. gr.

Ákvæði í samningi þess efnis, að félagið skuli leyst úr ábyrgð, ef váttryggður án samþykkis þess greiðir bætur eða viðurkennir rétta bótakröfu, sem fram er komin, eru ógild að því leyti, er telja má sannað, að váttryggður hafi aðeins gert það, sem honum var skylt að lögum, er hann greiddi kröfuna eða viðurkendi réttmæti hennar.

95. gr.

Þegar staðreynt hefur verið, að váttryggður sé skaðabótaskyldur þeim, er tjónið beið, og upphæð bótanna ákveðin, öðlast sá, sem tjónið beið, rétt váttryggðs á hendur félaginu að því leyti til, sem kröfu hans er eigi þegar fullnægt.

Eigi fleiri menn, er tjón hafa beið, bótakröfur, er af váttryggingaratburði eru risnar, og nemi kröfur þær, er þeir hafa lýst á hendur félaginu, samanlagðar meiru en félaginu er skylt að greiða, skal þeim fullnægt að rétttri tiltölu, sé eigi um annað samið.

## 96. gr.

20

Þegar félaginu er orðið kunnugt um, að váttryggingaratburður hefur gerzt, getur það eigi með samningum við váttryggðan komið því til leiðar, að réttur sá, er 95. gr. veitir þeim, er tjónið beið, sé rýrður eða honum spillt. 8. marz

## III. KAPÍTULI

## Líftryggingar.

## Almenn ákvæði.

## 97. gr.

Líftryggingu má miða hvort heldur er við líf váttryggingartaka eða við líf þriðja manns.

## 98. gr.

Eigi að greiða iðgjöld fyrir ákveðin tímabil, er váttryggingartaka óskýlt að halda tryggingunni við með því að greiða hin síðari iðgjöld.

## 99. gr.

Vilji félagið takmarka ábyrgð sína, ef svo skyldi fara, að áhættan ykist, skal það tekið skýrt fram í skirteininu, bæði hvaða áhættuaukning skuli hafa þessi áhrif og hvaða áhrif hún skuli hafa.

## 100. gr.

Hafi sá, sem tryggður er, svipt sjálfan sig lífi og váttryggingin eigi verið óslitið í gildi að minnsta kosti síðustu 2 árin, er félagið leyst úr ábyrgð, nema telja megi sannað, að tryggingin hafi verið tekin eða henni aflað gildis að nýju, án þess að sjálfsmorð hafi verið haft í huga, og að sjálfsmorðið mundi hafa verið framið jafnt fyrir því, þótt líftrygging hefði engin verið.

## 101. gr.

Þótt félagið sé leyst úr ábyrgð eftir ákvæðum laga þessara eða samkvæmt skilmálum þeim, er um var samið, skal þó farið eftir reglum þeim um endurkaup váttryggingarinnar eða breytingu hennar í iðgjaldafrjálsa tryggingu, sem gilda samkvæmt lögum eða samningum.

## Höfuðstólstrygging.

## 102. gr.

Váttryggingartaki getur, hvort heldur er þegar váttryggingin er tekin eða síðar, tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, og skal þá váttryggingarfjárhæðin greidd beint til þess manns.

Váttryggingartaki getur afturkallað ákvörðun þessa, hafi hann eigi þegar afsalað sér rétti til slíkrar afturköllunar gagnvart þeim, er hann setti í sinn stað. Þessi afturköllunarréttur váttryggingartaka hverfur eigi til erfingja hans eða dánarbús.

## 103. gr.

Ákvörðun váttryggingartaka, sem um ræðir í 102. gr., svo og afturköllun hennar eru því aðeins gildar, að félaginu sé skýrt frá þeim skriflega eða félagið hafi getið þeirra í skirteininu eða skráð á það athugasemd um þær.

20

8. marz

104. gr.

Ef greiða á váttryggingarfjórðingina við lát váttryggingartaka og hann hefur eigi tilnefnt annan mann sem réttihafa í sinn stað, skal hún renna til dánarbús hans.

Ef váttryggingartaki hefur tilnefnt annan mann sem réttihafa í sinn stað, og sá maður er ekki skylduerfingi hans, en váttryggingartaki lætur eftir sig maka, lífs-erfingja, arfgeng kjörbörn eða lífs-erfingja þeirra, skal farið með váttryggingarfjórðingina, að því er varðar búshluta og skylduarf þessara manna, eins og hún heyrði til dánarbúinu og váttryggingartaki hefði áfnafnað þeim, er hann tilnefndi í sinn stað, hana með arfleiðsluskrá. Þetta gildir þó eigi, ef váttryggingartaki hefur afsalað sér rétti sínum til að afturkalla ánöfnunina.

Nú hefur váttryggingarfjórðingin samkvæmt 102. gr. enn eigi verið greidd hinum tilnefnda réttihafa, og gefur sig einhver fram við félagið og sannar nægilega með því að sýna hjúskaparvottorð, útskrift af skiptagerð eða með einhverju þess háttar, að hann sé einn af eftirlátnum vandamönnum váttryggingartaka, þeirra er getur í 2. mgr., og ber af þeim sökum fram mótmæli gegn því, að fjórðingin sé greidd hinum tilnefnda réttihafa, og má þá félagið eigi greiða fjórðingina, fyrr en skorið hefur verið úr því með sátt eða lögsókn milli aðila, hver rétt eigi á fjórðinginni. Félaginu er þó ávallt rétt að greiða hinum tilnefnda réttihafa allt að þriðjungu váttryggingarfjórðingarinnar eða hæfilegan útfararkostnað váttryggingartaka, hafi hann annazt um útför hans.

105. gr.

Þegar greiða skal váttryggingarfjórðingina við lát váttryggingartaka og skýra þarf ákvæði hans, er hann hefur tilnefnt annan mann sem réttihafa í sinn stað, skal eftirfarandi reglum fylgt, ef atvik málsins leiða eigi til annars.

Sé maki váttryggingartaka tilnefndur, er það sá maki, sem hann lifði í hjúskap með, er hann andaðist.

Ef váttryggingartaki hefur tilnefnt börn sín, teljast lífs-erfingjar hans, þar á meðal kjörbörn og lífs-erfingjar þeirra, réttihafar að þeim hluta hver, sem erfðalög segja til um.

Hafi váttryggingartaki tilnefnt erfingja sína, taka þeir allir sinn hlut hver váttryggingarfjórðingarinnar í hlutfalli við erfðarétt þeirra eftir váttryggingartaka, að lögum eða samkvæmt arfleiðsluskrá.

Hafi váttryggingartaki tilnefnt „nánustu vandamenn“ sína, telst maki hans vera réttihafi, en sé maki eigi á lífi, þá börn hans, og séu þau heldur eigi á lífi, þá erfingjar hans, allt samkvæmt reglum þeim, er áður var lýst.

106. gr.

Nú lifir maður sá, er váttryggingartaki hefur tilnefnt sem réttihafa í sinn stað, skemur en hann, og fellur sú ánöfnun þá niður, enda eigi að greiða váttryggingarfjórðingina við lát váttryggingartaka eða síðar.

107. gr.

Þegar svo er um samið, að váttryggingarfjórðingin skuli greidd, annaðhvort við lát váttryggingartaka eða þegar hann hefur náð tilteknum aldri, og váttryggingartaki hefur tilnefnt annan mann sem réttihafa í sinn stað, tekur réttur þess, sem tilnefndur var, aðeins til að fá váttryggingarfjórðingina greidda við lát váttryggingartaka.

108. gr.

Þótt váttryggingartaki tilnefni annan mann sem réttihafa í sinn stað, þá skerðir það eigi rétt hans til að krefjast endurkaupsverðsins eða til að framselja réttindi þau, er váttryggingarsamningurinn veitir honum, veðsetja þau eða ráða fyrir þeim með öðrum hætti.

Hafi váttryggingartaki afsalað sér, gagnvart þeim manni, er hann tilnefndur, rétti 20  
 sínum til að afturkalla þá ánöfnun sína, telst hann jafnframt hafa afsalað sér rétti 8. marz  
 til að ráðstafa váttryggingunni á þann veg, að réttur hins tilnefnda manns verði  
 rýrður eða honum spilt, án þess að samþykki hans komi til.

#### 109. gr.

Sá, sem váttryggingartaki hefur tilnefnt sem réttihafa í sinn stað, má ekki fram-  
 selja kröfu sína, veðsetja hana, eða ráðstafa henni með öðrum hætti, fyrr en váttrygg-  
 ingaratburðinn hefur að höndum borið, hvort sem váttryggingataki hefur afsalað  
 sér rétti til afturköllunar eða eigi.

#### 110. gr.

Ef svo er ákveðið í líftryggingarsamningi, að váttryggingarfjárhæðin skuli eigi  
 greidd við lát váttryggingartaka, heldur síðar, eða hafi maður miðað váttryggingu  
 við líf annars manns, og hafi váttryggingartaki tilnefnt annan mann sem réttihafa  
 í sinn stað, þá öðlast sá maður rétt þann, er samningurinn veitir váttryggingar-  
 taka, við lát hans, liggi atvik eigi til annars.

#### 111. gr.

Sá, sem fengið hefur framsal á líftryggingarskírteini að kaupi eða með öðrum  
 hætti, öðlast þar með öll þau réttindi gegn félaginu, sem samningurinn veitir. Við  
 framsalið fellur niður réttur þess manns, er váttryggingartaki hefur tilnefnt sem rétt-  
 hafa í sinn stað, svo fremi váttryggingartaki hefur eigi afsalað sér rétti til að aftur-  
 kalla þá ráðstöfun sína.

#### 112. gr.

Þótt váttryggingartaki veðsetji kröfu sína, þá fellur réttur þess manns, er hann  
 hefur tilnefnt sem réttihafa í sinn stað, eigi niður af þeim sökum. Hafi váttryggingar-  
 taki eigi afsalað sér rétti til afturköllunar, stendur réttur hins tilnefnda manns að  
 baki rétti veðhafans.

Þegar krafa veðhafa er komin í gjalddaga, má hann krefjast greiðslu af endur-  
 kaupsverði váttryggingarinnar, en skora skal hann áður, með 2 mánaða fyrirvara,  
 á váttryggingartaka að leysa veðið með greiðslu kröfunnar af téðu verði váttrygg-  
 ingarinnar. Hafi váttryggingaratburðinn þegar borið að höndum, getur hann leitað sér  
 fullnustu af váttryggingarfjárhæðinni. Veðhafa er óheimilt að framselja váttryggingar-  
 kröfuna, enda þó svo hafi verið um samið.

Veðrétturinn telst ekki taka til kröfu um uppbót (bonus), sem fellur í gjalddaga,  
 áður en veðhafinn leitar fullnustu.

#### 113. gr.

Löggerningar, er varða réttindi þau gegn félaginu, sem af líftryggingarsamningn-  
 um leiðir, og eigi er neitt skráð um á skírteinið, verða ekki bornir fram gegn þeim  
 manni, er síðar eignast slík réttindi í grandleysi við afsalsgerning, enda hafi hann  
 fengið skírteinið í vörzlur sínar eða rituð hafi verið á skírteinið athugasemd um  
 rétt hans.

#### 114. gr.

Það verður eigi borið fram gegn þeim, er samkvæmt 113. gr. hefur í grandleysi  
 öðlzt rétt yfir skírteininu, að váttryggingarfjárhæðin eða endurkaupsverðið hafi  
 þegar verið greitt, né að ákvörðun hafi verið gerð um breytingu á gildandi sammings-  
 ákvæðum, nema því aðeins, að löggerningurinn hafi verið gerður við grandlausan  
 mann, er hafði skírteinið í höndum með formlega löglegri heimild, og skírteininu  
 hafi annaðhvort verið skilað félaginu eða á það hafi verið rituð athugasemd um það,  
 sem gerzt hefur.

20

8. marz

Nú er skirteini gefið út til handhafa eða það er síðar framselt handhafa, og verður hann allt að einu að gera félaginu grein fyrir heimild sinni, ef hann vill fá váttryggingarfjárhæðina greidda sér eða ráðstafa váttryggingunni með öðrum hætti.

Það nægir ekki til þess að váttryggingartaki sé talinn hafa tilnefnt annan mann sem réttihafa í sinn stað, þótt svo sé ákveðið, að váttryggingarfjárhæðin skuli greidd handhafa skirteinisins.

## 115. gr.

Skuldheimtumenn váttryggingartaka eða þess manns, er hann hefur tilnefnt sem réttihafa í sinn stað, geta eigi leitað fullnustu í rétti þeirra gegn félaginu, sbr. þó 117. gr.

Hafi líftryggingarskirteini verið framselt, geta skuldheimtumenn framsalshafa gengið að rétti hans, nema því aðeins að hann sé maki váttryggingartaka eða hafi öðl-azt skirteinið endurgjaldslaust. Þegar þannig stendur á, koma ákvæði 117. gr. til greina, eftir því sem við á, að því er varðar iðgjöld þau, er framsalshafi hefur greitt, eða, sé um maka að ræða, að því er varðar endurgjald það, er hann kann að hafa greitt fyrir framsalið.

## 117. gr.

Sé bú váttryggingartaka tekið til gjaldþrotaskipta og komi það í ljós, að hann hefur á síðustu 3 árum fyrir gjaldþrotið varið meiru fé til iðgjaldagreiðslu en samvarað hafi efnahag hans, er hann innti þær greiðslur af höndum, getur búið krafizt þess af félaginu, að það greiði sér það, sem ofgreitt var, svo framarlega sem hægt er að greiða það af endurkaupsverði váttryggingarinnar, hafi hún slíkt verðgildi, en að öðrum kosti af höfuðstólsverði iðgjaldsfrjálsrar tryggingar, er váttryggingartaki mundi eiga rétt á fyrir fjárgreiðslur þær, er hann þegar hefur innt af hendi.

Hafi váttryggingarfjárhæðin fallið í gjalddaga áður en gjaldþrotaskiptin hófust, og sé hún enn ógreidd, eða falli hún í gjalddaga meðan á búskiptunum stendur, getur búið, með skilyrðum þeim, er greinir í 1. mgr., krafizt þess, að tilsvarendi hluti hennar verði greiddur sér.

Reglum þessum skal einnig beita, er váttryggingartaki hefur tilnefnt annan mann sem réttihafa í sinn stað, og það þótt hann hafi skuldbundið sig til að afturkalla eigi þá tilnefningu. Hafi sá, sem tilnefndur var, greitt endurgjald fyrir, má hann krefja búið um endurgreiðslu þess. Hafi váttryggingarfjárhæðin verið greidd honum, má búið beina kröfu sinni gegn honum.

## Lífeyristrygging.

## 118. gr.

Reglur þær, sem settar eru um höfuðstólstryggingu, gilda og um lífeyristryggingar. Félagið leysist þó frá skyldu sinni, ef það greiðir lífeyrisgreiðslu, sem í gjalddaga er komin, þeim manni, sem talinn er vera lífeyrisþegi, meðan það eigi hefur fengið vitneskju um, að rétturinn til hennar hafi verið framseldur öðrum. Þetta gildir, enda þótt eigi hafi verið ritað á skirteinið, að greiðsla hafi farið fram.

Ef greiða á lífeyrinn í lífstíð annars manns en váttryggingartaka, skal litið svo á, að váttryggingartaki hafi tilnefnt hann sem réttihafa í sinn stað.

## IV. KAPÍTULI

## Slysa- og sjúkratryggingar.

## 119. gr.

Váttryggingu má taka gegn slysum og sjúkdómum, hvort heldur er váttryggjanda sjálfs eða þriðja manns.

## 120. gr.

Beri slys eða sjúkdóm, er váttryggingin tekur til, að höndum á váttryggingartímabilinu, ábyrgist félagið einnig þær skaðlegu afleiðingar þess, er eigi koma í ljós fyrr en síðar.

20

8. marz

## 121. gr.

Ef einhver þau atvik ber að höndum á váttryggingartímabilinu, sem sagt er um í skirteininu skýrt og greinilega, að hafi aukna hættu í för með sér, og er þeim manni, er líf hans eða heilbrigði er tryggt, um þetta kunnugt, er félagið laust úr ábyrgð meðan aukin hætta stafar af þeim, ef það mundi eigi hafa tekið váttrygginguna á sig, ef ástand það, er af breytingunni leiðir, hefði verið fyrir hendi, er váttryggingin var tekin.

Ef ætla má, að félagið hefði tekið á sig váttrygginguna, verður það ábyrgt í þeim mæli og með þeim skilmálum, sem það mundi hafa sett fyrir áframhaldandi váttryggingu fyrir iðgjald það, er um var samið, og hefði því þá verið kunnugt um aukningu hættunnar. Ef félagið mundi hafa takmarkað ábyrgð sjálfs sín í ríkara mæli, með endurtryggingu, lækka bætturnar í því hlutfalli.

Ákvæði 48. og 2. mgr. 49. gr. gilda um þetta efni eftir því, sem við á.

Samningur um, að aukning hættunnar leysi félagið úr ábyrgð að meira mun en nú var sagt, hefur eigi gildi að lögum. Þó má semja svo um, að sú regla skuli gilda, í stað ákvæða 2. mgr., að félagið beri ábyrgð aðeins að því leyti, sem aukning hættunnar hefur verið áhrifalaus um það, að váttryggingaratburðinn bar að höndum, eða um það, hve mikið tjónið varð.

## 122. gr.

Ákvæði 102.—106. gr. gilda um slysatryggingar og sjúkratryggingar, eftir því sem við á.

## 123. gr.

Skuldheimtumenn váttryggingartaka eða váttryggðs geta hvorugir gengið með lög-sókn að rétti váttryggðs gegn félaginu.

## 124. gr.

Hafi sá maður, er líf hans eða heilbrigði hefur verið tryggt, af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi látið hjá líða að gera þær ráðstafanir, sem sanngjarnlega mátti ætlast til, að hann gerði eflir atvikum, til þess að varna því, að váttryggingaratburðurinn gerðist eða til þess að draga úr afleiðingum hans, eða hafi hann, án þess að gildar ástæður væru fyrir hendi, ekki farið eftir þeim fyrirmælum, sem félagið hefur gefið honum um það efni, þá ábyrgist það ekki tjón það, sem ætla má að af því hafi leitt. Þetta gildir þó ekki, ef það hefði leitt til óhæfilegrar skerðingar á sjálfs-ákvörðunarrétti hans, ef hann hefði fullnægt fyrirmælum félagsins.

Um það verður eigi samið, svo gilt sé, að vanrækslan skuli endranær en nú var sagt hafa áhrif að lögum eða víðtækari áhrif.

## V. KAPÍTULI

## Gildistöku- og bráðabirgðaákvæði.

## 125. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1954.

## 126. gr.

Nú hefur váttryggingarsamningur verið gerður fyrir gildistöku laga þessara, og gilda þau þá um hann frá fyrsta degi eftir það, að félagið hefði getað slitið samningnum með umsömdum fyrirvara, eða hann hefði endurnýjast samkvæmt 84. gr.

20

8. marz

Ákvæðum 26. og 27. gr. skal beitt jafnan, ef atvik þau, er hafa þau réttar-  
áhrif, er þar greinir, gerast eftir gildistöku laganna.

128. gr.

Ákvæðum 29. gr. skal beitt um váttryggingarsamninga, sem gerðir eru áður en  
lögin öðlast gildi, þó svo að frestir þeir, er settir eru í 29. gr., skuli taldir frá gildis-  
töku laganna, enda hafi fyrning eigi fullnast fyrr eftir lögum þeim, er gilt hafa  
hingað til.

129. gr.

Ákvæðum 34. gr. skal jafnan beitt, er váttryggingaratburður sá, sem talinn er  
heimila að þeim sé beitt, gerist, eftir að lögin hafa tekið gildi.

130. gr.

Ákvæði laganna um þá, er váttryggingartaki hefur tilnefnt í sinn stað sem rétt-  
hafa, þegar um er að ræða líf-, slysa- eða sjúkratryggingar, gilda jafnan, er ráðstöfun  
þessi er gerð eftir gildistöku laganna.

131. gr.

Ákvæðum 115. gr. skal beitt, er líftryggingarskírteini, sem út var gefið áður en  
lögin tóku gildi, er framselt handhafa eftir þann dag.

132. gr.

Ákvæði 116. og 123. gr. gilda jafnan, er lögsókn var ekki byrjuð áður en lögin  
tóku gildi. Ákvæði 117. gr. gilda, ef gjaldþrotin hefjast eftir nefndan tíma.

133. gr.

Ákvæði þau í öðrum lögum, er leiða til viðtækara öryggis réttar váttryggingar-  
taka eða váttryggðs en samsvarandi ákvæði laga þessara, skulu halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lagaboð þau, er hér segir:

Lög nr. 17 2. nóv. 1914, um sjóváttryggingu.

Lög nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, 6., 7. og 11. gr.

Lög nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, 11.—29. gr., 30. gr.  
4. mgr. og 31.—33. gr., sbr. l. nr. 103 23. des. 1952, um breyting á lögum nr. 61/1947,  
um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, 9.—17. gr.

Lög nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands, 10. gr.

Lög nr. 20 23. febr. 1943, um búfjártryggingar, 6. gr., sbr. l. nr. 90 15. des. 1952,  
um breyting á l. nr. 20 23. febr. 1943, um búfjártryggingar, 4. gr.

Lög nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti, 26. gr.

*Gjört í Reykjavík, 8. marz 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1951.

21

15. marz

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1951, eru veittar kr. 114 151 007.40 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

## 2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstmál .....	kr.	1 161 944.07
2. Síminn .....	—	5 089 067.97
en tekjur fóru kr. 3 781 493.60 fram úr fjárlagaáætlun.		
3. Áfengisverzlun ríkisins .....	—	6 136 154.06
en nettótekjur urðu kr. 8 130 282.73 umfram fjárlagaáætlun.		
4. Tóbakseinkasala ríkisins .....	—	3 690 962.10
en nettótekjur urðu kr. 9 858 242.35 umfram fjárlagaáætlun.		
5. Ríkisútvarpið .....	—	1 212 358.54
en tekjur fóru kr. 480 881.83 fram úr fjárlagaáætlun.		
Viðtækjaverzlunin .....	—	122 140.75
af kr. 641 382.55 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg .....	—	534 409.66
af kr. 779 980.83 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7. Áburðarsala ríkisins .....	—	73 840.31
af kr. 128 703.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8. Grænmetisverzlun ríkisins .....	—	268 946.52
af kr. 343 554.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9. Landssmiðjan .....	—	586 217.23
af kr. 784 417.99 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10. Tunnuverksmiðjur ríkisins .....	—	88 614.39
en tekjur fóru kr. 88 614.39 fram úr fjárlagaáætlun.		
11. Innkaupastofnun ríkisins .....	—	43 078.01
af kr. 191 365.11 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
13. Vífilsstaðabú .....	—	547 498.69
af kr. 551 515.64 brúttótekjum.		
14. Kleppsbú .....	—	357 227.29
af kr. 363 549.80 brúttótekjum.		
15. Kópavogsbú .....	—	75 157.12
af kr. 80 951.61 brúttótekjum.		
16. Skólabúið á Reykjum í Ölfusi .....	—	280 077.51
af kr. 309 976.40 brúttótekjum.		
17. Skólabúið á Hólum .....	—	329 679.46
af kr. 351 931.57 brúttótekjum.		
18. Skólabúið á Hvanneyri .....	—	698 237.12
af kr. 702 053.18 brúttótekjum.		

---

Kr. 21 295 610.80



21	Til viðbótar við gjöldin í 8. gr.				eru veittar		kr.
15. marz	—	—	—	—	10.	—	2 366 428.70
	—	—	—	—	11.	A.	3 722 428.61
	—	—	—	—	11.	B.	654 066.48
	—	—	—	—	11.	C.	1 718 427.70
	—	—	—	—	11.	D.	170 747.78
	—	—	—	—	12.	—	2 436 582.40
	—	—	—	—	13.	A.	7 478 265.47
	—	—	—	—	13.	B.	2 962 966.86
	—	—	—	—	13.	C.	2 180 571.24
	—	—	—	—	14.	A.	243 968.45
	—	—	—	—	14.	B.	6 288 434.59
	—	—	—	—	15.	A.	769 973.36
	—	—	—	—	15.	B.	471 187.80
	—	—	—	—	16.	A.	6 940 423.84
	—	—	—	—	16.	B.	938 122.51
	—	—	—	—	16.	D.	1 200 575.55
	—	—	—	—	17.	—	6 246 556.47
	—	—	—	—	18.	—	1 859 138.79
	—	—	—	—	19.	3.	538.64
	—	—	—	—	19.	4.	4 147 963.16
							Kr. 74 287 667.57
							Frá dragast launahækkningar, sbr. 19. gr. 2. fjárlaga 1951 ..... — 5 000 000.00
							Kr. 69 287 667.57
							Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar ..... — 44 863 339.83
							Inn fóru kr. 23 735 957.40 fram úr fjárlagaáætlun.
							Samtals kr. 114 151 007.40

*Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1951.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1951 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:		Áætlun:		Reikningur:	
1. Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga ..	kr. 221 300 000.00	kr. 317 798 836.84	
2. —	—	3. — A.	— .. — 74 052 809.00	— 88 911 405.45	
3. —	—	3. — B.	— .. — 10 000.00	— 11 175.03	

4. Tekjur samkvæmt 4. gr.	fjárlaga ..	kr.	1 124 255.00	kr.	2 673 512.24	22
5. — — 5. —	— ..	—	1 500 000.00	—	4 146 752.08	15. marz
6. Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárlaga	—	5 960 000.00	—	155 847 412.65	
			Kr. 303 947 064.00	Kr. 569 389 094.29		

Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1. Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga ..	kr. 6 063 486.00	kr. 3 236 403.48
2. — —	8. —	— ..	— 435 056.00	— 629 744.37
3. — —	9. —	— ..	— 2 515 576.00	— 3 606 429.73
4. — —	10. — I.	— ..	— 4 214 625.00	— 5 929 097.85
5. — —	10. — II.	— ..	— 609 936.00	— 697 467.32
6. — —	10. — III.	— ..	— 4 254 700.00	— 4 819 124.53
7. — —	11. — A.	— ..	— 16 253 675.00	— 19 976 103.61
8. — —	11. — B.	— ..	— 1 119 044.00	— 1 773 110.48
9. — —	11. — C.	— ..	— 6 875 610.00	— 8 594 037.70
10. — —	11. — D.	— ..	— 1 550 000.00	— 1 720 747.78
11. — —	12. —	— ..	— 18 886 751.00	— 21 323 333.40
12. — —	13. — A.	— ..	— 27 281 666.00	— 34 759 931.47
13. — —	13. — B.	— ..	— 2 787 000.00	— 5 749 966.86
14. — —	13. — C.	— ..	— 8 205 992.00	— 10 386 563.24
15. — —	13. — D.	— ..	— 2 228 147.00	— 1 146 531.79
16. — —	14. — A.	— ..	— 4 417 241.00	— 4 661 209.45
17. — —	14. — B.	— ..	— 39 857 880.00	— 46 146 314.59
18. — —	15. — A.	— ..	— 3 187 213.00	— 3 957 186.36
19. — —	15. — B.	— ..	— 4 626 291.00	— 5 097 478.80
20. — —	16. — A.	— ..	— 27 807 075.00	— 34 747 498.84
21. — —	16. — B.	— ..	— 3 954 539.00	— 4 892 661.51
22. — —	16. — C.	— ..	— 741 220.00	— 739 720.00
23. — —	16. — D.	— ..	— 4 322 689.00	— 5 523 264.55
24. — —	17. —	— ..	— 30 293 632.00	— 36 540 188.47
25. — —	18. —	— ..	— 7 881 030.00	— 9 740 168.79
26. — —	19. — 1.	— ..	— 25 000 000.00	— 23 232 915.44
27. — —	19. — 2.	— ..	— 5 000 000.00	— „
28. — —	19. — 3.	— ..	— 225 000.00	— 225 538.64
29. — —	19. — 4.	— ..	— 500 000.00	— 4 647 963.16
30. Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárlaga	—	— 41 543 527.00	— 239 502 990.01
Greiðslujöfnuður .....		—	— 1 308 463.00	— 25 385 402.07
			Kr. 303 947 064.00	Kr. 569 389 094.29

Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.  
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

23

15. marz

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun  
á olíu og benzíni.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „missiri í senn“ í 2. gr. laganna komi: þrjá mánuði í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

24

17. marz

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenskt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, kr. 9.00—36.00 á ári eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Gjaldskylduafundur miðast við áramót.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. marz 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

25

13. apríl

## um brunatryggingar í Reykjavík.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í lögsagnarumdæminu eða semja við eitt váttryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingu á áhættu bæjarins að undangengnu almennu útboði.

Tekjur váttryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til bæjarsjóðs og ríkissjóðs.

Tekjur, sem bæjarstjórn kann að hafa af starfsemi samkv. 1. málgr., skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi og lækkunar á iðgjöldum húseigenda eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

## 2. gr.

Bæjarstjórnin getur því aðeins tekið tryggingarnar í eigin hendur, að fjárhagslegur grundvöllur þeirra sé tryggur og iðgjöldin séu sambærileg iðgjöldum viðurkenndra tryggingarfélaga, sem hagkvæmast tilboð gefa, að viðbættu gjaldi, sem ákveðið er að leggja í sérstakan tryggingarsjóð, sbr. 1. gr.

Útboð samkv. 1. málgr. 1. gr. skulu fara fram eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

## 3. gr.

Áður en bæjarstjórn gerir samning samkv. 1. málgr. 1. gr., skal leita álits Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um málið. Enn fremur skal fulltrúa, er stjórn félagsins tilnefnir, heimilt að fylgjast með ráðstöfun sjóðs þess, er um ræðir í 3. málgr. 1. gr.

## 4. gr.

Skylt er að hafa öll hús í lögsagnarumdæminu brunatryggð hjá þeim aðila, er tryggingar annast samkv. 1. gr., og með því váttryggingarverði, er dómkvaddir menn meta, og meta þeir jafnframt brunatjón. Ef annar hvor aðili vill ekki una því mati, getur hann óskað yfirmats.

Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði húsa í bænum.

## 5. gr.

Öll iðgjöld og matskostnaður hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem á eignunum hvíla.

Ef iðgjöld eru ekki greidd á réttum gjalddaga, má innheimta þau með lögtaki.

## 6. gr.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um váttryggingarkjör, iðgjöld og annað það, er máli skiptir í sambandi við framkvæmd laga þessara.

25

7. gr.

13. apríl Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík, og lög nr. 87 16. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1954.*

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

26

## L Ö G

24. marz

um breyting á lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „flugvallastjóra ríkisins“ á fjórum stöðum í 2. gr. laganna komi: flugmálastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 24. marz 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.  
(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

27

## L Ö G

30. marz

um verðlagsskrár.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verðlagsskrárumdæmi skulu vera þessi:

1. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.
2. Suður-Múlasýsla og Neskaupstaður.
3. Skaftafellssýslur.
4. Vestmannaeyjakaupstaður.
5. Rangárvallasýsla.
6. Árnessýsla.

7. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Keflavíkur-, Hafnarfjarðar- og Reykjavíkur-  
kaupstaðir.
8. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
9. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
10. Dalasýsla.
11. Barðastrandarsýslur.
12. Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstaður.
13. Strandasýsla.
14. Húnavatnssýslur.
15. Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókskaupstaður.
16. Eyjafjarðarsýsla, Akureyrar-, Siglufjarðar- og Ólafsfjarðarkaupstaðir.
17. Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstaður.

27

30. marz

### 2. gr.

Yfirs kattane fnd hvers verðlagsskrárumdæmis skal í janúarmánuði ár hvert semja verðlagsskrá, er gildir fyrir allt verðlagsskrárumdæmið. Nú er fleiri en ein yfirs kattane fnd í verðlagsskrárumdæmi, og skal þá sú yfirs kattane fnd, sem sýslumaður skipar forsæti í, annast samningu verðlagsskrár samkvæmt 1. málslíð þessarar greinar.

### 3. gr.

Yfirs kattane fnd skal setja verðlag á búpening þann og innlenda vöru, sem venja er að taka í verðlagsskrá, eftir því peningaverði, sem henni er kunnugt um, að á þeim hafi verið á síðastliðnu ári. Við verðlagningu búpenings skal hún fara eftir því, á hvaða verði búfé hve rrar tegundar hefur gengið kaupum og sölum manna á milli á verðlagsskrárvæðinu, og miða við meðalverð. Við verðskráningu innlendra framleiðsluvara skal hún fara eftir skýrslum, er hún aflar sér frá verzlunum þeim, er íbúar viðkomandi verðlagsskrárumdæmis hafa aðalviðskipti við, og skal leggja til grundvallar það verð, sem framleiðendur fá fyrir vöru sína.

Ef yfirs kattane fnd er kunnugt um, að einhver tegund landaura, önnur en búfé, hafi eigi verið verzlunarvara í umdæminu á síðasta ári, skal hún eigi setja verðlag á þá tegund.

Verði yfirs kattane fnd eigi á eitt sátt um verðlag, skal meðaltal ráða.

### 4. gr.

Er yfirs kattane fnd hefur samið verðlagsskrá, skal sýslumaður senda hana fjármálaráðuneytinu, sem staðfestir hana og sér um, að hún verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þyki fjármálaráðuneytinu ástæða til, getur það sent verðlagsskrána til ríkisskattane fndar til athugunar og staðfestir hana síðan með þeim breytingum, sem ríkisskattane fnd leggur til, að á henni verði gerðar.

### 5. gr.

Verðlagsskrá skal gilda frá 16. degi mámanaðar, næst eftir að hún er samin, til jafnlengdar næsta árs, og skal birta hana á manntalsþingum það ár, er hún gengur í gildi.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 16 6. nóv. 1897, um undirbúning verðlagsskráa, svo og önnur þau lagaákvæði, sem koma kunna í bága við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík, 30. marz 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

28

31. marz

## AUGLÝSING

## um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í opinbera heimsókn til Norðurlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 31. marz 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Birgir Thorlacius.*

29

5. apríl

## L Ö G

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir, enda verði þær gerðar að ættaróðulum:

1. Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu Hreiðari Eiríkssyni.
  2. Betaníu (Kot) í Mosvallahreppi ábúandanum Guðmundi Arasyni.
  3. Mosvelli í Mosvallahreppi ábúandanum Birni Hjálmarssyni.
- Náma- og jarðhitaréttindi skulu undanskilin við söluna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.**

**Jörundur Brynjólfsson.**  
(L. S.)

**Árni Tryggvason.**

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

30

8. apríl

um eignarnámsheimild fyrir Dalvíkurhrepp á erfðafesturéttindum  
í eignarlandi Dalvíkurhrepps.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps er heimilt að taka eignarnámi öll erfðafesturéttindi í eignarlandi Dalvíkurhrepps.

## 2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61. 14. nóv. 1917.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

31

8. apríl

um viðauka við lög nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Meðan veðdeild Búnaðarbanka Íslands er ekki með frambúðarráðstöfunum séð fyrir því fé, sem henni er nauðsynlegt til að geta sinnt því margþætta hlutverki, sem deildinni er ætlað lögum samkvæmt, skal ríkisstjórnin tryggja henni með samningum við Landsbanka Íslands og aðrar peningastofnanir eða á annan hátt affallalaus sölu bankavaxtabréfa, er nemi árlega að minnsta kosti 1 200 000 krónum. Í því sambandi getur ríkisstjórnin ákveðið, að Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Söfnunarsjóður Íslands kaupi þessi bréf, og ákveður hún árlega upphæðina, eftir að hún hefur kynnt sér hag hlutaðeigandi stofnana og jafnframt leitað álits forstöðumanna þeirra.

## 2. gr.

Fé það, er um ræðir í 1. gr., ber veðdeildinni að lána eingöngu til jarðakaupa eftirtgreindum aðilum:



- 31**  
8. apríl
1. Bændum, sem eru að byrja búskap og verða að kaupa sér jarðnæði af þeim sökum.
  2. Bændum, sem verða að kaupa sér jarðnæði til þess að geta haldið áfram búskap.
  3. Bændum, sem verða að innleysa til sín eignarhluta meðferingja sinna í ábýlisjörð sinni.
  4. Leiguliðum, sem eiga kost á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar.  
Engum lántakanda má veita hærra lán en 35 þúsund krónur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.**  
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

**32**  
8. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ákvæði laganna til bráðabirgða orðist svo:

Nú telur kona, sem óskilgetið barn elur eftir 1. janúar 1948, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hefur hér á landi í þjónustu eða á vegum hins erlenda varnarliðs, og getur hún þá, að undangengnum árangurslausum tilraunum, að mati dómara, til öflunar faðernissönnunar á venjulegan hátt, snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.

Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins, eins og segir í 12. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.**  
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

33

8. apríl

## um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Á Keflavíkurflugvelli skal vera lögreglustjóri. Umdæmi Keflavíkurflugvallar miðast við samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins.

Ráðherra sá, sem fer með varnarmál, veitir embættið lögfræðingi, sem fullnægir lögmaeltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

## 2. gr.

Lögreglustjóri hefur á hendi dómarastörf, lögreglustjórn, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og eftir því sem við getur átt önnur þau störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, gegn þeirri þóknun, er ákveðin er að lögum.

Lögreglustjórinn tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga, nr. 60 1945.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Kristinn Guðmundsson.*

## S Ó T T V A R N A R L Ö G

34

12. apríl

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## I. KAFLI

## Svið laganna.

## 1. gr.

Ráðherra ákveður, gegn hverjum sóttum beita skuli sóttvarnarráðstöfunum þeim, sem um er fjallað í lögum þessum, í því skyni að hindra, að þær sóttir berist inn í landið eða héðan til annarra landa.

## II. KAFLI Skýrgreiningar.

### 2. gr.

Í lögum þessum merkir:

*Einangrun*: stíun hlutaðeigandi manns eða flokks manna frá öðrum mönnum — að undanteknu því starfsfólki, sem annast einangrunina — í því skyni að hindra, að sótnæmi breiðist út.

*Farangur*: einkamunir og föggur farþega og einstakra manna áhafnar skips eða flugfars.

*Flugfar*: millilandaflugfar (-loftfar).

*Flughöfn*: flughöfn, sem leitað er af millilandaflugförum.

*Grunaður*: um mann, sem ætla má, að hafi haft tækifæri til að smitast af næmri sótt.

*Hafnarstaður*: kaupstaður eða hreppur, þar sem er höfn eða flughöfn.

*Höfn*: höfn (sjávarhöfn), sem leitað er af millilandaskipum.

*Læknisrannsókn*: eftirlitsferð sóttvarnarlæknis í skip eða flugfar og bráða- birgðarannsókn hans á farþegum og áhöfn, en ekki reglubundin rannsókn á skipi í því skyni að leiða í ljós og ákveða, hvort rottueyðingar sé þörf.

*Næm sótt*: sjúkdómur, sem sóttvarnarráðstöfunum skal beitt gegn samkvæmt ákvæðum 1. greinar.

*Skip*: millilandaskip.

*Sóttvarnareftirlit (eftirlit)*: eftirlit heilbrigðisyfirvalda með heilsufari grundaðs manns.

*Sóttvarnarsvæði*: Hið minnsta svæði innan landamæra lands — t. d. höfn eða flughöfn — sem hefur ákveðin takmörk og þar sem heilbrigðismálum er svo skipað, að unnt er að koma þar við fullkomnum sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings.

*Sýktur*: um mann, sem er haldinn næmri sótt eða telst smitaður af slíkri sótt.

Þegar í lögum þessum er rætt um *millilandaferð* skips eða flugfars, tekur það einnig til ferðar á milli hafna og flughafna hér á landi, ef hlutaðeigandi skip eða flugfar hefur á leið sinni samband við stað í öðru landi eða skip eða flugfar frá öðru landi, ef skipið eða flugfarið hefur ekki hlotið leyfi til frjálsra samskipta hér við land.

## III. KAFLI Sóttvarnaryfirvöld.

### 3. gr.

Sóttvarnarnefndir hafa með höndum, hver á sínum stað, framkvæmd ráðstafana gegn því, að næmar sóttir berist inn í landið og héðan til annarra landa.

Sóttvarnarnefnd í Reykjavík er skipuð tollstjóra, borgarlækni og lögreglustjóra, í kaupstöðum öðrum en Reykjavík bæjarfógeta, héraðslækni og bæjarstjóra, en á öðrum hafnarstöðum lögreglustjóra (hreppstjóra), héraðslækni og hreppsfundaroddvita.

Formaður sóttvarnarnefndar í Reykjavík er tollstjóri, í kaupstöðum öðrum en Reykjavík bæjarfógeti, en á öðrum hafnarstöðum lögreglustjóri (hreppstjóri).

Almennar framkvæmdir sóttvarnarnefndar annast formaður með ráði og aðstoð héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis). Einstök sóttvarnarlæknisstörf, aðgerðir og rannsóknir samkvæmt ákvörðun laga þessara má sóttvarnarnefnd með ráði héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis) fela öðrum löggiltum læknum og lækninga- eða rannsóknarstofnunum.

## 4. gr.

34

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) eru sóttvarnarlæknar, hver í sínu héraði. 12. apríl

Í forföllum reglulegs sóttvarnarlæknis er sóttvarnarnefnd heimilt að fela öðrum löggiltum lækni að annast aðkallandi sóttvarnarlæknisstörf.

Þegar sérstaklega stendur á, er ráðherra heimilt að skipa sérstaka sóttvarnarlækna.

## 5. gr.

Embættis- og starfsmönnum tollgæzlu, lögreglu, hafnargæzlu, flugsamgangna og hafnsögumönnum er jafnan skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við framkvæmd sóttvarnarráðstafana samkvæmt ákvæðum laga þessara.

## IV. KAFLI

## Skipun sóttvarna að öðru leyti.

## 6. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum er skylt að gera ráðstafanir til þess, í samráði við sóttvarnarnefndir, að við verði komið — allra helst á sjúkrahúsi — tryggilegri einangrun og nauðsynlegri aðhlyningu aðkomufólks til landsins, sem einangra þarf samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd ráðstafana þessara.

## 7. gr.

Sóttvarnarnefndir skulu gera sér far um, með því að leita samkomulags við hlutaðeigandi yfirvöld og á annan hátt, að stuðla að því, að rottugangi á hafnar- og flughafnarsvæðum verði haldið í skefjum, svo sem unnt er, m. a. með því, að hús og önnur mannvirki á slíkum svæðum verði gerð svo rottuheld sem tók eru á.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um varnir gegn því, að rotta berist í land úr skipum, og um útrýmingu rottu á hafnar- og flughafnarsvæðum.

## 8. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa svo fyrir, að rottueyðing fari fram í skipum með ákveðnu, reglulegu millibili, eða þess sé gætt, að rottugangi í skipum sé sífelltlega haldið í skefjum, svo sem unnt er. Ráðherra ákveður, á hverjum hafnarstöðum rottueyðing í skipum fari fram. Rannsókn á rottugangi og rottueyðing í skipum fer fram á vegum sóttvarnarnefndar eftir þeim reglum, er ráðherra setur. Sóttvarnarnefnd lætur ókeypis í té vottorð um, að skip hafi verið rannsakað með tilliti til rottugangs og rottueyðingar hafi ekki talizt þörf (rottuvottorð), eða rottueyðing hafi farið fram (rottueyðingarvottorð). Ráðherra segir fyrir um gerð rottu- og rottueyðingarvottorða og hversu lengi þau skuli gilda.

Ráðherra er heimilt að skipa svo fyrir, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt þykir, að rottu sé eytt í flugförum, enda setur þá nánari reglur þar að lútandi.

## 9. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fyrirmæli 7. og 8. gr. um rottu megi, þegar svo stendur á, láta gilda um önnur nagdýr og dýr yfirleitt, sem kunn eru að því að vera eða geta verið smitberar næmra sótta.

## 10. gr.

Ráðherra er heimilt að löggilda flughöfn, er mikið kveður að millilandaferðum um, sem sóttvarnarflughöfn. Á sóttvarnarflughöfn skal vera kostur lækniþjónustu í sérstökum lækninga- og rannsóknarstofum, búnum nauðsynlegum tækjum.

**34** Jafnframt því sem ráðherra löggildir sóttvarnarflughöfn, setur hann nánari 12 apríl reglur um sóttvarnarbúnað hennar.

#### 11. gr.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins erlendis skulu gera sér far um að fylgjast sem best með sóttarfari, hver í sínu umdæmi, og tilkynna ráðuneytinu tafarlaust, ef upp koma eða yfirvofandi má telja, að upp komi sóttir, sem sóttvarnarráðstöfunum er skylt að beita gegn samkvæmt ákvæðum laga þessara. Sama gildir um hvers konar aðrar sóttir, ef þær gerast óvenjulega útbreiddar eða illkynja, eða ráðuneytið óskar sérstaklega fregna af þeim. Utanríkisráðuneytið tilkynnir tafarlaust ráðherra þeim, sem fer með heilbrigðismál, allar sóttarfarsfréttir.

Þegar vitað er af tilkynningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar samkvæmt ákvæðum hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings, af fréttum frá fulltrúum utanríkisráðuneytisins erlendis samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar eða samkvæmt öðrum áreiðanlegum heimildum, að á sóttvarnarsvæði erlendis hafi orðið vart nærtrar sóttar, er ráðherra heimilt að ákveða, að litið skuli á það svæði sem sýkt af þeirri sótt, sem um er að ræða.

Ef ekki hafa verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að hefta útbreiðslu sóttarinnar frá hinu sýkta sóttvarnarsvæði, er ráðherra heimilt að ákveða, að einnig skuli litið á aðliggjandi svæði sem sýkt svæði.

Ráðherra tilkynnir, hvenær aftur skuli litið á áður tilkynnt sýkt svæði sem ósýkt svæði.

### V. KAFLI

#### Almenn fyrirmæli.

#### 12. gr.

Allar sóttvarnarráðstafanir samkvæmt ákvæðum laga þessara skal hefja, svo fljótt sem unnt er, og leiða til lykta án ónauðsynlegra tafa.

Áður en hafnar eru sérstakar sóttvarnarráðstafanir umfram læknisrannsókn og venjulegar rottueyðingaraðgerðir samkvæmt 8. gr., skal ætíð, þegar við verður komið, hafa samráð við landlækni, en ella tilkynna honum gerðar ráðstafanir svo fljótt sem tök eru á.

#### 13. gr.

Sóthreinsun, skordýra- og rottueyðingu og öðrum sóttvarnaraðgerðum skal haga þannig, að ekki hafi í för með sér

- a. ónauðsynleg óþægindi eða heilbrigðishættu fyrir hlutaðeigendur;
- b. skemmdir á skipi eða flugfari;
- c. eldhættu.

Við framkvæmd sóttvarnaraðgerða, er koma niður á farmi, farangri og öðrum munum, skal gæta ýtrustu varúðar, svo að ekki hljóti skemmdir af að óþörfu.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd sóttvarnaraðgerða samkvæmt ákvæðum laga þessara, þ. á m. um sóthreinsun skipa og flugfara, skordýraeyðingu í skipum og flugförum, sóthreinsun og eftir atvikum tortímingu dýra, farms, óhreins líns og annars, sem hætta er á, að valdið geti útbreiðslu nærtrar sóttar.

Ef þess er krafizt af sóttvarnarnefnd, er sérhverju skipi og flugfari, sem sóttvarnarráðstöfunum er beitt gegn samkvæmt ákvæðum laga þessara, skylt að aðstoða með áhöfnum sínum, eftir því sem tök eru á, við framkvæmd sóttvarnaraðgerðanna.

## 14. gr.

Ef þess er krafizt, lætur sóttvarnarnefnd í té þeim, er farm flytur, ókeypis vottorð (sóttvarnarvottorð) um sóttvarnarráðstafanir, sem beitt hefur verið samkvæmt ákvæðum laga þessara gegn skipi eða flugfari, hver hluti skips eða flugfars hafi orðið fyrir aðgerðunum, í hverju þær hafi verið fólgnar og hver verið hafi ástæða til þeirra. Ef flugfar á í hlut og sé þess krafizt, skal skrá vottorð þetta á hið almenna afgreiðsluskirteini flugfarsins.

Ef þess er krafizt, lætur sóttvarnarnefnd enn fremur í té ókeypis vottorð

- a. ferðamanni, þar sem greindur sé komudagur hans til landsins, brottfarardagur hans úr landi og tekið fram, hverjum sóttvarnarráðstöfunum hafi verið beitt gegn honum og farangri hans;
- b. sendanda, móttakanda, þeim, er farm flytur, og umboðsmönnum hans um sóttvarnarráðstafanir, sem beitt hafi verið gegn farmi þeirra.

## 15. gr.

Mann, sem er undir sóttvarnareftirliti samkvæmt ákvæðum laga þessara, er óheimilt að einangra, og skal hann vera frjáls ferða sinna að öðru leyti en því, að skylt er honum, sé þess krafizt, að sýna sig heilbrigðisyfirvöldum með tilteknu, reglulegu millibili, alla þá tíð sem hann er undir eftirliti. Enn fremur er heilbrigðisyfirvöldum heimilt að láta lækni rannsaka hlutaðeiganda og krefjast annarra upplýsinga um hann, sem nauðsynlegar kunna að vera til að leiða í ljós heilbrigðisástand hans, er máli skiptir.

Nú óskar maður, sem er undir sóttvarnareftirliti, að fá að ferðast frá þeim stað, þar sem hann dvelst, til annars staðar hér á landi, og skal hann þá tilkynna það hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvöldum, er gera heilbrigðisyfirvöldum á þeim stað, sem ferðinni er heitið til, viðvart um komu hlutaðeiganda. Jafnskjótt sem á staðinn er komið, skal hlutaðeigandi ganga fyrir heilbrigðisyfirvöld staðarins og undirgangast þar sóttvarnareftirlit samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd sóttvarnareftirlits samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

## 16. gr.

Sóttvarnarnefnd er heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, sem framkvæmanlegar eru til að koma í veg fyrir, að hafnir sóttmengist af mannasaur og öðrum úrgangi frá skipum.

## 17. gr.

Flugförum, sem fljúga yfir íslenskt land, er bannað að fleygja niður nokkru því, er borið getur með sér sóttnæmi næmra sótta.

## 18. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um sóttvarnarráðstafanir gegn einstökum næmum sóttum, og skal þar m. a. kveðið á um, hver teljast skuli meðgöngutími hversar slíkrar sóttar, er sóttvarnarráðstafanir samkvæmt lögum þessum ber að miða við.

Í reglum þessum má kveða á um, hvenær skip eða flugför skuli teljast sýkt af næmri sótt, grunuð um að vera sýkt og ósýkt. Enn fremur má í reglum þessum krefjast þess, eða heimila ráðherra, þegar sérstaklega stendur á, að krefjast þess, að menn, er koma til landsins frá tilteknum löndum eða landshlutum, leggi fram gild vottorð um ónæmisaðgerðir gegn tilteknum næmum sóttum, að viðlögðu sóttvarnareftirliti eða einangrun, ef ekki er fullnægt.

## VI. KAFLI

## Sóttvarnarráðstafanir við för úr landi.

## 19. gr.

Þegar nauðsyn ber til að hindra, að næm sótt berist héðan til annarra landa, er ráðherra heimilt að skipa svo fyrir, að menn, sem ferðast úr landi, undirgangist læknisrannsókn fyrir brottför sína. Ákveða skal stað og stund slíkrar læknisrannsóknar með tilliti til tollskoðunar o. s. frv., þannig að sem minnstum töfum valdi.

Sóttvarnarnefnd skal gera allar ráðstafanir, sem með góðu móti eru framkvæmanlegar til að koma í veg fyrir:

- a. að maður, sem er sýktur eða grunaður, fari úr landi;
- b. að sóttnæmi næmra sótta eða dýr, sem kunn eru að því að vera eða geta verið smitberar slíkra sótta, berist eða sleppi út í skip eða flugför á leið til útlanda.

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsgreinar þessarar greinar, er sóttvarnarnefnd heimilt að leyfa, að maður á millilandaferð, sem við komu sína til landsins hefur sætt sóttvarnareftirliti, haldi ferð sinni áfram. Haldi hann ferðinni áfram loftleiðis, skal sóttvarnarnefnd láta þess getið á hinu almenna afgreiðsluskirteini flugfarsins, að hann hafi sætt sóttvarnareftirliti.

## VII. KAFLI

## Umleiðarferðir.

## 20. gr.

Ekki skal beita sóttvarnarráðstöfunum gegn skipum, sem leggja leið sína um landhelgi Íslands án þess að leita hér hafnar eða hafa á annan hátt samskipti við land eða landsmenn.

## 21. gr.

Sóttvarnarnefnd eru óheimilar sóttvarnarráðstafanir aðrar en læknisrannsókn gegn farþegum og áhöfn

- a. skips, sem er ósýkt af næmri sótt, ef farþegar og áhöfn halda kyrru fyrir í skipinu, á meðan staðið er við;
- b. flugfars, sem er ósýkt af næmri sótt, ef farþegar og áhöfn halda kyrru fyrir í vistarveru flughafnar, sem sóttvarnarnefnd sér þeim fyrir, á meðan staðið er við.

## VIII. KAFLI

## Sóttvarnarráðstafanir við komu til landsins.

## 22. gr.

Skip eða flugfar, sem kemur hér að landi, má ekki nema í neyðartilfalli hafa samskipti við land eða landsmenn, fyrr en sóttvarnarnefnd, eða sá, sem hún hefur veitt umboð til þess, hefur veitt skipinu eða flugfarinu leyfi til frjálsra samskipta.

Áður en tilkynnt hefur verið leyfi til frjálsra samskipta, má enginn án leyfis sóttvarnarnefndar ganga á land úr skipi eða flugfari, né nokkur úr landi fara út í skipið eða stíga upp í flugfarið.

Tollgæzlan annast tilkynningu frjálsra samskipta.

## 23. gr.

Þegar skip kemur að landi, skal skipstjóri, og sé skipslæknir á skipi, þá einnig hann, skýra sóttvarnarnefnd eða þeim, sem kemur fram fyrir hennar hönd, frá heilbrigðisástandi í skipinu á leiðinni og við komu að landi. Þegar flugfar kemur

að landi, skal flugfarsstjóri eða fulltrúi hans veita samsvarandi upplýsingar. Ráð- **34**  
 herra er heimilt að setja nánari reglur um, hverra upplýsinga hér að lútandi skuli **12. apríl**  
 krafizt og á hvern hátt þær skuli látnar í té. Einnig er ráðherra heimilt að mæla  
 fyrir um, á hvern hátt skip og flugför skuli gera viðvart um, að þau komi frá eða  
 hafi haft samskipti við sýkt sóttvarnarsvæði, eða í skipinu eða flugfarinu sé eða  
 hafi verið á leiðinni sjúkdómstillfelli, sem ætla megi næma sótt.

Ef skip eða flugfar telst ósýkt af næmri sótt, skal sem skjótast leyfa því frjáls  
 samskipti, þó ekki fyrr en ráðrúm hefur gefizt til læknisrannsóknar, ef ástæða þykir  
 til. Þegar við verður komið, skal útvarpa til skips eða flugfars, áður en að landi  
 er komið, leyfi til frjálsra samskipta, enda telji sóttvarnarnefnd, samkvæmt fregn-  
 um, er henni hafa borizt frá skipinu eða flugfarinu, að fullvist sé, að af komunni  
 stafi ekki sú hættu, að til landsins berist næm sótt.

Ef skip eða flugfar telst sýkt eða grunað um að vera sýkt af næmri sótt, má  
 ekki veita skipinu eða flugfarinu leyfi til frjálsra samskipta, fyrr en það hefur verið  
 rannsakað af sóttvarnarlækni og síðan látið sæta sóttvarnarráðstöfunum af hendi  
 sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum þessara laga.

#### 24. gr.

Ráðherra er heimilt að veita skipum og flugförum, er annast reglubundnar  
 ferðir, undanþágu, að nokkru eða öllu leyti, frá ákvæðum 22. og 23. greinar. Sama  
 gildir, þegar í hlut eiga hafnsögubátar, dráttarskip, fiskibátar og önnur smáför.

Ráðherra kveður og á um, hverja undanþágu frá sóttvarnarráðstöfunum unnt  
 er að veita herskipum og herflugförum.

#### 25. gr.

Sóttvarnarnefnd er heimilt að láta fara fram læknisrannsókn á hverju skipi og  
 flugfari, svo og hverjum manni, sem til landsins kemur frá útlöndum.

Um ákvarðanir varðandi aðrar sóttvarnarráðstafanir skal fara eftir því, hvernig  
 á hefur staðið á leiðinni til landsins og hvernig á stendur að læknisrannsókn lokinni.

#### 26. gr.

Sóttvarnarnefnd er heimilt að ákveða, að maður, sem kemur til landsins með  
 skipi eða flugfari og nefndin telur sýktan, skuli sæta einangrun. Ef þess er krafizt  
 af réttum hlutaðeigendum, skal flytja slíkan mann úr skipi eða flugfari.

#### 27. gr.

Sóttvarnarnefnd er heimilt að hlutast til um, að grunaður maður, sem kemur  
 til landsins frá sýktu sóttvarnarsvæði, sé tekinn undir sóttvarnareftirlit. Hlutað-  
 eigandi er háður slíku eftirliti, unz liðinn er meðgöngutími þeirrar næmu sóttar,  
 sem um er að ræða.

Nema stoð eigi í sérstökum fyrirmælum samkvæmt ákvæðum þessara laga, má  
 einangrun ekki koma í stað sóttvarnareftirlits, ef ekki stendur svo á, að sóttvarnar-  
 nefnd hafi ríka ástæðu til að ætla, að um sérstaka sóttthættu séu að ræða.

#### 28. gr.

Þegar nauðsynlegt telst til að hindra, að næm sótt berist til landsins og breiðist  
 hér út, er ráðherra heimilt að mæla svo fyrir, að mönnum, sem til landsins koma,  
 bjóðist að undirgangast viðeigandi ónæmisáðgerð, en sé því hafnað, má láta það  
 varða sóttvarnareftirliti eða einangrun.



34

12. apríl

29. gr.

Auk læknisrannsóknar er óheimilt að endurtaka sóttvarnaraðgerð, sem áður í sömu ferð hefur verið framkvæmd á annarri viðkomuhöfn eða flughöfn, nema

- eitthvert það sóttarfyrrbrigði hafi síðan gerzt í hlutaðeigandi skipi eða flugfari, sem réttlæti endurtekningu aðgerðarinnar;
- sóttvarnarnefnd telji tvímælaust, að aðgerðin hafi verið óvirk.

30. gr.

Skipi eða flugfari má af sóttvarnarástæðum ekki meina að leita sambands við nokkra höfn eða flughöfn. Ef höfnin eða flughöfnin hefur ekki skilyrði til að beita þeim sóttvarnarráðstöfunum, sem sóttvarnarnefnd telur nauðsynlegar, er heimilt að leggja fyrir skipið — eða flugfarið, ef því er það fært — að halda á eigin kostnað og ábyrgð til annarrar hafnar eða flughafnar, þar sem nauðsynlegum sóttvarnarráðstöfunum verður komið við, enda sé höfnin eða flughöfnin ekki óhaganlega úrleiðis.

31. gr.

Ekki skal litið svo á, að flugfar komi frá sýktu sóttvarnarsvæði, einungis fyrir það, að það hafi á leið sinni yfir sýkt svæði leitað þar sóttvarnarflughafnar, enda sé hún ósýkt.

32. gr.

Ekki skal litið svo á, að maður, sem ferðast í flugfari, er flogið hefur yfir sýkt sóttvarnarsvæði án þess að leita þar flughafnar, komi frá sýktu sóttvarnarsvæði, og ekki heldur, þó að flugfarið hafi leitað flughafnar á svæðinu, ef hlutaðeigandi hefur sætt viðeigandi sóttvarnarráðstöfunum á staðnum til tryggingar því, að hann smitist ekki.

33. gr.

Skip eða flugfar, sem leitað hefur hafnar eða flughafnar og færast undan að sæta sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum laga þessara, á rétt á að halda ferð sinni áfram, en þá tafarlaust og er óheimilt að hafa samskipti við nokkra aðra höfn eða flughöfn hér á landi. Slíkt skip eða flugfar á þó rétt á, ef gætt er varúðarráðstafana, sem sóttvarnarnefnd segir fyrir um, að birgja sig hér að eldsneyti, vatni og vistum.

34. gr.

Ef skip strandar eða flugfar nauðlendir, er sóttvarnarnefnd heimilt að krefjast þess, að gætt sé sanngjarnlegra varúðarráðstafana, en aldrei umfram það, sem samrýmist ákvæðum laga þessara.

## IX. KAFLI

### Sóttvarnarráðstafanir gegn farmi, farangri og pósti.

35. gr.

Því aðeins má láta farm skips eða flugfars sæta sóttvarnaraðgerðum, að sóttvarnarnefnd hafi gilda ástæðu til að ætla, að hann sé mengaður sótnæmi næmrar sóttar eða líklegur til að valda útbreiðslu slíkrar sóttar.

Umleiðarfarm, annan en lifandi dýr — enda sé farminum ekki umhlaðið hér — má ekki láta sæta sóttvarnaraðgerðum, og ekki má kyrrsetja hann á neinni höfn eða flughöfn, nema ráðherra hafi mælt sérstaklega fyrir um sóttvarnarráðstafanir gegn þess háttar farmi.

## 36. gr.

Ekki má láta farangur sæta öðrum sóttvarnaraðgerðum en sóttthreinsun og skordýraeyðingu og þessum aðgerðum því aðeins, að sá, er hann hefur meðferðis, sé sýktur eða grunaður, eða farmurinn mengaður sóttnámi næmrar sóttar eða í honum séu skordýr, sem eru eða geta verið smitberar slíkrar sóttar.

34

12. apríl

## 37. gr.

Póst, blöð, bækur og annað prentað mál má ekki láta sæta sóttvarnaraðgerðum. Þó getur ráðherra mælt fyrir um sérstakar sóttvarnaraðgerðir gegn póstbögglum, ef rík ástæða er til að ætla, að innihald þeirra sé mengað sóttnámi næmrar sóttar eða það sé líklegt til að valda útbreiðslu slíkrar sóttar.

## X. KAFLI

## Ýmisleg ákvæði.

## 38. gr.

Ráðherra er heimilt að semja fyrir Íslands hönd við eitt eða fleiri lönd um gagnkvæmar tilslakanir á sóttvarnarráðstöfunum, sem fjallað er um í lögum þessum.

## 39. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um flutning líka inn í landið og úr landi, svo og um flutning slíkra líka á milli staða hér á landi.

## 40. gr.

Hinum reglulegu sóttvarnarlæknum ber þóknun samkvæmt gjaldskrá héraðs-lækna fyrir sóttvarnarlæknisstörf, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Ef tilkallaðir eða skipaðir eru sóttvarnarlæknar aðrir en héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir), ber þeim fyrir sóttvarnarlæknisstörf sín þóknun samkvæmt gjaldskrá annarra lækna en héraðslækna.

## 41. gr.

Ríkissjóður ber kostnað af sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum laga þessara með þeim undantekningum, er greinir hér á eftir. Um umræddar greiðslur fer eftir reglum og gjaldskrá, er ráðherra setur.

- a. Erlent skip, er stundar fiskveiðar eða aðrar veiðar hér við land eða á nálægum höfum og leitar hér hafnar í sambandi við veiðarnar, greiðir allan kostnað af sóttvarnarráðstöfunum gegn því;
- b. skip eða flugfar greiðir kostnað af rannsókn á rottugangi og rottueyðingu, sem um er fjallað í 8. gr.;
- c. skip eða flugfar greiðir kostnað af sóttvarnarráðstöfunum þeim, sem um er fjallað í 33. gr.;
- d. skip eða flugfar, sem leitar hér hafnar eða flughafnar eingöngu til að setja á land sjúklinga eða lík, greiðir kostnað af sóttvarnarráðstöfunum gegn því; nema í hlut eigi skip, sem um ræðir undir staflið a. þessarar greinar, ber þó ríkissjóður kostnað af læknisrannsókn og frekari rannsóknunum, sem nauðsynlegar eru til að leiða í ljós heilbrigðisástand farþega eða áhafnar;
- e. hlutaðeigandi skip eða flugfar greiðir kostnað af sjúkrahúsvist, aðhlyningu og lækningu sjúklings, sem sóttvarnarráðstöfunum er beitt gegn, að svo miklu leyti sem honum er sjúkrahúsvistin, aðhlyningin og lækningin nauðsynleg vegna sjúkdóms síns og engu síður, þó að honum sé ráðstafað á sjúkrahúsið

- 34 jafnframt til einangrunar; hér til telst og kostnaður af útför sjúklingsins, ef  
12. apríl til kemur;
- f. kostnaður af sóttvarnarráðstöfunum gegn strönduðu skipi greiðist af andvirði strandgóss;
  - g. kostnað, sem leiðir af því, að maður fer í banni laga þessara út í skip eða stígur upp í flugfar, greiðir hlutaðeigandi, og er greiðslan lögtakskræf;
  - h. um kostnað af einangrun hjúkrunarliðs og annarra, sem haft hafa samskipti við sjúkling, er einangraður hefur verið samkvæmt ákvæðum laga þessara, fer, að svo miklu leyti sem kostnaðurinn hefur til fallið, eftir að sjúklingurinn er látinn eða hefur verið leystur úr einangrun, sem um kostnað af farsóttarvörnum innanlands.

## 42. gr.

Ríkissjóður greiðir ekki skaðabætur vegna tjóns, er leiða kann af sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum laga þessara.

## 43. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara eða reglugerða og auglýsinga, sem birtar kunna að verða samkvæmt ákvæðum þeirra, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Mál skulu rekin að hætti opinberra mála. Þegar sýnt þykir, að brot varða ekki þyngri viðurlögum en sektum, er sóttvarnarnefnd heimilt að taka boði hins brotlega um staðgreiðslu sektar gegn því að sleppa við málshöfðun.

Varningur, sem reynt er að flytja inn í landið eða fluttur hefur verið inn í landið í banni laga þessara, skal, að svo miklu leyti sem honum er ekki tortímt, gerður upptækur ríkissjóði til tekna. Sektir, sem menn hafa verið dæmdir til að greiða eða sættar hefur verið á samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar, renna í ríkissjóð.

## 44. gr.

Lög þessi skal birta á íslenzku og ensku.

## 45. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins, og lög nr. 26 17. júní 1941, um breyting á þeim lögum.

Jafnframt því sem lög þessi falla úr gildi, fellur niður innheimta gjalda í sóttvarnarsjóð, sem eftirleiðis skal hafa það hlutverk að standa straum af kostnaði af rannsóknnum varðandi farsóttir og sóttvarnarmál. Sjóðurinn skal vera í vörzlum landlæknis undir yfirstjórn ráðherra, sem fer með heilbrigðismál, og eru allar greiðslur úr sjóðnum háðar samþykki ráðherrans.

Sóttvarnarhús ríkisins skal selja og andvirði þess renna í sóttvarnarsjóð.

*Gjört í Reykjavík, 12. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

35

13. apríl

um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Af yfirdráttarheimild þeirri, sem Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að átta milljónum dollara.

Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

36

14. apríl

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Nr. 4 í 5. kafla orðast svo:			2
4 Svínshár .....			
2. Nr. 19 í 11. kafla orðast svo:			
19 Sterkja, ót. a. ....	1 kg	7	8
3. Nr. 1—8 í 13. kafla orðast svo:			
1 Jurtir og jurtahlutar, svo sem börkur, til litunar eða sútnar .....			2
Gúmmí, gúmmiharpix, annað harpix og náttúrlegt balsam, ót. a.:			

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
2 — gúmmí arabikum .....			2
3 — skellakk .....			2
4 — kólófóníum .....			2
5 — benzoëharpix .....			2
6 — myrra .....			2
7 — annað .....			2
8 Kamfóra, einnig tilbúin .....			2
4. Nr. 1—7 í 14. kafla orðast svo: Efni úr jurtaríkinu til bursta- og körfugerðar o. þ. h. iðn- aðar, ót. a.:			
1 — bast .....			2
2 — greinar, kókostægjur og aðrar jurtatrefjar, ót. a.			2
3 — spanskreyr og annar reyr, svo og bambus, ót. a. . .			2
4 — strá og sef .....			2
5 — annað .....			2
Húsgagnatróð og annað tróð úr jurtaríkinu, ót. a.:			
6 — kapok .....			2
7 — viðarhár .....			2
5. Nr. 9—10 í sama kafla orðast svo:			
9 — annað .....			2
10 Hráefni og úrgangsefni úr jurtaríkinu, ót. a. ....			2
6. Á eftir nr. 5 í 15. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
5a — lanólín .....	1 kg	2	8
7. Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
11 — ólívuolía (viðsmjör) .....			2
8. Nr. 13 og 13a í sama kafla orðast svo:			
13 — línolía .....			5
13a — tréolía .....			5
9. Í staðinn fyrir nr. 19 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
19 — pálmaolía .....			2
20 — önnur jurtafeiti, ót. a. ....	—	2	8
10. Nr. 22 og 23 í sama kafla orðast svo:			
Olein og aðrar feitisýrur:			
22 — súrfeiti .....			5
23 — feitisýra .....			5
11. Nr. 26 í sama kafla orðast svo:			
26 Vax úr jurta- og dýraríkinu, ót. a. ....	—	7	8
12. Nr. 12—16 í 17. kafla orðast svo: Sykurvörur:			
12 — marzipan, sykrað .....	N —	630	35
13 — brjóstsykur .....	N —	630	35
14 — munngúmmí (tyggigúmmí) .....	N —	630	35
15 — töggur (karamellur) .....	N —	630	35
16 — aðrar .....	N —	630	35
13. Nr. 18 í sama kafla orðast svo:			
18 Lakkrísörur og sykraður lakkrís .....	N —	630	35
14. Nr. 3 í 18. kafla orðast svo:			
3 Kakódeig .....	N —	70	8

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %	36 14. apríl
15. Nr. 7—10 í sama kafla orðast svo:				
7 Suðusúkkulaði .....	N 1 kg	315	35	
8 Átsúkkulaði alls konar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipansúkkulaði, nógatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði .....	N —	630	35	
9 Súkkulaðihúð .....	N —	315	35	
10 Aðrar vörur úr kakó, ót. a. ....	N —	630	35	
16. Nr. 3 í 20. kafla orðast svo:				
3 — — aðrir .....	N —	630	35	
17. Nr. 8 í sama kafla orðast svo:				
8 Pectin (sultuhleypir) .....	—	7	8	
18. Nr. 1—5 í 22. kafla orðast svo:				
<b>Gosdrykkir:</b>				
1 — límonaði og sítrónuvatn .....	N 1 l	100	10	
2 — sódavatn .....	N —	100	10	
3 — aðrir .....	N —	100	10	
<b>Öl alls konar:</b>				
4 — maltöl .....	N —	170	10	
5 — annað .....	N —	210	10	
19. Nr. 8 í 25. kafla orðast svo:				
8 Grafit, óunnið, malað eða þvegið, svo og grafit tilbúið	1 kg	2	8	
20. Nr. 12 í sama kafla orðast svo:				
<b>Steinefni til fágunar, eða slípunar, svo sem smergill, vikur (pimpsteinn), trípel o. þ. h., óunnin, mulin eða þvegin:</b>				
12 — smergilduft .....	—	2	8	
21. Nr. 9—13 í 27. kafla orðast svo:				
<b>Olíur og önnur efni eimd úr háhitatjöru og hydrerað fenól, kresól og naftalín:</b>				
9 — benzól .....			2	
10 — fenól .....			2	
11 — kresól .....			2	
12 — naftalín .....			2	
13 — annað .....			2	
22. Á eftir nr. 19 í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:				
19a — lakkbenzín (white spirit) .....			5	
23. Nr. 23 í sama kafla orðast svo:				
23 Parafín (parafínvax), ceresín (jarðvax), montanvax, ósókerit og annað tilbúið vax, ót. a., einnig þótt þessar vörur séu blandaðar með steríni eða vaxi úr jurta- og dýraríkinu .....			5	
24. Nr. 7 í 28. kafla orðast svo:				
7 — brennisteinssýra .....			2	
25. Nr. 15 í sama kafla orðast svo:				
15 — kalíumhydroxyd .....			2	
26. Nr. 24 í sama kafla orðast svo:				
24 — kvikasilfuroxyd .....			2	
27. Nr. 29 í sama kafla orðast svo:				
29 — pottaska (kalíumkarbónat) .....			2	

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
14. apríl			
36			
28. Nr. 31 í sama kafla orðast svo:			
31 — sóði (natríumkarbónat) .....			2
29. Nr. 34 í sama kafla orðast svo:			
34 — salmíak (ammóníumklóríd) .....	1 kg	7	8
30. Nr. 36 í sama kafla orðast svo:			
36 — vatnsglas (kalíum- og natríumsílikat) .....			5
31. Nr. 47 í sama kafla orðast svo:			
47 — terpentínuolía (terpentína) .....			5
32. Nr. 49 í sama kafla orðast svo:			
49 — acetón .....			2
33. Nr. 51 og 52 í sama kafla orðast svo:			
51 — metylalkóhól .....			5
52 — isóprópylalkóhól .....			5
34. Nr. 54—55 í sama kafla orðast svo:			
54 — alkóhól, ót. a. ....			5
55 — ostahleypir og annað enzym .....			2
35. Nr. 60b í sama kafla orðast svo:			
60b Lecithín .....	—	7	8
36. Á eftir nr. 60c í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
60d Hvetjandi efni til kemískrar framleiðslu, ót. a. ....			8
37. Nr. 7—8 í 29. kafla orðast svo:			
7 — aðrar .....	—	7	15
8 Ljósmyndapappír .....	—	7	15
38. Nr. 1, 1a, 2, 2a og 3 í 30. kafla orðast svo:			
1 Quebrachoextrakt .....			2
1a Annar sítunarextrakt og önnur efni til sítunar, ót. a., einnig þótt þau séu tilbúin .....			2
<b>Litarextrakt úr jurtaríkinu:</b>			
2 — barkarlitur .....			tollfrjáls
2a— annar .....			2
3 Indígó, einnig tilbúið .....			2
39. Nr. 5 í sama kafla orðast svo:			
5 — aðrir .....			2
40. Nr. 7—12 í sama kafla orðast svo:			
7 Kinrok (sót) og aðrir þvílíkir svartir litir, ót. a. ..			2
8 Kít, möluð eða þvegin .....			2
9 Þungspat, malað eða þvegið .....			2
10 Baryumsúlfat tilbúið (blanc fix) .....			2
11 Jarðlitir, malaðir eða þvegnir, svo sem okkur, umbra o. þ. h. ....			2
<b>Bronslitir, ót. a.:</b>			
12 — duft .....			2
41. Nr. 13—21 í sama kafla orðast svo:			
<b>Þurrir málningarlitir, ót. a.:</b>			
13 — blýhvíta .....			2
14 — zínkhvíta .....			2
15 — titanhvíta .....			2
16 — últramarín .....			2
17 — kóboltlitur .....			2
18 — menja .....			2
19 — aðrir .....			2

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %	36 14. apríl
<b>Prentlitir:</b>				
20 — svartir .....	tollfrjálsir			
21 — aðrir .....	tollfrjálsir			
42. Nr. 34 í sama kafla orðast svo:				
34 — þurrkefni, fast eða fljótandi .....	1 kg	7	8	
43. Nr. 4a í 32. kafla (Súlfórisínöt o. fl.). Liðurinn fellur niður.				
44. Nr. 1—2 í 33. kafla orðast svo:				
1 Ostaefti (kaseín) .....	—	7	15	
2 Albúmin .....			2	
45. Nr. 1 í 34. kafla (Skotbómull og kollodiumull). Liðurinn fellur niður.				
46. Nr. 6—9 í 36. kafla orðast svo:				
6 Lakkleður og lakkleðurlíki .....	—	7	15	
<b>Skinn af slöngum, krókódílum og strútum, óunnið og unnið, svo og líki þeirra efna:</b>				
7 — slönguskinn .....	—	7	20	
8 — krókódílaskinn og strútaskinn .....	—	7	20	
9 — annað .....	—	7	20	
47. Nr. 13 í sama kafla orðast svo:				
13 Leðurlíki, sem í eru leðurþræðir .....	—	7	20	
48. Nr. 10 í 37. kafla orðast svo:				
10 Bakpokar og fatapokar .....	—	7	50	
49. Fyrirsögn VIII. flokks orðast svo: Plast, kátsjúk og vörur úr hvoru tveggja.				
50. Framan við 39. kafla kemur nýr kafli, svo hljóðandi:				

### 39. kafli A.

#### Plast og vörur úr því, ót. a.

##### Gerviharpixar og plastisk efni, cellulósaester og eter:

1 — duft eða deig .....				2
2 — umbúðablöð og hólkar, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenzkar afurðir til útflutnings .....				2
3 — umbúðablöð, ót. a. ....	—	7	15	
— plötur eða þynnur, ót. a.:				
4 — — einlitaðar og ómunstraðar .....	—	7	8	
5 — — aðrar .....	—	7	15	
6 — rör og stengur .....	—	7	15	
7 Plastdúkur .....	—	7	15	
8 Fatnaður, ót. a. ....	—	20	50	
9 Búsáhöld .....	—	7	30	
10 Þvottaskálar, vaskar og önnur hreinlætis- og snyrtitæki .....	—	7	30	
11 Aðrar vörur, ót. a. ....	—	7	30	

Aths. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efnum (plasti) og vara þessi á að koma í hærri tolla en tilsvandi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðinda.



36  
14. apríl

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
51. 39. kafli verður 39. kafli B.			
52. Nr. 2—3 í 39. kafla orðast svo:			
2 Latex, einnig konsentrerað .....			2
3 Kátsjúk, ót. a., uppleyst eða deig .....	1 kg	7	8
53. Nr. 15—16 í sama kafla orðast svo:			
15 — sólar, hælur, húfuskyggni, húfugjarðir og svita- gjarðir .....			8
<b>Kátsjúkfatnaður, nema skófatnaður:</b>			
16 — beltí .....	—	20	40
54. Nr. 18 í sama kafla orðast svo:			
18 — annað .....		20	50
55. Á eftir nr. 19b í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
19c Gúmmíhringir í niðursuðudósir .....			8
56. Síðari málsliður aths. aftan við 39. kafla orðast svo:			
Hins vegar er ebonit (harðgúmmí) vulkaniserað með um 30% af brennisteini talið í 39. kafla A.			
57. Nr. 15 í 40. kafla orðast svo:			
15 — krossviður og aðrar líndar plötur („gabon“) ..	1 fet <sup>3</sup>	10	8
58. Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
17 — spónn .....	—	10	8
59. Nr. 5 í 41. kafla orðast svo:			
5 Pressaðar korkplötur með eða án bindiefna til ein- angrunar .....	1 kg	7	15
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll á einangrunar- korki til frystihúsa í 8%.			
60. Í staðinn fyrir nr. 7 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
7 Korkvörur til skógerðar .....			8
8 Aðrar vörur, ót. a. ....	—	7	30
61. Nr. 1 í 43. kafla orðast svo:			
1 Pappírmassi og pappírúrgangur .....			2
62. Nr. 5—6 í 44. kafla orðast svo:			
5 Pergamentpappi og pergamentpappír, ót. a. ....	—	7	15
6 Pappi, ót. a., yfirdreginn með litum, lakki, bronsi og þvílíkum efnum, eða lagður lit- eða skrautpappír	—	7	30
63. Í staðinn fyrir nr. 8 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
<b>Bókbandspappi:</b>			
8 — sem vegur allt að 700 g/m <sup>2</sup> .....			5
8a — annar .....	—	2	8
64. Í staðinn fyrir nr. 10 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
<b>Venjulegur umbúðapappír, áprentaður eða óáprentaður,     og annar þess háttar pappír, enda sé hann ekki     þannig gerður, að hann falli undir annað tollskrár-     númer með hærri tolli:</b>			
10 — sem vegur allt að 130 g/m <sup>2</sup> .....			8
10a — annar .....			5
65. Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100 g/m <sup>2</sup> ...			2

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %	36 14. april
66. Í staðinn fyrir nr. 22 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:				
21a Marmarapappír .....	1 kg	7	15	
22 Annar pappír, ót. a. ....	—	7	30	
67. Í staðinn fyrir nr. 25 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:				
25 — nafnspjöld, matseðlar og bréfspjöld, skilti, merki- spjöld, flöskumiðar og önnur þess háttar spjöld og miðar án áletrunar, svo og spjöld í spjald- skrár eða til notkunar við vélabókhald, þótt þau séu með áletrun .....	—	7	30	
25a — húfuskyggni og hattagjarðir .....	—	7	8	
68. Í staðinn fyrir nr. 36 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:				
36 Frimerkjapappír, límborinn, svo og flugnaveiðarar	—	7	30	
36a Pappírsræmur, límbornar til umbúða .....	—	7	15	
69. Nr. 18 í 45. kafla orðast svo:				
18 Spil, einnig þótt þau séu úr öðrum efnum en pappa, pappír o. s. frv. ....	1 stk.	100	30	
70. Nr. 20a í sama kafla (Áprentaðar fiskumbúðir o. fl.). Liðurinn fellur niður.				
71. Nr. 1 í 46. kafla A. orðast svo:				
1 Silkiormahylki (kókónar), óspunnið byssússilki og silkiúrgangur .....			2	
72. Nr. 4—8 í sama kafla orðast svo:				
4 Tvinni .....	1 kg	7	8	
5 Flauei og flos (plyds) .....	—	20	50	
6 Gólfábreiður, gólfmottur og gólf-dreglar .....	—	20	60	
7 Laufaborðar (blúndur), laufaborðæfni, knipplingar, tyll og önnur þess konar netofin efni .....	—	20	45	
8 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur (possement) .....	—	20	45	
73. Nr. 10—11 í sama kafla orðast svo:				
10 Bönd og borðar úr silki, sem ekki geta talizt dregil- vörur eða laufaborðar .....	—	20	60	
Aths. Borði telst í þessu sambandi sú ofin vara, sem ekki er breiðari en 30 cm.				
11. Silkivefnaður, ót. a. ....	—	20	50	
74. Nr. 1 í 46. kafla B. orðast svo:				
1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir .....			5	
75. Nr. 4, 5 og 5a í sama kafla orðast svo:				
<b>Garn:</b>				
4 — tvinni .....	—	7	8	
5 — netjagarn, einlitt .....	tollfrjálst			
5a — annað .....			5	
76. Nr. 8—9 í sama kafla orðast svo:				
8 Laufaborðar, laufaborðæfni, knipplingar, tyll, „cur- tain nets“ og önnur þess konar netofin efni ....	—	20	45	
9 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur	—	20	45	

		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
14. apríl	77. Nr. 11 í sama kafla orðast svo: 11 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar .....	1 kg	20	30
	78. Nr. 1—2 í 47. kafla orðast svo: 1 Ull .....			5
	2 Ullarúrgangur og ótó (shoddy) .....			2
	79. Í staðinn fyrir nr. 1a og 2 í 48. kafla kemur eitt nr., svo hljóðandi: <b>Baðmull og baðmullarúrgangur:</b> 2 — baðmull, ót. a. ....			2
	80. Nr. 5—6 í sama kafla orðast svo: <b>Garn:</b> 5 — tvinni .....	—	7	8
	6 — netjagarn .....			tollfrjálst
	81. Nr. 8a í sama kafla orðast svo: 8a — annað .....	—	20	35
	82. Nr. 12—13 í sama kafla orðast svo: 12 Laufaborðar, laufaborðaefti, knipplingar, tyll, „cur- tain nets“ og önnur þess konar netofin efni ....	—	20	45
	13 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur ..	—	20	45
	83. Nr. 1 í 49. kafla orðast svo: <b>Hör, hampur, júta, kínagras (ramie) og önnur spunaefni úr jurtaríkinu, ót. a.:</b> 1 — hör .....			2
	84. Nr. 3—6 í sama kafla orðast svo: 3 — júta .....			2
	4 — annað .....			2
	<b>Garn, ót. a.:</b> — úr hör eða ramí: 5 — — netjagarn .....	—	7	8
	6 — — tvinni .....			tollfrjálst
	85. Nr. 8 í sama kafla orðast svo: 8 — — netjagarn .....			tollfrjálst
	86. Nr. 17—18 í sama kafla orðast svo: 17 Laufaborðar, laufaborðaefti, knipplingar, tyll, „cur- tain nets“ og önnur þess konar netofin efni ....	—	20	45
	18 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur ..	—	20	45
	87. Nr. 27 í 50. kafla orðast svo: 27 Bókbandsléft .....			5
	88. Í staðinn fyrir nr. 32 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi: 32 — vaxdúkur .....	—	7	30
	32a— leðurlíkisdúkur .....	—	7	15
	89. Á eftir nr. 33a í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi: 33b — skóstrigi .....	—	7	8
	33c — ræmur, límbornar til umbúða .....	—	7	8
	90. Í staðinn fyrir nr. 34 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi: — a n n a ð : 34 — — úr silki .....	—	20	50
	34a— — úr gervisilki og öðrum gervipráðum .....	—	20	30

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %	36 14. apríl
91. Nr. 39 í sama kafla orðast svo: Vefnaðarvara, bönd og dregilvörur, sem í er ofinn kát- sjúkþráður, náttúrlegur eða tilbúinn (teygjubönd), ót. a.:				
39 — ef vefnaðurinn er úr silki .....	1 kg	20	35	
92. Nr. 43 í sama kafla orðast svo: Kveikir:				
43 — kertakveikir .....	—	7	8	
93. Nr. 1—6 í 51. kafla orðast svo: Prjónavörur úr silki:				
1 — prjónavoð (metravara) .....	—	20	50	
2 — sokkar og leistar .....	—	20	50	
3 — ytri fatnaður .....	—	20	60	
4 — nærfatnaður .....	—	20	60	
5 — vettlingar .....	—	20	60	
6 — aðrar .....	—	20	60	
94. Nr. 4—5 í 52. kafla orðast svo: — úr öðrum efnum: — — silki:				
4 — — — nærfatnaður .....	—	20	60	
5 — — — annar .....	—	20	60	
95. Nr. 14 í sama kafla orðast svo: Borðdúkar, pentudúkar, vasaklútar, höfuðklútar, háls- klútar, handklæði, rúmabreiður, dívanteppi, vegg- teppi og þess konar:				
14 — úr silki .....	—	20	60	
96. Nr. 20 í sama kafla orðast svo: Sjöl, slör og slæður:				
20 — úr silki .....	—	20	60	
97. Nr. 23 í sama kafla orðast svo: Hálsbindi, kvenslifsi og slaufur, hnýttar og óhnýttar:				
23 — úr silki .....	—	20	60	
98. Nr. 32 í sama kafla orðast svo: 32 Skóreimar .....	—	7	20	
99. Nr. 36 í sama kafla orðast svo: Flögg alls konar:				
36 — úr silki .....	—	20	60	
100. Á eftir nr. 8 í 55. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi: 8a Tilsniðin hattaefni .....	—	20	30	
101. Athugasemd aftan við 55. kafla fellur niður.				
102. Nr. 11 í 58. kafla orðast svo: 11 — smergill, einnig þótt hann sé með ás, svo og vikur og karborundum .....			8	
103. Á eftir nr. 19 í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi: 19a — hús og hlutar til þeirra, ót. a. ....	—	7	30	
104. Nr. 3 í 59. kafla orðast svo: 3 Eldfastir steinar og aðrir brenndir hlutir til tekn- iskrar notkunar, ót. a. ....			2	
105. Nr. 1—2 í 63. kafla orðast svo: 1 Óunnið járn í klumpum ..... tollfrjálst 2 Stál- og járnsvarf ..... tollfrjálst				
106. Í staðinn fyrir nr. 3 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóð- andi:				

36  
14. apríl

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
<b>Járn og stál í stöngum:</b>			
3 — sívalar stengur 25 mm í þvermál eða grennri . . . .	1 kg	2	8
3a — annað . . . . . tollfrjálst			
107. Nr. 4 í sama kafla orðast svo:			
4 Prófiljárn alls konar, ót. a. . . . . tollfrjálst			
108. Nr. 8 í sama kafla orðast svo:			
8 — — aðrar . . . . . tollfrjálst			
109. Nr. 8b í sama kafla orðast svo:			
8b — — aðrar . . . . . tollfrjálst			
110. Í staðinn fyrir nr. 9 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
9 Raf- og logsuðuvir . . . . . tollfrjálst			
9a Vír úr járn og stáli, ót. a. . . . . — 2 8			
Aths. Vír er málmþráður 10 mm í þvermál eða grennri.			
111. Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
11 Gjarðajárn . . . . . tollfrjálst			
112. Nr. 1 í 64. kafla orðast svo:			
1 Kopar og koparblöndur, óunnið í klumpum eða sem duft . . . . . tollfrjálst			
113. Nr. 3—4 í sama kafla orðast svo:			
3 — lóðunarefni í stöngum, plötum eða sem duft . . . . . tollfrjálst			
4 — annað . . . . . tollfrjálst			
114. Nr. 1 í 65. kafla orðast svo:			
1 Nikkel, nikkellöndur, óunnið í klumpum, svo og duft tollfrjálst			
115. Nr. 1 í 66. kafla orðast svo:			
1 Alúminíum og alúminíumblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft . . . . . tollfrjálst			
116. Í staðinn fyrir nr. 2 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
2 Vír, ekki einangraður . . . . . — 7 8			
2a Stengur, þ. á m. prófilstengur . . . . . tollfrjálst			
117. Á eftir nr. 9a í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
10 Fiskassar . . . . . — 2 2			
118. Nr. 1 í 67. kafla orðast svo:			
1 Blý og blýblöndur, ót. a., óunnið í klumpum, svo og blýspænir . . . . . tollfrjálst			
119. Nr. 5 í sama kafla orðast svo:			
5 Blýlód (sökkur) . . . . . 2			
120. Nr. 1 í 68. kafla orðast svo:			
1 Zink og zinkblöndur, óunnið í klumpum, svo og zinkduft . . . . . tollfrjálst			
121. Nr. 3 í sama kafla orðast svo:			
3 Plötur . . . . . tollfrjálst			
122. Nr. 1 í 69. kafla orðast svo:			
1 Tin og tinblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft tollfrjálst			
123. Í staðinn fyrir nr. 5 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %	36 14. apríl
5 Lóðtin í stöngum eða öðru formi .....	tollfrjálst			
5a Túbur úr tini .....	1 kg	7	8	
124. Nr. 1—2 í 70. kafla orðast svo: Málmar og blöndur þeirra, ót. a.:				
1 — óunnir .....	tollfrjálst			
2 — í stöngum, plötum eða sem vír .....	tollfrjálst			
125. Á eftir nr. 5 í 71. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:				
5a — hnifablöð .....	—	7	15	
126. Nr. 15 í sama kafla orðast svo:				
15 Smávarningur til húsgagnagerðar (Möbelbeslag), ót. a.	—	7	15	
127. Nr. 17 í sama kafla orðast svo:				
17 Hringjur, spennur óskreyttar, smellur, krókapör, skó- kóssar og annar þess konar smávarningur til sauma, lífstykjagerðar, pappírsvöruiðnaðar, skósmíða og söðlasníða o. þ. h., ót. a. ....	—	7	15	
128. Nr. 25 og 25a í sama kafla orðast svo: Bláðtin (stanníól) og aðrar málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt, þó ekki blaðgull og blaðsilfur og eftirlíkingar hvors tveggja:				
25 — með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenzkar afurðir .....			2	
25a — aðrar .....	—	7	15	
129. Nr. 5 í 72. kafla orðast svo:				
5 — vefjarskeiðar og skyttur til vefstóla .....	—	7	8	
130. Nr. 31 í sama kafla orðast svo:				
31 Kúlu- og keflalegur .....			2	
131. Á eftir nr. 11 í 73. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:				
11a Hlutar til rafmagnsgeyma .....	—	2	8	
132. Nr. 14 í 75. kafla orðast svo:				
14 Reiðhjólahlutar, ót. a. ....	—	7	20	
133. Nr. 2 í 79. kafla orðast svo:				
2 Hlutar til flygela og píanóa .....	—	7	15	
134. Nr. 4 í sama kafla orðast svo:				
4 Hlutar til orgela og harmonía .....	—	7	15	
135. Nr. 4 í 80. kafla orðast svo:				
4 — hvalveiðabyssur og hlutar til þeirra .....	—	2	2	
136. Nr. 6 í sama kafla orðast svo:				
6 — hvalveiðaskutlar .....	—	2	2	
137. Nr. 8, 9, 9a, 9b, 9c og 10 ásamt athugasemd í 82. kafla falla niður.				
138. Nr. 11 í sama kafla orðast svo:				
8 Skraut- og glysvarningur úr plastiskum efnum og efnum þeim, sem talin eru í þessum kafla .....	—	120	80	
139. Nr. 1 í 85. kafla orðast svo:				
1 Hnappar til fata, ót. a., þar með taldir ermahnappar og flibbahnappar, aðrir en úr góðmálmum .....	—	20	30	

## 2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrir orðið „hampgarn“ í h-lið kemur: garn.
2. æ-liður orðast svo:

36  
14 apríl

- æ. Að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
3. Á eftir æ-lið koma tveir nýir liðir, svo hljóðandi:
- ö. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest.
- aa. Að endurgreiða verksmiðjum, sem framleiða rafmagnsspenna, aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum þeirra.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numdir 1., 6., 21. og 24. tölul. 1. gr. laga nr. 96 1941, 1., 2., 3., 7., 9., 10., 13., 20., hluti af 25. (49/5, 6 og 8), hluti af 49. (63/8 og 8b) tölul. 1. gr. laga nr. 56 1942, 7., 9., fyrri hluti 23. (50/39) og 29. tölul. 1. gr. laga nr. 6 1945, fyrri hluti 8. (30/12) og 33. tölul. 1. gr. laga nr. 71 1947, niðurlag 2. (15/19), 7., 10., 12., 16., 18. og 40. tölul. 1. gr. laga nr. 49 1950, 2., 3., 8., 11. og 16. tölul. 1. gr. laga nr. 108 1951 og 4., 14., 15., 17., 24. og 29. tölul. 1. gr. og æ-liður 3. tölul. 2. gr. laga nr. 31 1953, allra um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

### 4. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

37  
14. apríl

## L Ö G

um brúargerðir.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### 1. gr.

Framkvæma skal, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum eða úr brúasjóði (sbr. lög nr. 33/1949, um bifreiðaskatt o. fl.), byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járn eða járnþentri steypu, eftir því sem hagkvæmt þykir.

## 2. gr.

37

14. apríl

Brýr þær, sem gera skal, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

## A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri.

## I. Nýjar brýr á þjóðvegum.

## a. Vesturland.

1. Leirvogsa á Kjalarnesvegi innri.
2. Drageyrará í Skorradal.
3. Kaldá í Skorradal.
4. Hornsa í Skorradal.
5. Deildargil í Hálsasveit.
6. Árkvarnarlækur á Hraunhreppsvegi á Mýrum.
7. Hvítá hjá Bjarnarstöðum í Hvítársíðu.
8. Norðlingafljót í Hvítársíðu.
9. Hraunholtsá í Hnappadal.
10. Mjósund á Eyrarsveitarvegi á Snæfellsnesi.
11. Gljúfurá á Skógarströnd.
12. Skeggjagil í Laxárdal í Dalasýslu.
13. Krossá á Skarðsströnd.
14. Fagradalsá á Skarðsströnd.
15. Sælingsdalsá í Hvammssveit.
16. Flekkudalsá á Fellsströnd.
17. Galtará á Fellsströnd.
18. Bakkaá í Gautsdal.
19. Gautsdalsá í Gautsdal.
20. Múlaá í Kollafirði í Barðastrandarsýslu.
21. Fjarðarhornsa í Kollafirði í Barðastrandarsýslu.
22. Skálmardalsá.
23. Þverá í Vattarfirði.
24. Kjálkafjarðará á Þingmannaheiði.
25. Þverá í Vatnsfirði.
26. Hvestuvaðall í Arnarfirði.
27. Fífustaðaá í Arnarfirði.
28. Selárdalsá í Arnarfirði.
29. Otradalsá í Arnarfirði.
30. Fossá í Arnarfirði.
31. Hrafnseyrará í Arnarfirði.
32. Botnsá í Dýrafirði.
33. Langá á Ingjaldssandi.
34. Ísafjarðará.
35. Vatnsfjarðarós við Ísafjarðardjúp.
36. Botnsá í Mjóafirði.
37. Heydalsá í Mjóafirði.
38. Gljúfurá í Mjóafirði.
39. Hattardalsá í Álftafirði.
40. Seljalandsós í Álftafirði.
41. Mórilla í Kaldalóni.
42. Laxá á Laxárdalsheiði í Strandasýslu.
43. Steinadalsá í Strandasýslu.
44. Kaldbaksós í Strandasýslu.
45. Kjósará í Strandasýslu.
46. Reykjarfjarðará í Strandasýslu.



37

14. apríl

*b. Norðurland.*

1. Núpsá á Austursíðuvegi í Húnavatnssýslu.
2. Viðidalssá innan við Viðidalstungu.
3. Vatnsdalsá hjá Grimstungu.
4. Svinadalsá hjá Auðkúlu í Húnavatnssýslu.
5. Sléttá í Sléttárdal í Húnavatnssýslu.
6. Laxá hjá Kálfshamarsvík.
7. Laxá á Gönguskarðavegi í Skagafjarðarsýslu.
8. Gauksstaðaá á Skaga í Skagafjarðarsýslu.
9. Hörtná á Skaga í Skagafjarðarsýslu.
10. Héraðsvötn hjá Tyrfingsstöðum.
11. Norðurá á Skagafjarðarvegi.
12. Hjaltadalsá á Hólavegi.
13. Hofsa ofan við Hofsó.
14. Fnjóská fremra.
15. Skjálfafljót í Bárðardal.
16. Ormarsá sunnan Raufarhafnar.

*c. Austurland.*

1. Skarðsa á Fjöllum.
2. Lindará á Möðrudalsöræfum.
3. Lónakill á Möðrudalsöræfum.
4. Fuglabjargaá á Sandvíkurheiði.
5. Selá í Vopnafirði.
6. Kvíslá í Vopnafirði.
7. Njarðvíkurá.
8. Staðará á Hjaltastaðavegi.
9. Bjarglandsá á Hjaltastaðavegi.
10. Jökulsá á Hjaltastaðavegi.
11. Lagarfljót hjá Fossi.
12. Lagarfljót á Steinboga.
13. Gilsá í Fljótsdal.
14. Haugá í Skriðdal.
15. Berufjarðará í Berufirði.
16. Fossá í Berufirði.
17. Búlandsá í Berufirði.
18. Hofsa í Álftafirði.
19. Selá í Álftafirði.
20. Eyrará innri á Sléttuströnd.
21. Dalsá í Fáskrúðsfirði.
22. Tunguá í Fáskrúðsfirði.
23. Stöðvará í Stöðvarfirði.
24. Fagradalsá í Breiðdal.
25. Gilsá á Norðurdalsvegi í Breiðdal.

*d. Suðurland.*

1. Reyðará í Lóni.
2. Karlsá í Lóni.
3. Gjadalsá í Lóni.
4. Fjarðará í Lóni.
5. Hoffellsá í Nesjum.
6. Hornafjarðarfljót (ef fært þykir að undangenginni rannsókn).

7. Hólmsá á Mýrum.
8. Smyrlabjargaá í Suðursveit.
9. Staðará í Suðursveit.
10. Steinavötn í Suðursveit.
11. Fellsá í Suðursveit.
12. Stemma í Suðursveit.
13. Breiða í Örafum.
14. Fjallsá í Örafum.
15. Virkisá í Örafum.
16. Kotá í Örafum.
17. Svínafellsá í Örafum.
18. Skaftafellsá í Örafum.
19. Múlakvísl á Mýrdalssandi.
20. Langholtsskurður í Meðallandi.
21. Laxá í Fljótshverfi.
22. Fjarðará á Síðu.
23. Hólsá í Landeyjum.
24. Litla-Laxá á Auðsholtsvegi.
25. Hvítá hjá Iðu.
26. Andalækur í Biskupstungum.
27. Brúará á Laugardalsvegi.
28. Hvítá hjá Kiðjabergi.
29. Villingavatnsá í Grafningi.
30. Ölvesvatnsá í Grafningi.

37

14. apríl

## II.

Ölfusá hjá Óseyrarnesi (enda leiði rannsókn í ljós, að brúarstæðið sé öruggt og brúarsmiðin sé mikill þáttur í að tryggja afkomu íbúanna í sjávarþorpunum austan fjalls).

III. *Endurbygging brúa á þjóðvegum.*a. *Vesturland.*

1. Fossá í Hvalfirði.
2. Þverá í Svínadal á Draghálsvegi.
3. Andakilsá við Skorradalsvatn.
4. Hítará á Stykkishólmsvegi.
5. Reykjadalssá í Dalasýslu.
6. Hvammsá í Dalasýslu.
7. Þambá í Strandasýslu.

b. *Norðurland.*

1. Djúpadalsá í Blönduhlíð í Skagafirði.
2. Kotá í Skagafirði á Norðurlandsvegi.
3. Valagilsá í Skagafirði á Norðurlandsvegi.
4. Hrolleifsdalsá á Siglufjarðarvegi.
5. Eyjardalsá á Bárðardalsvegi vestri.
6. Jökulsá í Axarfirði.
7. Tunguá í Þistilfirði.

c. *Austurland.*

1. Stafaldalsá á Fjarðarheiði.
2. Lagarfljót hjá Egilsstöðum.

37

14. apríl

3. Gilsá á Völlum.
4. Eyvindará á Völlum.
5. Fagradalsá (neðsta brú).

d. *Suðurland.*

1. Hverfisfljót í Fljótshverfi.
2. Tungufljót í Skaftártungu.
3. Hólmsá á Mýrdalssandi.
4. Skógaá undir Eyjafjöllum.
5. Ytri-Rangá á Suðurlandsvegi.

IV. *Aðrar brýr.*

- a. Brýr á fjallvegum og sýsluvegum má gera að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.
- b. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annars staðar frá.

B. *Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.*

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. *Brýr yfir styttra en 4 metra haf.*

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhalds-kostnaði þess vegar, sem brúin er á.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir, ásamt breytingum á þeim með lögum nr. 30 2. apríl 1943 og nr. 53 17. maí 1947.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Kristinn Guðmundsson.*

## L Ö G

um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

38

14. apríl

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## I. KAFLI

Til hverra lög þessi taka.

## 1. gr.

Lög þessi taka til hvers manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf. Ákvæði í lögum, sem öðruvísi mæla um einstaka flokka starfsmanna, skulu haldast. Rétt er og að setja í ráðningarsamninga forstjóra atvinnufyrirtækja, er ríkið rekur, ákvæði um uppsögn og annað, er kann að vera nauðsynlegt eða heppilegt starfans vegna.

Nú verður ágreiningur um það, hvort starfsmaður skal sæta ákvæðum laga þessara, og sker þá fjármálaráðherra úr. Ef starfsmaður vill eigi hlíta úrskurði ráðherra, getur hann borið málið undir dómstóla, og skal þá höfða mál á hendur fjármálaráðherra.

## II. KAFLI

Um veitingu starfa.

## 2. gr.

Það fer eftir ákvæðum laga um hverja starfsgrein, hver veita skuli, setja í eða ráða í stöður. Nú er eigi um það mælt í lögum, og skal þá svo meta sem sá ráðherra, er starfinn lýtur, geri þá ráðstöfun, en geti þó veitt forstjóra viðkomandi starfsgreinar heimild til að gera það, ef ráðstafa skal hinum vandaminni og ábyrgðarminni stöðum í grein hans.

## 3. gr.

Almenn skilyrði til þess að fá skipun, setningu eða ráðningu í stöðu eru þessi:

1. 21 árs aldur. Þó má víkja frá þessu aldurslágmarki um vélritunar-, afgreiðslu- og sendilsstörf eða önnur svipuð störf.

Einstök ákvæði í lögum, þar sem annað aldurstakmark er sett, skulu haldast.

2. Lögræði. Þó gildir lögræðiskrafan ekki, þegar undanþága er gerð samkvæmt 1. tölulið.

3. Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til þess að gegna þeim starfa, sem hverju sinni er um að ræða.

4. Íslenzkur ríkisborgararéttur. Víkja má þó frá þessu ákvæði, ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlendan ríkisborgara til að gegna starfa til bráðabirgða, en eigi má skipa hann fyrr en hann hefur öðlazzt íslenzkan ríkisborgararétt.

5. Óflekkað mannorð, enda sé þess gætt, að umsækjandi sé ekki að öðru leyti haldinn þeim annmörkum, er gera mundu hann óverðugan til að gegna slíkri stöðu.

38 6. Almenn menntun og þar að auki sú sérmenntun, sem lögum samkvæmt er 14. apríl krafizt eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfínnanlegrar rækslu starfans.

7. Fjárforræði, ef stöðu fylgja fjárreiður, svo sem gjaldkera- eða innheimtustörf, eða ef svo er fyrir mælt í lögum eða sérstök ástæða þykir til að gera þá kröfu.

Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.

#### 4. gr.

Nú er maður skipaður í stöðu, og ber þá að líta svo á, að hann skuli gegna stöðunni, þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:

1. að hann brýtur af sér í starfinu, svo að honum beri að víkja úr því;
2. að hann fullnægir ekki skilyrðum 3. gr. laga þessara;
3. að hann fær lausn samkv. eigin beiðni;
4. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 13. gr.;
5. að hann flyzt í aðra stöðu hjá ríkinu;
6. að skipunartími hans samkv. tímabundnu skipunarbréfi er runninn út;
7. að staðan er lögð niður, sbr. 14. gr.

#### 5. gr.

Lausa stöðu skal auglýsa í Lögbirtingablaði, venjulega með 4 vikna fyrirvara. Heimilt er að taka til greina umsóknir, sem berast, eftir að liðinn er umsóknar-frestur, enda hafi staðan ekki þegar verið veitt eða í hana sett eða maður í hana ráðinn, eftir að frestur var liðinn.

Veita skal umsækjendum og viðurkenndum félögum opinberra starfsmanna kost á að fá vitneskju um það, hverjir sótt hafa.

Nú hefur staða verið auglýst, en eigi þykir rétt að skipa nokkurn umsækjanda í hana, og má þá setja þann umsækjanda, er næst þykir standa til þess að fá skipun. Veita má slíkum manni stöðu án auglýsingar að nýju, eftir að hann hefur gegnt henni óaðfínnanlega eitt ár eða lengur, enda á hann þá rétt á að fá úr því skorið, hvort hann eigi að fá veitingu.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til starfa í þágu utanríkisþjónustunnar.

#### 6. gr.

Hver sá, er stöðu ráðstafar, getur sett starfsmanni erindisbréf, enda skal að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli, ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar.

### III. KAFLI

#### Um lausn úr stöðu.

#### 7. gr.

Það stjórnvald, er veitir stöðu, veitir og lausn frá henni um stundarsakir. Forstjóri starfsgreinar getur þó veitt starfsmanni í þeirri grein lausn um stundarsakir, þótt hann hafi ekki veitt þá stöðu, ef bið þykir hættuleg, en tilkynna skal þá þeim, er stöðu veitir, tafarlaust þá ráðstöfun með skýringu á málavöxtum, enda tekur hann fullnaðarákvörðun um lausnarveitinguna.

Rétt er að veita starfsmanni lausn um stundarsakir, ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða hann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi sínu, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykir að öðru leyti ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg því starfi. Þó skal veita starfsmanni áminningu og gefa

honum kost á að bæta ráð sitt, áður en honum er veitt lausn um stundarsakir samkvæmt þessari málsgrein. **38**

14. apríl

Nú hefur starfsmaður fjárreiður eða bókhald með höndum, og má þá veita honum lausn um stundarsakir án áminningar, ef ætla má eða víst þykir, að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Sama er, ef starfsmaður er grunaður eða sannur orðinn að háttsemi, er varða kynni sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, eða heilsu hans er svo farið, að eigi þyki gerlegt að láta hann gegna starfa lengur.

Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum.

#### 8. gr.

Nú hefur starfsmanni ríkisins verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi, og skal þá þegar mál hans rannsakað af kunnáttumönnum eða fyrir dómi að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til, svo að upplýst verði, hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við starfi sínu.

Úrslit um stöðuna skulu ráðin strax og lokaniðurstöður rannsóknar eru kunnar.

#### 9. gr.

Meðan lausn um stundarsakir stendur, nýtur starfsmaður hálfra fastra launa þeirra, sem stöðu hans fylgja. Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings samkvæmt mati í þeim launum, er hann fær.

Nú fellur niður lausn um stundarsakir, og skal starfsmaður þá fá greiddan þann helming hinna föstu launa, er hann hefur verið sviptur.

Nú tekur sá, sem lausn hefur fengið um stundarsakir, aftur við starfa sínum, og skal þá líta svo á um starfsaldur sem hann hefði gegnt starfanum óslitið.

#### 10. gr.

Hver sá, er skipar starfsmann í stöðu, veitir og lausn úr henni, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Lausn skal veita skriflega og jafnan greindar orsakir, svo sem vegna umsóknar, heilsubreysts, tiltekinna ávirðinga o. s. frv.

Í lausnarbréfi skal jafnan kveðið á um það, frá hvaða degi starfsmaður skuli lausn taka og með hvaða kjörum, svo sem um eftirlaun, sé um þau að ræða, lífeyri, hvenær starfsmaðurinn skuli sleppa íbúð, jarðnæði o. s. frv., eftir því sem við á.

#### 11. gr.

Jafnan skal starfsmanni, sem vikja skal úr stöðu, veittur kostur á að tala máli sínu, áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur.

Rétt er þeim, er vikið er úr stöðu, að bera málið undir úrlausn dómstóla, enda fari rannsókn slíks máls að hætti opinberra mála. Stefna skal fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Nú er stöðumissir úrskurðaður óréttmætur, og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla, nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað. Þegar bætur eru metnar, skal hafa til hliðsjónar ástæður starfsmanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og fram komnar málsbætur stöðuveitanda.

#### 12. gr.

Starfsmanni skal vikja úr stöðu að fullu, ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna stöðu þeirri. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um það, hvort það

**38** ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því, þar til ráðið verður, 14. apríl hvort honum skuli skjóta til æðra dóms, eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

## 13. gr.

Starfsmanni skal veita lausn, þegar hann er fullra 70 ára að aldri.

Heimilt er þó starfsmanni að láta af störfum með rétti til eftirlauna og/eða lífeyris, hvenær sem er, eftir að hann er orðinn 65 ára, eða fyrr, ef hann hefur unnið sér þann rétt samkvæmt öðrum lögum.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar ná ekki til ráðherra og opinberra fulltrúa í þjónustu ríkisins, sem kosnir eru almennri kosningu.

Ef embættismaður, sem hlotið hefur embætti sitt með almennri kosningu, fer frá samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal honum heimilt að sækja um embættið af nýju. Hljóti hann kosningu, skal hann fá veitingu fyrir embættinu um 5 ár.

Halda skulu gildi sínu sérákvæði þau um dómara, er um ræðir í lögum nr. 32 1. apríl 1948.

## 14. gr.

Nú er staða lögð niður, og skal þá starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins.

Ef sama staða er aftur stofnuð innan 5 ára, á starfsmaður að öðru jöfnu rétt til hennar.

Nú hefur maður verið leystur frá starfi vegna þeirra orsaka, sem um getur í grein þessari, eða annarra atvika, sem honum verður ekki sök á gefin, og skal hann þá í 5 næstu ár að öðru jöfnu sitja fyrir um starf í þjónustu ríkisins, er losna kann, ef hann sækir um það.

Starfsaldur hans áður og eftir skal þá saman lagður og veitir þá sömu réttindi sem óslitin þjónusta.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur samkvæmt 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins, áður en líðinn er 6 eða 12 mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður, ef laun þau, er nýja starfinu fylgja, eru jöfn eða hærri en þau, er hann naut í fyrri stöðunni. Ef launin í nýju stöðunni eru lægri, skal greiða starfsmanni launamismuninn til loka 6 eða 12 mánaða tímabilsins.

## 15. gr.

Nú vill starfsmaður beiðast lausnar, og skal hann þá gera það skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara, nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert starfsmann ófæran til að gegna stöðu sinni eða viðkomandi stjórnvöld samþykki skemmri frest. Skytt er að veita lausn, ef hennar er löglega beiðt. Þó er óskytt að veita starfsmönnum lausn frá þeim tíma, sem beiðt er, ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein, að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa, ef beiðni hvers um sig væri veitt. Getur stjórnvald þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum.

Ákvæði ráðningarsamnings, sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, eða sérákvæði í lögum, er öðruvísi kveða á, skulu standa.

## IV. KAFLI

## Um orlof og veikindaleyfi.

38

14. apríl

## 16. gr.

Starfsmenn skulu árlega fá orlof í 15 virka daga og einskis í missa af föstum launum. Ef sérstaklega stendur á, má orlof þó vera allt að 18 virkum dögum. Starfsmönnum, er verið hafa í þjónustu ríkisins lengur en 15 ár, má veita orlof allt að 24 virkum dögum. Nánari reglur um orlof skal setja með reglugerð, og skal enn fremur í þeirri reglugerð ákveðið, eftir hvaða reglum þeir taki orlof, er verið hafa í þjónustu ríkisins skemur en eitt ár.

Forstjóri hvernar starfsgreinar eða skrifstofu ákveður í samráði við starfsmenn, í hverri röð þeir fá orlof.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof tiltekið ár, og er honum þá rétt, með samþykki yfirmanns, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof samkvæmt beiðni yfirmanns síns, og ber honum þá aukagreiðsla fyrir starf sitt þann tíma. Annars er starfsmönnum óheimilt að taka vinnu í stað orlofs í starfsgrein sinni fyrir endurgjald.

Skylt er starfsmanni að taka orlof, ef yfirmaður hans skipar svo.

Haldast skulu sérreglur í lögum og ráðningarsamningum um orlof starfsmanna í tilteknum greinum eða tilteknum störfum, sbr. 15. gr. Þó sé það aldrei skemmra en lágmark það, sem ákveðið er í 1. mgr. þessarar greinar.

## 17. gr.

Ákveða skal með reglugerð, hvernig fari um launagreiðslur til starfsmanna í veikindaförföllum svo og til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar.

## V. KAFLI

## Um launagreiðslur og hlunnindi.

## 18. gr.

Starfsmenn taka laun samkvæmt lögum eða ráðningarsamningum.

Starfsmönnum er skylt að hlíta breytingum á launakjörum sínum samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum af hlutaðeigandi ráðherra, þar sem heimild er til slíks að lögum, enda standi ráðningarsamningar því eigi í gegn.

## 19. gr.

Þegar laun fara stighækkandi eftir starfsaldri, skal svo fara sem hér segir:

Nú fær starfsmaður launahærri stöðu en hann hafði áður, og tekur hann þá lægstu laun í hinni nýju stöðu, ef þau eru hærri en hæstu laun í hinni fyrri. En ef byrjunarlaun í nýju stöðunni eru jöfn eða lægri en þau, er hann hafði þá í hinni fyrri, tekur hann næstu laun fyrir ofan þau, er hann hafði þar. Starfsaldur til launahækkunar í nýju stöðunni telst frá því, er hann fékk skipun eða setningu í hana.

Nú tekur starfsmaður við sams konar stöðu og hann hafði áður, og telst starfsaldur hans þá frá skipun eða setningu í hina eldri stöðuna.

Nú tekur maður verr launaða stöðu í sömu starfsgrein en hann hafði áður, og fær hann þá laun í nýju stöðunni, sem næst eru þeim launum eða hærri en þau laun, er hann hafði í fyrri stöðunni. Ef hann tekur stöðu í annarri starfsgrein, þá fær hann hæstu laun þar, ef þau eru lægri eða jafnhá þeim, er hann hafði. En ef þau eru hærri, þá tekur hann þau, er hann hafði í eldri stöðunni.

Nú tekur starfsmaður við stöðu aftur, sem hann hafði farið úr, og er þá rétt að telja saman allan starfstímann.



38

14. apríl

20. gr.

Föst laun greiðast fyrir fram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Greidd laun eru óafturkræf, þótt starfsmaður andist eða verði leystur frá starfa, áður en mánuður er liðinn.

Nú tekur maður við starfa eftir fyrsta dag mánaðar, og fær hann þá laun í réttu hlutfalli við tölu þeirra daga, sem eftir eru af þeim mánuði.

21. gr.

Nú er starfsmaður leystur frá starfa vegna vanheilsu eða slysa, sem honum verður ekki með skynsamlegu mati gefin sök á, og ber þá að greiða honum þau föstu laun, er stöðu hans fylgja, í þrjá mánuði.

Nú tekur maður, sem látið hefur af starfi vegna vanheilsu, aftur við starfi í starfsgrein sinni, og skal þá starfsaldur hans áður og eftir lagður saman og veitir þá sama rétt og óslitin þjónusta.

Um greiðslu til maka látins starfsmanns fer eftir ákvæðum 1. mgr.

22. gr.

Þegar einhver hluti launa er greiddur í friðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem starfsmaður er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlauninum.

Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til rikisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Húsnæði ráðherra og risnufé, sem ákveðið er í fjárlögum, telst ekki til embættislauna.

23. gr.

Óheimilt er starfsmanni að gefa út ávísanir á laun, sem ekki eru í gjalddaga komin, nema fjármálaráðuneytið veiti til þess samþykki sitt hverju sinni. Sú heimild má þó ekki fara fram úr fjórðungi árslauna. Enginn vinnur rétt samkvæmt slíkri ávísun, nema samþykki sé fengið.

24. gr.

Nú þykir hlýða, að dómi ráðherra, að starfsmaður beri einkennisbúning eða einkennismerki önnur í starfi sínu, og ber rikissjóði að leggja hann eða þau merki til starfsmanni að kostnaðarlausu eftir þeim reglum, er ráðherra setur.

25. gr.

Konur, er veita heimili forstöðu, eiga rétt til þess að vinna tvo þriðju hluta ákveðins vinnutíma gegn samsvarandi frádrætti í launum, enda megi slíkt verða að skaðlausu.

Samsvarandi ívilnun má og öðrum veita, er sérstaklega er farið, svo sem vegna heilsuveilu.

26. gr.

Nú gegnir starfsmaður samkvæmt ákvörðun stjórnvalds jafnhliða sínum starfa öðrum starfa, og fær hann þá hálf þau föstu byrjunarlaun, er þeim starfa fylgja, og aukatekjur allar. Ef slíkum starfa er skipt milli tveggja eða fleiri starfsmanna, kveður ráðherra á um þóknun hvers þeirra með hliðsjón af vinnu og aðstöðu að öðru leyti.

27. gr.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð daglegan vinnutíma starfsmanna svo og þóknun fyrir verk, sem unnin eru utan þess tíma.

VI. KAFLI  
Skyldur starfsmanna.

38

14. apríl

## 28. gr.

Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess, sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein, er hann vinnur við.

## 29. gr.

Skylt er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

## 30. gr.

Starfsmenn skulu koma stundvíslega til starfa, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Skrifstofustjórar og aðrir yfirmenn skulu fylgjast með stundvísi starfsmanna. Hafa skal stimpilkluður í skrifstofum og vinnustofum, þar sem því verður við komið, og halda skrá um, hvernig starfsmenn koma til vinnu.

Starfsmanni er skylt að vinna án endurgjalds yfirvinnu allt að tvöföldum þeim tíma, er hann hefur verið frá starfi án gildra forfalla, eða hlíta því, að dregið sé af launum sem því nemur.

Nú sýnir starfsmaður óstundvísi og vanrækslu í starfi sínu og lætur ekki skipast við áminningu yfirboðara, og varðar það brottvikningu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru.

## 31. gr.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim, er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungu af lögmaletum vikulegum vinnutíma.

## 32. gr.

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helzt, þótt látið sé af starfi.

## 33. gr.

Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans og verkahring frá því, er hann tók við starfi, enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum. Sama er um breytingar, er yfirmaður ákveður, en þeirri ákvörðun má skjóta til ráðherra.

VII. KAFLI  
Um aukastörf.

## 34. gr.

Heimilt er að fela starfsmanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum, er stöðu hans fylgja.

Áður en starfsmaður stofnar til atvinnurekstrar, hyggst að taka við starfi í þjónustu annars aðila en ríkisins gegn varanlegu kaupum eða ganga í stjórn atvinnufyrirtækis, ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti stöðuna, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því, ef áðurnefnd starfsemi telst

38 ósamrýmanleg stöðu hans, og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má 14. apríl slíkt bann undir ráðherra.

Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 2. málsgrein segir, ef það er síðar leitt í ljós, að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

### VIII. KAFLI Starfsmenn Alþingis.

35. gr.

Forsetar Alþingis hafa aðild og úrskurðarvald um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins samkvæmt lögum þessum.

### IX. KAFLI Um félagsskap starfsmanna.

36. gr.

Við samning reglugerða samkvæmt lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

### X. KAFLI Um gildistöku, afnám laga o. fl.

37. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi fyrirmæli:

1. Tilskipun 3. febr. 1836, IV.
2. Konungsbréf 8. apríl 1844 um íslenzkukunnáttu þeirra, er sækja um embætti á Íslandi.
3. Opið bréf 31. maí 1855 um ávisanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrir fram.
4. Konungsúrskurður 27. maí 1857 um íslenzkukunnáttu embættismannaefna.
5. Konungsúrskurður 8. febr. 1863 um próf í íslenzku.
6. Lög nr. 37 11. júlí 1911, um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta, 3. gr.
7. Lög nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, 1.—7. gr.
8. Lög nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna, og lög nr. 5 31. jan. 1947, um breyting á þeim lögum, að því er snertir þá opinbera starfsmenn, er lög þessi taka til.
9. Lög nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, 34. gr., 40. gr. (Bráðabirgðaákvæði).
10. Önnur fyrirmæli, er fara kunna í bág við ákvæði laga þessara.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1954.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum um Framkvæmdabanka Íslands, nr. 17 10. febr. 1953.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Í stað orðanna „80 milljónir“ í 2. málsg. 9. gr. laganna komi: 225 milljónir.

## 2. gr.

Ef Framkvæmdabankinn annast lántöku til að koma á fót sementsverksmiðju samkv. lögum þessum, fellur niður lántökuheimild ríkisstjórnarinnar samkv. 2. gr. laga nr. 35/1948, sbr. lög nr. 57/1950, um sementsverksmiðju.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

um aukatekjur ríkissjóðs.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## I. KAFLI

## Dómsmálagjöld í einkamálum.

## 1. gr.

Dómsmálagjöld skal greiða sem hér segir:

## A. Fyrir héraðsdómi:

1. Stefna (áritun eða útgáfa) .....	kr. 10.00
2. Fyrirtekt máls (þingfesting, frestir og dómtaka) .....	— 100.00
3. Úrskurður undir rekstri máls .....	— 25.00
4. Vitni leitt .....	— 15.00

40	5. Vitni gagnspurt .....	kr. 15.00
14. apríl	6. Dómkvaðning (fyrir hvern mann) .....	— 25.00
	7. Staðfesting dómsgerða .....	— 20.00
	8. Kærugjald samkvæmt 199. gr. einkamálalaganna .....	— 100.00
	9. Sjóferðapróf .....	— 200.00

*B. Fyrir hæstarétti:*

1. Stefna .....	kr. 20.00
2. Fyrirtekt máls .....	— 200.00
3. Úrskurður .....	— 50.00
4. Vitni leitt .....	— 30.00
5. Vitni gagnspurt .....	— 30.00
6. Dómkvaðning (fyrir hvern mann) .....	— 50.00
7. Staðfesting dómsgerða .....	— 40.00
8. Útivistargjald (samkv. 54. gr. hæstaréttarlaga) .....	— 200.00

**2. gr.**

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum og í málum þeim, sem um ræðir í 24. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

Í málum, þar sem fjárhæð nemur ekki 1000 kr., greiðist hálf réttargjöld.

**II. KAFLI**

**Gjöld fyrir fógetagerðir.**

**3. gr.**

Fyrir fjárnáms-, lögtaks-, löggeymslu- og kyrrsetningargerð, svo og lögbann, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eigi aðeins lausafé og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárréttindi, sem hreinir í 3. kafla laga 4. nív. 1887, um aðför — skal greiða:

Þegar fjárhæðin er 1000 kr. eða minni 60 kr. og síðan 10 kr. í viðbót fyrir hvert heilt þúsund eða brot úr þúsundi af þeirri fjárhæð, sem fram yfir er.

**4. gr.**

Gjald fyrir aðrar fógetagerðir skal greiða sem hér segir:

1. Kyrrsetning á manni .....	kr. 100.00
Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 3. gr.	
2. Útburður manns af jörð eða húsi .....	— 100.00
3. Innsetning á jörð eða í hús til umráða .....	— 100.00
4. Aðrar fógetagerðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peningaverðs .....	— 100.00

**5. gr.**

Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir 3. gr., þegar féð með henni er laust látið, en eftir 4. gr., sé kyrrsetning manns með henni niður felld.

**6. gr.**

Nú er aðfarar beiðzt hjá einum og sama manni eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglesnum veðskuldabréfum, og skal þá gjaldið greitt fyrir hverja þeirra um sig

Þegar fjárnáms er beiðzt eftir sama dómi, sátt eða veðskuldabréfi hjá fleirum en einum, skal gerð fara fram hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gerð. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameiningu, er fjárnám er gert í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, séu eigi allir á sama stað né í sama lögsagnarumdæmi. 40 14. apríl

#### 7. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrir fram, skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gerðina, þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi afturkræft, þótt gerðarbeiðnin sé kölluð aftur, eða fógeti synji um framgang gerðarinnar, nema svo sé, að hærra gjald hafi greitt verið fyrir fram fyrir gerðina en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

#### 8. gr.

Í gjafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða konu, er hann hefur slitið samvistum við eða skilið að borði og sæng eða að fullu og öllu, skal því aðeins greiða réttargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sé kröfu gerðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum eftir ráðstöfun hins opinbera skal engin gjöld greiða.

### III. KAFLI

#### Skiptagjöld.

#### 9. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með, skal greiða í skiptagjald 3% af öllum eignum búsins, — þar með talin búshelft maka —, án tillits til skulda, er á því hvíla.

Ekkert gjald skal þó greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema minna en 1000 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

#### 10. gr.

Nú tekur skiptaráðandi bú til skiptameðferðar, en framselur það á fyrsta skiptafundi erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða helming gjalds þess, er um ræðir í 9. gr.

#### 11. gr.

Þá er skiptaráðendur eða skiptaforstjórar lúka skiptum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiptalok, og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sé rétt talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskipta, skal gjaldið greitt um leið og búið er afhent erfingjum.

#### 12. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 50 kr.

## IV. KAFLI

## Gjöld fyrir uppboðsgerðir.

## 13. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð fasteignir, skip og flugvélar, svo og önnur fasteignaréttindi, samkvæmt II. kafla laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, skal greiða uppboðslaun sem hér segir:

Af fyrstu 100 000 kr. ....	3 %
Af fjárhæð yfir 100 000 kr. allt að 500 000 kr. ....	2 %
Af fjárhæð, sem er hærri en 500 000 kr. ....	1 %

## 14. gr.

Þegar seld eru við opinbert uppboð önnur verðmæti en þau, er í II. kafla uppboðslaganna greinir, skal greiða 6%.

## 15. gr.

Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 25 kr.

## 16. gr.

Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 13. gr., en sala fer eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregzt, skal gjalda 100 kr. fyrir árangurslaust uppboð.

## 17. gr.

Nú hefur uppboðs verið beiðzt hjá uppboðshaldara, og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 15. gr. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búíð er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 100 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.

## 18. gr.

Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 100 kr.

## 19. gr.

Fyrir undirboðsþing skal greiða 100 kr.

## 20. gr.

Fyrir uppboð á eftirlátnum munum þurfamanna og óskilafénaði í réttum skal ekkert gjald greiða.

## V. KAFLI

## Gjöld fyrir notarialgerðir.

## 21. gr.

Fyrir víxilafsögn, sem notarius framkvæmir, skal greiða:

Þegar fjárhæðin er 1000 kr. eða minni, 30 kr., og síðan 5 kr. herra fyrir hvert þúsund, eða brot úr þúsundi, upp í 15000 kr., og er þá gjaldið 100 kr., enda hækkar ekki úr því.

## 22. gr.

Fyrir aðrar notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Afsagnargerðir, aðrar en víxilafsagnir, svarkröfur, stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir ..... kr. 50.00

2. Notarialvottorð á samninga, arfleðsluskrár, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga .....	kr. 50.00	40
3. Skipstjóramótmæli .....	— 100.00	14. apríl
4. Dráttur í happdrætti .....	— 200.00	
5. Útdráttur skuldabréfa .....	— 100.00	
6. Staðfesting eftirrita 5 kr. fyrir hverja síðu, þó eigi minna gjald en	— 15.00	

## VI. KAFLI

## Gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

## 23. gr.

Fyrir að þinglesa skjöl, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir:

Þegar fjárhæðin er 5000 kr. eða minni, 50. kr., og síðan 5 kr. fyrir hvert þúsund eða brot úr þúsundi, sem fram yfir er. Fyrir þinglestur skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema kr. 240 fyrir hvert þúsund umfram fyrstu 5 þúsundin.

Þegar fjárhæð sú er óákveðin, sem skjalið greinir um, og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 100 kr. Þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka hana fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðru en peningum, og skal þá meta verðmætið til peningaverðs.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum hærri fjárhæð. Sé ártal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meiru gjalda en af afgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sé greitt andvirði, eða henni makaskipt gegn annarri eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á skjalið, svo að ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

Nú hefur embættismaður ákveðið stimpilskylda fjárhæð kaupsamnings eða afsals, og skal þá greiða þinglýsingargjald af þeirri upphæð.

## 24. gr.

Fyrir að þinglesa skjöl, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða haft á fasteignum eða lausafé, skal gjalda 25 kr. Séu þess konar skjöl þinglesin við hæstarétt, skal gjalda 50 kr.

## 25. gr.

Fyrir áritun um heimildarbræst o. fl., samkv. 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928, skal greiða 25 kr.

## 26. gr.

Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðmálaskráum um eignarheimild á fasteign og um höft þau, er á henni hvíla, og skal hann gjalda fyrir það 15 kr.

## 27. gr.

Fyrir skjöl, er þinglesin eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða ofanrituð gjöld í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig.



40

14. apríl

28. gr.

Fyrir þinglestur á skjali, þar sem ríkissjóði er sett veð fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Eigi greiðist heldur gjald fyrir þinglestur úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis, né fyrir aflýsingu slíkra úrskurða.

## VII. KAFLI

## Gjöld fyrir leyfisbréf, skírteini o. fl.

29. gr.

Leyfisgjald skal greiða sem hér segir:

1. Áfrýjunarleyfi .....	kr. 200.00
2. Nova-leyfi .....	— 200.00
3. Hjónavigslubríf .....	— 50.00
4. Önnur leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavigsluskilyrðum .....	— 100.00
5. Lögskilnaðarleyfi .....	— 200.00
6. Ættleiðingarleyfi .....	— 100.00
7. Leyfisbréf til heilidsölu .....	— 10000.00
8. Leyfisbréf til umboðssölu .....	— 5000.00
9. Leyfisbréf til tilboðasöfnunar .....	— 2000.00
10. Leyfisbréf til smásölu .....	— 2000.00
11. Leyfisbréf til lausaverzlunar .....	— 2000.00
12. Leyfisbréf til gistihússhalds .....	— 2000.00
13. Veitingaleyfi .....	— 1000.00
14. Iðjuleyfi .....	— 1000.00
15. Einkaleyfi samkv. lögum nr. 12/1923:	
fyrir fyrstu 5 ár .....	— 1000.00
fyrir næstu 5 ár .....	— 3000.00
fyrir síðustu 5 ár .....	— 6000.00
16. Einkaleyfi á skipsnafni samkv. lögum nr. 17/1948 .....	— 1000.00
17. Leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti .....	— 3000.00
18. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi .....	— 300.00
19. Leyfi til að stunda almennar lækningar .....	— 300.00
20. Leyfi til að stunda sérækningar .....	— 1000.00
21. Önnur leyfisbréf, er valdsmenn eða stjórnarráðið gefa út, nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum .....	— 100.00

30. gr.

Skirteinagjöld skal greiða sem hér segir:

1. Vegabréf til útlanda .....	kr. 100.00
2. Ökuskirteini bifreiðarstjóra .....	— 50.00
3. Ökuskirteini alþjóðlegt .....	— 100.00
4. Bifreiðarskirteini alþjóðlegt .....	— 100.00
5. Meistarabréf .....	— 500.00
6. Sveinsbréf .....	— 100.00
7. Formannsskirteini (6—15 rúml.) .....	— 25.00
8. Skipstjóraskirteini (allt að 30 rúml.) .....	— 50.00
9. Skipstjóraskirteini á fiskiskipi hið meira (af hvaða stærð sem er) ..	— 300.00
10. Skipstjóraskirteini á verzlunarskipi hið minna (allt að 400 rúml.) ..	— 300.00
11. Skipstjóraskirteini á verzlunarskipi hið meira (af hv. stærð sem er) ..	— 500.00
12. Skipstjóraskirteini á varðskipi hið minna (allt að 100 rúml.) .....	— 200.00

13. Skipstjóraskírteini á varðskipi hið meira (af hvaða stærð sem er) ..	kr. 500.00	40
14. Stýrimannsskírteini á fiskiskipi hið meira (af hvaða stærð sem er)	— 150.00	14. apríl
15. Stýrimannsskírteini á verzlunarskipi hið minna (allt að 400 rúml.)	— 150.00	
16. Stýrimannsskírteini á verzlunarskipi hið meira (af hv. stærð sem er)	— 300.00	
17. Vélavarðarskírteini (mótorvél allt að 15 ha.) .....	— 25.00	
18. Vélstjóraskírteini (mótorvél allt að 50 ha.) .....	— 25.00	
19. Undirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 250 ha.) .....	— 50.00	
20. Undirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 600 ha.) .....	— 150.00	
21. Aðstoðarvélstjóraskírteini (mótorvél, ótakmarkað) .....	— 150.00	
22. Undirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 1300 ha.) .....	— 250.00	
23. Undirvélstjóraskírteini (mótorvél, ótakmarkað) .....	— 300.00	
24. Yfirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 250 ha.) .....	— 200.00	
25. Yfirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 600 ha.) .....	— 250.00	
26. Yfirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 1300 ha.) .....	— 300.00	
27. Yfirvélstjóraskírteini (mótorvél, ótakmarkað) .....	— 400.00	
28. Aðstoðarvélstjóraskírteini (eimvél, ótakmarkað) .....	— 150.00	
29. Undirvélstjóraskírteini (eimvél allt að 600 ha.) .....	— 150.00	
30. Undirvélstjóraskírteini (eimvél allt að 1200 ha.) .....	— 250.00	
31. Undirvélstjóraskírteini (eimvél, ótakmarkað) .....	— 300.00	
32. Yfirvélstjóraskírteini (eimvél allt að 600 ha.) .....	— 250.00	
33. Yfirvélstjóraskírteini (eimvél allt að 1200 ha.) .....	— 300.00	
34. Yfirvélstjóraskírteini (eimvél, ótakmarkað) .....	— 400.00	
35. Flugnemaskírteini .....	— 25.00	
36. Einkaflugmannsskírteini .....	— 50.00	
37. Atvinnuflugmannsskírteini hið minna .....	— 150.00	
38. Atvinnuflugmannsskírteini hið meira .....	— 200.00	
39. Flugstjóraskírteini .....	— 300.00	
40. Flugvélstjóraskírteini .....	— 300.00	
41. Flugleiðsögumannsskírteini .....	— 300.00	
42. Flugloftskeytamannsskírteini .....	— 300.00	
43. Flugumferðarstjóraskírteini .....	— 400.00	

## 31. gr.

Af veitingabréfum fyrir embættum og sýslunum í þarfir ríkisins greiðist gjald, er ákveðst eftir flokkun 1. gr. launalaganna, nr. 60 frá 1945, þannig:

Embætti í I. til IV. flokki .....	kr. 500.00
Embætti í V. til VIII. flokki .....	— 400.00
Embætti í IX. til XII. flokki .....	— 300.00
Embætti í XIII. til XVI. flokki .....	— 200.00

Ekkert gjald skal þó greiða fyrir nýtt veitingabréf, ef embættis- eða sýslunar- maður hefur áður greitt gjald af veitingabréfi í sama gjaldflokki og hið nýja er.

## VIII. KAFLI

## Gjöld fyrir skrásetningar.

## 32. gr.

Fyrir skrásetningar, sem lögboðnar eru og eigi ákveðið gjald fyrir í öðrum köflum þessara laga, skal greiða sem hér segir:

1. Skrásetning hlutafélags .....	kr. 500.00
2. Skrásetning samvinnufélags .....	— 500.00
3. Skrásetning útibús .....	— 250.00

40	4. Skrásetning starfsstöðva erlendra félaga .....	kr. 500.00
14. apríl	5. Skrásetning firma eins manns .....	— 300.00
	6. Skrásetning firma tveggja manna eða fleiri .....	— 500.00
	7. Skrásetning breytinga á eldri skrásetningu .....	— 100.00
	8. Tilkynning um prókúru — sérstök — .....	— 100.00
	9. Afturköllun prókúru .....	— 50.00
	10. Skrásetning vörumerkis .....	— 250.00
	11. Skrásetning vörumerkis, endurnýjun .....	— 100.00
	12. Skrásetning skips 30 smál. og stærri .....	— 200.00
	13. Skrásetning skips undir 30 smál. ....	— 100.00
	14. Skrásetning báts — opinn — .....	— 50.00
	15. Skrásetning breytinga á eldri skrásetningu skips (eigandaskipti, nafnbreyting o. fl.) .....	— 100.00
	16. Skrásetning bifreiðar — nýskráning — .....	— 200.00
	17. Skrásetning bifreiðar — endurskráning — .....	— 100.00
	18. Skrásetning eigandaskipta að bifreið .....	— 200.00
	19. Skrásetning dráttarvélar .....	— 25.00
	20. Skrásetning flugvélar — atvinnu — .....	— 500.00
	21. Skrásetning flugvélar — einka — .....	— 200.00
	22. Skrásetning breytinga á eldri skrásetningu flugvélar (eigandaskipti, nafnbreyting o. fl.) .....	— 200.00
	23. Skrásetning skotvopns .....	— 25.00

## IX. KAFLI

### Ýmis gjöld.

#### 33. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipið á að fá hér á landi, skal greiða 3 kr. af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn, er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftari en sex sinnum á almanaksári.

#### 34. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 2 kr. af hverri nettósmálest skipsins á fyrstu höfn, er það tekur, þó eigi nema einu sinni á almanaksári. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Enn fremur skal, í hvert sinn er slíkt fiskiskip tekur höfn hér á landi síðar á árinu, greiða áritunargjald kr. 0.25 af nettósmálest, auk tollgæzlu- og sóttvarnargjalds.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að áritunargjald, samkv. síðustu málsgrein, skuli renna til hreppstjóra, ef hann afgreiðir skipið.

#### 35. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkv. heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

1. Löggilding manns um ævitið (dómtúlkar, skjalapýðendur, endurskoðendur o. fl.) ..... kr. 500.00
2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.) .... — 100.00

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

## 36. gr.

40

1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða .....	kr. 50.00	14. apríl
2. Fyrir löggildingu verzlunarbókar .....	— 100.00	
3. Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar .....	— 50.00	
4. Fyrir útnefning matsmanna — fyrir hvern mann — .....	— 10.00	
5. Fyrir vottorð, er einstakir menn æskja í þágu verzlunar eða atvinnu (vöruvottorð) .....	— 10.00	
6. Fyrir sakavottorð gefin samkv. beiðni einstakra manna .....	— 15.00	
7. Fyrir lögskráning skipshafnar — fyrir hvern mann — .....	— 2.00	

## 37. gr.

Fyrir eftirrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða folíósíðu .....

Hluti úr síðu telst heil síða.

Lægstu ritlaun eru 10 kr.

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómssgerðum og notarial-staðfestingum.

Þegar afrit dómsskjala eru felld inn í dómssgerðir, skal greiða samlestrargjald 2 kr. af hverri síðu.

## X. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 38. gr.

Innheimtu gjalda samkv. lögum þessum hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

## 39. gr.

Innheimtumanni ber, er hann afgreiðir skjal, sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á, að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók, er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samfimis og gerðin fer fram, skal innheimtumaður skrá við í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

## 40. gr.

Það varðar sektum eigi undir 500 kr. að gefa rangar skýrslur um þau atriði, er máli skipta við ákvörðun gjalds samkvæmt lögum þessum.

## 41. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður, hvort ríkissjóður skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum, er hann varða.

## 42. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber mál.

## 43. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1954. Jafnframt eru úr gildi numin þessi laga-ákvæði:

Lög um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna og bæjarfógeta, nr. 2/1894.

40  
14. apríl

Lög um aukatekjur rikissjóðs, nr. 27/1921.

Lög nr. 112/1935, 52. gr.

Lög nr. 85/1938, 2., 3., 10. og 11. gr.

Lög nr. 10/1928, 54. gr.

Lög nr. 62/1928, 2. gr., síðasta málsg. r.

Lög nr. 34/1943, 16. gr., síðasta málsg. r.

Lög nr. 41/1946, 18. gr., síðasta málsg. r.

Lög nr. 120/1950, 30. gr., síðasta málsg. r.

Lög nr. 61/1942, 11. og 16. gr.

Lög nr. 77/1953, 1. gr., b-liður.

41. gr. laga nr. 75/1921, um stimpilgjald.

Enn fremur er breytt ákvæðum eftirtaldrá laga, að því er gjöld til rikissjóðs snertir:

Lög nr. 112/1935, 54. gr.

Lög nr. 85/1936, 199. gr.

Lög nr. 52/1925, 13. gr.

Lög nr. 21/1926, 13. gr.

Lög nr. 18/1927, 26. gr.

Lög nr. 12/1923, 7. gr.

Lög nr. 66/1946, 50. gr.

Lög nr. 77/1921, 60. gr.

Lög nr. 42/1903, 36. gr.

Lög nr. 43/1903, 3. gr.

Lög nr. 17/1948, 21. gr.

Lög nr. 33/1951, 13. gr.

Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

41  
14. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefur aðsetur hér á landi, en hefur laun, biðlaun eða styrk úr rikissjóði, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, eða tekjur frá öðrum innlendum aðilum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

## 2. gr.

41

Upphaf 4. gr. laganna orðist svo:

14. apríl

Undanþágu frá öllum tekjuskatti hafa: Forseti Íslands, ríkissjóður, o. s. frv.

## 3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna frá innlendum aðilum, eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki hérlandis.

## 4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., reiknast þannig:

## a. Skattgjald einstaklinga:

Ef skattskyldar tekjur eru undir 1000 kr., greiðist enginn skattur.

Af 1—2 þús. kr. greiðist 1%.

Af	2— 5 þús. kr. greiðist	10 kr. af	2 þús. og 2 % af afgangi
— 5— 9 — — —	—	70 — —	5 — — 3 % — —
— 9— 20 — — —	—	190 — —	9 — — 4 % — —
— 20— 30 — — —	—	630 — —	20 — — 6 % — —
— 30— 40 — — —	—	1230 — —	30 — — 10 % — —
— 40— 50 — — —	—	2230 — —	40 — — 15 % — —
— 50— 60 — — —	—	3730 — —	50 — — 20 % — —
— 60— 70 — — —	—	5730 — —	60 — — 25 % — —
— 70—100 — — —	—	8230 — —	70 — — 30 % — —
— 100—130 — — —	—	17230 — —	100 — — 35 % — —
— 130 þús. og yfir	—	27730 — —	130 — — 40 % — —

## b. Skattgjald hjóna:

Ef skattskyldar tekjur eru undir 2 þús. kr., greiðist enginn skattur.

Af 2—3 þús. kr. greiðist 1%.

Af	3— 6 þús. kr. greiðist	10 kr. af	3 þús. og 2 % af afgangi
— 6— 13 — — —	—	70 — —	6 — — 3 % — —
— 13— 20 — — —	—	280 — —	13 — — 4 % — —
— 20— 25 — — —	—	560 — —	20 — — 5 % — —
— 25— 30 — — —	—	810 — —	25 — — 6 % — —
— 30— 35 — — —	—	1110 — —	30 — — 7 % — —
— 35— 45 — — —	—	1460 — —	35 — — 10 % — —
— 45— 50 — — —	—	2460 — —	45 — — 15 % — —
— 50— 60 — — —	—	3210 — —	50 — — 20 % — —
— 60— 70 — — —	—	5210 — —	60 — — 25 % — —
— 70—100 — — —	—	7710 — —	70 — — 30 % — —
— 100—130 — — —	—	16710 — —	100 — — 35 % — —
— 130 þús. og yfir	—	27210 — —	130 — — 40 % — —

Þeir, sem um ræðir í 2. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum.

Nú breytist kaupgjaldsvisitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá tekjutölum framangreindra skattstiga breytt í réttu hlutfalli við það. Brot, sem nemur minna en hálfu þúsundi, falli niður við

**41** útreikning tekjutalna, en stærra brot hækki í þúsund. Hundraðshlutatölur (%) skatt-  
14. apríl stiganna breytast ekki, þótt visitala raskist.

Þeir gjaldendur, sem greiða tekjuskatt samkvæmt ákvæðum a- og b-liða hér á undan, skulu ekki greiða stríðsgróðaskatt samkvæmt lögum nr. 21 20. maí 1942.

II. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í a- og c-liðum 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr. greiðist	10 kr. af	1000 kr. og	2 %	af afgangi
—	2000—	3000	—	30	—	—	—
—	3000—	4000	—	60	—	—	—
—	4000—	5000	—	100	—	—	—
—	5000—	6000	—	150	—	—	—
—	6000—	7000	—	210	—	—	—
—	7000—	8000	—	280	—	—	—
—	8000—	9000	—	360	—	—	—
—	9000—	10000	—	450	—	—	—
—	10000—	12000	—	550	—	—	—
—	12000—	14000	—	780	—	—	—
—	14000—	17000	—	1040	—	—	—
—	17000—	20000	—	1490	—	—	—
—	20000—	25000	—	2000	—	—	—
—	25000—	30000	—	2900	—	—	—
—	30000—	40000	—	3850	—	—	—
—	40000—	50000	—	5850	—	—	—
—	50000—	60000	—	7950	—	—	—

Félög þau og stofnanir, sem um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., þar með talin erlend félög og stofnanir, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum.

III. Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í b-lið 3. gr., greiðist jafnan 8%.

#### 5. gr.

Á 7. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við orðin „af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu“ í 1. málsg. d-liðar komi: þó ekki vextir af skattfrjálsri innstæðu, sbr. ákvæði laganna um skattfrelsi sparifjár.
2. Aftan við e-lið bætist:

Nú selur skattþegn fasteign, sem hefur verið í eigu hans skemur en 5 ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en tvö ár eru liðin frá söludegi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda, en ef það er lægra að mati, skal sölugróði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða eða að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum laganna um skattgreiðslu, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúðar.

Nú er eign önnur en fasteign og skip og flugvél, sem hefur verið í eigu skattgreiðanda í 3 ár eða lengur og fyrning hefur verið reiknuð af, seld hærra verði heldur en nemur óafskrifuðum hluta hennar, og skal þá það, sem umfram er, teljast skattskyldar tekjur, þó ekki hærri fjárhæð en nemur öllum veittum fyrningarafskriftum. Skiptast tekjur þessar við útreikninga skatts á jafnmörgum ár aftur í tímann og afskriftirnar hafa farið fram á, þó ekki á fleiri en 10 ár. Skatturinn greiðist í einu lagi.

## 6. gr.

41

14. apríl

Aftan við 9. gr. laganna bætist nýir stafliðir, svo hljóðandi:

- e. Eignarauki, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti, sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. e-lið 7. gr. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.
- f. Jarðræktarframlag ríkisins, samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga, nr. 45 17. maí 1950.
- g. Fæði sjómanns, er hann fær hjá atvinnurekanda.

## 7. gr.

Á 10. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

## 1. d-liður orðist svo:

Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærrí upphæð en kr. 7000.00 á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærrí iðgjaldagreiðslur til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi sem því nemur og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyrstrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árábil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár („annuitetstrygging“).

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyrstryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærrí en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkvæmt lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyrstryggingu dragist frá tekjum samkvæmt framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar m. a. fyrirmæli um ávöxtun og vörzlu tryggingarfjárins og eftirlit með starfsemi.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki hærrí iðgjald en kr. 2000.00.

## 2. e-liður orðist svo:

Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærrí en sem svarar 5% af hreinum tekjum aðila.

## 3. Í stað „keyptum verðbréfum“ í f-lið komi: seldum verðbréfum.

## 4. Á eftir g-lið komi nýir stafliðir, þannig:

h. Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, og við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda á fæði til tekna. Enn fremur skal draga frá tekjum háseta, bátsmanns og 2. stýrimanns á togara kr. 300.00 á mánuði og frá tekjum sjómanna á öðrum fiskiskipum kr. 200.00 á mánuði vegna sérstaks hlífðarfatakostnaðar, hvort



41

14. apríl

tveggja miðað við þann viknafjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn.

- i. Ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, eftir mati skattayfirvalda. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð um þennan frádrátt.
  - j. Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, en keypt er í staðinn heimilisaðstoð, og er þá heimilt að draga frá tekjum hjónanna, áður en skattur er á þær lagður, fjárhæð, er nemur persónufrádrætti konunnar samkvæmt 12. gr. og  $\frac{1}{3}$  af persónufrádrætti barna og annarra ómaga, sem hjónin hafa á framfæri á heimili sínu. Frádrátturinn í heild má þó aldrei vera meiri en nemur  $\frac{2}{3}$  af því, sem konan vinnur inn, og heldur ekki meiri en greitt hefur verið fyrir keypta heimilisaðstoð. Til keyptrar heimilisaðstoðar telst kaup og hlunnindi þjónustufólks á heimilum og greiðslur fyrir börn á dagheimilum. Sama gildir um einstæðar mæður, ef þær framfæra börn sín eða aðra ómaga heima og kaupa heimilisaðstoð vegna eigin öflunar skattskyldra tekna. Ekkjar og ógiftir menn, sem hafa börn eða aðra ómaga á framfæri á heimili sínu og hafa haft ráðskonu eða keypt heimilisaðstoð, mega draga frá skattskyldum tekjum fjárhæð, sem nemur persónufrádrætti konu og  $\frac{1}{3}$  af persónufrádrætti ómaga sinna á heimilinu, þó ekki meira en tilkostnaðinum nemur.
  - k. Kostnaður við stofnun heimilis skal dreginn frá tekjum hjóna á því skattári, sem þau ganga í hjónaband, og skal sá frádráttur nema persónufrádrætti fyrir ómagalaus hjón samkvæmt 12. gr.
    1. Helming af björgunarlaunum, er áhafnir skipa hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir þeirra skipa, sem eingöngu eru björgunarskip. Heimilt er að láta þetta ákvæði gilda um björgunarlaun, sem greidd voru árin 1951 og 1952, og endurgreiða skatt samkvæmt því.
  - m. Nú færir leigutaki í íbúðarhúsnæði sönnur á, að hann borgi hærri húsaleigu en því nemur, sem afnot húsnæðisins mundu talin til tekna, ef það væri sjálfsíbúð, og er honum þá heimilt að telja hálfan muninn til frádráttar tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Frádráttarheimild þessi gildir þó ekki fyrir einhleypa, og húsaleigufrádrátturinn má ekki nema meiru en kr. 600.00 á ári á hvern mann, sem framteljandi hefur bæði á framfæri og í heimili.
5. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:
- Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefur þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

#### 8. gr.

2. málsgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Tekjur barna innan 16 ára (þar með talin stjúpborn, kjörborn og fósturbörn) teljast með tekjum foreldra. Séu tekjurnar meiri en sem nemur frádrætti fyrir börn samkvæmt 12. gr., er þó heimilt, að þau séu sjálfstæðir skattgreiðendur.

#### 9. gr.

Fyrir 1. málsgr. 12. gr. laganna komi þrjár málsgreinar, þannig:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, skal draga sem hér segir:

Fyrir einstakling kr. 6500.00.

Fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort).

Fyrir hvert barn kr. 4500.00.

Nú breytist kaupgjaldsvisitala til hækkunar eða lækkunar frá því sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá framangreindum frádráttarupphæðum breytt í réttu hlutfalli við vísitölubreytingarnar. Brot úr hundraði skal fella niður af útkomu, þegar reiknaðar eru út frádráttarupphæðir.

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn, en hafi þeir tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

#### 10. gr.

Á eftir II. kafla laganna (21. gr.) kemur ný gr. (verður 22. gr.) í nýjum kafla, er verður III. kafli, með fyrirsögninni: Um skattfrelsi sparifjár:

Undanþegnar framtalsskyldu og eignarskatti eru innstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo sem hér segir:

a. Innstæður skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.

b. Innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldar meira en 120 þús. kr. samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær. Ákvæði þetta um frávik vegna fasteignaveðskulda nær ekki til félaga, sjóða eða stofnana.

c. Sá hluti innstæðna hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir. Innborgað hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga í þessu sambandi.

Undanþegnir framtalsskyldu og tekjuskatti eru allir vextir af eignarskattfrjáls-um innstæðum.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru, en njóta undanþágunnar, skulu með venjulegum hætti færa allar innstæður sínar og vexti af þeim í bækur sínar og ársreikninga.

Komi í ljós á framtölum gjaldenda ósamræmi milli ára, sem stafað getur af því, að innstæða hefur ekki verið framtalin vegna framangreindrar undanþágu, ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld, þegar þess er krafizt, yfirlit frá innlánsstofnunum um allar innstæður sínar á tímabili því, sem um er að ræða, og einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja þörf fyrir í þessu sambandi.

#### 11. gr.

1. másl. 1. málsgr. 31. gr. laganna orðist þannig:

Gjaldendur skulu skattlagðir þar, sem þeir eiga lögheimili samkv. allsherjar-  
spjaldskrá Hagstofu Íslands hinn 1. desember á viðkomandi skattári.

#### 12. gr.

Í stað orðanna „ófullnægjandi og óglögg og tortryggileg“ í 4. másl. 1. málsgr. 34. gr. laganna komi: ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg.

#### 13. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þegar á skattgreiðanda hefur fallið vegna alvarlegra sjúkdóma tilfinnanlegur kostnaður, sem ekki er bættur samkvæmt lögum um almannatryggingar, eða veik-

14. apríl 41 indi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol hans verulega, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni og senda hana með umsögn sinni til yfirsattaneftndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattaneftnd getur og að eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar. Yfirsattaneftndir geta einnig, eftir tillögum undirsattaneftnda, leyft persónufrádrátt fyrir settingja eða vandamenn, sem vitað er um að skattþegn hefur á framfæri sínu, allt að þeirri upphæð, sem leyfð er til frádráttar fyrir skylduómaga samkvæmt 12. gr.

## 14. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist:

Einnig er ráðuneytinu heimilt að kæra úrskurði skattaneftnda með sama hætti og skattþegni sjálfum. Þó er ráðuneytið eigi bundið við kærufresti.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um alla ríkisskatta, er skattaneftndir fjalla um.

## 15. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti,  $\frac{1}{2}\%$  fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót, eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Enn fremur getur ráðherra með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjalddanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

Nú breytir ríkisskattaneftnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

## 16. gr.

Á eftir 55. gr. laganna komi fimm nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (63. gr.) Auk þess tekjuskatts, sem ákveðinn er í 6. gr., skulu þeir skattgreiðendur, sem taldir eru í 3. gr., greiða skattauka árið 1954 af tekjum ársins 1953 samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðist 2%.

Af	9—10 þús. kr. greiðist	20 kr. af	9 þús. kr. og	4 % af afgangi	41
—	10—12 — — —	60 — —	10 — — —	5 % — —	14. apríl
—	12—14 — — —	160 — —	12 — — —	6 % — —	
—	14—17 — — —	280 — —	14 — — —	7 % — —	
—	17—20 — — —	490 — —	17 — — —	8 % — —	
—	20—25 — — —	730 — —	20 — — —	9 % — —	
—	25—30 — — —	1180 — —	25 — — —	10 % — —	
—	30—40 — — —	1680 — —	30 — — —	11 % — —	
—	40—100 — — —	2780 — —	40 — — —	12 % — —	
—	100—125 — — —	9980 — —	100 — — —	10 % — —	
—	125—150 — — —	12480 — —	125 — — —	7 % — —	
—	150—200 — — —	14230 — —	150 — — —	5 % — —	
—	200 — — —	16730 — —	200 — — —		

Um álagningu, gjalddaga, dráttarvexti, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts gilda sömu reglur og um tekjuskatt og eignarskatt.

- b. (64. gr.) Þegar reiknaður hefur verið tekjuskattur þeirra, er um ræðir í 6. gr. II—III, og tekjuskattsviðauki samkvæmt 63. gr., skal árið 1954 skattupphæð hvers einstaks gjaldanda, af tekjum ársins 1953, lækkuð um 20% — tuttugu af hundraði.
- c. (65. gr.) Stríðsgróðaskattur samkvæmt lögum nr. 21/1942, sem árið 1954 er lagður á tekjur ársins 1953, skal lækkaður hjá hverjum einstökum gjaldanda um 20% — tuttugu af hundraði.
- d. (66. gr.) Eigi er heimilt að leggja tekjuútsvar á þann hluta hreinna tekna, sem er umfram 200 þús. kr. hjá þeim gjaldanda, er greiðir stríðsgróðaskatt.
- e. (67. gr.) Eignarskattur samkvæmt 14. gr., á lagður árið 1954, skal innheimtur með 50% álagi.

#### 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við skattaálagningu 1954 á tekjur ársins 1953. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr., hluti af 4. gr. (a- og b-liðir), 5. gr. og hluti af 14. gr. (a- og i-liðir) laga nr. 20 1942, lög nr. 16 1949 og lög nr. 60 1949, um breyt. á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

#### 18. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

42

14. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

## HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvorandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá ríkinu eða ríkisstofnun, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur 1. málsg. óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem herra var launað, ef það meðaltal er herra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórnin lætur fara fram endurskoðun á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, í samráði við stjórn sjóðsins. Verði m. a. athugað, hvort ekki sé rétt með hliðsjón af breyttum aðstæðum að hækka aldurstakmark frá því, sem nú er um rétt til fullrar lífeyrisgreiðslu, svo og annað það, sem af slíkri breytingu kann að leiða. Skal endurskoðuninni lokið á þessu ári.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

## um Kirkjubyggingasjóð.

43

14. apríl

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjubyggingasjóður. Hlutverk sjóðsins er að veita þjóðkirkjusöfnuðunum vaxtalaus lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum.

## 2. gr.

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð kr. 500000.00 á ári næstu 20 ár. Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Biskup landsins á sæti í stjórninni og er formaður hennar, en tveir stjórnarmenn skulu kosnir af Synodus til þriggja ára í senn. Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

## 3. gr.

Ekki má veita lán úr sjóðnum samkv. 1. gr., nema teikning að kirkjubyggingu eða endurbót eldri kirkju hafi verið samþykkt af þriggja manna nefnd, er í skulu eiga sæti biskup landsins, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar. Árlegar tekjur kirkjunnar skulu vera til tryggingar láninu. Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að kr. 200.00 á hvern teningsmetra, þó aldrei meiru en kr. 1000.00 á hvern fermetra gólfflatar. Byggingarlánin endurgreiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 50 árum.

Til endurbóta eldri kirkna má eigi veita hærri lán en sem svarar  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, samkvæmt reikningum, sem biskup úrskurðar. Lánin endurgreiðast á 20 árum með jöfnum afborgunum.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

## Bráðabirgðaákvæði.

Endurgreiða skal úr Kirkjubyggingasjóði vexti af lánnum þeim til kirkjubygginga og endurbóta eldri kirkna, er tekin hafa verið eftir árslok 1945, enda sanni kirkjureikningar, að lánin nemi ekki stærri hluta af byggingar- og viðgerðarkostnaði en sagt er í 3. gr.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Steingrímur Steinþórsson.*

44

14. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1954, 1955 og 1956. Enn fremur skal heimildin gilda um farþega- og vöruflutningaflugvélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1954—1956.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

45

14. apríl

## BRÉF

handhafa valds forseta Íslands um þinglausnir.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Að vér veitum hér með forsætisráðherra, Ólafi Thors, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 73. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

## um tekjuskatt og eignarskatt.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Að vér samkv. 18. gr. laga nr. 41 14. apríl 1954 höfum látið fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og gefum þau út svo breytt:

## I. KAFLI

## Um tekjuskatt.

## 1. gr.

Hver maður heimilisfastur hér á landi er skyldur til, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, að greiða skatt í rikissjóð af tekjum sínum.

Nú dvelur maður erlendis um stundarsakir, en bregður eigi heimilisfangi sínu hér á landi, og skal hann þá gjalda skatt eins og hann dveldi að staðaldri í landinu.

## 2. gr.

Nú er maður eigi heimilisfastur hér á landi, en á hér fasteignir og hefur tekjur af þeim, eða af atvinnu, eða af sýslan, sem hér eða héðan er rekin, svo sem sjómenn á íslenskum skipum, sem eigi greiða skatt í öðru ríki, og skal hann þá gjalda skatt af tekjum þessum og tilnefna fyrir hlutaðeigandi skattheimtumanni, hver greiði skattgjald hans, enda sé sá maður búsettur á skattsvæði skattheimtumanns.

Sömuléiðis skal sá, er eigi hefur aðsetur hér á landi, en hefur laun, biðlaun eða styrk úr rikissjóði, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, eða tekjur frá öðrum innlendum aðilum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárlins.

Þeir menn, er starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis, skulu undanþeginnir tekjuskatti af þeim launum, er þeir fá fyrir slík störf.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti þeirra erlendra og íslenskra ríkisborgara, sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

## 3. gr.

Tekjuskatt greiða enn fremur:

- a. Hlutafélög, samlagshlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, nema tekjuafgangi sé einungis varið til almennra þarfa.
- b. Gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög, smjörbú, sláturfélög og önnur samvinnufélög.
- c. Önnur félög, sjóðir og stofnanir, sem ekki eru sérstaklega undanþeginn skattgjaldi, sbr. 4. gr., svo og dánarbú og þrotabú.

Ef ekki eru fleiri en 3 félagar í verzlunarfélagi eða öðru atvinnufélagi með persónulegri ábyrgð, er skattur ekki lagður á félagið sjálft, heldur hvern einstakan féлага, ef ósk kemur fram um það frá félaginu, um leið og tekjur eru taldar fram, enda fylgi beiðninni þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða skatt hvers einstaks féлага.



46 Slik félög og stofnanir, sem um ræðir í þessari grein og ekki eiga heimili hér á landi, en hafa hér tekjur af eignum eða atvinnu, sams konar og um ræðir í 2. gr., skulu greiða skatt í rikissjóð af tekjum þessum.

Fjármálaráðherra setur nánari ákvæði um skattskyldu þeirra, sem erlendis eru búsettir.

#### 4. gr.

Undanþágu frá öllum tekjuskatti hafa: Forseti Íslands, rikissjóður, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og aðrir þeir sjóðir, er standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélög og bæjarfélög og fyrirtæki, er þau reka, og sjóðir þeirra, íslenzkir kirkjusjóðir, sparisjóðir, sem engan arð greiða stofnendum sínum eða ábyrgðarmönnum, og enn fremur sjóðir, félög og stofnanir, er ekki reka atvinnu eða veitt er skattfrelsi með sérstökum lögum.

#### 5. gr.

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar, sendiráðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna frá innlendum aðilum, eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki hérlendis.

#### 6. gr.

I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., reiknast þannig:

##### a. Skattgjald einstaklinga:

Ef skattskyldar tekjur eru undir 1000 kr., greiðist enginn skattur.

Af 1—2 þús. kr. greiðist 1%.

Af	2—5 þús. kr. greiðist	10 kr. af	2 þús. og 2 % af afgangi
— 5—9	— — —	70 — —	5 — — 3 % — —
— 9—20	— — —	190 — —	9 — — 4 % — —
— 20—30	— — —	630 — —	20 — — 6 % — —
— 30—40	— — —	1230 — —	30 — — 10 % — —
— 40—50	— — —	2230 — —	40 — — 15 % — —
— 50—60	— — —	3730 — —	50 — — 20 % — —
— 60—70	— — —	5730 — —	60 — — 25 % — —
— 70—100	— — —	8230 — —	70 — — 30 % — —
— 100—130	— — —	17230 — —	100 — — 35 % — —
— 130 þús. og yfir	— — —	27730 — —	130 — — 40 % — —

##### b. Skattgjald hjóna:

Ef skattskyldar tekjur eru undir 2 þús. kr., greiðist enginn skattur.

Af 2—3 þús. kr. greiðist 1%.

Af	3—6 þús. kr. greiðist	10 kr. af	3 þús. og 2 % af afgangi
— 6—13	— — —	70 — —	6 — — 3 % — —
— 13—20	— — —	280 — —	13 — — 4 % — —
— 20—25	— — —	560 — —	20 — — 5 % — —
— 25—30	— — —	810 — —	25 — — 6 % — —
— 30—35	— — —	1110 — —	30 — — 7 % — —
— 35—45	— — —	1460 — —	35 — — 10 % — —
— 45—50	— — —	2460 — —	45 — — 15 % — —
— 50—60	— — —	3210 — —	50 — — 20 % — —
— 60—70	— — —	5210 — —	60 — — 25 % — —
— 70—100	— — —	7710 — —	70 — — 30 % — —
— 100—130	— — —	16710 — —	100 — — 35 % — —
— 130 þús. og yfir	— — —	27210 — —	130 — — 40 % — —

Þeir, sem um ræðir í 2. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. 46

14. apríl

Nú breytist kaupgjaldsvisitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá tekjutölum framangreindra skattstiga breytt í réttu hlutfalli við það. Brot, sem nemur minna en hálfu þúsundi, falli niður við útreikning tekjutalna, en stærra brot hækki í þúsund. Hundraðshluta-tölur (%) skattstiganna breytast ekki, þótt visitala raskist.

Þeir gjaldendur, sem greiða tekjuskatt samkvæmt ákvæðum a- og b-liða hér á undan, skulu ekki greiða stríðsgróðaskatt samkvæmt lögum nr. 21 20. maí 1942.

## II. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í a- og c-liðum 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—2000 kr. greiðist	10 kr. af	1000 kr. og	2 %	af afgangi
—	2000—3000 —	30 —	2000 —	3 %	—
—	3000—4000 —	60 —	3000 —	4 %	—
—	4000—5000 —	100 —	4000 —	5 %	—
—	5000—6000 —	150 —	5000 —	6 %	—
—	6000—7000 —	210 —	6000 —	7 %	—
—	7000—8000 —	280 —	7000 —	8 %	—
—	8000—9000 —	360 —	8000 —	9 %	—
—	9000—10000 —	450 —	9000 —	10 %	—
—	10000—12000 —	550 —	10000 —	11½ %	—
—	12000—14000 —	780 —	12000 —	13 %	—
—	14000—17000 —	1040 —	14000 —	15 %	—
—	17000—20000 —	1490 —	17000 —	17 %	—
—	20000—25000 —	2000 —	20000 —	18 %	—
—	25000—30000 —	2900 —	25000 —	19 %	—
—	30000—40000 —	3850 —	30000 —	20 %	—
—	40000—50000 —	5850 —	40000 —	21 %	—
—	50000—60000 —	7950 —	50000 —	22 %	—

Félög þau og stofnanir, sem um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., þar með talin erlend félög og stofnanir, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum.

## III. Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í b-lið 3. gr., greiðist jafnan 8%.

### 7. gr.

Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, alls konar arður, laun og gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem:

a. Tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun, verksmiðjuiðnaði, handiðn, námurekstri og sérhverjum öðrum atvinnurekstri, enn fremur allar tekjur, sem telja má endurgjald fyrir starfsemi í þágu vísinda, lista og bókmennnta, eða fyrir hvers konar vinnu, greiða eða aðstoð. Til slíkra tekna telst fæði, húsnæði og önnur hlunnindi, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.

b. Tekjur af embættum eða sýslunum, svo sem: Föst laun, aukatekjur, embættisbústaður og önnur hlunnindi, landauragjald, jarðarafnot, endurgjald fyrir skrifstofukostnað (sbr. 10. gr. c.); enn fremur eftirlaun, biðlaun, lífeyrir, gjafir og styrktarfé. Til skattskyldra gjafa telst m. a.: Gjafir eða hlunnindi, sem sýnilega eru gefin sem kaupauki, beinar gjafir í peningum eða öðrum skattskyldum verðmætum, sem nokkru verulegu nemur, þar með talin afhending slíkra eigna í

46  
14. apríl

- hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, sbr. 9. gr. b. Komi endurgjald fyrir þessar eignir að einhverju leyti, skal meta til tekna mismuninn á því endurgjaldi og áætluðu matsverði hinnar gefnu eignar. Undanskildar skulu þó tækifærisgjafir, nema arðberandi eignir séu gefnar.
- c. Landskuld af leigujörðum og arður af alls konar ítökum og hlunnindum, leiga eftir hús, lóðir og skip, svo og áætlað afgjald af fasteignum og skipum, er eigandi notar sjálfur eða lætur öðrum í té til afnota án endurgjalds; enn fremur leiga af innstæðukúgildum á jörðum, sem eru í leiguabúð, og arður af byggingarpeningi og öðru lausafé, sem á leigu er selt.
- d. Vextir eða arður af skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum innlendum eða útlendum verðbréfum, svo og vextir af útistandandi skuldum og öðrum fjárkröfum, þótt bréf sé eigi fyrir, af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu, þó ekki vextir af skattfrjálsri innstæðu, sbr. ákvæði laganna um skattfrelsi sparifjár. Til arðs af hlutabréfum telst, auk venjulegrar arðsútborgunar, úthlutuð friðhlutabréf og sérhver önnur afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu, enn fremur úthlutanir við félagsslit umfram upphaflegt hlutafjárframlag, þ. e. nafnverð hlutabréfanna, og skiptir ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð þau hafa verið seld og keypt. Arð hlutafélags af eign í eigin hlutabréfum skal reikna á sama hátt og af bréfum einstakra hluthafa.

Til arðs af verðbréfum (t. d. skuldabréfum og vixlum) teljast afföll af slíkum bréfum, og skulu afföllin talin til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir árafjölda afborgunartímans, ef afborgunartíminn er skemmri en 5 ár, en ef afborgunartíminn er 5 ár eða lengri, skulu afföllin talin til tekna með jöfnum fjárhæðum í 5 ár.

- e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlzt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða eða hún hefur verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða, en annars skemur en 3 ár. Þó má draga frá þessum ágóða skaða, sem kynni að hafa orðið á sams konar sölu á árinu. Ákvæði þessi taka ekki til þess, er skattþegn hefur eignast hið selda við arftöku, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, en þá telst söluhagnaður, miðað við upphaflegt kostnaðarverð, til skattskyldra tekna, ef hið selda hefur verið í eign arfleifanda og erfingja skemur en 5 ár samanlagt, ef um fasteign er að ræða, en ella skemur en 3 ár.

Nú selur skattþegna fasteign, sem hefur verið í eigu hans skemur en 5 ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en tvö ár eru liðin frá söludegi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda, en ef það er lægra að mati, skal sölugróði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða eða að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum laganna um skattgreiðslu, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúðar.

Nú er eign önnur en fasteign og skip og flugvél, sem hefur verið í eigu skattgreiðanda í 3 ár eða lengur og fyrning hefur verið reiknuð af, seld hærra verði heldur en nemur óafskrifuðum hluta hennar, og skal þá það, sem umfram er, teljast skattskyldar tekjur, þó ekki hærri fjárhæð en nemur öllum veittum fyrningarafskriftum. Skiptast tekjur þessar við útreikninga skatts á jafnmörg ár aftur í tímann og afskriftirnar hafa farið fram á, þó ekki fleiri en 10 ár. Skatturinn greiðist í einu lagi.

- f. Vinningur í veðmáli, happdrætti eða því um líku, nema skattfrjálst sé samkvæmt sérstökum lögum.

Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e., þegar 46  
vegna þeirra hefur myndast krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur 14. apríl  
sé að ræða.

### 8. gr.

Til skattskyldra tekna félaga og stofnana, sem umræðir í 3. gr., teljast eigi aðeins þær tekjur, sem varið er til eignaaukningar, yfirfærslu til næsta árs, óvenju-  
legra fyrninga og safnað er í tryggingarsjóði, aðra en varasjóð, heldur og þær tekjur,  
sem varið er til þess að greiða hluthöfum og félagsmönnum arð eða vexti af  
innborguðu fé og til myndunar eða aukningar varasjóða, þó með þeim takmörkun-  
um, er síðar segir.

Skattskyldar tekjur váttryggingarfélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti  
heildarágóðans, sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna félagsins hér á landi  
og iðgjaldateknanna af allri starfsemi þess.

Fjármálaráðherra getur sett fyrirmæli um heimild innlendra váttryggingar-  
félaga til þess að draga frá tekjum sínum það, er þau leggja til hliðar til þess að  
inna af hendi skyldur sínar gagnvart váttryggðum.

Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum  
sínnum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í  
stofnsjóði, samkv. l. nr. 36 27. júní 1921, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og  
enn fremur vexti af stofnsjóði, og telst það eigi til skattskyldra tekna hjá félaginu.  
Á sama hátt mega slík félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna,  
draga frá það, sem þau þannig úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við fram-  
lög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts  
sem tekjur hinna einstöku félagsmanna.

Ef kaupfélag selur einnig öðrum vörur en félagsmönnum sínum, er allur arð-  
urinn af slíkri sölu skattskyldar tekjur hjá félaginu. Geti félagið ekki gert grein  
fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allan hagnaðinn af starfsemi fé-  
lagsins skattskyldar tekjur.

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a, mega draga frá tekjum sínum 5%  
af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin  
tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi  
hærrí fjárhæð en sem nemur  $\frac{1}{5}$  — einum fimmta — af hreinum tekjum félags,  
áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu,  
er dregið frá tekjunum. Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðal-  
atvinnurekstur, og félögum, sem samkvæmt lögum geta ekki úthlutað varasjóði  
sínnum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. l. nr. 46 13. júní 1937, má þó draga frá tekjunum  
varasjóðstillag, sem nemur  $\frac{1}{3}$  — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður  
en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur  
verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir  
til að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði, sem myndaður er eftir 1. jan. 1941, er síðar  
varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaparfa þeirra á beinan eða óbein-  
an hátt eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins,  
skal telja þá fjárhæð að viðbættum 20% — tuttugu af hundraði — til skattskyldra  
tekna á því ári. Nú er einhverri fjárhæð úr varasjóði, sem myndaður var fyrir 1.  
janúar 1941, varið á þann hátt, er að framan greinir, og skal þá telja  $\frac{3}{5}$  þeirrar  
fjárhæðar til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Það telst ráðstöfun á fé vara-  
sjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna  
framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftir greindum hætti:

- 46  
14. apríl
- a. Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
  - b. Veitir hluthöfum, stjórnendur félags eða öðrum nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
  - c. Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattanefndar. Skal þá skattanefnd meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs skattanefndar telst ráðstafað úr varasjóði, og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa. Undanskilin eru þó opinber verðbréf ríkis- og bæjarfélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. ákvæðum næstu málsgreinar hér á undan, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánnum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið, heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið, og mismun matsverðs og kaupverðs eigna samkv. c-lið. Þó ná ákvæði a—b- og c-liðar ekki til þeirra upphæða, sem íslensk útgerðarfélag áttu í varasjóði samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1939, að því leyti, sem þau ganga lengra en takmarkanir um ráðstafanir á fé varasjóðs, sem giltu samkvæmt lögum nr. 6 9. jan. 1935 og lögum nr. 39 12. febr. 1940.

Nú rýrnar varasjóðseign félags, og skal þá telja, að sá hluti varasjóðs, sem til var 1. jan. 1941, eyðist á undan þeim sjóði, er síðar myndaðist, sbr. þó 61. gr.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbættri þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

#### 9. gr.

Til tekna telst ekki:

- a. Sá eignarauki, sem stafar af því, að fjármunir skattgreiðanda hækka í verði, — hins vegar kemur ekki heldur til frádráttar tekjum, þótt slíkir fjármunir lækki í verði, — ekki heldur tekjur, sem stafa af sölu á eignum skattgreiðanda (að meðtöldum verðbréfum), nema slík sala falli undir atvinnurekstur hlutaðeigandi skattgreiðanda, t. d. fasteignaverzlun, eða hún falli undir ákvæði í 7. gr. e. Þegar svo stendur á, telst verzlunarhagnaðurinn af sölnni til tekna, en draga má frá honum þann skaða, sem kynnir að hafa orðið á sams konar sölu á árinu.
- b. Eignarauki, sem stafar af arftöku, fyrirframgreiðslu upp í arf, fallinn eða ófallinn, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur, af stofnun hjúskapar, útborgun lífsábyrgðar, brunabóta, örorku eða þess háttar.
- c. Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda, sem sannast hefur um við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir. Eftirgjöf skulda telst þó til tekna, ef uppgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi.
- d. Endurgreiðsla, er skattgreiðandi fær, er hann verður að vera um stundarsakir fjarverandi heimili sínu vegna starfa í almenningsþarfir.
- e. Eignarauki, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti, sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. e-lið 7. gr. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.

- f. Jarðræktarframlag ríkisins, samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga, nr. 45 17. maí 1950. 46
- g. Fæði sjómanns, er hann fær hjá atvinnurekanda. 14. apríl

## 10. gr.

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

- a. Rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, er stafa beinlínis af atvinnu eða öflun tekna, svo og venjulega fyrningu, eða það, sem varið er til tryggingar og nauðsynlegs viðhalds á arðberandi eignum gjaldanda. Sömu reglu um fyrningu skal fylgja frá ári til árs. Nánari ákvæði um hvernig reikna skuli fyrningu eða viðhald skulu sett í reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, og er þar heimilt að ákveða til frádráttar vegna fyrningar og viðhalds fasteigna vissa hlutfallstölu (prósentu) af fasteigna- eða brunabótaverði þeirra. Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur launauppbót greidd starfsmönnum og verkamönnum, hvort sem hún er goldin í reiðufé eða hlutabréfum.

Með rekstrarkostnaði telst ekki það, sem gjaldandi hefur varið sér og skylduliði sínu til framfæris og notkunar, eigi heldur kaup handa honum sjálfum, né neinum af skylduliði hans, nema sá telji tekjur sínar fram sér í lagi. Eigi má gjaldandi heldur telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann sjálfur hefur lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé. Og ekki má færa til gjalda greiðslu fyrir einkaleyfi eða verzlunarleyfi.

- b. Tap á útistandandi skuldum, enda stafi skuldin beinlínis af atvinnurekstri aðila og vitanlegt, að hún sé töpuð. — Það ár eitt kemur töpuð skuld til frádráttar, er vitanlegt þykir, að hún er töpuð. Nú greiðist skuld, er áður var talin töpuð að einhverju eða öllu leyti, og skal hið greidda þá talið til tekna það ár, er greiðsla átti sér stað.

Tap, sem verður á atvinnurekstri félaga eða einstaklinga, má flytja á milli ára um tvenn áramót og draga frá skattskyldum tekjum, þar til það er að fullu greitt, enda hafi verið gerð fullnægjandi grein fyrir tapinu á framtali til tekju- og eignarskatts fyrir það ár, þegar tapið varð, og ekki sé úthlutað arði til hluthafa á því tímabili, fyrr en félagið hefur unnið upp tapið. Milli ára er þó ekki leyfilegt að fær tap, ef það, eða skuldir þær, sem mynduðust þess vegna, hefur verið eftir gefið fyrir ráðstafanir þess opinbera.

- c. Frá embættistekjum skal draga þann kostnað, sem embættisreksturinn hefur haft í för með sér, svo sem skrifstofukostnað og lögmæltar kvaðir, er á embættum hvíla.
- d. Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærri upphæð en kr. 7000.00 á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslur til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi sem því nemur og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árábil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár („annuitetstrygging“).

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkvæmt lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyristryggingu dragist frá tekjum samkvæmt framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar m. a. fyrir mæli um ávöxtun og vörzlu tryggingarfjárins og eftirlit með starfsemi.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki herra iðgjald en kr. 2000.00.

- e. Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 5% af hreinum tekjum aðila.
- f. Vexti af skuldum gjaldanda, öðrum en þeim, sem ræðir um í staflíð a. Þó má ekki færa til gjalda vexti af skuldum stofnuðum vegna húsbýgginga, sem áfallnir eru áður en húsin eru tekin í notkun. Afföll af seldum verðbréfum skal færa til gjalda skv. reglunum í 7. gr. d-lið, síðustu málsg. r.
- g. Eignarskatt, sem greiddur hefur verið á árinu.
- h. Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskípum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, og við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda á fæði til tekna. Enn fremur skal draga frá tekjum háseta, bátsmanns og 2. stýrimanns á togara kr. 300.00 á mánuði og frá tekjum sjómanna á öðrum fiskiskípum kr. 200.00 á mánuði vegna sérstaks hlífðarfatakostnaðar, hvort tveggja miðað við þann viknafjölda, sem þeir voru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn.
- i. Ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, eftir mati skattayfirvalda. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð um þennan frádrátt.
- j. Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, en keypt er í staðinn heimilisaðstoð, og er þá heimilt að draga frá tekjum hjónanna, áður en skattur er á þær lagður, fjárhæð, er nemur persónufrádrætti konunnar samkvæmt 12. gr. og  $\frac{1}{3}$  af persónufrádrætti barna og annarra ómaga, sem hjónin hafa á framfæri á heimili sínu. Frádrátturinn í heild má þó aldrei vera meiri en nemur  $\frac{2}{3}$  af því, sem konan vinnur inn, og heldur ekki meiri en greitt hefur verið fyrir keypta heimilisaðstoð. Til keyptrar heimilisaðstoðar telst kaup og hlunnindi þjónustufólks á heimilum og greiðslur fyrir börn á dagheimilum. Sama gildir um einstæðar mæður, ef þær framfæra börn sín eða aðra ómaga heima og kaupa heimilisaðstoð vegna eigin öflunar skattskyldra tekna. Ekklar og ógiftir menn, sem hafa börn eða aðra ómaga á framfæri á heimili sínu og hafa haft ráðskonu eða keypt heimilisaðstoð, mega draga frá skattskyldum tekjum fjárhæð, sem nemur persónufrádrætti konu og  $\frac{1}{3}$  af persónufrádrætti ómaga sinna á heimilinu, þó ekki meira en tilkostnaðinum nemur.
- k. Kostnaður við stofnun heimilis skal dreginn frá tekjum hjóna á því skattári, sem þau ganga í hjónaband, og skal sá frádráttur nema persónufrádrætti fyrir ómagalaus hjón samkvæmt 12. gr.
- l. Helming af björgunarlaunum, er áhafnir skipa hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir þeirra skipa, sem eingöngu eru björgunarskip. Heimilt er að láta þetta

ákvæði gilda um björgunarlaun, sem greidd voru árin 1951 og 1952, og endur- greiða skatt samkvæm því. 46

14. apríl

m. Nú færir leigutaki í íbúðarhúsnæði sönnur á, að hann borgi hærri húsaleigu en því nemur, sem afnot húsnæðisins mundu talin til tekna, ef það væri sjálfs- íbúð, og er honum þá heimilt að telja hálfan muninn til frádráttar tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Frádráttarheimild þessi gildir þó ekki fyrir einhleypa, og húsaleigufrádrátturinn má ekki nema meiru en kr. 600.00 á ári á hvern mann, sem framteljandi hefur bæði á framfæri og í heimili.

Þegar skattur er lagður á tekjur, sem renna til einstaklinga, félaga eða stofn- ana, sem ekki eiga heimili hér á landi (sbr. 2. gr. og 3. málgr. 3. gr.), má draga frá tekjunum þau útgjöld, sem beinlínis viðkoma þessum tekjum.

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefur þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til at- vinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

#### 11. gr.

Tekjur hjóna, er samvistum eru, skulu saman taldar til skattgjalds, enda þótt séreign sé eða sératvinna, enda ábyrgjast bæði skattgreiðslu. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslu annast, eða erfingjum þess, að krefjast endurgjalds af hinu eða erf- ingjum þess á þeim hluta skattsins, er að réttum tölum kemur á séreign eða sér- atvinnu þess hjóna, er eigi innti af hendi skattgreiðslu.

Tekjur barna innan 16 ára (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) teljast með tekjum foreldra. Séu tekjurnar meiri en sem nemur frádrætti fyrir börn samkvæmt 12. gr., er þó heimilt, að þau séu sjálfstæðir skattgreiðendur.

Með tekjum barna, sem eru í foreldrahúsum og eru sjálf skattgreiðendur, telst eigi það framfæri, sem þau fá að nokkru eða öllu leyti hjá heimilisföður, nema það sé endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur hans.

#### 12. gr.

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðn- ar samkvæmt lögum þessum, skal draga sem hér segir:

Fyrir einstakling kr. 6500.00.

Fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort).

Fyrir hvert barn kr. 4500.00.

Nú breytist kaupgjaldsvisitala til hækkunar eða lækkunar frá því sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá framangreindum frádráttarupphæðum breytt í réttu hlutfalli við vísitölubreytingarnar. Brot úr hundraði skal fella niður af út- komu, þegar reiknaðar eru út frádráttarupphæðir.

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skatt- greiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn, en hafi þeir tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimntist þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkv. þessari grein skal sleppa því, sem afgangs verður þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkv. 6. gr.



**46** Ef tekjurnar eftir allan löglegan frádrátt nema ekki fullum 100 kr., greiðist 14. apríl enginn skattur af þeim.

13. gr.

Skattinn skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila, eða hann sýni, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár, enda getur skattanefnd þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

II. KAFLI

Um eignarskatt.

14. gr.

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir:

Ef eignin er yfir 10000 kr., en undir 15000 kr., greiðist af henni 1‰.

Af 15000—	30000 kr. greiðist	15 kr. af	15000 og	2‰ af afgangi
— 30000—	40000 — —	45 — —	30000 —	3‰ — —
— 40000—	50000 — —	75 — —	40000 —	4‰ — —
— 50000—	75000 — —	115 — —	50000 —	5‰ — —
— 75000—	100000 — —	240 — —	75000 —	6‰ — —
— 100000—	250000 — —	390 — —	100000 —	7‰ — —
— 250000—	500000 — —	1440 — —	250000 —	8‰ — —
— 500000—	1000000 — —	3440 — —	500000 —	9‰ — —
— 1000000 og þar yfir	—	7940 — —	1000000 —	10‰ — —

Af eign, sem ekki nemur yfir 10000 kr., greiðist enginn skattur.

15. gr.

Eignarskatt greiði allir hinir sömu, sem skattskyldir eru til tekjuskatts, ef þeir eiga eign og eignarréttindi, sem skatt ber að greiða af samkvæmt lögum þessum. Innlend hlutafélög og önnur félög hafa leyfi til að draga hlutafé sitt eða stofnfé frá eignaupphæðinni, áður en skattur er á lagður.

Menn, sem eigi eru heimilisfastir hér á landi, og útlend félög greiða eignarskatt af þeim eignum sínum hér á landi, sem gefa af sér tekjur þær, er um ræðir í 2. gr., og reiknast skatturinn samkvæmt reglunum í 14. gr., þó aldrei lægri en 4‰ af hinum skattskyldu eignum.

16. gr.

Undanþegnir öllum eignarskatti eru hinir sömu, sem samkvæmt 4. gr. eru undanþegnir tekjuskatti. Þeir, sem samkvæmt 5. gr. eru undanþegnir tekjuskatti, eru einnig undanþegnir eignarskatti, í samræmi við reglur þær, sem settar eru í þeirri grein.

17. gr.

Skattskyldar eignir teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, sem gerðar eru í 14. og 15. gr., allar fasteignir og allt lausafé skattgreiðanda, að frá-dregnum skuldum, svo sem jarðir, húseignir, skip, skepnur, verkfæri, vélar, vöru-birgðir, peningar og verðbréf, útistandandi skuldir og aðrar fjárkröfur og verðmæt eignarréttindi, húsgögn og aðrir innanstokksmunir og skartgripir. Þegar skattur greiðist samkvæmt síðari málsgrein 15. gr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. — Eignirnar eru jafnt skatt-skyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða engar.

## 18. gr.

46

14. apríl

Með skattskyldum eignum er eigi talið:

- a. Skilyrðisbundin fjárréttindi, svo sem réttur til lífsábyrgðarfjár, sem ekki er fallið til útborgunar.
- b. Réttur til eftirlauna, lífeyris eða annarrar áframhaldandi greiðslu, sem bundin er við einstaka menn.
- c. Réttur til leigulauss bústaðar, eða önnur afnotaréttindi.
- d. Bækur og fatnaður til einkaafnota.

## 19. gr.

Við mat á eignum til eignarskatts skal farið eftir þessum reglum:

- a. Virðing á fasteign skal fara eftir gildandi fasteignamati, eða áætluðu matsverði, ef fasteignamat er ekki fyrir hendi.
- b. Búpening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir, og með verðlagi, er ríkisskattanevnd ákveður, að fengnum tillögum yfirskattanevnda, til 5 ára í senn, í fyrsta sinn með hliðsjón af matsverði til skatts næstliðin 5 ár.
- c. Verðlag á skipum og öðru lausafé skal miða við áætlað söluverð. Við ákvörðun þess skal meðal annars hafa hliðsjón af því, hve hátt eignirnar eru váttryggðar.
- d. Verzlunarvörur skal meta eftir því, hvað þær kosta komnar í hús eða á sölustað í árslok, enda séu hæfileg afföll leyfð á gölluðum eða úreltum vörum.
- e. Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.

Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki til, að þau þyki ótrygg. Þó skulu veðdeildarbréf og skuldabréf hins opinbera metin eftir venjulegu söluverði slíkra bréfa í árslok, ef það er vitað.

- f. Útistandandi skuldir skulu taldar með nafnverði, hvort sem vextir eiga að greiðast af þeim eða ekki, nema vitanlegt sé, að þær séu minna virði eða tapaðar með öllu.
  - g. Réttindi til stöðugra tekna skulu metin eftir því endurgjaldi, sem hæfilegt væri fyrir þau þegar skatturinn er lagður á.
- Nánari reglur um virðingu getur fjármálaráðherra sett.

## 20. gr.

Eignir hjóna, sem samvistum eru, skulu lagðar saman til eignarskatts, enda ábyrgjast bæði greiðslu. Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ómyndugra, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra.

## 21. gr.

Eignarskattur skal að jafnaði ákveðinn eftir eign gjaldanda í lok almanaksársins. Þó mega þeir, sem nota annað reikningsár en almanaksárið, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs, sem er næst á undan skattálagningunni.

Krónutala sú, sem skattur er talinn af, skal ávallt deilanleg með 100; því, sem fram yfir er, skal sleppt.

## III. KAFLI

## Um skattfrelsi sparifjár.

## 22. gr.

Undanþegnar framtalsskyldu og eignarskatti eru innstæður í bönkum, spari-sjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo sem hér segir:

- a. Innstæður skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.

- 46 b. Innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldar meira en 120 þús. kr. samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær. Ákvæði þetta um frávik vegna fasteignaveðskulda nær ekki til félaga, sjóða eða stofnana.
- c. Sá hluti innstæðu hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir. Innborgað hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga í þessu sambandi. Undanþegnin framtalsskyldu og tekjuskatti eru allir vextir af eignarskattfrjáls-um innstæðum.
- Peir, sem bókhaldsskyldir eru, en njóta undanþágunnar, skulu með venjulegum hætti færa allar innstæður sínar og vexti af þeim í bækur sínar og ársreikninga. Komi í ljós á framtölum gjaldenda ósamræmi milli ára, sem stafað getur af því, að innstæða hefur ekki verið framtalin vegna framangreindrar undanþágu, ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld, þegar þess er krafizt, yfirlit frá innlánsstofnunum um allar innstæður sínar á tímabili því, sem um er að ræða, og einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja þörf fyrir í þessu sambandi.

#### IV. KAFLI

##### Um skattanefndir o. fl.

###### 23. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur samkvæmt lögum þessum er ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Í skattanefnd sitja 3 menn. Í hreppum: Hreppstjóri eða sá, er að lögum gegnir starfi hans, einn maður tilnefndur af sýslumanni og einn kosinn af hreppsnefndinni. Í kaupstöðum: Bæjarstjóri, einn maður tilnefndur af bæjarfógeta og einn kosinn af bæjarstjórn. Sé bæjarfógeti jafnframt bæjarstjóri kaupstaðarins, tilnefnir hann tvo menn í nefndina.

Skipa skal tvo varamenn, er taka sæti í skattanefndum í forföllum nefndarmanna. Annan varmanninn tilnefnir bæjarfógeti eða sýslumaður, en hinn kys bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Formaður skattanefndar í kaupstöðum er bæjarstjóri, eða þar sem hann er eigi, sá nefndarmaður, er bæjarfógeti nefnir til, en annars staðar er hreppstjóri formaður. Í forföllum formanns kys skattanefnd sjálf formann um stundarsakir.

Undirskattanefndarmenn þeir, er nú eru, halda starfi sínu þar til tími þeirra er útrunninn.

###### 24. gr.

Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra skattstjóra og varaskattstjóra. Hefur skattstjóri Reykjavíkur sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan Reykjavíkur.

Heimilt er fjármálaráðherra að gera sömu tilhögun um ákvörðun skatts í hinum öðrum kaupstöðum og sett er fyrir Reykjavík.

###### 25. gr.

Í hverju lögsagnarumdæmi skal skipa yfirskaatanefnd. Þar, sem bæjarfógeta-embætti er sameinað sýslumannsembætti, skal vera ein yfirskaatanefnd bæði fyrir kaupstaðinn og sýsluna. Í nefndinni eiga sæti lögreglustjóri, sem er formaður, og tveir menn, sem fjármálaráðherra skipar. Hann skipar og tvo varanefndarmenn, sem taka sæti í nefndinni í forföllum nefndarmanna, eftir því sem formaður ákveður. Í Reykjavík skipar fjármálaráðherra 3 menn í yfirskaatanefnd og 3 varamenn. Hann ákveður og, hver skuli vera formaður nefndarinnar.

Yfirskattanefndarmenn þeir, sem nú eru, halda sarfi sínu þar til 6 ára skip- 46  
unartími þeirra er útrunninn.

14. apríl

## 26. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í ríkisskattanefnd og jafnmarga varamenn. Ákveður ráðherra, hver skuli vera formaður nefndarinnar. Einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði, en annar á sjávarútvegi og viðskiptum. Ríkisskattanefnd hefur skrifstofu í Reykjavík.

## 27. gr.

Enginn má sitja í skattanefnd, yfirskattanefnd eða ríkisskattanefnd, nema hann:

1. hafi óflekkað mannorð,
2. sé fjárráður,
3. hafi náð lögaldri.

Í skattanefnd mega ekki sitja saman skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn skulu eiga heimili í skattumdæminu og ríkisskattanefndarmenn skulu eiga heimili í Reykjavík.

## 28. gr.

Sami maður má ekki eiga sæti nema í einni skattanefnd. Skattanefndarmenn, aðrir en bæjarstjórar, hreppstjórar og skattstjórar, skulu skipaðir 6 ára, þannig að annar meðnefndarmaður fer frá 3. hvert ár, eftir hlutkesti í fyrsta sinn. Ef nefndarmaður fer frá eða deyr áður en tími hans er liðinn, skal skipa mann í stað hans til þess tíma, er hann átti eftir að sitja í nefndinni.

Nefndarmann, sem gengur úr, má skipa svo oft sem vill. Nefndarstarfið er borgaraskylda, sem enginn löghæfur maður getur skorast undan að gegna, nema hann hafi verið í skattanefnd í 6 ár samfleytt eða sé orðinn 60 ára gamall.

Skattstjórar í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (sbr. 24. gr.) og formaður ríkisskattanefndar skulu skipaðir til 6 ára.

## 29. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar, er eigi hafa áður unnið heit embættismanna eða sýslunarmanna, skulu á fyrsta nefndarfundi, er þeir sitja, undirrita í gerðabók nefndarinnar drengskaparheit um það, að þeir skuli gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar eignir og tekjur gjaldþegna.

## 30. gr.

Enginn má taka þátt í meðferð máls, hvorki skattákvörðun eða kæru, ef það mál varðar sjálfan hann, konu, niðja, foreldra, kjörforeldra eða fósturforeldra, kjörbörn eða fósturbörn, systkini, kjörsystkini eða fóstursystkini eða mægðamenn að feðgatali, eða ef aðrar ástæður eru til að óttast, að hann geti ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Tekur varamaður sæti í nefnd samkvæmt kvaðningu formanns, ef aðalmanns missir við.

## 31. gr.

Skattanefndarmenn og skattstjórar fá laun fyrir störf sín sem hér segir:

- a. Í kaupstöðum og kaupúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annars staðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn

46  
14. apríl

nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 20 kr. og ekki vera minni en 14 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.

- b. Yfirskattanefndarmenn utan Reykjavíkur fá 15 krónur á dag og ferðakostnað.
- c. Borgun til skattstjóra, yfirskattanefndarmanna í Reykjavík og ríkisskattanefndar fer eftir samningi við fjármálaráðherra.

Þóknun til skattanefnda og skattstjóra greiðist úr ríkissjóði. Formenn yfirskattanefnda úrskurða reikninga skattanefnda og greiða þá á manntalsþingum. Fjármálaráðuneytið úrskurðar reikninga skattstjóra, yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar.

## V. KAFLI

### Um framtal tekna, fresti, úrskurði, innheimtu o. fl.

#### 32. gr.

Gjaldendur skulu skattlagðir þar, sem þeir eiga lögheimili samkv. allsherjarþjaldskrá Hagstofu Íslands hinn 1. desember á viðkomandi skattári. Hlutafélög og önnur atvinnufélög innlend skulu sett í skatt þar, sem þau eiga heimili, en erlend þar, sem aðalumboðsmenn þeirra hér á landi eru búsettir, enda beri téðir umboðsmenn ábyrgð á greiðslu skattsins.

Aðrir gjaldendur, sem ekki eru búsettir hér á landi, greiði skatt á þeim stöðum, þar sem þeir hafa tekjur sínar eða eignir.

Ráðuneytið sker úr, ef vafi leikur á, hvar gjaldandi skuli settur í skatt.

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins.

#### 33. gr.

Allir þeir, sem hafa tekjur samkv. 7. gr. eða eignir samkv. 17. gr., skulu afhenda skattanefnd skriflega skýrslu, að viðlögðum drengskap, um tekjur sínar síðast liðið ár og eignir í árslok. Sama skylda hvílir og á hverjum þeim, sem veitir forstöðu verzlun, verksmiðju eða öðru atvinnufyrirtæki, ef eigandinn er eigi búsettur innanlands, svo og á stjórn félags eða stofnunar og þeim, er hefur á hendi fjárhald fyrir þann, sem ekki er fjárráður, og einnig á skiptaráðendum dánar- og þrotabúa. Skýrslur þessar skulu komnar í skattstofuna í Reykjavík og til skattanefnda eða skattstjóra í kaupstöðum fyrir lok janúarmánaðar, en í hendur skattanefnda eða skattstjóra annars staðar á landinu fyrir lok febrúarmánaðar. Skattstjóri eða skattanefnd getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt mönnum frest til framtals til 15. marz.

Þeir, sem reka atvinnu á fleiri stöðum en einum, þurfa ekki að hafa skilað framtölum sínum fyrr en 31. marz í Reykjavík og 20. marz annars staðar á landinu, og váttryggingarfélag eigi fyrr en 30. júní.

Nú þykist framteljandi ekki sjálfur vera fær um að gefa fullnægjandi skýrslu una tekjur sínar og eignir, og er þá skattanefnd skyld að veita honum aðstoð til þess, en hann er skyldur að láta skattanefnd í té allar upplýsingar, er hún þarf, til þess að gera framtal hans sem réttast.

Hvenær sem skattanefnd þykir þörf á, getur hún krafizt þess, að skattframteljendur leggi bækur sínar fyrir hana, eða einstaka nefndarmenn, eða einn eða tvo reikningsfróða menn utan nefndarinnar, er ekki séu keppinautar framteljanda.

#### 34. gr.

Allir embættismenn og aðrir, er einhver störf hafa á hendi í almenningsþarfir, stjórnendur banka og sparisjóða, hlutafélaga og annarra félaga og stofnana, eru skyldir að láta skattanefndum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar þær

skýrslur, er þær beiðast og unnt er að láta þeim í té, svo sem skýrslur um starfs- 46  
laun, skuldabréf, vaxtabréf, hlutabréf og arð, um vaxtafé í bönkum, sparisjóðum 14. apríl  
og annað því um líkt. Ríkisskattanevnd hefur og ætíð aðgang að bókuum banka og  
sparisjóða og annarra peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rann-  
saka skuldir, inneignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþegns.  
Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, er taka kaup fyrir starf sitt, eru og skyldir  
að skýra frá því, hvaða kaup þeir greiða hverjum manni, þar með talin stjórnar-  
laun, ágóðapóknun, gjafir o. fl.

### 35. gr.

Eftir skýrslum þeim, er skattanevnd tekur gildar, skal hún ákveða tekjuupp-  
hæð og eign hvers eins. Heimilt er skattanevnd að leiðrétta einstaka liði framtals,  
ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Sama gildir og um önnur  
atriði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal þá aðila  
aðvart um slíkar breytingar á framtali. Nú er framtalsskýrsla, eða einstakir liðir  
hennar, ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eða nefndin telur þurfa nánari skýr-  
ingar á einhverju atriði, og skal hún þá skora á framteljanda að láta í té skýringar  
þær og sannanir, er hún telur vanta, innan ákveðins tíma, og er hann skyldur að  
verða við áskorun nefndarinnar. Fáir skattanevnd eigi fullnægjandi skilríki fyrir  
framtalinu innan þess tíma, er hún hefur til tekið, skal hún áætla tekjur hans og  
eign eftir beztu vitund. Dvelji hann utanlands, eða svo langt í burtu, að erfitt er  
að ná til hans, og hafi hann ekki umboðsmann fyrir sig nærlendis, sem nefndinni  
er kunnugt um, eða ef ekki er kunnugt um dvalarstað hans, má hún áætla tekjur  
hans og eign án þess að gera honum aðvart.

Nú er einhver sá, er enga skýrslu gefur, og skal þá nefndin áætla tekjur hans  
og eign svo riflega, að ekki sé hætt við, að upphæðin sé sett lægri en hún á að  
vera í raun réttari, enda skal hún vera að minnsta kosti 10% hærri heldur en skatt-  
mat næst á undan, og ef vanræksla er ítrekuð, skal hækkunin vera minnst tvö-  
föld á við hækkunina árið á undan. Komi síðar í ljós, að áætlun hefur verið of  
lág eða skattþegni hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum  
og eignum, er heimilt að reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra aftur í  
tímann en 5 ár.

### 36. gr.

Þegar á skattgreiðanda hefur fallið vegna alvarlegra sjúkdóma tilfinnanlegur  
kostnaður, sem ekki er bættur samkvæmt lögum um almannatryggingar, eða veik-  
indi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol hans verulega, má skattanevnd taka  
við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni og senda hana með  
umsögn sinni til yfirsattanevndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanevnd getur  
og að eigin hvötun gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem  
segir í upphafi þessarar greinar. Yfirsattanevndir geta einnig, eftir tillögum undir-  
skattanevnda, leyft persónufrádrátt fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað er um,  
að skattþegn hefur á framfæri sínu, allt að þeirri upphæð, sem leyfð er til frá-  
dráttar fyrir skylduómaga samkvæmt 12. gr.

### 37. gr.

Innan marzmánaðarloka skal skattanevnd hafa lokið ákvörðun tekna og eigna  
og samið skrá, er nefnist skattskrá, um alla þá, er eiga að greiða tekjuskatt eða  
eignarskatt í umdæmi hennar. Í Reykjavík þarf skattskrá þó ekki að vera fullgerð  
fyrir en 24. dag maímánaðar. Á skattskrá skal greina skattskyldar tekjur samkv.  
7. og 8. gr., frádrátt samkv. 10. og 12. gr. og tekjuskatt, skattskyldar eignir samkv.  
17. gr. og eignarskatt hvers gjaldanda. Jafnframt skal skattanevnd semja aðra skrá  
um tekjur og eignir framteljenda, er ekki greiða tekju- eða eignarskatt. Á skatt-

**46** skrá þeirri, sem lögð er fram í Reykjavík, er þó nægilegt að tilgreina tekjuskatt, 14. apríl eignarskatt og skattupphæðir samtals.

Skattskráin skal lögð fram eigi síðar en 25. dag maímánaðar í Reykjavík og annars staðar á landinu eigi síðar en 1. dag aprílmánaðar. Skal hún liggja til sýnis 2 vikur, í hreppum á þingstaðnum eða öðrum hentugum stað, er skattanefnd auglýsir, í kaupstöðum í bæjarþingstofu, skattstofu eða skrifstofu lögreglustjóra, og í Reykjavík í skattstofu eða bæjarþingstofu.

Sérhver skattþegn getur krafizt munnlegra upplýsinga um það hjá skattanefnd, eftir hverju hafi verið farið við ákvörðun tekna hans og eigna.

### 38. gr.

Nú telur einhver skatt sinn eigi rétt ákveðinn af skattnefnd, og getur hann þá sent skriflega kæru sína yfir því til formanns skattanefndar eða skattstjóra, í Reykjavík innan 14 daga frá því skattskrá er framlögð, en annars staðar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sé sleppt eða tekjur og eign einhvers sé of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans. Formaður kveður nefndarmenn til fundar, ásamt kæranda og þeim, sem kært er yfir, og skal úrskurður felldur um kærana fyrir 15. dag júnímánaðar í Reykjavík, en annars staðar fyrir lok aprílmánaðar og hlutaðeigendum gert aðvart um úrslitin.

Skattanefnd leiðréttir skrána samkvæmt úrskurðum þeim, sem felldir eru, og sendir hana síðan ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er ekki greiða skatt, tafarlaust til formanns yfirskaðanefndar.

### 39. gr.

Úrskurði skattanefndar eða skattstjóra má skjóta til yfirskaðanefndar. Skal það gert bréflega og ástæður færðar fyrir kærinni. Sé kæra ekki komin í hendur formanns yfirskaðanefndar í Reykjavík fyrir 30. dag júnímánaðar og annars staðar fyrir 15. dag maímánaðar, verður henni ekki sinnt. Þó er yfirskaðanefnd heimilt að taka til greina kærur, er síðar koma fram, ef kærandi gerir sennilegt, að hann hafi vegna fjrveru eða annarra forfalla, eigi getað kært áður en kærufrestur var úti, eða um leiðréttingu á augljósum reikningsvillum við ákvörðun skattsins sé að ræða, en leita skal nefndin álits skattanefnda eða skattstjóra um kærur þessar. Yfirskaðanefnd skal úrskurða kærur fyrir 15. júlí í Reykjavík og annars staðar fyrir maillok og tilkynna aðilum úrslitin tafarlaust.

Yfirskaðanefnd úrskurðar einnig, hvort og að hve miklu leyti skuli taka til greina umsóknir þær, sem henni hafa borizt frá skattanefndum um linun í skattgreiðslu vegna ástæðna þeirra, er getið er í 36. gr.

Svo skal og yfirskaðanefnd úrskurða kærur yfir úrskurðum niðurjöfnunarnefnda á útsvörum, samkvæmt fyrirmælum laga um útsvör.

### 40. gr.

Yfirskaðanefnd skal nákvæmlega endurskoða allar skattskrár í umdæmi sínu og hafa strangt eftirlit með því, að skattanefndir gegni skyldum sínum. Ef nefndinni virðast framtalsskýrslur vera ófullnægjandi eða eitthvað óljóst eða rangt í skattskránum, svo sem að einhver sé vantalinnt eða tvítalinnt á skrá, getur hún heimitað nánari skýringar, og skal síðan leiðrétt skrána eftir því, sem henni þykir rétt vera.

Ef skattskrá breytist við endurskoðun yfirskaðanefndar, skal hún tafarlaust tilkynna það skattanefnd og sömuleiðis þeim aðilum, er breyting varðar.

Yfirskaðanefnd skal hafa lokið störfum sínum fyrir 15. júlí í Reykjavík og

annars staðar á landinu fyrir mailok, og sendir hún þá skattskrána ásamt fram- 46  
talsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða, til 14. apríl  
rikisskattanevndar. Þó getur fjármálaráðherra veitt yfirsattanevnd lengri frest,  
ef um stórfelldar lagfæringar á skattskránni er að ræða.

#### 41. gr.

Úrskurði yfirsattanevndar má skjóta til rikissattanevndar, enda sé það gert  
bréfléga og kærana, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, komin til formanns fyrir  
júlilok — annars kostar verður henni ekki sinnt. — Rikissattanevnd skal leggja  
úrskurð á kærur úr Reykjavík fyrir septembermánaðarlok, en aðrar kærur fyrir  
nóvemberlok og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilum úrslitin tafarlaust.

#### 42. gr.

Rikissattanevnd skal hafa eftirlit með störfum skattanevnda, skattstjóra og  
yfirsattanevnda og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku  
skattaumdæmum. Skulu nevndarmenn, eða þeir er nevndin kveður til þess, ferðast  
um á milli skattanevnda og yfirsattanevnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til,  
og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur.  
Nevndin skal og yfirfara skattskrár og framtalsskýrslur. Rikissattanevnd getur af  
eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er framkvæmd laga þessara varðar, og  
getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattanevndum, skattstjórum og yfir-  
skattanevndum, svo og hjá lánsstofnunum og öðrum þeim, er í 34. gr. greinir. Loks  
getur rikissattanevnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanevnda og yfirsatta-  
nevnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þá gera aðilum aðvart áður  
en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður rikissattanevndar er fullnaðarúrskurður. Ágreining um skattskyldu  
má þó jafnan bera undir dómstóla, og einnig getur fjármálaráðherra leitað álits  
dómstóla um önnur ágreiningsatriði.

Svo skal og rikissattanevnd úrskurða kærur yfir úrskurðum yfirsattanevnda  
á útsvörum samkvæmt fyrirmælum laga um útsvör.

#### 43. gr.

Skattanevndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjár-  
málaráðuneytið lætur gera á kostnað rikissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur  
skattanevnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirsattanevnda og  
rikissattanevndar.

Í gerðabækur skattanevnda skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði.  
Skattskrá skal þó eigi rita í gerðabók skattstjóra. Yfirsattanevndir og rikissatta-  
nevnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

Formenn skattanevnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnevnd í  
té ókeypiss endurrit af skattskrám, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu  
og formenn skattanevnda og skattstjórar, hver í sínu umdæmi, gefa hagstofunni  
skýrslu í því formi, sem hún ákveður, um búnaðarástandið ár hvert, þar á meðal  
um hevfeng o. fl., samkvæmt framtali búenda, sem nákvæmlega sé tilgreint, einnig  
að því er þetta varðar, í landbúnaðarskýrslu þeirra til skattálagningar, enda fellur  
þá niður skylda til skýrslugerðar um þetta efni, sem 3. gr. laga nr. 29 8. nóv. 1895,  
gerir ráð fyrir.

Ef framtali á því, er setja ber á landbúnaðarskýrslu, er ábótavant eða skortir  
með öllu, skal úr því bætt með áætlun skattanevndar.



46

14. apríl

Fjármálaráðuneytið hefur eftirlit með því, að skattanefndir allar og skattstjórar ræki skyldur sínar og fylgi réttum reglum í starfi sínu. Hefur það rétt til að fá sendar framtalsskýrslur og leita umsagnar og skýringa skattanefnda og skattstjóra á öllu því, er framkvæmd þessara laga varðar.

Einnig er ráðuneytinu heimilt að kæra úrskurði skattanefnda með sama hætti og skattþegni sjálfum. Þó er ráðuneytið eigi bundið við kærufresti.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um alla rikisskatta, er skattanefndir fjalla um.

45. gr.

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti,  $\frac{1}{2}\%$  fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót, eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannhald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupum þeirra til lúknings gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sketum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Enn fremur getur ráðherra með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

Nú breytir rikisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

## VI. KAFLI.

### Refsiákvæði.

46. gr.

Ef skattþegn telur ekki fram eignir sínar og tekjur, eða gerir það ekki fyrr en framtalsfrestur er liðinn, eða bætir ekki úr göllum, sem á framtali eru, þótt hann hafi fengið áskorun um það frá skattanefnd eða skattstjóra, þá skal ekki færa niður skatt hans, þótt hann kæri, nema hann sanni, að tekjur hans eða eign hafi verið áætluð meira en fjórðungi hærra en í raun og veru var. Sé mismunurinn  $\frac{1}{4}$  eða meiri, skal hann greiða skatt af hinum réttu upphæðum, að viðbættum  $\frac{1}{4}$ .

Ákvæði þessarar greinar þarf þó ekki að beita, ef gjaldþegn hefur fært gildar ástæður sér til afsökunar.

47. gr.

Nú skýrir maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að því tífalda skattupphæð þá, sem undan var dregin. Sektina skal þó

aldrei miða við meira en 10 ár alls. Fjármálaráðherra ákveður sektina, nema hann eða hinn seki óski, að málinu sé vísað til dómstólanna. 46

14. apríl

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Skiptaréttur og skiptaforstjórar skulu, að viðlögðum dagsektum samkvæmt úrskurði fjármálaráðherra, gefa skattanevnd skýrslu um fjármuni látinna manna, ef fjármunirnir nema meiru en 10000 kr.

## 48. gr.

Sá, sem sekur verður um afbrot það, sem um getur í 1. málsg. 47. gr., skal auk sektarinnar, sem þar er ákveðin, greiða eftir á skattupphæð þá, sem undan var dregin.

Sömu skyldu til að greiða skatt eftir á hefur og hver sá, sem af afsakanlegum misskilningi eða misgáningi hefur skýrt frá tekjum sínum eða eignum lægri en vera bar, og því greitt minni skatt en honum bar skylda til.

## 49. gr.

Nú kemur það í ljós, að skattþegn vantar á skrá, og skal þá gera honum skatt eftir á, þó aldrei lengra aftur í tímann en 3 ár, enda sé skattalagningin tilkynnt honum tafarlaust og honum veitt færi á að bera sig upp undan henni með sama hætti sem öðrum gjaldendum, eftir því sem við á.

## 50. gr.

Skattnefndarmönnum og skattstjóra er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama er að segja um þá, er veita nefndunum eða skattstjórum aðstoð við starf þeirra, eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna.

## 51. gr.

Nú gegnir einhver ekki skyldu sinni samkvæmt 34. gr., eða skorast undan að láta þar nefndar skýrslur af hendi, og sker fjármálaráðherra þá úr og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

## 52. gr.

Nú hefur skattanevnd eða skattstjóri ekki framkvæmt störf sín samkvæmt lögum þessum, áður lögmæltur frestur er liðinn, og varðar það þá sektum, allt að 200 kr., og getur fjármálaráðuneytið auk þess skyldað hina brotlegu til þess að ljúka störfum, að viðlögðum dagsektum fyrir hvern einstakan mann, sem ekki hefur lögmæta afsökun.

## 53. gr.

Mál út af brotum þeim, er ræðir um í 47. gr., 1. málsg., og 50. gr. laga þessara, skulu sæta sakamálsmeðferð. Mál út af brotum þeim, er í 46. gr., 47. gr., 3. málsg., 51. gr. og 52. gr. segir, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, en ekki skal slíkt mál höfða, nema skattþegn sjálfur, skattanevnd, skattstjóri eða fjármálaráðherra krefjist þess.

## 54. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í rikissjóð, og má innheimta þær með aðför.

## VII. KAFLI.

## Ákvæði til bráðabirgða.

## 55. gr.

Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnu-rekstur, hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., og skal þá 50% af því fé, er það leggur í varasjóð, ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda um hann þær reglur, er greinir í 56.—59. gr. Áskilinn hluti af varasjóðstillaginu skal lagður í nýbyggingarsjóð á því sama ári, sem varasjóðstillagið er ákveðið, en séu vanaefndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkissjóð 20% af þeirri fjárhæð, er til vantar.

Af fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en  $\frac{3}{5}$  hlutar vera innstæða á biðreikningi í erlendri mynt, sbr. lög nr. 82 9. júlí 1941, nema með sérstöku leyfi nefndar þeirrar, er um getur í 58. gr. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira en að ofan greinir sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á, að hann geti ekki lagt féð fram á annan hátt vegna þess, að fé varasjóðs hafi verið notað til að greiða skuldir fyrirtækisins.

## 56. gr.

Útgerðarfélag ráðstafar sjálfst því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðsluækjum á sviði úgerðar, annað hvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 58. gr., og lætur hún þá aðila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi. Enn fremur er þeim bátáutvegs-mönnum, sem í árslok 1948 áttu í nýbyggingarsjóði lægri fjárhæð en kr. 25 000.00 á skip, eða hafa á síðustu tveim árum tapað meiru á útgerðinni en svarar inneign þeirra í sjóðnum, heimilt að taka eign sína úr nýbyggingarsjóði og nota sem rekstrarfé.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt jafn háan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskilt.

## 57. gr.

Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlutaðeigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði, og yfirlit um þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var myndaður. Enn fremur votorð um, að á fé þessu hvíli engar kvaðir.

## 58. gr.

Þriggja manna nefnd sú<sup>1)</sup>, er skipuð var samkv. g-lið (61. gr.) 4. gr. laga nr. 9 5. maí 1941, skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs, en ákvæði laga þessara gilda bæði um það fé, er greitt var í nýbyggingarsjóð árið 1941, og það fé, sem síðar er í hann lagt. Nefndin er skipuð af ráðherra, einn eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna, annar eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, en hinn þriðji án til-

1) Með l. nr. 50/1948 er umboð nýbyggingarsjóðsnefndar fellt niður og störf hennar falin ríkisskattaneftnd.

nefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Nú verður autt sæti nefndarmanns, 46 og skipar þá ráðherra mann í nefndina í hans stað, eftir þeirri reglu, er að framan greinir. 14. apríl

Skattanefndir skulu senda nefnd þeirri, er hér um ræðir, skýrslu um framlög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir að upplýsingar um það bárust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrirtæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári.

Nú telur nefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið samkvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn viðkomandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli skatt af fénu samkv. síðari málsgr. 56. gr., og tilkynna það skattanefnd og eiganda sjóðsins.

Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til ríkisskattanefndar til fullnaðarúrskurðar, sbr. þó 2. málsgr. 42. gr. Sé ágreiningur innan nefndarinnar, getur minni hlutinn einnig skotið honum til úrskurðar ríkisskattanefndar.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

#### 59. gr.

Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.

#### 60. gr.

Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðalvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum þær fjárupphæðir, er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum, þó eigi hærri fjárhæð en sem nemur 20% af hreinum árstekjum þeirra af útgerð áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá öðrum tekjum gjaldanda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði þessara laga, eftir því sem við á.

#### 61. gr.

Sá hluti af tekjum félags árið 1940, sem undanþeginn var skattgreiðslu árið 1941 vegna tapsfrádráttar samkv. ákvæðum j-liðar (64. gr.) 4. greinar laga nr. 9 5. maí 1941, skal teljast til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins til að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, að svo miklu leyti sem aðrar eignir þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til að jafna rekstrarhallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskyft.

#### 62. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í V. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því, sem þörf krefur.

#### 63. gr.

Auk þess tekjuskatts, sem ákveðinn er í 6. gr., skulu þeir skattgreiðendur, sem taldir eru í 3. gr., greiða skattauka árið 1954 af tekjum ársins 1953 samkvæmt eftirfarandi reglum:

46  
14. apríl

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.	
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðist 2%.	
Af 9—10 þús. kr. greiðist	20 kr. af 9 þús. kr. og 4 % af afgangi
— 10—12 — — —	60 — — 10 — — — 5 % — —
— 12—14 — — —	160 — — 12 — — — 6 % — —
— 14—17 — — —	280 — — 14 — — — 7 % — —
— 17—20 — — —	490 — — 17 — — — 8 % — —
— 20—25 — — —	730 — — 20 — — — 9 % — —
— 25—30 — — —	1180 — — 25 — — — 10 % — —
— 30—40 — — —	1680 — — 30 — — — 11 % — —
— 40—100 — — —	2780 — — 40 — — — 12 % — —
— 100—125 — — —	9980 — — 100 — — — 10 % — —
— 125—150 — — —	12480 — — 125 — — — 7 % — —
— 150—200 — — —	14230 — — 150 — — — 5 % — —
— 200 — — —	16730 — — 200 — — —

Um álagningu, gjaldaga, dráttarvexti, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts gilda sömu reglur og um tekjuskatt og eignarskatt.

#### 64. gr.

Þegar reiknaður hefur verið tekjuskattur þeirra, er um ræðir í 6. gr. II—III, og tekjuskattsviðauki samkvæmt 63. gr., skal árið 1954 skattupphæð hvers einstaks gjaldanda, af tekjum ársins 1953, lækkuð um 20% — tuttugu af hundraði.

#### 65. gr.

Stríðsgróðaskattur samkvæmt lögum nr. 21/1942, sem árið 1954 er lagður á tekjur ársins 1953, skal lækkaður hjá hverjum einstökum gjaldanda um 20% — tuttugu af hundraði.

#### 66. gr.

Eigi er heimilt að leggja tekjuútsvar á þann hluta hreinna tekna, sem er umfram 200 þús. kr. hjá þeim gjaldanda, er greiðir stríðsgróðaskatt.

#### 67. gr.

Eignarskattur samkvæmt 14. gr., á lagður árið 1954, skal innheimtur með 50% álagi.

### VIII. KAFLI

#### 68. gr.

Fjármálaráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd og skilning laga þessara, nánari ákvörðun skattskyldra tekna og eigna og störf skattanefnda og skattstjóra. Enn fremur lætur hann gera fyrirmyndir að eyðublöðum undir skattaskrár og tekjuframtal og lætur prenta á kostnað ríkissjóðs.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 11. september 1953,  
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

47

14. apríl

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hafa handhafar valds forseta Íslands í dag fallizt á að gera þá breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 11. september 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að í forföllum Eysteins Jónssonar, ráðherra, fer Skúli Guðmundsson, ráðherra, með þau mál, sem Eysteini Jónssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

*Í forsætisráðuneytinu, 14. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Birgir Thorlacius.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

48

20. apríl

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Aftan við 3. tölul. 4. gr. laganna komi svo hljóðandi málsliður: Ekki má leggja útsvar á skattfrjálsar sparifjárinnstæður aðila né vexti af þeim innstæðum (sbr. III. kafla laga um tekju- og eignarskatt).

#### 2. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Skylt er niðurlagningarnefnd að leggja fram með útsvarsskrá skýrslu um þær reglur, sem hún hefur farið eftir við álagningu útsvaranna, svo sundurliðaða og skilmerkilega, að hver gjaldandi eigi að geta reiknað út útsvar sitt. Einnig er niðurlagningarnefnd skylt að gefa sérstaklega hverjum gjaldanda, sem þess krefst, nákvæmar, sundurliðaðar upplýsingar um það, hvernig útsvar hans er á lagt.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1954.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.**

**Jörundur Brynjólfsson.**

**Árni Tryggvason.**

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

49

20. apríl

## L Ö G

um viðauka við lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi viðauki:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að leyfa innflutning á kjöti til landsins í apríl-, maí- og júnímánuði 1954. Leyfi þetta má því aðeins veita, að yfirdýralæknir samþykki innflutninginn og fylgt verði fyrir mælum hans um kjötinnflutning þennan.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Steingrímur Steinþórsson.*

50

20. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 38 27. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Aftan við 18. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll samkv. a-, c- og d-lið 3. töluliðs 18. gr., greiða þessar viðbótarbætur:

- |  |                             |
|--|-----------------------------|
| 1. Til ekkju eða ekkils samkv. fyrri málslið a-liðs .....  | kr. 14 000.00               |
| 2. Til uppkomins barns eða systkinis skv. c-lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna óvinnuhæfni (skorts á starfsgetu) ..... | kr. 2 000.00 til — 6 000.00 |
| 3. Til foreldra samkv. d-lið .....   | — 2 000.00 til — 6 000.00   |

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 6.400.00 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð. 50  
20. apríl

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tölulið þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 6.400.00, sem skiptist milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b-lið 3. töluliðs 18. gr., ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

Viðbótardánarbætur samkv. þessari grein skal greiða fyrir dauðaslys lögskráðra sjómanna, sem orðið hafa eftir 31. desember 1953, og skulu þær hækka til samræmis við vísitölu eftir sömu reglum og laun. Jafnframt skal ríkisstjórnin setja nýjar reglur um áhættuiðgjöld sjómanna samkv. 113. gr. laganna, og taka þau gildi 1. janúar 1954.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaптúnum. 51  
20. apríl

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### 1. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verði: Lánadeild smáíbúða.

### 2. gr.

Í stað orðanna „smárra íbúðarhúsa“ í 38. gr. laganna komi: smárra íbúða.

### 3. gr.

40. gr. laganna hljóði þannig:

Lán þau, sem lánadeild smáíbúða veitir, skulu tryggð með 2. og 3. veðrétti í íbúð þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera  $5\frac{1}{2}$  af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærri lán til hversrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð samanlagt á fyrri veðréttum og veðrétti þeim, er lánadeildin hefur fyrir sínu láni til smáíbúðar, en 100 þúsund krónur.

### 4. gr.

41. gr. laganna breytist þannig:

- Aftan við 1. tölul. bætist: eða sambyggingu, sem smáíbúð hans er í.
- Í stað orðsins „húsinu“ í 3. tölul. komi: íbúðinni.



51

20. apríl

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný gr., svo hljóðandi:

Heimilt er einnig að lána bæjar- og sveitarfélögum úr lánadeildinni til þess að byggja smáar íbúðir í því skyni að útrýma lélegum og heilsuspillandi íbúðum. Lán til sveitarfélags fari þó aldrei yfir fjórða hluta af heildarupphæð þeirri, sem samkv. starfsreglum lánadeildarinnar er metin hæfileg lánsfjárveiting í hlutaðeigandi kaupstað eða kauptún á því ári.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Steingrímur Steinþórsson.*

52

20. apríl

## L Ö G

um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Jörðin Kaldbakur í Reykjahreppi, sem er eign Húsavíkurkaupstaðar, skal lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar frá 1. maí 1954.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Húsavíkurkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Reykjahreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar í Kaldbak.

3. gr.

Nú verður ekki, innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara, samkomulag milli bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar og hreppsnefndar Reykjahrepps um bætur fyrir tekjurýrnun Reykjahrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þær þá ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þrem mönnum. Nefna aðilarnir sinn manninginn sem skal vera formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðili eða báðir að nefna mann í dóminn, skal félagsmálaráðherra skipa mann eða menn í staðinn, svo að dómurinn verði fullskipaður.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

53

21. apríl

um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Á árunum 1954—1963 skal verja 250 milljón krónum að minnsta kosti til:

1. að koma upp raforkuverum rafmagnsveitna ríkisins utan orkuveitusvæðis Sogs- og Laxárvirkjananna;
2. að gera aðalorkuveitur og dreifiveitur rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir kaupstaði, kauptún og sveitir víðs vegar um landið;
3. að veita bændum lán til að koma upp smárafstöðvum, vatnsafls- og mótorstöðvum;
4. til virkjunarrannsókna og undirbúnings rafveitna, og
5. að lækka raforkuverð, þar sem það er hæst.

## 2. gr.

Raforkumálastjóri og raforkuráð gera á árinu 1954 áætlun, sem ráðherra staðfestir, um raforkuframkvæmdir á árunum 1954—1963, samkvæmt þessum lögum. Skal áætlunin við það miðuð, að varið verði til framkvæmdanna — auk framlags úr hlutaðeigandi héruðum — eftirtöldum upphæðum a. m. k.:

Árin 1954—56 .....	35 millj. kr. árlega.
— 1957—59 .....	25 — — —
— 1960—61 .....	20 — — —
— 1962—63 .....	15 — — —

## 3. gr.

Til þeirra framkvæmda, er um ræðir í 1. og 2. gr., skal fjár aflað á þann hátt er hér segir:

- a. með fjárframlögum úr ríkissjóði til raforkusjóðs samkvæmt c-lið 33. gr. raforkulaganna, eigi undir 5 milljónum króna á ári hverju;
- b. með framlögum úr ríkissjóði til héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkvæmt b-lið 26. gr. raforkulaganna, eigi undir 6 milljónum króna ár hvert;
- c. með notkun vaxtatekna raforkusjóðs;
- d. með notkun afborgana af útlánum raforkusjóðs af eigin fé sjóðsins, og
- e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins.

## 4. gr.

Lánveitingum raforkusjóðs til einkarafstöðva í sveitum skal hagað þannig, að tala þeirra býla, sem fá rafmagn frá einkarafstöðvum, verði, ef eftirspurn eftir lánnum gefur tilefni til, hlutfallslega sem jöfnust tölu þeirra býla, sem fá rafmagn frá samveitum, sbr. 7. gr. Stjórn raforkumála ákveður hlutfallið með hliðsjón af athugunum, sem gerðar eru um raforkuvinnslu fyrir sveitabýli.

53

21. apríl

Heimilt er að verja allt að 500 þús. kr. að fengnum tillögum raforkumálastjóra og raforkuráðs af ríkisframlagi samkv. b-lið 3. gr. til að lækka verð raforku til almenningsnota frá dísilstöðvum, þar sem það er hæst. Skulu þeir raforku-notendur sitja fyrir framlögum í þessu skyni, sem lengst þurfa að bíða eftir raforkuframkvæmdum samkvæmt þessum lögum.

5. gr.

6. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum raforkuráðs, fela raforkumálastjóra að annast leiðbeiningar um tilhögun og rekstur vatnsafls-, vindaflls- og dísilrafstöðva fyrir sveitahéimili utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð. Leiðbeiningar um val á stöðvum skulu miða að því m. a. að tryggja útvegum varahluta og að viðgerðir verði auðveldar.

7. gr.

Stuðla skal að því, að öllum atriðum 1. gr. verði fullnægt samtímis, eftir því sem við verður komið og hagkvæmt getur talizt.

8. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga setur ráðherra í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

54

20. apríl

## L Ö G

## um orkuver Vestfjarða.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandísá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu í allt að 7000 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu vestur á bóginn til Bíldudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar og norður á bóginn til Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Bolungavíkur, Súðavíkur og Hnífsdals og Ísafjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 60 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um

getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 54 35. gr. raforkulaganna allt að 20 milljónum króna, þó eigi meira en nemur  $\frac{1}{3}$  hluta 20. apríl af stofnkostnaði mannvirkjana.

### 3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunarframkvæmdir samkv. ákvæðum raforkulaga.

### 4. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fást.

### 5. gr.

Heimilt er að endurgreiða kostnað þann, sem sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa greitt vegna undirbúnings Vestfjarðavirkjunar, og telja með stofnkostnaði, enda öðlist rafmagnsveitur ríkisins þá eignarrétt á öllum uppdráttum og áætlunum um Dynjandisvirkjun, sem Orkuver Vestfjarða h/f lét gera.

### 6. gr.

Heimild sú, sem veitt er í lögum þessum, skal þó ekki tefja byggingu þeirra orkuvera á Vestfjörðum, sem þegar eru tekin upp í heimildarlög, ef þær virkjanir þættu hagkvæmari, enda verði teknar um það ákvarðanir svo fljótt sem verða má.

### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

55

20. apríl

### HANDHAFAVAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

### 1. gr.

Á eftir 8. tölul. í 1. gr. laganna koma þrjár nýir tölul., svo hljóðandi:

- a. Að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 5300 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakaup-  
túns.

- 55 b. Að virkja Haukadalsá í Dalasýslu í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu  
20. apríl raforku handa fimm syðstu hreppum Dalasýslu.  
c. Að virkja Múlaá í Geiradalshreppi í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa nálægum hreppum.

2. gr.

- a. Í stað orðanna „74 millj. kr.“ í fyrri málslið 2. gr. laganna komi: 99 millj. kr.  
b. Í stað orðanna „25 millj. kr.“ í síðari málslið sömu lagagr. komi: 33 millj. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

56

21. apríl

## L Ö G

um sildarleit úr lofti.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Halda skal uppi sildarleit fyrir Norður- og Austurlandi vor- og sumarmánuð-ina, eftir því sem nánar verður ákveðið af sildarleitarnefnd og sildarleitarstjóra.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem skal hafa yfirstjórn sildarleitarinnar með höndum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar sildarverksmiðja ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu sildarútvegsnefndar og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu stjórnar fiskimálasjóðs. Ráðherra skipar einn þeirra formann. Nefndin ber nafnið sildarleitarnefnd og skal vera ólaunuð.

3. gr.

Sildarleitarnefnd ræður sildarleitarstjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf.

Sildarleitarstjóri ræður starfsmenn sildarleitarinnar, tekur á leigu flugvélar til leitarinnar og hefur með höndum daglega stjórn hennar, allt í samráði við sildarleitarnefnd. Hann skal dveljast á Siglufirði eða Raufarhöfn um sildarleitartímann. Má hann ekki hafa önnur störf með höndum á tímabilinu, sem sildarleitin stendur yfir.

4. gr.

Í júnímánuði ár hvert skulu sildarverksmiðjur ríkisins, sildarútvegsnefnd og fiskimálasjóður leggja fram hver um sig 100 þús. kr. til þess að standa straum af

kostnaði af sildarleit á sildarvertíð þeirri, er þá fer í hönd, þar með talin laun sildar- 56  
leitarstjóra, en hann tekur saman kostnaðinn þegar að vertíð lokinni og skiptir 21. apríl  
honum eigi síðar en um næstu áramót á eftirtalda aðila sem hér segir:

Fiskimálasjóður greiði  $\frac{1}{3}$  hluta kostnaðar.  $\frac{2}{3}$  hlutum skal jafnað niður á sildar-  
útvegsnefnd og sildarverksmiðjur, er reknar eru á svæðinu frá Horni að Djúpavogi.  
Við þá skiptingu skal miða við tunnufjölda herpinótasildar til útflutnings og mála-  
fjölda bræðslusildar, og skal tunna saltsildar látin jafngilda hálfu öðru máli til  
bræðslu. Sildarútvegsnefnd greiðir allt gjaldið af saltsildinni, en sildarverksmiðj-  
urnar af bræðslusildinni í hlutfalli við þann málafjölda, sem þær hver um sig hafa  
tekið til vinnslu á sildarvertíðinni.

Nú hrekkur framlag einhvers þeirra aðila, er í 1. málsgr. getur, ekki til greiðslu  
þess hluta sildarleitarkostnaðar, er í hans hlut kemur samkv. 2. málsgr., þegar  
lokareikningar hafa verið gerðir, og er honum þá skylt að greiða það, sem á vantar,  
enda á hann á sama hátt endurgreiðslurétt, ef hlutur hans reynist minni en fram-  
laginu nemur.

#### 5. gr.

Þegar sildarleitargjöld eru fallin í gjalddaga samkvæmt 4. gr., má innheimta  
þau með sama hætti og opinber gjöld, og skal sýslumönnum og bæjarfógetum skylt  
að gera það, ef sildarleitarstjóri beiðist þess.

#### 6. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður samkvæmt tillögum sildarleitarnefndar, hvort  
nota skuli dulmálslykla við fréttasendingar sildarleitarinnar.

#### 7. gr.

Nú hefur atvinnumálaráðherra ákveðið, að fréttasendingar sildarleitarinnar  
skuli fara fram á dulmáli, og skal sildarleitarstjóri þá semja dulmálslykil, einn  
eða fleiri, og afhenda hann starfsmönnum sildarleitarinnar, stjórn Landssíma Ís-  
lands, landhelgisgæzlunni og skipstjórum á íslenskum síldveiðiskipum. Kostnaður  
vegna dulmálslykla telst til sildarleitarkostnaðar.

Þeim aðilum, sem fá dulmálslykla eða fréttir á dulmáli frá sildarleitinni, skal  
skylt að fara með það sem trúnaðarmál.

#### 8. gr.

Brot gegn ákvæðum 7. gr. varða sektum til ríkissjóðs frá 500 til 10000 krónum.  
Ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað, er heimilt að svipta hinn brotlega  
dulmálslykli og innsigla tæki hans.

Mál út af brotum gegn 7. gr. skulu sæta meðferð opinberra mála.

#### 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.*

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

57

21. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

1. málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmenn, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 34. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

## 2. gr.

Fyrri málsgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmenn skulu vera véla- eða efnaverkfræðingar, en skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, er öryggismálastjóri gerir um þekkingu.

## 3. gr.

Síðasta málsgr. 35. gr. laganna orðist svo:

Starfsmenn eftirlitsins skulu skyldir að kenna við skóla landsins án auka-greiðslu varnir gegn slysum og um óhollustu við vinnu, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum öryggismálastjóra og skipaskoðunarstjóra.

## 4. gr.

2. málsl. 45. gr. laganna orðist svo:

Að lokinni árlegri skoðun, hafi engar athugasemdir verið gerðar við öryggis-útbúnað eða hollustuhætti, eða að lokinni eftirskoðun, þegar búið er að framkvæma umbætur þær, sem kunna að hafa verið fyrirskipaðar við aðalskoðun, gefur eftirlitsmaður út skoðunarvottorð ásamt reikningi fyrir eftirlitsgjaldið.

*Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## ÁFENGISLÖG

58

24. apríl

### HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara.

##### 2. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en  $2\frac{1}{4}\%$  af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

Sterkir drykkir teljast samkvæmt lögum þessum þau vín, sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín teljast þau vín, sem minna er í en 21% af vínanda að rúmmáli.

#### II. KAFLI

##### Innflutningur áfengis.

##### 3. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn. Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl.

##### 4. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, er skip kemur frá útlöndum, hvort áfengi er í skipi, hvort heildur skipið er islenzkt eða erlent. Hefur hann vald til að opna hirzlor skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Nú hefur skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 3. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsgli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglium og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið, fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum á fyrstu afgreiðsluhöfn, en aldrei má selja, gefa eða flytja í land af þeim forða. Allt slíkt óinnsiglað áfengi skal greinilega merkt tollyfirvöldum.



58 Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

24. apríl Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínnum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar taka til flugvéla, eftir því sem við á, en ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

#### 5. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisilátin til varðveislu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu, að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram, áður en hinn lögskipaði auglýsingarfrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

#### 6. gr.

Enginn má taka við neins konar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi eða öðrum farkosti hér við land eða í íslenskri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómílar á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og vikur í landhelgi, allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílar, og 4 sjómílar til hafs frá þeirri línu.

### III. KAFLI

#### Tilbúningur áfengis.

#### 7. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

Heimilt er ríkisstjórninni, þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr., að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, eða til útflutnings. Framleiðslugjald af sliku öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. Nánari ákvæði um meðferð og sölu þess skulu sett í reglugerð.

#### 8. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ilátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

IV. KAFLI  
Sala og veitingar áfengis.

58

24. apríl

## 9. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 3. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.

## 10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölastaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum.

Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Áfengisútsala skal lögð niður, ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í kaupstaðnum.

Atkvæðagreiðslur, sem um getur í 2. og 3. málsg., skulu fara fram, er  $\frac{1}{2}$  hluti kjósenda eða meiri hluti bæjarstjórnar í viðkomandi bæjarfélagi krefst þess. — Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, eða samþykkt að leggja niður útsölu samkvæmt 3. málsg., og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum.

## 11. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefur verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsöllum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi meggi á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hverrar lyfjabúðar (lyfsala eða lækni). Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli lækni. Enginn læknir má ávísa úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tilögum landlækni, hversu mikið áfengi viðkomandi læknir meggi ávísa á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefur fengið til áfengislyfjaávísana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir.

2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefur verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsóknna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota.

## 12. gr.

Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, getur dómsmálaráðherra veitt veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

- a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði.

58 b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

24. apríl

Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. málsg. Nefndin skal þannig skipuð, að áfengisvarnaráð tilnefnir einn mann, annar sé tilnefndur af Sambandi veitinga- og gistihúseigenda og hinn þriðji af ráðherra.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, er í hlut á.

Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a—b-liða 1. málsg. og eftir að leitað hefur verið umsagnar hlutaðeigandi sýslunefndar, að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn.

Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnaði, er hann hefur, þegar leyfið er veitt. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um, að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð, ef sérstakar ástæður mæla með því að dómi ráðherra.

Ef áfengisútsala í kaupstað er lögð niður samkvæmt ákvæðum 10. gr., falla samtímis úr gildi vínveitingaleyfi veitingahúsa þar.

Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra telur nauðsynleg, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingar léttra vína. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa vínveitingaleyfi sitt. Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð.

Skýlt er löggæzlumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingahúsa, sem vínveitingaleyfi hafa. Ráðherra getur ákveðið nánara eftirlit með þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa. Ríkissjóður greiðir kostnað eftirlitsins, en leyfishafar skulu endurgreiða hann ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra. Ráðherra setur þeim, er eftirlitið annast, erindisbréf um, hvernig þeir skuli haga starfi sínu.

Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og lögregluftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett, skal leitað umsagnar áfengisvarnaráðs.

### 13. gr.

Áfengisverzlun ríkisins, útsölu hennar og veitingastaðir, sem leyfi hafa til veitingar áfengra drykkja, mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.

Ákvæði greinar þessarar gilda eigi um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, sbr. 11. gr.

### 14. gr.

Áfengissölubúðir skulu vera lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar og frá hádegis á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða; einnig þá daga, er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og 1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta.

Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á. Áfengisverzlun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar eða bannsins.

## 15. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla.

Heimilt er að ákveða í þeirri reglugerð hámark þess áfengis, sem Áfengisverzlunin og útsölur hennar mega afhenda einstaklingum (mánaðarskammt, ársskammt), svo og setja nánari reglur um meðferð áfengis.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

58

24. apríl

## V. KAFLI

## Meðferð áfengis í landinu.

## 16. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Kaupandi áfengis skal jafnan sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt. Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengisverzlunarinnar jafnóðum, hverjir gerzt hafa brotlegir samkvæmt þessari grein.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

## 17. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist í vörzlum manns áfengi, sem ekki er merkt innsigli Áfengisverzlunar ríkisins eða tollyfirvalda og ætla má að sé ólöglegt, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 33. gr., ef ætla má, að áfengið sé innflutt, en ella eftir 36. gr.

## 18. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 10., 11., 12. og 20. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

## 19. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkvæmt 42. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða önnur flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

Menn með lögregluvaldi, þar á meðal hreppstjórar og lögregluþjónar, hver í sínu umdæmi, eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögreglurannsókn gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau, á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfesta eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómari tekur málið til frekari meðferðar.

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein hér á undan segir, og skal þá refsá eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema leiddar séu að því sterkar líkur, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

58

24. apríl

## 20. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 12. gr. og 2. málsg. þessarar greinar. Sama gildir og um félagsherbergi.

Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum, öðrum en þeim, er um getur í 12. gr. Slíkt leyfi má þó einungis veita stjórnnum félaganna, þegar um er að ræða árs-hátíðir félaganna eða samkvæmi innanfélagsmanna og gesta þeirra, sem haldin eru af sérstöku tilefni. Eigi má þó veita leyfi, nema sýnt sé, að félagsskapurinn í heild eða einstakir félagsmenn hafi ekki hagnað af. Slík vinveitingaleyfi má ekki veita skemmtifélögum. Ekki má heldur veita leyfi samkvæmum félaga, sem ætla má að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitinga- eða skemmtistaði. Sannist það, að félög misnoti áfengisveitingaleyfi eða afli þess undir fölsku yfirsikni, missa þau rétt til að fá slík leyfi í tvö ár.

## VI. KAFLI

## Ölvun.

## 21. gr.

Hver sá, sem sökum ölvunar veldur óspektum, hættu eða hneyksli á almanna-færi, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

## 22. gr.

Hver embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Sé um miklar sakir að ræða eða brot itrekað, varðar það frávikningu úr stöðunni um stundarsakir eða að fullu og öllu. Eigi lækniir í hlut, skal hann missa lækninga-leyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá lækniir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunar-missis.

## 23. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

## 24. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er itrekað.

Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlaut af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í 1. málsg., áfengi, þegar þeir eru að störfum.

Ákveða skal í reglugerð, að flugmönnum, bifreiðarstjórum og stjórnendum hvers konar farartækja, sem annast mannflutninga, sé bannað að neyta áfengis vissan tíma, áður en þeir hefja störf sín.

## 25. gr.

Leiki vafi á, hvort sakborningur samkvæmt þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

58

24. apríl

## VII. KAFLI

### Áfengisvarnir.

## 26. gr.

Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

Áfengisvarnaráðunautur starfar samkvæmt erindisbréfi, sem ríkisstjórnin setur honum. Hann skal taka laun samkvæmt VI. fl. launalaga.

## 27. gr.

Áfengisvarnaráð skal skipað fimm mönnum. Áfengisvarnaráðunauturinn er sjálfkjörinn formaður ráðsins, en hinir fjórir, ásamt jafnmörgum varamönnum, skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðum hverjum almennum alþingiskosningum. Dómsmálaráðherra skipar varaformann ráðsins, að fengnum tillögum frá stjórnnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé. Áfengisvarnaráð skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Veitir áfengisvarnaráðunautur henni forstöðu. Kostnaður við störf áfengisvarnaráðs greiðist úr ríkissjóði.

## 28. gr.

Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn neyzlu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu.

Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem best með áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðila, er óska þeirra.

Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkvæmt lögum þessum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis. Að öðru leyti fer áfengisvarnaráð með þau störf, sem lög þessi ákveða.

Nánari ákvæði um störf áfengisvarnaráðs skulu sett í reglugerð.

## 29. gr.

Á árunum 1955 og 1956 skal leggja í sjóð, gæzluvistarsjóð, af ágóða áfengisverzlunar ríkisins 750 þús. kr. hvort ár, til viðbótar því fjárframlagi, er ákveðið er í 15. gr. l. nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Enn fremur skal á árunum 1957—1959 greiða til sama sjóðs af ágóða Áfengisverzlunarinnar 1.5 millj. kr. hvert ár. Um meðferð þessa fjár fer eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnarinnar, sbr. framangreinda lagagrein.

## 30. gr.

Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en í Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlut-

58 aðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnnum. Skyllt er að viðhafa hlutfallskosningu, ef óskað er. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Nefndirnar skulu vera ólaunaðar, en kostnaður við störf þeirra, ef einhver er, greiðist úr ríkissjóði að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi hreppur eða kaupstaður greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim.

Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnaráð, ríkisstjórn og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í því sambandi. Verksvið nefndanna skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

### 31. gr.

Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis.

Fræðslumálastjórninni skal skyllt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, eftir því sem við á á hverju skólastigi.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu samkvæmt þessari grein, þar á meðal um fjölda kennslustunda í hverjum skóla.

### 32. gr.

Ríkisstjórnin skal láta auglýsa á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.

## VIII. KAFLI

### Refsiákvæði.

### 33. gr.

Fyrir brot gegn 3. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni .....	kr. 4 000—20 000
Öðru sinni .....	— 8 000—40 000
Þriðja sinni .....	— 16 000—80 000

Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má enn fremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt handa ríkissjóði með dómi.

Brot gegn 3. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn

að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 400—12 000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er. Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

58  
24. apríl

#### 34. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefur meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 4. gr., skal hann sekur um 2000—20 000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 33. gr. 1., 3. málsg. r.

Upptækt skal gert það áfengi, sem skotið var undan innsíglun eða vanrækt að skýra frá.

#### 35. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 33. gr.

Sektarákvæði samkvæmt 33. og 34. gr. gilda einnig um flugvélar og annan farkost, formenn þeirra og áhafnir, ef þeir gerast brotlegir við fyrirmæli þessara laga.

#### 36. gr.

Brot gegn 7. gr. og reglugerð samkvæmt 2. málsg. sömu greinar varða sektum, 2000—20 000 kr., og skal sökunautur enn fremur sæta fangelsi, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

#### 37. gr.

Misbeiti lækur lækningaleyfi sinu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 800—8000 kr. Ítrekað brot varðar sektum, 1600—20 000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengiseðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 2. málsg. 39. gr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

#### 38. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 39. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 40. gr.

#### 39. gr.

Brot gegn ákvæðum 18. gr. varða sektum, 800—8000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1600—20 000 krónum.

Brjótí nokkur oftast ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi, allt að 3 mánuðum.

#### 40. gr.

Verði maður, sem leyfi hefur til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 18. gr., varðar það refsingu samkvæmt 39. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en



58 einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu 24. apríl og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 200—4000 krónum.

41. gr.

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 100—2000 krónum.

42. gr.

Brot gegn 1. málsgr. 19. gr. varða sektum, 200—8000 kr., og ítrekað brot 400—16 000 kr.

Brot gegn 4. málsgr. 19. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn finnföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjótí nokkur oftast ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

43. gr.

Brjótí nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 200—4000 kr. sekt og neytanda 100—2000 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 200—8000 kr. sektum.

44. gr.

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 100—2000 kr., nema þyngri refsing liggir við að öðrum lögum.

45. gr.

Brot gegn 22.—24. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 400—2000 kr. Öðru sinni 800—4000 kr. Auk sektanna kemur stöðu- og réttindamissir svo sem í þeim greinum segir.

46. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 3., 6. gr., 1. málsgr., eða 7. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum, 200—16 000 kr.

## IX. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

47. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningar sjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

48. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

49. gr.

58

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum að hætti opin-  
berra mála. 24. apríl

50. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo  
mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

51. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 9. jan. 1935, lög nr. 26 18.  
febr. 1943, lög nr. 47 16. marz 1951, lög nr. 11 29. jan. 1952, svo og öll þau lagaákvæði,  
sem brjóta í bága við þessi lög.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.*

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

59

24. apríl

um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

### HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki  
voru:

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnnum utan Reykjavíkur er heimilt frá 15. okt. 1955 að  
semja við eitt váttryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum  
í umdæmi sínu, sem tryggingarskyldar eru samkv. 2. gr.

Tekjur váttryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar trygg-  
ingar eru undanþegnar sköttum til bæjar- og sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Skýlt er að tryggja gegn eldsvoða hjá þeim, sem brunatryggingar annast samkv.  
1. gr., allar húseignir utan Reykjavíkur, nema gripahús, hlöður og geymsluhús  
á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera  
í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim. Hús í smíðum skal einnig tryggja, og fer  
um tryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og  
váttryggingarfélagsins.

3. gr.

Váttryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum,  
skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Bæjar- eða sveit-  
arstjórn hver skal hafa eftirlit með virðingargerðum húsa í umdæmi sínu, og ber  
hún á hverjum tíma ábyrgð á, að váttryggingum sé haldið við og ný hús metin og  
váttryggð þegar eftir að byggingu þeirra er lokið eða þau tekin til íbúðar.

**59** Breyta skal árlega váttryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingar-  
24. apríl kostnaðar.

4. gr.

Iðgjöld af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina váttryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal váttryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrir en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur. Nefndin kýs sér formann og skal í starfi sínu hafa samráð við forstjóra Brunabótafélags Íslands. Nefndin skal ljúka störfum það snemma, að unnt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 6. gr.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.*

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

**60**

24. apríl

L Ö G

um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 20 milljónum króna innanlands og endurlána fé þetta lánadeild smáíbúðarhúsa með sömu kjörum og lánið er tekið.

Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.*

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Skúli Guðmundsson.*

## L Ö G

61

21. apríl

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febr. 1931, um innheimtu meðlaga.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samningur sá, er undirritaður var í Osló 1. apríl 1953, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar um breyting á samningi milli sömu ríkja frá 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga, skuli öðlast gildi.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi þeim, er gerður var með þessum sömu ríkjum 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga.

## SAMKOMULAG.

Forseti lýðveldisins Íslands, Hans Hátign konungur Danmerkur, Forseti lýðveldisins Finnlands, Hans Hátign Noregskonungur og Hans Hátign konungur Svíþjóðar hafa ákveðið að gera samkomulag um breytingar á orðalagi 1., 2. og 3. gr. í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga, og hafa tilnefnt sem fulltrúa sína:

Forseti lýðveldisins Íslands:

sérstakan sendimann lýðveldisins og ráðherra með umboði í Osló, Bjarna Ásgeirsson, sendiherra;

Hans Hátign konungur Danmerkur:

Mogens Gustav Ivar Melchior, sendiráðunaut, Chargé d'Affaires, a. i. í Osló;

Forseti lýðveldisins Finnlands:

sérstakan sendimann lýðveldisins og ráðherra með umboði í Osló, Eduard Hj. Palin, sendiherra;

Hans Hátign Noregskonungur:

Halvard Lange, utanríkisráðherra;

Hans Hátign konungur Svíþjóðar:

Áke Sjölin, sendiráðunaut, Chargé d'Affaires a. i. í Osló;

og hafa þeir, samkvæmt umboðum sínum, orðið ásáttir um, að eftirfarandi greinar í umgetnum samningi frá 10. febrúar 1931 skuli hljóða sem hér segir:

61

21. apríl

## 1. gr.

Aðfararhæfum dómi, úrskurði umboðsvalds eða skriflegu samkomulagi, sem í einhverju sammingsríkjanna leggur einhverjum á herðar að greiða meðlag til maka síns, fyrrverandi maka, skilgetins barns, stjúp barns, kjörbarns, óskilgetins barns eða móður þess, og sé fullnæging heimil í því ríki, skal, sé þess farið á leit, fullnægt í hverju hinna ríkjanna, án þess að frekara komi til. Sama er um dóm, sem ekki er orðinn aðfararhæfur, og úrskurð (ákvörðun), kveðinn upp af rétti, dómara eða „överexekutor“ og fullnægja má eftir reglunum um aðfararhæfa dóma.

Fullnægju verður þó ekki krafizt gegn dómi eða úrskurði, sem í því ríki, þar sem fullnægju er leitað, hefur ákveðið lægra meðlag eða að engin meðlagsskylda sé fyrir hendi.

Fullnægju verður heldur ekki krafizt, ef meðlagsskyldan gagnvart óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns er ákveðin með dómi eða úrskurði í ríki, þar sem meðlagsskyldur átti ekki ríkisborgarétt eða heimilisfang, nema því aðeins, að hann hafi mætt í málinu, eða stefnan eða úrskurðurinn hafi í tæka tíð orðið honum kunn.

## 2. gr.

Beiðni um fullnægju er send frá og móttækin af:

Í Danmörku hlutaðeigandi stjórnardeild eða yfirstjórnarvaldi;

í Finnlandi utanríkismálaráðuneytinu;

í Íslandi dómsmálaráðuneytinu;

í Noregi hlutaðeigandi stjórnardeild eða sýslumanni;

í Svíþjóð réttardeild utanríkismálaráðuneytisins eða fylkisstjórn.

Beiðninni skal fylgja vottorð þess yfirvalds, er hana sendir, um að dómurinn, úrskurðurinn, ákvörðunin eða samkomulagið uppfylli skilyrði 1. greinar, fyrstu og þriðju málsgreinar, fyrir fullnægju.

Með skjölum, sem skráð eru á finnsku eða íslenzku, skal fylgja staðfest þýðing, svo að fullnægjandi sé, á dönsku, norsku eða sænsku.

## 3. gr.

Fullnægjugerðin framkvæmist í hverju ríki samkvæmt þar gildandi lögum, en getur, að því er snertir skriflegt samkomulag, sem ekki er samþykkt af dómstólum eða framkvæmdavaldinu, orðið takmörkuð við, að haldið sé eftir af launum eða öðru þvilíku.

Fullnægjugerðin framkvæmist án kostnaðar fyrir meðlagsrétthafa, nema því aðeins að hún sé framin eftir reglunum um aðför í fasteign.

Innkrafin meðlög skulu send því yfirvaldi, sem hefur beiðzt fullnægjugerðarinnar, eða til þess, sem það hefur ákveðið.

Samkomulag þetta ber að fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin afhent norska utanríkisráðuneytinu svo fljótt sem auðið er. Samkomulagið öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að fullgildingarskjölin hafa verið afhent. Samkomulagið er óaðgreinanlegur hluti af samningnum frá 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga, og er því ekki hægt að segja því upp sérstaklega.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúarnir hver um sig undirritað samkomulag þetta og sett undir það innsigli sín.

Gert í Osló í einu eintaki á norsku, dönsku, finnsku, íslenzku og sænsku, en þó á sænsku í tveim textum, og er annar ætlaður Finnlandi, en hinn Svíþjóð.

*Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson,

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febr. 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samningur sá, er undirritaður var í Stokkhólmi 26. marz 1953, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar um breyting á samningi milli sömu ríkja frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, er staðfestur var með lögum nr. 29 8. sept. 1931, skuli öðlast gildi.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

## SAMNINGUR.

Forseti lýðveldisins Íslands, Hans Hátign konungur Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans Hátign konungur Noregs og Hans Hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa komið sér saman um að gera með sér milliríkjasamning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á 2., 7. og 9. grein í milliríkjasamningi þeim, sem ofangreind ríki gerðu með sér þann 6. febrúar 1931 og hefur að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráðamennsku, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Forseti lýðveldisins Íslands:

sérlegan sendiherra lýðveldisins og ráðherra með umboði í Stokkhólmi, dr. Helga P. Briem;

Hans Hátign konungur Danmerkur:

sérlegan sendiráðherra sinn með umboði í Stokkhólmi, Knud Aage Monrad-Hansen;

Forseti lýðveldisins Finnlands:

sérlegan sendiherra lýðveldisins og ráðherra með umboði í Stokkhólmi, Georg Achates Gripenberg;

Hans Hátign konungur Noregs:

sérlegan sendiráðherra sinn með umboði í Stokkhólmi, Birgir Bergersen;

Hans Hátign konungur Svíþjóðar:

utanríkisráðherra sinn, hans hágöfgi Bo Östen Undén;

sem að fengnum nauðsynlegum umboðum hafa orðið ásáttir um, að eftirfarandi greinar í ofangreindum samningi, dags. 6. febrúar 1931, skulu breytast svo, að þær hljóði svo:

62

21. apríl

## 2. gr.

Um lýsingu, þar með talin tilhögun á gæzlu vigsluskilyrða, og um vigslu gilda lög ríkis vigslumanns þess, er gengið er í hjúskapinn fyrir.

Lýsingar samkvæmt þeim lögum er þó ekki krafizt, ef lýsing, sem enn er í gildi, hefur verið framkvæmd samkvæmt lögum einhvers hinna ríkjanna og bæði hjónaefni hafa reynzt eiga rétt til að ganga í hjúskap samkvæmt þeim lögum, sem beita skal í vigsluríki við mat á því atriði. Þetta gildir einnig, þótt aðeins annað hjónaefna sé borgari í öðru samningsríki en ríki vigslumanns, og hitt á ríkisfesti í vigsluríki.

## 7. gr.

Krafa um skilnað að borði og sæng eða fullan lögskilnað hjóna, sem eru ríkisborgarar í samningsríkjunum, ákvarðast í því ríki, sem bæði hjónanna eiga heimilisfang í, eða þau hafa seinast átt búsetu í samtímis og annað þeirra á enn þá heimilisfang í.

Nú er ekki samkvæmt fyrstu málsgrein hægt að ákvarða um málið í einu ríkjanna, og má þá gera út um málið í því ríki, þar sem annað hjónanna á ríkisfang.

Lögskilnað eftir skilnað að borði og sæng má ávallt veita í ríki, sem bæði hjónanna eiga ríkisborgararétt í.

## 9. gr.

Í sérhverju ríkinu ber að fara eftir þar gildandi lögum um ákvarðanir þær, sem nefndar eru í 7. og 8. gr. Eignaskipti og skaðabætur ákvarðast þó ávallt eftir þeim lögum, sem samkvæmt 3. gr. gilda um fjármál hjónanna.

Skilnaður að borði og sæng, sem fengizt hefur í einu ríkjanna, veitir í hinum ríkjunum sama rétt til lögskilnaðar sem skilnaður að borði og sæng, er þar hefur fengizt.

Samning þennan skal fullgilda og fullgildingarskjölunum komið til varðveislu í skjalasafni sænska utanríkisráðuneytisins, eins fljótt og auðið er.

Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta almanaxsmánaðar, eftir að fullgildingarskjölin hafa verið afhent. Hann telst fullkomna samninginn, dags. 6. febrúar 1931, sem hefur að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráðamennsku, og er því ekki hægt að segja honum upp sérstaklega.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað þennan samning og sett undir hann innsigli sín.

Gert í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð, hinn 26. marz 1953.

*Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

63

21. apríl

## um fuglaveiðar og fuglafriðun.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## I. KAFLI

## Um veiðirétt og stjórn friðunar- og veiðimála.

## 1. gr.

Með fuglaveiðum er í lögum þessum átt við þann verknað, er felst í því að handsama eða drepa villta fugla. Þar sem rætt er um rétt til fuglaveiða í lögnum, er þó einnig átt við rétt til eggjatöku.

## 2. gr.

1. Landeiganda einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.

2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá réttur til fuglaveiða ábúðinni, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki.

3. Eigi má skilja rétt til fuglaveiða að nokkru eða öllu leyti við landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til fuglaveiða við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

## 3. gr.

1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmeta skipan.

## 4. gr.

1. Á landi skulu fuglaveiðum ráða rétt landamerki jarðar hvernar.

2. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hver fuglaveiðar í miðjan farveg.

3. Nú liggur landareign að sjó, og á þá landeigandi fuglaveiðar á haf út, 115 m frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Ef firðir, vogar eða sund, sem eigi eru 230 m á breidd, skipta landareignum, þá á hver landeigandi fuglaveiðar út á miðjan fjörðinn, voginn eða sundið.

4. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og á þá landeigandi fuglaveiðar 115 m út frá bakka þess (netlög), og skal jafnan miða við lágflæði í vatni. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 m á breidd, þá skal miðlína þess ráða fuglaveiðum.

5. Nú liggja eyjar, hólmar eða sker í sjó eða stöðuvötnum undir landareign, og fylgja þeim þá netlög sem áður segir.

## 5. gr.

1. Landeigendum, sem land eiga að stöðuvatni, eru einum heimilar fuglaveiðar í almenningi vatnsins, og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess, að



**63** réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landar-  
21. apríl eignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.

2. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra.

3. Öllum íslenskum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla. Landhelgi er talin í lögum þessum með sama hætti og í 5. gr. l. nr. 33/1935.

#### 6. gr.

Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda aðvart fyrir fram og sýni skilríki sín, verði því við komið.

#### 7. gr.

1. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra mála, er varða fuglaveiðar og fuglafriðun.

2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn þeirra er fuglafriðunarnefnd. Menntamálaráðherra skipar nefndina, og skal hún skipuð 5 mönnum. Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tillögum Hins íslenska náttúrufræðifélags, annar eftir tillögum Dýraverndunarfélags Íslands, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar, auk forstöðumanns dýrafræðideildar Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík, er skal vera formaður nefndarinnar.

3. Tillagna fuglafriðunarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra ákvæða um fuglaveiðar og fuglafriðun, og ber nefndinni að gera tillögur til ráðherra um hvað eina, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þau mál.

4. Ísland er aðili að alþjóða-fuglaverndunarsambandinu (The International Committee for Bird Preservation), og skal fuglafriðunarnefnd koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum.

5. Fuglafriðunarnefnd starfar kauplaust, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

## II. KAFLI

### Friðunarákvæði og veiðitímar.

#### 8. gr.

1. Á Íslandi skulu allar villtar fuglategundir, að undanskildum þeim tegundum, er taldar eru í 2. málsgr., vera friðaðar allt árið.

2. Á eftirgreindum árstímum skal heimilt að veiða þær tegundir, sem hér eru taldar:

- a. Allt árið: kjói, svartbakur (veiðibjalla), hrafn.
- b. Frá 15. ágúst til 19. maí: skúmur, silfurmafur, litli svartbakur, stóri hvítmafur, litli hvítmafur, hettumáfur, rita, álka, stuttnefja, langvía, teista, lundi.
- c. Frá 20. ágúst til 31. október: grágæs, blesgæs, heiðagæs, margæs, helsingi.
- d. Frá 1. september til 31. október: urtönd, grafönd, skúfönd, duggönd, hrafnsönd.
- e. Frá 1. september til 29. febrúar: stökkönd, rauðhöfðaönd, hávella.
- f. Frá 20. ágúst til 31. marz: fýll, súla, dilaskarfur, toppskarfur.
- g. Frá 20. ágúst til 20. apríl: lómur, sefönd (flórgoði), stóra toppönd (gulönd), litla toppönd.
- h. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.

3. Friðun sú, sem fólgin er í ákvæðum 1. og 2. málsg. r., tekur einnig til eggja 63 og hreiðra þeirra fugla, sem njóta algerðrar eða tímabundinnar friðunar, nema 21. apríl öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

#### 9. gr.

1. Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeigenda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en  $\frac{1}{4}$  km frá stórstraumsfjörumáli.

2. Lögreglustjórar skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.

3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðhättum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir lögreglustjóri varplandið ókeypis á næsta manntalsþingi.

#### 10. gr.

1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru undir b- og f-liðum 2. málsg. r. 8. gr., hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugla í fuglaþjörgum.

2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talin æðarvörp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó eigi til skeiðandar, álfar og gæsa, hværrar tegundar sem eru. Um æðaregg skulu gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

3. Í kríuvörpum skal heimilt að taka kríuegg, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp eða annað egg af tveimur.

#### 11. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstaklingum undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. að öllu eða nokkru leyti, til að safna fuglum, eggjum eða hreiðrum til visindalegra þarfa eða til notkunar við kennslu. Slík undanþága veitist því aðeins í þágu skóla, að náttúrugripasafnið geti eigi séð þeim fyrir nægum gripum af þessu tagi.

#### 12. gr.

Friðunarákvæði þau, sem felast í lögum þessum, skulu gilda hvarvetna á Íslandi, svo og innan íslenzkrar landhelgi á hafinu kringum Ísland.

### III. KAFLI

#### Um fuglaveiðasamþykktir.

#### 13. gr.

Sýslunefndum og bæjarstjórnnum veitist heimild til, hverri sér eða fleirum saman, að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

63

21. apríl

14. gr.

1. Þegar sýslunefnd (eða sýslunefndir og bæjarstjórnir) hefur gert frumvarp til samþykktar samkvæmt 13. gr., skal oddviti sýslunefndar (eða oddvitar sýslunefnda og bæjarstjórna) kveðja til samþykktarfundar. Sé ein sýslunefnd aðili að samþykktinni, stjórnar oddviti hennar fundinum, en sé um fleiri að ræða, þá sá maður, er til þess er kosinn af öllum aðilum. Sé samþykktinni ætlað að ná til eins hrepps eða eins bæjarfélags, skal boða á fundinn alla eigendur og umráðamenn landa og lóða á svæðinu. En sé samþykktinni ætlað að ná til stærra svæðis, skal boða á fundinn hreppsnefndarmenn og bæjarfulltrúa á samþykktarsvæðinu. Atkvæðisréttur á samþykktarfundi er bundinn við þá, sem boðaðir eru á fundinn, og er fundurinn því aðeins lögmætur, að meira en helmingur þeirra sé á fundi.

2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er sýslunefnd (eða sýslunefndir) hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með  $\frac{2}{3}$  greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðherra til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef sýslunefnd (eða sýslunefndir) fellst á þær. En ef sýslunefnd (eða sýslunefndir) vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með  $\frac{2}{3}$  greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðherra til staðfestingar, og virðist ráðherra hún brjóta í hág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir ráðherra samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar var stofnað.

15. gr.

1. Í samþykkt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess, að ákvæða hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

2. Fyrir brot á löggiltri samþykkt má ákveða sektir, allt að 2000 krónum, er renni í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

16. gr.

Þar sem rætt er um sýslunefnd, oddvita hennar og sýslusjóð í III. kafla laga þessara, er einnig átt við bæjarstjórn, bæjarstjóra og bæjarsjóð, eftir því sem við á.

17. gr.

Fuglaveiðasamþykktir, sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu ógildar, unz þær hafa verið staðfestar af ráðherra að nýju.

#### IV. KAFLI

##### Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

18. gr.

Við fuglaveiðar má eigi nota önnur skotvopn en þau, er skjóta má með frihendis frá öxl. Hlaupvíðari haglabyssur en cal. 12 má eigi nota til fuglaveiða.

19. gr.

1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar eða önnur vélknúin farartæki á landi til fuglaveiða eða til að elta uppi eða reka fugla. Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki að og frá veiðistað.

2. Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, og til fuglaveiða á 63 sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga hraðar en 9 sjómíllur á klukkustund. 21. apríl

## 20. gr.

1. Eigi má nota net til fuglaveiða í sjó eða vötnum.

2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla, sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.

3. Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað minnst tvisvar á dag. Heimilt skal að nota háfa til bjargfuglaveiða.

## 21. gr.

Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildirur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar. Þó má með ákvæðum í fuglaveiðasamþykkt heimila að nota fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum.

## 22. gr.

Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum, og sömuleiðis skal óheimilt að greiða verðlaun fyrir eyðingu þeirra. Ráðherra getur þó, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef nauðsyn þykir bera til, í sambandi við eyðingu svartbaks (veiðibjölllu), hrafns og kjóa.

## 23. gr.

Skipum og bátum skal óheimilt að þeyta eimflautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg.

## 24. gr.

Mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrdlum við hreiður þeirra skulu óheimilar nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar.

## 25. gr.

1. Náttúrugripasafn Íslands í Reykjavík hefur eitt heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi í vísindalegum tilgangi. Ráðherra getur samkvæmt tilmælum náttúrugripasafnsins, og að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt leyfi til að veiða fugla í net eða gildirur til merkinga. Má slíkt leyfi jafnt ná til friðaðra fugla sem ófriðaðra. Til merkinganna má ekki nota önnur merki en þau, sem safnið lætur í té.

2. Hverjum, sem finnur eða handsamar merktan fugl, ber að senda merkið, hvort sem það er íslenzkt eða útlent, til náttúrugripasafnsins, ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

## V. KAFLI

## Um inn- og útflutning, kaup og sölu fugla.

## 26. gr.

Fugla, sem eru alfriðaðir samkvæmt lögum þessum, má eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Gildir þetta jafnt um lifandi fugla og dauða, ef þeir hafa verið deyðdir eða þeim hefur verið náð á ólöglegan hátt, svo og einstaka líkamshluta þeirra.

27. gr. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fugla, sem samkvæmt lögum þessum eru friðaðir tiltekna tíma árs, megi eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf fyrir en daginn eftir, að veiðitími þeirra hefst, og eigi lengur en í 14 daga, eftir að honum lýkur. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til fugla, sem hafa verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum innan 7 daga frá því, að veiðitíma þeirra lýkur.

## 28. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að innflutta fugla megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeir hafi verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum á þann hátt, að auðsætt sé, að þeir séu innfluttir. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til erlendra búrfugla eða alifugla, sem til landsins kunna að verða fluttir.

## 29. gr.

Egg, eggskurn og hreiður þeirra fugla, sem samkvæmt lögum þessum njóta algerðrar eða tímabundinnar friðunar, má eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

## 30. gr.

Fugla þá, egg, eggskurn og hreiður, er um ræðir í 26.—29. gr., skal mönnum óheimilt að hafa í vörzlum sínum, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

## 31. gr.

Þeim, sem starfa að því að taka hami af fuglum eða setja þá upp, er óheimilt að inna þau störf af höndum, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt.

## 32. gr.

Nú notar ráðherra heimild 27. og 28. gr. og kveður þá á um með reglugerð, hvernig fuglar þeir, er þar um ræðir, skuli auðkenndir (plúmberaðir) og hverjir skuli annast auðkenninguna, svo og gjald fyrir hana og hver greiða skuli.

## VI. KAFLI

## Refsiákvæði og réttarfar.

## 33. gr.

1. Hver sá, er gerist sekur um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum frá 100 til 3000 krónum. Ef brot er ítrekað, skal sektin nema 300 til 5000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrdill, enda sé síðast talda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Lágmarkssekt fyrir að veiða fuglategundir þessar á ólöglegan hátt skal vera 500 krónur. Sömu lágmarkssekt skal sá sæta, er gerist sekur um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, er sekur hefur reynzt um brot á lögnum.

2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð.

3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða veiðitækjum, eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara.

## 34. gr.

63

Ólögleg eggjataka varðar sektum frá 50 til 2000 krónum. Ítrekað brot varðar sektum frá 100 til 4000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka eða haftyrdils. Lágmarkssekt fyrir ólöglega töku eggja þessara tegunda, svo og æðareggja, skal vera 300 krónur. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

21. apríl

## 35. gr.

Brot á ákvæðum 26.—31. gr. varða sektum frá 50 til 5000 krónum. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

## 36. gr.

Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 15. og 33.—35. gr., varða sektum frá 50 til 1000 krónum.

## 37. gr.

1. Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og upptæk verðmæti, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang samkv. 33. og 34. gr. eða andvirði þess skal þó renna til veiðiréttarhafa þess, er misgert var við, nema fuglar hafi verið veiddir eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum laganna.

2. Nú er brot framið í fleiri lögsagnarumdæmum en einu, og skiptast þá sektir og upptæk verðmæti að jöfnu milli sýslusjóða eða bæjarsjóða.

## 38. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

## 39. gr.

1. Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirfarandi lög og lagaákvæði:

Ákv. tilsk. 20. júní 1849, um veiði, þau, er að fuglaveiðum lúta.

Lög nr. 13/1894, um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum.

Lög nr. 20/1912, um samþykkt um veiði í Drangey.

Lög nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, ásamt síðari breytingum.

Lög nr. 42/1921, um friðun lunda.

Ákvæði laga nr. 31/1922, um breytingu á lögum nr. 34/1915, um dýraverndun, að því er varðar fuglaveiðar, og reglur, er settar hafa verið samkvæmt þeim.

Lög nr. 74/1941, um friðun æðarfugls.

Lög nr. 107/1950, um breytingu á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals.

2. Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara, eru úr gildi numin.

## 40. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar árið eftir, að þau hljóta staðfestingu.

*Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

64

21. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laganna verði tveir liðir, svo hljóðandi:

25. *Blönduóshérað*: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðahreppur, Engihlíðahreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.

Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga þó jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis í Höfðahéraði.

26. *Höfðahérað*: Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað. Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Ingólfur Jónsson.*

65

21. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Í staðinn fyrir Egilsstaðahérað í 3. gr. laga nr. 8 1944 komi tvö ný héruð, þannig:

a. *Egilsstaðahérað vestra*: Jökuldalshreppur, Hlíðahreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótaldshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

b. *Egilsstaðahérað eystra*: Hjaltastaðahreppur, Eiðahreppur, Egilsstaðahreppur, Vallahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

## 2. gr.

Læknishéruðin starfrækja í félagi sjúkrahúsið á Egilsstöðum, og annast læknar beggja héraðanna læknisstörfin, enda hafa báðir rétt á sjúkrahúsvist þar fyrir sjúklunga sína.

Sá læknirinn, sem á hverjum tíma hefur verið lengur starfandi héraðslæknir á Egilsstöðum, skal vera yfirlæknir við sjúkrahúsið. Landlæknir getur ákveðið, að lyfjabúð sé sameiginleg fyrir bæði læknishéruðin, og setur hann þá reglur þar um

## 3. gr.

Síðasti málsliður 7. gr. laga nr. 8 1944 fellur niður.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Bráðabirgðaákvæði.

Núverandi héraðslæknir Egilsstaðahéraðs skal eiga rétt á að kjósa, hvoru læknishéraðinu hann vill þjóna, og heldur hann þeirri íbúð, sem hann hefur nú í læknisbústaðnum.

*Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1954.*

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal greiða árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, eins og hér segir:

## 2. gr.

Í stað orðanna „í fyrsta sinn 1922“ í 8. gr. laganna komi: í fyrsta sinn 1954, og skila honum til gjaldkera hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.*

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Skúli Guðmundsson.*



67

24. apríl

## L Ö G

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til virkjunar Efra-Sogs, allt að kr. 100 000 000 — eitt hundrað milljónir króna — eða tilsvarendi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ef hentara þykir, getur ríkisstjórnin ákveðið, að Framkvæmdabanki Íslands fyrir hönd ríkissjóðs taki lán þau, er um ræðir í 1. málsgr., og endurláni féð Sogsvirkjuninni gegn gildum tryggingum.

Ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur bera sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkv. lögum þessum, en innbyrðis er ábyrgð hvors aðila takmörkuð við eignarhluta hans í Sogsvirkjuninni á hverjum tíma, sbr. sameignarsamning, dags. 30. júlí 1949.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

---

*Steingrímur Steinþórsson.*

68

24. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

90. tölul. í 1. gr. laganna orðist svo:

*Höfðakaupstaður*: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.

Prestssetur: Höfðakaupstaður.

## 2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar notuð hefur verið heimild sú, er felst í bráðabirgðaákvæði laganna um prestsseturshús í Höfðakaupstað.

**Bráðabirgðaákvæði.**

68

Kirkjumálaráðherra er heimilt að láta reisa eða kaupa prestsseturshús í Höfða-  
kaupstað, enda fylgi því að minnsta kosti 5 hektara ræktunarland, og að því loknu  
að leigja eða selja jörðina Höskuldsstaði.

24. apríl

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.**

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

**L Ö G**

69

24. apríl

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

**HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki  
voru:

**1. gr.**

14. gr. laganna orðist svo:

Merkjamál sæta að öðru leyti en því, sem í lögum þessum greinir, hinni venju-  
legu meðferð einkamála í héraði.

**2. gr.**

15. gr. laganna orðist svo:

Um áfrýjun merkjamála til hæstaréttar og meðferð þeirra þar fer eftir almenn-  
um reglum.

**3. gr.**

Síðari másl. 18. gr. laganna falli niður.

**4. gr.**

Með lögum þesum eru úr gildi numin lög nr. 40 31. maí 1927.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Merkjámál, sem þingfest hafa verið fyrir gildis-  
tökudag laganna, fara eftir eldri reglum.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.**

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Aftan við 39. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Þegar mál þau, sem um ræðir í 2. málsg. 44. gr., koma til meðferðar í Félagsdómi, skulu dómendur þeir, sem tilnefndir eru af Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, vikja sæti, en í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndur hvor sinn mann úr hópi 18 manna, sem tilnefndir eru í því skyni af Landssambandi iðnaðarmanna, Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og Félagi íslenzkra iðnrekenda til þriggja ára í senn. Nefnir hvert nefndra samtaka sex menn og jafnmarga til vara. Nú tilnefnir aðili ekki dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna milli samaðila máls, og nefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.

## 2. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Heimilt skal stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.*

**Ólafur Thors.**

**Jörundur Brynjólfsson.**

**Árni Tryggvason.**

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

71

24. apríl

## um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Heimilt skal dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, báta og búnaðarvélar.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

## 2. gr.

Drættir í þessu happdrætti skulu fara fram opinberlega í Reykjavík. Dregið skal mánaðarlega.

## 3. gr.

Heimild þessi gildir í 10 ár frá því, að lögin öðlast gildi. Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

## 4. gr.

Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla.

## 5. gr.

Ráðherra getur sett með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.*

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

72

24. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hreindýr skulu friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum. Nú telur eftirlitsmaður hreindýra, að þeim hafi fjölgað svo, að stofninum stafi eigi hætta af veiðum, og er ráðherra þá rétt að heimila veiðar, enda skal hann þá setja reglur um veiðarnar, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanna og eftirlitsmanns, og kveða á um, hvert renna skuli hagnaður, er verða kann af veiðunum. Heimilt er ráðherra að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skal varða allt að 10000.00 króna sekt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1954.*

Ólafur Thors.      Jörundur Brynjólfsson.      Árni Tryggvason.  
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

73

20. apríl

## L Ö G

um breyting á póstlögum, nr. 31 12. febr. 1940.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi 2 nýjar málsg., svo hljóðandi:

Í Reykjavík og annars staðar í landinu, þar sem daglegur bréfaútburður fer fram og slíkt þykir henta, getur póstmeistari með samþykki póst- og símamála-stjórnar, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem póst- og símamálaráðherra setur, gert húseigendum skylt að setja upp bréfabakassa í eða við hús sín, á þeim stað, sem

póstmeistari samþykkir, undir þann póst, sem í húsið á að fara. Skal gerð kassanna háð samþykki póstmeistara, og er húseigendum skylt að halda þeim við. **73**

20. apríl

Nú lætur húseigandi undir höfuð leggjast að sinna fyrirmælum póstmeistara, og varðar það sektum samkvæmt 22. gr., og heimilast þá póstmeistara, ef svo ber undir, að útvega, setja upp og halda við bréfaökssum á kostnað húseiganda. Kostnað þennan má krefja með lögtaki.

**2. gr.**

Upphaf 22. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 3., 4., 5., 8., 9., 10. og 11. greinar o. s. frv.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.*

**Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.**  
(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

**AUGLÝSING****74**

**um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Rúmeníu.**

23. apríl

Hinn 13. apríl 1954 voru undirritaðir í Reykjavík viðskipta- og greiðslusamningar milli Íslands og Rúmeníu.

Samningarnir gilda frá undirritunardegi til 31. desember 1955.

Samkvæmt samningunum er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út saltsild, freðsild, hraðfrystur fiskur og saltfiskur.

Helztu útflutningsvörur frá Rúmeníu til Íslands verða harðviður, fóðurbætir og maísmjöl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánrikisráðuneytið, 23. apríl 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

75

4. maí

## AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða Norðurlandasamnings um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febr. 1931, um innheimtu meðlaga.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 61 frá 21. apríl 1954, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga, hefur verið ákveðið að ákvæði nefnds samnings skuli nú þegar taka gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 4. maí 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

76

4. maí

## AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða Norðurlandasamnings um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febr. 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 62 frá 21. apríl 1954, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, hefur verið ákveðið að ákvæði nefnds samnings skuli nú þegar taka gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 4. maí 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

77

7. maí

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag heim úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 7. maí 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*

**BRÁÐABIRGÐALÖG**  
um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o. fl.

78  
2. júlí

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að á meðan varnarlið Bandaríkjanna dvelst hér á landi, beri brýna nauðsyn til að gera sérstaka skipan á yfirstjórn og framkvæmd varnarmálanna.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Nú leggja lög tiltekinn flokk mála til eins og sama ráðherra, og skal það ekki vera því til fyrirstöðu, að við skiptingu starfa með ráðherrum sé ráðherra þeim, sem falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, er lög-giltur var með lögum nr. 110/1951, fengin meðferð slíks málaflokks í lögsagnarum-dæmi Keflavíkurflugvallar og á öðrum landsvæðum, er varnarliðinu eru fengin til afnota á hverjum tíma. Slík heimild gildir um dómsmál, að því er varðar brot, sem framin eru á varnarsvæðunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Sauðárkróki, 2. júlí 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**  
(L. S.)

Ólafur Thors.

**AUGLÝSING**

um breyting á forsetaúrskurði frá 11. september 1953,  
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

79  
2. júlí

Forseti Íslands hefur í dag gefið út svofelldan úrskurð:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði frá 11. september 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að á eftir orðinu „lögreglumál“ í V. lið úrskurðarins bætist við orðið: dómsmál.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

*Forsætisráðuneytið, 2. júlí 1954.*

**Ólafur Thors.**

Birgir Thorlacius.



80

6. ágúst

## BRÁÐABIRGÐALÖG

### um aðstoð við togaraútgerðina á árinu 1954.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að rannsókn millipinganevndar, sem kjörin var á síðasta Alþingi til þess að rannsaka hag togaraútgerðarinnar, hafi leitt það í ljós, að hallarekstur togaraútgerðarinnar sé nú svo mikill að veita verði henni sérstaka aðstoð nú þegar, ef unnt á að vera að halda togurunum úti til áramóta. Þar sem telja verður brýna nauðsyn að koma í veg fyrir almenna stöðvun togaraflota landsmanna eru því hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1954 að innheimta sérstakt leyfisgjald af innflutningsleyfum fyrir bifreiðum. Má gjald þetta nema allt að 100% af fob-verði bifreiðanna og innheimtir innflutningsskrifstofan gjaldið um leið og leyfi er afhent, sbr. þó 5. gr.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast leyfisgjaldið við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og váttryggingargjaldi.

#### 2. gr.

Gjald það, sem innheimt er samkvæmt 1. gr., skal renna í sérstakan sjóð, sem er eign ríkisins.

Úr sjóði þessum skal greiða togaraútgerðinni rekstrarstyrk á árinu 1954. Eigi má greiða hverjum einstökum togara meira fé úr sjóðnum en nemur kr. 2000.00 fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið úti til veiða á tímabilinu 1. ágúst til 31. des. 1954.

#### 3. gr.

Sjóð þann, er um ræðir í 2. gr., skal geyma á sérstökum reikningi í Landsbanka Íslands.

Stjórn sjóðsins og greiðslu styrkja úr honum skal fela tveimur mönnum. Skipar fjármálaráðherra annan, en sjávarútvegsmálaráðherra hinn.

Kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af fé hans.

#### 4. gr.

Ríkisstjórnin sker úr, ef ágreiningur er um hverjar bifreiðar skuli gjaldskyldar samkvæmt 1. gr., svo og ef ágreiningur er um verð það, sem gjaldið miðast við.

#### 5. gr.

Nú hefur innflutningsleyfi verið veitt fyrir bifreið áður en lög þessi öðlast gildi, en hún eigi verið tollafgreidd fyrir gildistöku laganna, skal þá tollfyrirvald heimta gjald samkvæmt 1. gr. þegar tollafgreiðsla fer fram.

Nú hefur bifreið verið tollafgreidd fyrir gildistöku laga þessara og skal þó heimilt að krefja um leyfisgjald samkvæmt lögnum, ef leyfi til tollafgreiðslu bifreiðarinnar hefur verið veitt með fyrirvara um innheimtu gjaldsins síðar, ef það yrði á lagt. Ber innflytjandi slíkrar bifreiðar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

## 6. gr.

80

Þar sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum er átt við ríkisstjórnina í heild. 6. ágúst

## 7. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um framkvæmd laga þessara. Má í þeim reglum m. a. ákveða mismunandi gjald af leyfum fyrir ýmsum tegundum bifreiða innan þeirra marka, er greinir í 1. gr., og einnig, að bifreiðar til ákveðinna nota séu gjaldfrjálsar.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 6. ágúst 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

## AUGLÝSING

81

## um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna.

7. júlí

Hinn 19. júní 1954 var undirritað í Moskva samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna.

Samkomulag þetta gildir frá 1. júlí 1954 til 31. desember 1955.

Samkvæmt samkomulagi þessu er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út freðfiskur, saltsild og freðsild.

Helztu útflutningsvörur frá Sovétríkjunum verða brennsluoliur og benzín, kornvörur, sement, járnþrá, steypustyrktarjárn, koks og antrahcitkól.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 7. júlí 1954.*

Kristinn Guðmundsson.

Sigurður Hafstað.

## AUGLÝSING

82

## um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur.

7. júlí

Hinn 11. júní 1954 var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Danmerkur.

Samkomulagið gildir fyrir tímabilið 15. marz 1954 til 14. marz 1955.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út saltsild, saltfiskur, niðursoðnar sjávarafurðir og söltuð hrogn. Enn fremur sildarlýsi og sildarmjöl.

**82** Innflutningur frá Danmörku mun heimilaður á sama hátt og áður hefur  
7. júlí tiðkapt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 7. júlí 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Sigurður Hafstað.*

**83**  
7. júlí

## AUGLÝSING

**um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar.**

Hinn 31. maí 1954 var undirrituð í Stokkhólmi bókun um framlengingu á samkomulagi um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar. Er samkomulagið framlengt til 31. marz 1955.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út salt-sild, kryddsild og sykursöltuð sild og aðrar vörur á sama hátt og áður hefur tiðkapt.

Útflutningur á vörum frá Svíþjóð verður með tilliti til hversu útflutningur verður mikill á íslenskum vörum til Svíþjóðar og með hliðsjón af venjulegum útflutningshagsmunum Svíþjóðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 7. júlí 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Sigurður Hafstað.*

**84**  
23. ágúst

## AUGLÝSING

**um fullgildingu alþjóðasamnings hinna Sameinuðu þjóða  
um réttarstöðu kvenna.**

Hinn 25. nóvember 1953 var undirritaður fyrir Íslands hönd alþjóðasamningur hinna Sameinuðu þjóða um réttarstöðu kvenna.

Fullgildingarskjal Íslands að samningnum var afhent forstjóra Sameinuðu þjóðanna hinn 30. júní 1954.

Samkvæmt samningnum gengur hann í gildi að því er varðar Ísland hinn 28. september 1954.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 23. ágúst 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

## AUGLÝSING

um fullgildingu Evrópuráðssamnings um jafngildi prófskírteina til aðgangs að háskólum.

85

23. ágúst

Hinn 11. desember 1953 var undirritaður fyrir Íslands hönd í París Evrópuráðssamningur um jafngildi prófskírteina til aðgangs að háskólum. Fullgildingarskjal varðandi samning þennan hefur verið afhent skrifstofu Evrópuráðsins hinn 5. ágúst 1954 og miðast gildistaka samnings fyrir Ísland við þann dag.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 23. ágúst 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

## AUGLÝSING

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

86

7. sept.

Hinn 31. ágúst var undirritaður í Reykjavík nýr viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Gildistími samningsins er til 31. ágúst 1957, en vörulistar, sem jafnframt var samið um, gilda í eitt ár.

Til Tékkóslóvakíu er gert ráð fyrir sölu á frystum fiskflökum, frystri síld, saltsíld, fiskimjöli og öðrum vörum, svo sem húðum, skinnum, ull og niðursoðnum fiskafurðum, en á móti er gert ráð fyrir kaupum þar á ýmsum vörutegundum til Íslands, svo sem vefnaðarvörum, járn og stáli, skófatnaði, bifreiðum, vélum, asbesti, gleri og glervörum, sykri, gúmmívörum, pappírsvörum, rafmagnsvörum o. fl.

Þetta er almenningi hér með gert kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 7. september 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

87

8. sept.

## FORSETAÚRSKURÐUR

75		— heyrnartæki .....	—	7	8
76		— sóthreinsunartæki .....	—	7	8
77		— tannlækningaáhöld .....	—	7	8
78		— röntgentæki og hlutar til þeirra .....	—	7	8
79		— annað .....	—	7	8

Toll- skrár- nr.		Tolleining	Vöru- magns- tollur	Veró- tollur
			Aurar	%
	<b>Síma- og útvarpstæki:</b>			
80	— gjallarhorn og hljóðnemar .....	1 kg	7	10
81	— símatól .....	—	7	10
82	— loftskýtatæki og hlutar til þeirra .....	—	7	10
83	— talsíma- og ritsímataeki og hlutar til þeirra, ót. a. ....	—	7	10
84	— útvarpstæki og hlutar til þeirra, ót. a. ....	—	7	10
85	— talstöðvar, senditæki og hlutar til þeirra .....	—	7	10
86	— brunaboðar .....	—	7	10
87	— annað .....	—	7	10
88	Önnur rafmagnstæki, ót. a. ....	—	7	30
<b>XVII. FLOKKUR</b>				
<b>Flutningatæki.</b>				
74. kafli.				
<b>Eimreiðar, sporvagnar og hlutar til þeirra.</b>				
1	Eimreiðar, sporvagnar og hlutar til þeirra .....	1 kg	2	8
2	Vagnar til eimreiða og sporvagna .....	—	2	8
75. kafli.				
<b>Bifreiðar, bifhjól, reiðhjól og önnur ökutæki og hlutar til þeirra, ót. a., svo og sleðar.</b>				
<b>Bifreiðar:</b>				
1	— eingöngu til mannflutninga .....	1 kg	2	30
2	— slökkvibifreiðar og sjúkrabifreiðar .....	—	2	10
3	— snjóbifreiðar .....	—	2	10
4	— vöruflutningabifreiðar .....	—	2	10
5	— aðrar .....	—	2	30
Aths. Sem bifreið skoðast bifreiðaskrokkur (stell), þótt inn sé fluttur án hjóla og yfirbyggingar.				
6	Vélar í bifreiðar og hlutar til þeirra, svo og aðrir bifreiðahlutar, ót. a. ....	—	2	10
7	Vegheflar .....	—	2	10
8	Dráttarbifreiðar (til uppskipunar) .....	—	2	10
9	Bifhjól .....	—	7	50
<b>Bifhjólahlutar, ót. a.:</b>				
10	— hliðarvagnar og körfur .....	—	7	50
11	— aðrir .....	—	7	50
12	Vélknúnir vagnar, ót. a. ....	—	2	30
13	Reiðhjól .....	—	7	30
14	Reiðhjólahlutar, ót. a. ....	—	7	20
15	Hestvagnar, heygrindur fyrir dráttarvélar og aðrir áþekkir vagnar og vagnhlutar, ót. a. ....	—	2	8

90  
25. nóv.

Toll- skrár- nr.		Tolleining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
	<b>Handvagnar, ót. a.:</b>			
16	— hjólbörur .....	1 kg	7	30
17	— aðrir .....	—	2	8
18	Barnavagnar og hlutar til þeirra .....	—	7	30
19	Sleðar .....	—	7	30
	76. kafli.			
	<b>Flugvélar, skip og önnur farartæki, ót. a.</b>			
1	Flugvélar og önnur loftför og hlutar til þeirra tollfrjáls			
1a	Fallhlifar og tilheyrandi ..... tollfrjálsar			
	<b>Skip og bátar:</b>			
2	— 150 tonn brúttó eða stærri ..... tollfrjáls			
3	— 10—150 tonn brúttó .....			2
	— önnur:			
4	— — herpinótabátar, með eða án véla .....			2
5	— — róðrabátar .....			15
6	— — annars .....			30
7	Önnur farartæki, ót. a. ....			30
	XVIII. FLOKKUR			
	<b>Tæki (instrument) og úr.</b>			
	77. kafli.			
	<b>Optisk gler, gleraugu, tæki (instrument)</b>			
	<b>önnur en hljóðfæri, vogir o. fl., ót. a.</b>			
1	Optisk gler án umgerðar .....	1 kg	7	30
2	Optisk gler í umgerð, ót. a. ....	—	7	30
3	Sjónaukar alls konar .....	—	7	30
4	Smásjár og smásjárhlutar .....	—	7	8
	<b>Glernaugnumgerðir:</b>			
5	— sem í eru góðmálmar að einhverju leyti .....	—	120	50
6	— aðrar .....	—	7	30
	<b>Glernaugu:</b>			
7	— í umgerð úr góðmálmum að einhverju leyti .....	—	120	50
8	— önnur .....	—	7	30
9	Ljósmyndavélar og hlutar til þeirra, ót. a. ....	—	7	50
10	Kvikmyndaökuvélar, sýningarvélar fyrir mjófilmu, svo og skuggamyndavélar .....	—	7	30
11	Sýningarvélar fyrir kvikmyndir .....	—	7	50
13	Teiknigerðir (bestik), reikningstokkar o. þ. h. reikni- tæki, sem ekki geta talizt vélar .....	—	7	30
14	Jarðlíkön (globus) .....	—	7	30
15	Vitataeki, ót. a. ....	—	7	8

Toll- skrár- nr.		Tolleining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
16	Efnafræði, eðlisfræði-, veðurfræði- og siglingaáhöld og önnur þvilík áhöld, ót. a. ....	1 kg	7	8
17	Áttavitar .....	—	7	8
	Alls konar mælar og mælitæki, ót. a.:			
18	— sjúkramælar .....	—	7	8
19	— heymælar .....	—	7	8
20	— aðrir hitamælar, ót. a. ....	—	7	8
21	— gasmælar og vatnsmælar .....	—	7	8
22	— þrýstimælar .....	—	7	8
23	— hraðamælar .....	—	7	8
24	— loftþyngdarmælar .....	—	7	30
25	— aðrir .....	—	7	30
	Málbönd, mælistokkar og kvarðar:			
26	— úr málmum .....	—	7	30
27	— annað .....	—	7	30
28	Þokulúðrar .....	—	7	30
	Vogir og hlutar til þeirra, ót. a.:			
29	— bifreiðavogir (bryggjuvogir) .....	—	7	8
30	— desimalvogir og vogir fyrir rennibrautir .....	—	7	8
31	— aðrar .....	—	7	8
	Vogarlóð:			
33	— úr járn og blýi .....	—	7	30
34	— önnur .....	—	7	30
35	Tæki, sem eingöngu verða notuð til hjúkrunar eða lækninga, ót. a. ....	—	7	8

## 78. kafli.

## Úr, klukkur og hlutar til þeirra.

## Vasaúr og armbandsúr:

1	— úr góðmálmum að nokkru eða öllu leyti .....	1 kg	120	50
2	— önnur .....	—	7	50
3	Hlutar til vasa- og armbandsúra .....	—	7	50
4	Klukkan (stundaklukkan) .....	—	7	50
5	Klukkanhlutar .....	—	7	50

## 79. kafli.

## Hljóðfæri, hljóðritunartæki og hlutar til þeirra.

1	Flygel og píanó .....	1 kg	7	50
2	Hlutar til flygela og píanóa .....	—	7	15
3	Orgel og harmoníum .....	—	7	50
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna og hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.			
4	Hlutar til orgela og harmonía .....	—	7	15
5	Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a. ....	—	7	50

90 25. n.óv.	Toll- skrár- nr.		Tolleining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
		<b>Blásturshljóðfæri:</b>			
6		— munnhörpur .....	1 kg	120	50
7		— önnur og hlutar til þeirra .....	—	7	50
8		Harmoníkur .....	—	7	50
8a		Hlutar til harmoníka .....	—	7	30
		<b>Grammófónar, spiladósir, lýrukassar og hlutar til þeirra:</b>			
9		— grammófónar og hlutar til þeirra .....	—	7	80
10		— spiladósir, lýrukassar og hlutar til þeirra .....	—	120	80
11		— grammófónplötur, ót. a. ....	—	7	80
		<i>Aths. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður að nokkru eða öllu leyti aðflutningsgjöld af hljómplötum með verkum eftir íslenska höfundar og verkum sungnum og/eða leiknum af Íslendingum.</i>			
12		— grammófónplötur til tungumálakennslu .....	—	7	10
13		— grammófónnálar .....	—	7	80
14		Hljóðritar (fónógrafar) og hlutar til þeirra .....	—	7	30
15		Trumbur .....	—	7	50
16		Önnur hljóðfæri og hljóðfærahlutar, ót. a. ....	—	7	50

## XIX. FLOKKUR

### Vopn og skotfæri.

#### 80. kafli.

##### Vopn.

##### Byssur:

1	— haglabyssur og hlutar til þeirra .....	1 kg	7	30
2	— kúlubyssur, ót. a., og hlutar til þeirra .....	—	7	30
3	— fallbyssur og hlutar til þeirra .....	—	7	30
4	— hvalveiðabyssur og hlutar til þeirra .....	—	2	2
5	— línubyssur (björgunarbyssur) og hlutar til þeirra .....	—	2	2
6	— aðrar byssur og hlutar til þeirra, ót. a. ....	—	7	30
7	Önnur vopn .....	—	7	30

#### 81. kafli.

##### Skotfæri.

##### Skothylki:

	— t ó m:			
1	— — úr pappa .....	1 kg	7	8
2	— — önnur .....	—	7	8
	— h l a ð i n:			
3	— — úr pappa .....	—	7	8
4	— — önnur .....	—	7	8
5	Högl og byssukúlur .....	—	7	8
6	Hvalveiðaskutlar .....	—	2	2
7	Önnur skotfæri, ót. a. ....	—	7	30

Toll-  
skrár-  
nr.

## XX. FLOKKUR

## Ýmsar vörur og framleiðsla, ót. a.

## 82. kafli.

Náttúrleg eða tilbúin „mótanleg“ efni  
og vörur úr þeim, ót. a.

	Tolleining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1	Tilbúnar perlur, perlufestar og annar varningur úr til- búnum perlum .....	1 kg	120 80
2	Vörur úr kóralli, ót. a. ....	—	120 80
3	Vörur úr skjaldböskul, ót. a. ....	—	7 50
4	Vörur úr skelplötu, sniglaskeljum o. þ. h., ót. a. ..	—	7 50
5	Vörur úr beini og horni, ót. a. ....	—	7 50
6	Vörur úr rafi, ambroidi, jeti (gagati) og merskúmi, ót. a.	—	7 50
7	Vörur úr vaxi, ót. a. ....	—	7 50
8	Skraut- og glysvarningur úr plastiskum efnum og efn- um þeim, sem talin eru í þessum kafla .....	—	120 80

## 83. kafli.

## Burstagerðarvörur, ót. a., sigti og sáld.

## Burstagerðarvörur, ót. a.:

1	— gólfsópar, gluggasópar og aðrir þess háttar grófir sópar, ót. a. ....	1 kg	7 30
2	— burstar til að hreinsa vélar .....	—	7 30
3	— málningarpenslar, tjörúkústar og kalkburstar ...	—	7 30
3a	— listmálunarpenslar .....	—	7 8
4	— pottahreinsarar og aðrir burstar til að hreinsa mat- arilát og önnur búsaðhöld .....	—	7 30
5	— fataburstar, hárburstar, naglaburstar, tannburstar og rakburstar .....	—	7 30
6	— aðrir burstar og burstavörur, ót. a. ....	—	7 30
7	Sigti og sáld .....	—	7 30

## 84. kafli.

Tennistæki og önnur þvílík tæki, leikföng,  
samkvæmisspil o. fl.

1	Tennis-, hockey- og golfknettir og önnur tæki til þeirra leikja, ót. a., fótknettir og „krokket“ og önnur þess konar tæki með tilheyrandi kúlum, spöðum og sleggjum .....	1 kg	7 40
2	Leikföng alls konar .....	—	120 50
<b>Samkvæmisspil, gestaþrautir og töfl:</b>			
3	— taflborð og taflmenn .....	—	7 30
4	— annað .....	—	120 50
5	Ballskákir (billard) og hliðstæðar skákir og hlutar til þeirra .....	—	7 50
6	Jólatrésskraut alls konar .....	—	120 80
7	Grimur, grimubúningar, pappirshvellpokar og aðrar þess háttar vörur .....	—	120 80



90  
25. nóv.

Toll- skrár- nr.		Tolleining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
	<b>Fiskiönglar:</b>			
8	— önglar með flugu eða öðru tilbúnu agni til lax og silungsveiða .....	1 kg	7	30
9	— aðrir .....	—	2	2
10	Öngultaumar, línur, girni og línuhjól til lax- og silungsveiða, svo og laxveiðiháfar og ífærur .....	—	7	30
11	Fiskistengur og lausir liðir í þær .....	—	7	30
	85. kafli.			
	<b>Hnappar, sjálfblekungar, skrúfblýantar, reykjarpípur o. fl.</b>			
1	Hnappar til fata, ót. a., þar með taldir ermahnappar og flibbahnappar, aðrir en úr góðmálmum .....	1 kg	20	30
2	Sjálfblekungar, skrúfblýantar og pennastengur úr öðru en góðmálmum .....	—	7	30
	<i>Aths.</i> Til góðmálma teljast þó ekki vörur þessar, nema bolurinn og/eða hettan að öllu eða verulegu leyti sé úr góðmálmi.			
3	Reykjarpípur, pípuhausar, pípuhreinsarar alls konar, munnstykki og aðrir pípuhlutar, vindla- og vindlingamunnstykki og kveikjarar nema úr góðmálmum .....	—	7	50
4	Öskjur undir andlitsduft (púðurdósir), nema úr góðmálmum, svo og púðurkvastar .....	—	7	50
5	Hárgreiður og höfuðkambar alls konar .....	—	7	35
6	Brjóst- og mannlikön til útstillinga .....	—	7	50
7	Bandþrjónar, heklunálar, þrjónavélanálar, saumavélanálar, saumnálar, seglsaumsnálar, striganálar, stoppunálar og aðrar þess háttar nálar .....	—	7	10
	86. kafli.			
	<b>Vörur, sem ekki falla undir önnur tollskrárnúmer.</b>			
1	Vörur, sem ekki falla undir önnur tollskrárnúmer ..	1 kg	7	30
	<b>XXI. FLOKKUR</b>			
	<b>Listaverk og safnmunir, ót. a.</b>			
	87. kafli.			
	<b>Listaverk og safnmunir, ót. a.</b>			
1	Listaverk .....			
	<i>Aths.</i> Tollundanþágan eftir nr. 1 tekur aðeins til frumverksins. Fjármálaráðuneytinu er þó heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af afsteypum, sem gerðar eru erlendis eftir hér gerðum frummyndum úr gipsi eða öðru áþekku efni.			
	<b>Safnmunir, ót. a.:</b>			
2	— frímerki og önnur slík merki .....			
3	— safnmunir til opinberra safna .....			
4	— aðrir .....	1 kg	7	30

## 2. gr.

90

Auk þeirra vara, sem eftir tollskránni eru tollfrjálsar, eru eftirtaldar vörur undanþegnar aðflutningsgjöldum: 25. nóv.

- a. Áhöld og innstæðumunir í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda séu áhöld þessi og innstæðumunir tilheyrandi farartækjunum sjálfum og ekki umfram það, sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar farartækjanna, hvaða ferðum þau eru í og um hvaða áhöld og muni er að ræða, og áhöld þessi og innstæðumunir verði ekki fluttir hér úr farartækjunum.
- b. Vistir og aðrar nauðsynjar, sem eru í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda verði vistir þessar og nauðsynjar áfram í farartækjunum þeim til notkunar, áhöfn og farþegum til neyzlu og notkunar í þeim, og vistir þessar og nauðsynjar geti talizt hæfilegar og leyfilegar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þau efni. Einungis farartæki, sem eru í utanlandsferðum, geta þó notið þessarar undanþágu, en fjármálaráðuneytið segir fyrir um það í reglugerð, hvað teljast skuli utanlandsferðir í þessu sambandi.
- c. Aðrar vörur, sem ekki eiga að affermast hér úr farartækjunum, en eiga að fylgja þeim aftur til útlanda. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um meðferð þessara vara og hvaða skilyrðum skuli fullnægt, svo að þær verði tollfrjálsar.
- d. Vanalegur farangur starfsmanna á farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekning frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með vanalegum farangri nefndra starfsmanna er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem tilheyra skipverjum á skipum og starfsmönnum á öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin nota skipverjanna sjálfra eða starfsmanna í skipinu eða farartækinu.
- e. Vanalegur farangur ferðamanna, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekning frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með orðunum vanalegur farangur ferðamanna er átt við fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem farþegar á farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, hafa meðferðis, að svo miklu leyti sem tollstarfsmenn telja farangur þennan til eigin nota farþeganna á ferðalaginu.
- f. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna, sem látizt hafa erlendis, enda beri vörur þessar þess merki, að þær séu notaðar.
- g. Heimilismunir, sem eru innfluttir af þeim, sem hafa verið búsettir erlendis minnst eitt ár áður en þeir fluttu hingað til lands, munirnir séu notaðir heimilismunir þessara manna frá því þeir voru búsettir erlendis það ár og hafi verið í eigu þeirra og notaðir af þeim allt það ár, þessir menn flytji raunverulega hingað til lands og munirnir beri þess merki, að þeir séu notaðir.  
Nánari skilyrði fyrir undanþágu þessari má setja í reglugerð m. a. um það, að hlutaðeigendur leggi fram skilríki fyrir tilskildri dvöl sinni erlendis og að þeir hafi raunverulega notað erlendis hina innfluttu muni, að þeir leggi fram skilríki fyrir búsetuheimild sinni hér og greiði gjald fyrir skoðun munanna. Þá skal og heimilt að ákveða, að undanþága taki aðeins til heimilismuna að tilteknu verðmæti.
- h. Vörur til sendiherra, sendiráða og sendiráðismanna erlendra ríkja, enda afhendi þeir tollýfirvaldi við afhending eða samþykki til afhendingar varanna yfirlýsing um það, að vörurnar verði notaðar við starfsemi þeirra hér eða séu til þeirra eigin afnota eða skylduliðs þeirra.

- 90**  
25. n.ó.v.
- i. Skjaldarmerki, flögg, innsigli, stimplar og áprentuð eyðublöð, sem umbjóð-  
endur ræðismanna erlendra ríkja senda þeim, enda beri vörur þessar það með  
sér, að þær séu ætlaðar til afnota í sambandi við ræðismannsstörf.
  - j. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess, að þær seldust  
ekki þar, eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar þær  
sannanir eða líkur, sem tollýfirvald tekur gildar fyrir því, að um sé að ræða  
vörur útfluttar héðan. Skilyrði undanþágunnar er, að vörurnar komi hingað  
aftur innan árs frá því þær fóru héðan.
  - k. Endursendar tómar umbúðir, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem toll-  
ýfirvald tekur gildar fyrir því, að um sé að ræða endursendar umbúðir utan af  
útfluttum vörum.
  - l. Kistur utan um lík og ker með ösku brenndra líka.
  - m. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á  
sauðfé.

## 3. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt:

- a. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af sild og skelfiski, sem inn er flutt til beitu.
- b. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, sem erlendir ferða-  
menn flytja hingað til að nota hér um skamman tíma, ef þessum skilyrðum er  
fullnægt:
  - 1. Hlutaðeigandi ferðamenn aki sjálfir ökutækjum þessum, eða launaðir öku-  
menn þeirra, útlendir eða innlendir.
  - 2. Ökutækin séu ekki lánuð, leigð eða notuð til neins konar flutninga fyrir  
borgun.
  - 3. Ferðamennirnir hafi ökutækin með sér til útlanda, þegar þeir fara þangað.  
Þó verða ökutækin í öllum tilfellum að vera flutt út innan árs frá því að þau  
voru flutt hingað til lands.
  - 4. Við komu ökutækjanna hingað sé sett trygging í peningum fyrir aðflutnings-  
gjöldunum af ökutækjunum, eða þau sambönd eigenda ökutækja, sem fjár-  
málaráðuneytið tekur gild, ábyrgist greiðslu aðflutningsgjaldanna.
  - 5. Ef skilyrðin eru rofin að dómi toll- eða lögreglustjórnar, megi þær taka öku-  
tækin þegar í stað úr umferð og annaðhvort taka aðflutningsgjöldin af trygg-  
ingarfénu, eða, ef samband eigenda ökutækja, sem fjármálaráðuneytið hefur  
tekið gild, hefur ábyrgzt greiðslu aðflutningsgjaldanna, skylda það til að greiða  
aðflutningsgjöldin þegar í stað, eða flytja eða láta flytja út ökutækin á ábyrgð  
eigenda þeirra og taka útflutningskostnaðinn og annan útlagðan kostnað hins  
opinbera vegna ökutækjanna af tryggingarfénu, eða ef samband eigenda öku-  
tækja, sem fjármálaráðuneytið hefur tekið gild, hefur ábyrgzt greiðslu aðflutn-  
ingsgjaldanna, skylda það til að greiða þegar í stað allan útflutningskostnað  
og annan útlagðan kostnað hins opinbera vegna ökutækjanna.
- c. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af sýrum til votheysgerðar, efnun til varnar  
gegn sjúkdómum í nytjajurtum, svo og Højbergsvökva til fiturannsókna á mjólk,  
sem áburðarsala ríkisins flytur inn.
- d. Að innheimta aðflutningsgjöld af efni í kassa um fisk til útflutnings sem um  
almennan trjávið sé að ræða, enda sé kassaefnið ekki unnið meira en það, að  
það sé sagað niður í hæfilegar lengdir.
- e. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af filmum, sem notaðar eru til litografprent-  
unar.
- f. Meðan heimildin í 8. lið 1. gr. laga nr. 61 29. apríl 1943 er í gildi, að lækka til  
samræmis tollana eftir nr. 9 í 21. kafla tollskrárinnar.

- g. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af vörum, sem sendar eru hingað til lands til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu, eða af vörum, sem sendar eru í gegnumflutningi (transit), enda komi kostnaður tollstjórnarinnar af eftirlitinu með flutningi varanna og geymslu á þá, sem fá undanþágurnar. 90  
25. nóv.
- h. Að undanþiggja hvers konar aðflutningsgjöldum garn til veiðarfæragerðar.
- i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af umbúðum og af efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar, og af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á slíkum umbúðum.
- j. Að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum í innlendar framleiðslu- og iðnaðarvörur, sem sendar eru til útlanda til sölu þar, enda sé hægt að ganga úr skugga um magn og verð hinna erlendu efnivara, eða að greiða hinum innlendu framleiðendum útflutningsendurgreiðslur, sem svari sem næst til þeirra aðflutningsgjalda, sem ætla má að greidd hafi verið af efnivörunum.
- k. Meðan heimilt er að hækka gjald af innlendum tollvörutegundum, sbr. nú lög nr. 94 28. des. 1946, að hækka tilsvarendi aðflutningsgjöld af sömu vörutegundum aðfluttum.
- l. Að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að.
- m. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af votheysturnum og vélaútbúnaði til að steypa þá og af vélum og áhöldum til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu.
- n. Að innheimta sömu aðflutningsgjöld af Jeep-bifreiðum og almenningsvögnum og af vöruflutningabifreiðum.
- o. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæðið í b-lið 24. gr. samþykktar þeirrar um alþjóðaflugmál, sem birt var með auglýsingu nr. 45/1947.
- p. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af tækjum og útbúnaði til Loranstöðvarinnar á Reynisfjalli, sem rekin er samkvæmt milliríkjasamningi frá 30. apríl 1947.
- q. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsisákvæði í b- og c-lið 7. gr. alþjóðasamnings um réttindi Sameinuðu þjóðanna, sem birtur er sem fylgiskjal með lögum nr. 13/1948, um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.
- r. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem inn er flutt eingöngu vegna framkvæmdar samnings frá 16. september 1948, milli ríkisstjórnar Íslands og ráðs alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- s. Að fella niður aðflutningsgjöld af munum, sem sendir eru hingað að gjöf og góðgerðafyrirtæki eiga að annast dreifingu á til bágstaddrá og þvilikra.
- t. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af munum, sem aðeins eru fluttir hingað til sýningar eða flutnings um stundarsakir og endurútfluttir eru þegar að sýningu eða flutningi loknum, og af vélum og áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu og flutt eru út þegar eftir að þau hafa verið reynd.
- u. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af áhöldum og efni, sem látið er ókeypis í té af National Bureau of Standards í Washington til visindarannsókna samkvæmt samningi frá 1. júlí 1949 milli póst- og simamálastjórnar Íslands og National Bureau of Standards í Washington D. C.
- v. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af farartækjum fyrir lamað eða bæklað fólk, svo og af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, enda sé þörf þess fyrir þessar vörur sönnuð með læknisvottorði og meðmælum heilbrigðisstjórnarinnar.
- x. Að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af lýsi, sem flutt er inn til þess að bæta islenzkt útflutningslýsi, svo og af lýsi og öðrum fiskafurðum, sem keyptar eru af erlendum fiskiskipum, enda séu sönnur færðar á, að afurðir þessar verði fluttar út aftur og viðskiptamálaráðuneytið mæli með lækkun eða niðurfellingu aðflutningsgjaldanna.

- 90 y. Að heimta ekki aðflutningsgjald af kirkjugripum.
25. nóv. z. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af aðvinnslukostnaði íslenzkra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi og vörurnar séu að vinnslu lokinni fluttar til útlanda til sölu þar.
- b. Að heimta aðeins verðtoll af leigu tækja, sem eru send hingað til notkunar um stuttan tíma og þegar eru endursend að notkun lokinni.
- æ. Að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
- ö. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest.
- aa. Að endurgreiða verksmiðjum, sem framleiða rafmagnsspenna, aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum þeirra.

#### 4. gr.

Nú eru munir sendir til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarrar aðvinnslu, og þeir breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning munanna er fullnægt þeim skilyrðum, sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgreinar, og skal þá greiða af aðvinnslukostnaðinum, að viðbættum sendingarkostnaðinum báðir leiðir, þann hundraðshluta í verðtoll, sem samskonar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni, þó ekki lægri verðtoll en 15%. Ef samskonar erlendar aðfluttar vörur hera aðeins vörumagnstoll, skal greiða af mununum 15% af fyrnefndum kostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði báðar leiðir. Undanþága sú, sem felst í þessum ákvæðum, er þó þeim skilyrðum bundin, að mununum sé framvísað fyrir tollstarfsmanni áður en þeir eru fluttir til útlanda, tollstarfsmaður þessi gefi vottorð um það, að munum þessum hafi verið framvísað fyrir honum og hann hafi skráð á vottorðið lýsingu á mununum og að vottorð þetta sé lagt fram fyrir þann tollstarfsmann, sem annast tollmeðferð munanna við innflutning.

Ef hins vegar munir þeir, sem sendir eru til útlanda til aðvinnslu, breyta svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, skal greiða af þeim aðflutningsgjöld eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

Fyrirmæli þessarar greinar taka ekki til íslenzkra skipa, báta eða flugvéla, sem viðgerð fer fram á erlendis.

## II. KAPITULI

### Reglur um notkun tollskrárinnar.

#### A.

#### Samblandaðar og samsettar vörur.

#### 5. gr.

Þegar vara er úr efnum, sem hvert út af fyrir sig gætu valdið því, að vara yrði tolluð með fleirum en einum hætti, skal tollun hennar, nema sérstaklega sé mælt fyrir á annan veg, fara eftir því, hvaða efni tollyfirvaldið telur að einkenni mest eðli hennar og notkun. Ef tollyfirvaldið telur, að úr þessu verði ekki fyllilega skorið, skal varan tolluð á þann hátt, sem tollur verður hæstur.

#### 6. gr.

Af ósamsettum hlutum samsettra vara skal greiða sömu aðflutningsgjöld og af vörunni samsettri, nema sérstaklega sé mælt fyrir á annan veg.

## B.

90

## Vörumagnstollun.

25. nóv.

## 7. gr.

Vörumagnstoll skal ákveða eftir þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining, en minna broti skal sleppt.

Nú eru saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, þó ekki hærri en kr. 0.20 af tolleiningu, og skal þá greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan vörumagnstoll.

Af pósthöggjum, sem til landsins flytjast, skal aldrei greiða minna en 1 kr. í vörumagnstoll af hverjum höggli. Lágmarksgjald af vörum, aðfluttum á annan hátt, skal vera kr. 0.50.

## 8. gr.

Af vörum þeim, sem yzt til hægri í öðrum dálki tollskrárinnar eru merktar með stóru enni (N), skal greiða vörumagnstoll eftir magni varanna án umbúða. Af vörum þessum skal reikna  $\frac{3}{4}$  úr tolleiningu og þar yfir sem heila,  $\frac{1}{4}$  allt að  $\frac{3}{4}$  hálfu, en minna broti skal sleppt.

## 9. gr.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um það, hvernig reikna skuli vörumagnstoll af vörum, sem tollast eftir rúmmáli.

## C.

## Verðtollun.

## 10. gr.

Verðmæti vöru til verðtollsákvörðunar er yfirleitt verð hennar í útflutningslandinu, að viðbættu, ef það er þá ekki innifalið í verðinu:

- a. Útflutningsgjaldi, ef það hvílir á vöru,
  - b. verðmæti innri og ytri umbúða,
  - c. flutningsgjaldi og öðrum sendingarkostnaði, s. s. váttryggingu, flutningsmiðlunggjöldum o. þ. h., sem fellur á vöru þar til hún er affermd á ákvörðunarstað.
- Verð vörunnar í útflutningslandinu og kostnaður sá, sem talinn er undir a., b. og c, kallast einu nafni tollverð vöru.

Nú er vara seld undir almennu heildsöluverði á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sala fór fram, og skal þá greiða verðtoll af hinu almenna útflutningsverði. Þó að greitt sé flutningsgjald, sem er undir almennu flutningsgjaldi, eða þó að greiddur sé annar sendingarkostnaður, sem er undir almennum sendingarkostnaði, skal allt að einu hið almenna flutningsgjald eða annar almennur sendingarkostnaður talinn í því tollverði, sem greiða skal af.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefur valdið, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka. Þá skal og heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess að skip affermir á fleiri höfnum en einni, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

Greiða skal verðtoll af afslætti og öðrum frádrætti, sem kaupanda aðfluttrar vöru er veittur. Fjármálaráðuneytið getur þó með reglugerðarákvæðum eða fyrir- mælum í svipuðu formi gert undantekning frá þessu ákvæði, ef um er að ræða afslátt eða annan frádrátt, sem almennt er veittur í verzlunarviðskiptum af vissu tagi.

90 Nú er vara seld til síðari afhendingar á tilteknum tíma, og skal þá greiða  
 25. nóv. verðtollinn af því verði, sem á þeim tíma, sem kaup eru gerð, er hið almenna verð til afhendingar á hinum tiltekna tíma. Ef vara er ekki endanlega seld hingað til lands, skal greiða verðtollinn af verðinu á þeim stað og tíma, sem varan er send, en verð þetta má þó ekki vera lægra en almennt heildsöluverð á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á hinum tiltekna stað og tíma. Síðastnefnd regla gildir um vörur, sem innfluttar eru til útibúa eða umboðsaðila fyrir útlend fyrirtæki og aðra aðila í útlöndum, og skiptir ekki máli, hvort umboðsaðilarnir koma fram í nafni umbjóðanda síns eða í eigin nafni. Ef í verðum þeim, sem um ræðir í þessari málsgrein, er ekki innifalinn kostnaður sá, sem talinn er undir a, b og c í 1. málsgr. þessarar greinar, sbr. reglurnar í síðari hluta 3. málsgsr., skal hann jafnan talinn með í þeim tollverðum, sem greiða skal af.

Ef ekki fást fullnægjandi gögn um verð vöru, skal verðtollur greiddur af verði, sem svarar til söluverðs sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi, með umbúðum, en án tolls, frá heildsala til smásala hér á landi á þeim tíma, sem vara fer til tollmeðferðar. Verði slíkt verð ekki ákveðið, eða ef vara er að mun skemmd, skal verð vöru til verðtollsákvörðunar ákveðið með matsgerð á kostnað viðtakanda, en að öðru leyti fari um matsgerð þessa eftir ákvæðum 1. mgr. 14. gr. að því leyti, sem við á. Þetta, sem hér er sagt, gildir þó ekki um vörur, sem ekki verða að dómi toll-yfirvalds taldir venjulegar verzlunarvörur, en slíkar vörur skuli metnar af tollstarfsmönnum.

#### 11. gr.

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess í erlendri mynt, og skal þá því eða þeim hluta þess við verðtollsákvörðun breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi, sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi á komudegi farartækisins, sem vöruna flytur, til þeirrar tol'hafnar, þar sem tollurinn á að greiðast. Bönkum og útibúum þeirra er skylt að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um gengi, er þeir æskja. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á téðri mynt eða ekki næst vitneskja um það, og skal þá farið eftir gengi póstávisana, útfarinna héðan. Póststarfsmenn skulu skyldir til að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um póstávisanagengi, er þeir æskja. Ef ekkert slíkt póstávisanagengi er skráð, skal breyta tollverði eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður.

#### 12. gr.

Ef verð vara, sem greiða ber af mismunandi háan verðtoll, er tilgreint í einni fjárhæð, skal greiða af öllum vörunum þann verðtollshundraðshluta, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan verðtoll.

Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur, ef viðtakandi hefur afhent til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar hinna sundurleitu vara á innkaupsstað, en þá skal skipta hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á hverja einstaka vöru í sendingunni eftir hlutfalli því, sem er á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

#### 13. gr.

Í aðflutningsskýrslum þeim, sem viðtakendur skulu afhenda tollstarfsmönnum áður en vörur eru teknar til tollmeðferðar, skal tilgreindur sá dagur, sem sala hinna aðfluttu vara fór fram.

Þá skulu viðtakendur skyldir til að afhenda til tollmeðferðar samrit af sölu-reikningi yfir hina aðfluttu vöru. Reikningseintak þetta, sem tollstofnunin heldur eftir, skal vera dagsett og undirritað af seljanda eða þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefur rétt til að rita firma hans. Reikningur þessi skal skýrt og greini-

lega tilgreina nöfn þeirra vörutegunda, sem hann ræðir um, verð og nettóþunga 90  
 hvernig vara er seld, hvenær sala fór fram, greiðsluskilmála 25. nóv.  
 og önnur söluskilyrði, svo og í hvaða mynt er reiknað, tegund, merki og númer um-  
 búða, eða merki og númer á vörunni, ef hún er umbúðalaus, stykkjatölu og þunga  
 þeirra með umbúðum. Allir tölulíðir reikningsins skulu lagðir saman og aðalupphæð  
 hans skýrt tilgreind.

Viðtakendur aðfluttra vara, sem ekki eru endanlega seldar hingað til lands eða  
 sendar til útibúa eða umboðsaðila fyrir útlend fyrirtæki eða aðra aðila í útlöndum,  
 skulu afhenda til tollmeðferðar samrit af vörureikningi yfir vörunnar, og skal reikn-  
 ingseintak þetta, sem tollstofnunin heldur eftir, tilgreina eftir því, sem við á, sömu  
 atriði og sölureikningur yfir aðrar aðfluttar vörur. Á reikningseintak þetta skal auk  
 þess vera skráð undirrituð yfirlýsing þess, sem sendir vöruna til útibús síns, um-  
 boðsaðila eða annars erindreka, um það, að verð það, sem tilgreint sé á vörureikn-  
 ingnum, sé ekki lægra en almennt heildsöluverð á sams konar vörum eða vörum  
 af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem vara er send.

Viðtakendur eru skyldir til að leggja fyrir tollstarfsmenn farmskírteini, fylgi-  
 bréf, flutningsskírteini, váttryggingarskírteini, reikning yfir kostnað af umbúðum,  
 flutningsmiðunarreikning o. fl. þess háttar skjöl um vöruna til staðfestingar því,  
 að tollverð sé rétt tilgreint, enda séu gjöld þau og kostnaður, sem skjöl þessi til-  
 greina, ekki innifalinn í upphæð sölu- eða vörureikninganna eða þeirra sérstaklega  
 getið á þeim.

Í skýrslum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, skal vera yfirlýsing  
 viðtakanda um það, að þeir sölu- eða vörureikningar, sem hann hefur afhent með  
 skýrslunni, eigi við vöru þá, sem skýrslan ræðir um, að reikningarnir og önnur fram-  
 lögð skjöl séu rétt og tilgreini, hvað varan kostar hingað komin í tilgreindri mynt,  
 að frá upphæðum þessum sé ekki dreginn afsláttur fyrir borgun út í hönd eða ann-  
 ar sérstakur afsláttur eða annar frádráttur, sem ekki sé tilgreindur á skjölunum, og  
 að honum sé ekki kunnugt um það, að verð það, sem tilgreint sé á sölu- eða vöru-  
 reikningunum, sé lægra en almennt heildsöluverð á tilsvarandi magni af sams  
 konar vörum eða vörum af svipuðu tagi á þeim stað og tíma, sem sala fór fram,  
 eða ef vara er ekki endanlega seld hingað, á þeim stað og tíma, sem vara var send.  
 Ef hið almenna heildsöluverð er herra en hið tilgreinda verð, skal viðtakandi gefa  
 yfirlýsingu um hið herra verð eftir beztu vitund. Sama gildir, ef hann brestur  
 upplýsingar um verðið. Hafi verið gefinn afsláttur fyrir borgun út í hönd eða  
 annar sérstakur afsláttur eða annar frádráttur, sem framlögð skjöl hera ekki með  
 sér, skal geta þess í aðflutningsskýrslunni og tilgreina upphæð hans.

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það, hvort þeir, sem fá verðtolls-  
 vöru frá útlöndum, leggja fram rétt gögn um tollverð varanna, skal tollstarfsmönn-  
 um heimilt, hvort sem er við tollskoðun eða síðar, að fengnum skriflegum úrskurði  
 tollyfirvalds, að athuga verzlunarbækur hlutaðeigandi, bréfaviðskipti og önnur  
 skjöl, sem að dómi tollyfirvalds geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

#### 14. gr.

Nú telja tollstarfsmenn við tollmeðferð vöru, að verð það, sem tilgreint er í  
 aðflutningsskýrslu og staðfest er með framlögðum skjölum, sé ekki í samræmi við  
 það verð, sem eftir fyrirmælum 10. gr. á að greiða verðtoll af, og skulu þeir þá leið-  
 rétta verðið samkvæmt þeim ákvæðum eða, ef ósamræmið stafar ekki af misskiln-  
 ingi á reglum 10. gr., hækka verðið að því skapi, sem þeir telja rétt. Ef viðtakandi  
 telur sig ekki geta sætt sig við hið hækkaða verð, eða ef viðtakandi vöru, sem toll-  
 yfirva'd hefur ekki talið venjulega verzlunarvöru og metið samkvæmt fyrirmælum  
 síðustu málsg. 10. gr., er óánægður með það verð, sem tollstarfsmaður hefur sett  
 á þessar vörur, geta viðtakendur gert kröfu um mat á vörunni, en gera skal skrif-



25. nóv. **90** lega kröfu um slíkt mat til tollyfirvalds áður en það afhendir eða samþykkir að afhenda megi viðtakanda vöruna. Eftir að fram er komin krafa um mat skal tollyfirvald gera ráðstafanir til að mat verði framkvæmt, en það skal gera einn eða fleiri sérfróðir, ef við verður komið, og óvillhallir dómkvaddir menn, og skal hann eða þeir tilkynna viðtakanda og tollyfirvaldi, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Matsmenn skulu ákveða verðið eftir fyrirmælum 10. gr., eftir því, sem við verður komið, og skal greiða verðtollinn af matsverðinu. Viðtakandi skal greiða matskostnað, ef matsverð verður hærra en verð það, sem hann gaf upp, en ella ríkissjóður. Ákvæði 29. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit skulu gilda eftir því, sem við á, um matskostnað.

Ef það kemur í ljós við tollun eða síðar, að aðflutningsskýrsla eða þau skjöl, sem viðtakandi hefur lagt fram til staðfestingar því verði, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslunni, eru röng, skal tollstarfsmönnum heimilt, ef þeir telja sér ekki fært að ákveða verð vöru til verðtollsákvörðunar, að fá það ákveðið með matsgerð á kostnað viðtakanda, og skulu ákvæði 1. mgr. gilda um mat þetta og matskostnað. eftir því, sem við á.

#### 15. gr.

Nú gerir viðtakandi það sennilegt, að hann hafi ekki fengið þau gögn, sem um ræðir í 13. gr., eða ef þau teljast ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því, að hann greiði gja'd fyrir tollskoðun og setji þá trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjaldanna, sem tollyfirvaldið heimtar, og að viðtakandi afhendi þau gögn, sem vantar, eða þau gögn, sem misfellur voru á, leiðrétt, innan hæfilegs tíma, sem tollyfirvaldið til tekur, en ef vanefndir verða á því, varðar það viðtakanda sektum, enda ákveður tollyfirvaldið þá, hve mikil aðflutningsgjöld skuli greiða af vörunni.

#### 16. gr.

Ef viðtakandi vöru leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn þau, sem um ræðir í 13. gr., eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki þau atriði, sem fyrirskipuð eru í nefndri grein, skal greiða verðtoll af því tollverði, sem ákveðið hefur verið, með 25% viðauka við það.

Ákvæðum 1. mgr. skal þó ekki beita, ef tollyfirvald telur, að ekki sé um venjulega verzlunarvöru að ræða, eða ef vörur eru að mun skemmdar. Enn fremur er tollyfirvaldi heimilt, ef alveg sérstaklega stendur á, að sleppa framangreindum 25% viðauka.

#### 17. gr.

Ef gefin er röng aðflutningsskýrsla um verð vöru, varðar það allt af fimmtánfaldri þeirri fjárhæð, sem höfð hefur verið eða hafa hefði mátt af ríkissjóði vegna hinnar röngu skýrslu.

Leggi viðtakandi hins vegar fram röng gögn til staðfestingar því verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita að voru röng, skal hann auk viðurlaga 1. mgr. sæta sektum, allt að 20000 kr., eða fangelsi, ef sakir eru miklar, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í 1. og 2. málsg., má svipta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verzlunar um tiltekinn tíma, eða ævilangt, ef brot er margítrekað.

#### 18. gr.

.....

## IV. KAPITULI

## Ýmis ákvæði.

90

25. nóv.

## 19. gr.

Um gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar, er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar, er fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika, sem um ræðir í 1.—4. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna, sem afhenda ber þangað vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað.
2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda viðtakanda vöruna gegn tryggingu, sbr. 15. gr.
3. Endursendingarskirteini hefur verið gefið út um vöruna samkvæmt 4. mgr. 31. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.
4. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 29. gr. sömu laga.

Nú hefur vara komið í hendur viðtakanda, án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalds, og skal þá heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu, frá því varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

## 20. gr.

Nú ris ágreiningur um það, hvernig tolla skuli vöur, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

Þegar leitað er úrskurðar þess, sem um ræðir í 1. mgr., skulu fylgja erindinu til ráðuneytisins öll þau skjöl, sem skipta máli um tollun vöru, s. s. sölureikningur eða annar vörureikningur og önnur þau skjöl, sem um ræðir í 4. mgr. 13. gr. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni, en verði því ekki við komið, skal senda nákvæma teikning eða lýsing á vöru þeirri, sem ágreiningur er um.

## 21. gr.

Nú kemur upp deila um það, hvað skuli telja almennt verð vöru, almennt flutningsgjald eða annan almennan kostnað, sem fellur á vörur, og skal þá fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um það mál.

## 22. gr.

Ákvæði laga nr. 53 16. nóv. 1907, um tollvöruheymislu og tollgreiðslufrest, skulu aðeins taka til vara þeirra, sem greiða ber af vörumagnstoll eftir magni án umbúða.

## 23. gr.

Á fyrstu höfn, sem aðkomuskip eða annað aðkomufarartæki tekur hér á landi, skal rannsaka skipsforðann eða slíkan forða í öðrum farartækjum og ákveða síðan hvað teljast skuli leyfilegur og hæfilegur forði. Fyrir rannsókn þessa skulu skipstjórar greiða tollyfirvaldinu eða umboðsmanni þess 10 kr.

## 24. gr.

Við tollskoðun er tolleftirlitinu heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörunum án endurgjalds.

90

25. nóv.

25. gr.  
Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættismenn og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verzlunarhagi einstakra manna eða fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja, sem ráða má af samritum af sölu- eða vörureikningum, sem tollstofnanir halda eftir.

26. gr.

27. gr.

Innflutningsgjöld þau, sem um ræðir í lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., og lögum um breytingu á þeim lögum, skulu halda gildi sínu. Þá halda gildi sínu gjöld samkvæmt reglugerðarákvæðum, settum með heimild í niðurlagi 7. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

*Gjört í Reykjavík, 25. nóvember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

91

25. nóv.

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1955 með viðauka.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1955 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breytingu á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla, 2. gr., með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

*Gjört í Reykjavík, 25. nóvember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

92

25. nóv.

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á árinu 1955 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
- a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aorum af kg í stað 1 eyris.
  - b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.
- B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

## 2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafla	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	— — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

## 3. gr.

Á árinu 1955 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjóli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

*Gjört í Reykjavík, 25. nóvember 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

93

25. nóv.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 99 1950 og nr. 87 1952.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „kennslumálaráðuneytinu“ í 9. gr. laga nr. 69 12. apríl 1945 komi: samgöngumálaráðuneytinu.

2. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 16. gr. sömu laga komi: samgöngumálaráðuneytið.

3. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 18. gr. sömu laga komi: samgöngumálaráðuneytið, og í stað orðsins „Norðfirði“ í sömu grein komi: Neskaupstað.

4. gr.

19. gr. sömu laga, sem er ákvæði til bráðabirgða, falli niður.

5. gr.

3. gr. laga nr. 99 18. des. 1950 orðist svo:

Við stýrimannaskólann í Reykjavík skulu, auk skólastjóra, að jafnaði vera fimm skipaðir kennarar, fjórir í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastakennara skulu ákveðin í launalögum.

6. gr.

Orðið „Djúpmælar“ í 3. gr. laga nr. 87 15. des. 1952 falli niður.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal fella meginmál þeirra og laga nr. 99 18. des. 1950 og laga nr. 87 15. des. 1952 inn í lög nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og gefa lögin út þannig breytt.

*Gjört að Bessastöðum, 30. nóvember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

94

30. nóv.

um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að fella niður fyrir eitt ár í senn manntal samkv. lögum nr. 18 13. sept. 1901 og síðari breytingum á þeim lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 30. nóvember 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

95

30. nóv.

um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 30. nóvember 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

96

30. nóv.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við síðustu málgr. 10. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán að upphæð kr. 5 250 000.00, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd sildveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af láni þessu.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á sildveiðar sumarið 1954, skulu njóta sömu bóta úr sildveiðideildinni og herpinótaskip.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 30. nóvember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

97

30. nóv.

## AUGLÝSING

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Ítalíu.

Hinn 15. október var framlengt óbreytt viðskiptasamkomulag Íslands og Ítalíu frá 27. júní 1953 um eitt ár frá 27. júní 1954 að telja.

Þetta er almenningi hér með gert kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, 30. nóvember 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

## AUGLÝSING

98

30. nóv.

### um viðskiptasamning milli Íslands og Ungverjalands.

Hinn 16. október var með erindaskiptum í Genf framlengdur viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ungverjalands frá 6. marz 1953 óbreyttur til ársloka 1955.

Þetta er almenningi hér með gert kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 30. nóvember 1954.*

**Kristinn Guðmundsson.**

*Magnús V. Magnússon.*

## LÖG

99

1. des.

### um viðauka við lög nr. 75/1921, um stimpilgjald.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 55. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Stimpilgjald skal innheimt í heilum krónum, en aurum sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1954.

*Gjört að Bessastöðum, 1. desember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*



100

10. des.

## L Ö G

## um afnám laga um veitingaskatt.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

*Gjört í Reykjavík, 10. desember 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

101

10. des.

## L Ö G

## um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „10 ár“ í 3. tölulið 3. gr. laganna komi: 20 ár.

2. gr.

2. málsg. 4. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lán-takanda, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

*Gjört í Reykjavík, 10. desember 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

**L Ö G****102**  
10. des.

um breyting á lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í stað „10 ár“ í síðari málsgr. 4. gr. laganna komi: 20 ár.

**2. gr.**

Í stað „10 ár“ í staflið 2 í 13. gr. laganna komi: 20 ár.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. desember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

**L Ö G****103**  
17. des.

um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenskra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ákvæði í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenskra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi, eru úr gildi numin.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. desember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

35

104

11. des.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð  
fyrir Háskóla Íslands, nr. 47/1942.

Forseti Íslands hefur hinn 1. þ. m. samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins fallist á svofellda breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47/1942.

1. gr.

Aftan við 51. gr. komi svofelld viðbót:

IV. Próf í íslenzku fyrir erlenda stúdenta: *baccalaureatus philologiae Islandicae* (*bacc. philol. Isl.*). Námstími er áætlaður 4—6 kennslumisseri. Prófgreinar eru fjórar: Málfræði, þýðingar, bókmenntasaga og textaskýringar. Prófin skulu vera sex, þrjú skrifleg og þrjú munnleg.

Skrifleg próf: 1. málfræði, 2. þýðing úr íslenzku á móðurmál stúdentsins eða eitthvert heimsmál og úr því máli á íslenzku, 3. bókmenntasaga.

Munnleg próf: 1. málfræði, 2. bókmenntasaga, 3. textaskýringar.

Fyrir hvert próf skal gefin sérstök einkunn. Til þess að standast prófið þarf stúdentinn að hafa hlotið, auk tilskilinnar meðaltalseinkunnar (sbr. 45. gr.), hið lægsta einkunnina 5 í þýðingum.

Nánari reglur um námsefni setja kennararnir í íslenzkum fræðum.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í menntamálaráðuneytinu, 11. desember 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Jóhannes Eliasson.*

105

17. des.

## L Ö G

um breyting á tilskipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi,  
með nokkrum breytingum, lög 3. jan. 1851, um prentfrelsi.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. tilskipunarinnar orðist svo:

Sá, sem annast prentun rits hér á landi, skal á hverju eintaki ritsins geta nafns síns eða firma svo og prentunarstaðar. Með sama hætti skal útgefandi rits nafngreina sig í hverju eintaki þess.

2. gr.

2. gr. tilskipunarinnar orðist svo:

Nú er nafngreining samkvæmt 1. gr. vanrækt eða rangt skýrt frá nafni prentara, útgefanda eða prentunarstað, og varðar það þá sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem hefur til sölu eða dreifingar rit, er skortir nafngreiningu samkvæmt 1. gr., eða veit, að rangt er skýrt frá þeim atriðum. 105  
17. des.

3. gr.

2. málsgrein 3. gr. tilskipunarinnar orðist svo:

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits ábyrgðina, því næst sá, er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, er annazt hefur prentun þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. desember 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

## L Ö G

106

um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl.

17. des.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú leggja lög tiltekinn flokk mála til eins og sama ráðherra, og skal það ekki vera því til fyrirstöðu, að við skiptingu starfa með ráðherrum sé ráðherra þeim, sem falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, er lög-giltur var með lögum nr. 110/1951, fengin meðferð slíks málaflokks í lögsagnarum-dæmi Keflavíkurflugvallar og á öðrum landsvæðum, er varnarliðinu eru fengin til afnota á hverjum tíma. Slík heimild gildir um dómsmál, að því er varðar brot, sem framin eru á varnarsvæðunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. desember 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

107

18. des.

## L Ö G

## um stækkun lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Glerárþorp í Glæsibæjarhreppi ásamt jörðunum Bandagerði, Rangárvöllum, Kollugerði, Hlíðarenda, Glerá, Lögmannshlíð, Hesjuvöllum, Kífsá, Hrappsstöðum, Mýrarlóni, Grænhóli, Syðra-Krossanesi og Ytra-Krossanesi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar frá 1. janúar 1955.

Mörk milli Akureyrar og Glæsibæjarhrepps verða þá norðurmörk jarðanna Ytra-Krossaness, Grænhóls, Mýrarlóns og Hrappsstaða.

## 2. gr.

Frá sama tíma tekur Akureyrarkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða munu eignast í Glæsibæjarhreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar á landi því, er um ræðir í 1. gr.

## 3. gr.

Nú verður ekki, innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara, samkomulag milli bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar og hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps um eigna- og skuldaskipti, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þau þá ákveðin af gerðardómi, skipuðum 3 mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. desember 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

108

23. des.

## L Ö G

## um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1955 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

## 2. gr.

108

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsbókun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Sala eða afhending heildsala á vörum er því aðeins undanþegin söluskatti, að vörurnar séu seldar eða afhentar aðilum, sem eru söluskattskyldir af sölu eða afhendingu sams konar vara.

23. des.

## 3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt sem hér segir:

- a. 2% af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
- b. 3% af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, mat-sölu-, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsbókun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanevnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

109  
24. des.

## L Ö G

um heimild fyrir ríkissjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1955.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1955 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómléikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1954.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

110  
24. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist:

Nú andast alþingismaður eða fyrrverandi alþingismaður, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá eftirlifandi maki hans þrátt fyrir það sama rétt til lífeyris eins og hann hefði hlotið, ef hinn látni hefði verið orðinn 65 ára gamall, er hann lézt. Ákvæði þetta gildir einnig um lífeyrisrétt maka fyrrverandi alþingismanns, sem var látinn áður en lög þessi gengu í gildi.

Nú hefur fyrrverandi alþingismaður gengið í hjónaband á þeim tíma, er hann naut lífeyris samkvæmt lögum þessum, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Þegar alþingismaður, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins, andast, áður en hann hefur setið á þingi þrjú kjörtímabil eða 10 ár, á maki hans rétt á að fá endurgreidd úr sjóðnum vaxtalaus iðgjöld þau, er hinn látni hafði borgað í sjóðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

110

Lífeyrir ekkju eða ekkils skal greiddur eins og 1. málsgr. 1. gr. laga þessara hefði öðlazzt gildi 1. jan. 1954.

24. des.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

111

um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

27. des.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Frá 1. des. 1954 skal greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna sem hér segir:

Á grunnlaun, sem eigi eru hærri en kr. 1830.00 á mánuði, að meðtalinni grunnuppbót, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvisitölu þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að viðbættum 10 stigum.

Á grunnlaun, sem hærri eru en kr. 1830.00 á mánuði, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvisitölu að viðbættum 5 stigum, þó þannig, að á þann hluta mánaðarlauna, sem umfram er kr. 2200.00, skal verðlagsuppbótin nema 23 af hundraði.

Laun reiknuð samkvæmt 3. málsgr. þessarar greinar skulu aldrei vera lægri en hæstu laun eftir 2. málsgr. og skal því, ef þau eru lægri, hækka þau í sömu upphæð og síðar nefnd laun nema.

## 2. gr.

Reikna skal kaupgjaldsvisitölu eftir visitölu framfærslukostnaðar á þann hátt, að eigi sé tekið tillit til þeirrar breytingar á hinni síðar nefndu, er á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum, samkvæmt 4. gr. laga nr. 94 1947, vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar, er leitt hefur af greiðslu verðlagsuppbótar á kaup launþega síðan 1. maí 1950.

Kaupgjaldsvisitala reiknast eftir visitölu framfærslukostnaðar 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu 3 mánuði, frá 1. marz, 1. júní, 1. september og 1. desember að telja.

## 3. gr.

Á lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra skal, auk 15% uppbótar þeirrar, er tíðkazzt hefur, greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greidd er á laun starfsmanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún er ekki þegar innifalin í lífeyrinum. Hlutaðeigandi lífeyrissjóður annast úthorgun uppbóta þessara gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþeginn tók laun sín hjá. Nú reynist ekki unnt að fá endurgreiðslu frá hlutaðeigandi stofnun, og endurgreiðir ríkissjóður þá hlutaðeigandi lífeyrissjóði þann hluta, er stofnuninni bar að greiða.



## 111

27. des.

4. gr.  
Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felldar 6. gr. laga nr. 22 1950 og 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 105 1951, svo og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við þessi lög.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## 112

27. des.

## FJÁRLÖG

fyrir árið 1955.

## FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## Tekjur:

## 1. gr.

Árið 1955 er ætlað til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

## 2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	62 800 000	
2. Stríðsgróðaskattur .....	5800000	
Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga .....	2900000	
	2 900 000	65 700 000
3. Vörumagnstollur .....	26 000 000	
4. Verðtollur .....	147 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni .....	9 500 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum .....	8 000 000	190 500 000
7. Lestagjald af skipum .....	300 000	
8. Bifreiðaskattur .....	4 000 000	4 300 000
9. Aukatekjur .....	7 600 000	
10. Stimpilgjald .....	13 000 000	
11. Vitagjald .....	1 000 000	
12. Leyfisbréfastgjald .....	400 000	
13. Útflutningsleyfastgjöld .....	500 000	22 500 000
14. Söluskattur .....		112 000 000
15. Leyfisgjöld .....		2 500 000
Samtals ...	. . .	397 500 000

## 3. gr.

112

27. des.

## Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
<b>A.</b>		
1. Rekstrarhagnaður landssímans .....	5 510 000	
2. — áfengisverzlunar .....	63 000 000	
3. — tóbakseinkasölu .....	41 000 000	
4. — ríkisútvarps .....	685 959	
5. — ríkisprentsmiðju .....	350 000	
6. — landssmiðju .....	286 000	
7. — ríkisbúa .....	36 305	
÷ Rekstrarhali póstsjóðs .....		110 868 264
		609 000
Samtals ...	. . .	110 259 264
<b>Sundurliðun.</b>		
<b>1. Póstsjóður.</b>		
I. Tekjur .....		11 450 000
II. Gjöld:		
1. Póststjórnarkostnaður .....	495 000	
2. Pósthúsið í Reykjavík .....	4 960 000	
3. Önnur pósthús .....	2 800 000	
4. Póstflutningar .....	3 000 000	
5. Önnur gjöld .....	800 000	
6. Fyrning af fasteignum .....	4 000	
		12 059 000
Rekstrarhali, færður á 3. gr. A.	. . .	609 000
<b>2. Landssíminn.</b>		
I. Tekjur .....		44 210 000
II. Gjöld:		
a. Til starfrækslu landssímans m. m.:		
1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans	1790000	
2. Ritsímastöðin í Reykjavík .....	4450000	
3. Loftskýtastöðin í Reykjavík .....	460000	
4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík .....	990000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnar- firði .....	8340000	
6. Birgðahúsið .....	540000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri .....	1210000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði .....	600000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði .....	650000	
10. Símastöðin í Hrútafirði .....	465000	
11. Símastöðin í Vestmannaeyjum .....	670000	
12. Símastöðin á Siglufirði .....	690000	
13. Til annarra símastöðva og eftirlits- stöðva .....	5205000	
	26 060 000	
b. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m. ....	700 000	
c. Viðbót og viðhald stöðva .....	2 250 000	
d. Viðhald landssímanna .....	7 750 000	
e. Framhaldsgjald .....	200 000	

112  
27. des.

	kr.	kr.
f. Ýmis gjöld .....	300 000	
g. Fyrning á húsum og áhöldum .....	500 000	
h. Vextir af lánum .....	490 000	
i. Almannatryggingar .....	450 000	
		38 700 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	5 510 000
<b>Eignabreytingar landssímans.</b>		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa .....		910 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		1 650 000
III. Til talstöðva í báta og skip .....		150 000
IV. Til loftskæptastöðva í skip .....		150 000
V. Til nýrra landssímalína .....		500 000
VI. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum		2 200 000
VII. Til undirbúnings stuttbylgjusambandi við Hornafjörð		200 000
VIII. Til tíðnabreytinga í bátum og skipum .....		100 000
IX. Til stækkuðar sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík .		2 700 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.	. . .	8 560 000
<b>3. Áfengisverzlun ríkisins.</b>		
I. Tekjur (brúttó hagnaður) .....		72 128 025
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun með uppbót .....	1766757	
b. Verðlagsuppbót .....	946268	
		2 713 025
2. Kostnaður við áfengisútsölu .....	615 000	
3. Annar rekstrarkostnaður .....	1 300 000	
4. Tillag til gæzluvistarsjóðs .....	1 500 000	
5. Útvar .....	3 000 000	
		9 128 025
Verði lokun útsölu samþykkt á fjárhagsárinu samkv. 10. gr. áfengislaganna, skal sú ráðstöfun koma til framkvæmda 6 mánuðum eftir að úrslit atkvæðagreiðslu hafa verið tilkynnt ríkisstjórninni.		
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	63 000 000
<b>4. Tóbakseinkasala ríkisins.</b>		
I. Tekjur (brúttó hagnaður) .....		45 557 145
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun með uppbót .....	628128	
b. Verðlagsuppbót .....	329017	
		957 145
2. Annar rekstrarkostnaður .....	1 600 000	
3. Útvar .....	2 000 000	
		4 557 145
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	41 000 000

	kr.	kr.
<b>112</b> 27. des.		
<b>5. Ríkisútvarpið.</b>		
<b>I. Tekjur:</b>		
a. Afnotagjöld .....	7 400 000	
b. Aðrar tekjur .....	2 400 000	9 800 000
<b>II. Gjöld:</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót .....	1719462	
2. Verðlagsuppbót .....	873278	
3. Aukavinna .....	350000	
	<u>2 942 740</u>	
b. Útvarpsefni .....	1 850 000	
c. Skrifstofukostnaður .....	600 000	
d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	550 000	
e. Til útvarpsstöðva .....	1 300 000	
f. Til hleðslustöðva, viðgerðarferða o. fl. ....	100 000	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins .....	200 000	
h. Vegna höfundalaganna .....	200 000	
i. Óviss útgjöld .....	150 000	
j. Bifreiðakostnaður .....	85 000	
k. Fyrning á húsum og vélum .....	140 000	
	<u>8 117 740</u>	
<b>III. Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju:</b>		1 682 260
a. Tekjur .....	850 000	
b. Gjöld:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót ..	281196	
b. Verðlagsuppbót .....	146605	
	<u>427801</u>	
2. Efni .....	170000	
3. Annar kostnaður .....	248500	
	<u>846 301</u>	
		3 699
<b>IV. Rekstur viðtækjaverzlunar:</b>		
a. Tekjur .....	1 032 000	
b. Gjöld:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót ..	209214	
b. Verðlagsuppbót .....	108042	
	<u>317256</u>	
2. Annar kostnaður .....	210744	
	<u>528 000</u>	
	504 000	
Til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins .....	504 000	
		1 685 959
Til framkvæmdasjóðs .....		1 000 000
		<u>685 959</u>
Fært á 3. gr. A. 4	. . .	685 959

112  
27. des.

	kr.	kr.
<b>6. Ríkisprentmiðjan Gutenberg.</b>		
I. Tekjur (prentvinna) .....		3 950 000
II. Gjöld:		
1. a. Laun starfsmanna:		
1. Grunnlaun með uppbót .. 184674		
2. Verðlagsuppbót .....	90742	
	275416	
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:		
1. Grunnlaun .....	1300000	
2. Verðlagsuppbót .....	650000	
	1950000	
2. Efnivörur .....	2 225 416	
3. Vélarekstur og viðhald .....	825 000	
4. Annar kostnaður .....	90 000	
5. Fyrning .....	374 584	
	85 000	
		3 600 000
Fært á 3. gr. A. 5	...	350 000
<b>7. Áburðarsala ríkisins.</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót .....	107863	
2. Verðlagsuppbót .....	56776	
	164639	
b. Annar kostnaður .....	485000	
	649 639	
÷ Tekjur af vörusölu .....	649 639	
<b>8. Grænmetisverzlun ríkisins.</b>		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót .....	161794	
2. Verðlagsuppbót .....	85164	
	246958	
b. Annar kostnaður .....	553042	
	800 000	
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum .....	800 000	
<b>9. Landssmiðjan.</b>		
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.) .....		3 170 055
II. Gjöld:		
1. Laun starfsmanna:		
a. Grunnlaun með uppbót .....	356085	
b. Verðlagsuppbót .....	174970	
	531 055	
2. Vextir .....	300 000	
3. Fyrning .....	600 000	
4. Annar kostnaður .....	1 453 000	
	2 884 055	
Fært á 3. gr. A. 6	...	286 000

	kr.	kr.
<b>10. Tunnuverksmiðjur ríkisins.</b>		
I. Tekjur .....		4 878 562
II. Gjöld:		
1. Laun og skrifstofukostnaður .....	56 250	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn) .....	3 262 500	
3. Verkalaun .....	825 000	
4. Annar kostnaður .....	734 812	
		4 878 562
<b>11. Innkaupastofnun ríkisins.</b>		
I. Tekjur af vörusölu .....		258 044
II. Gjöld:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót .....	90096	
b. Verðlagsuppbót .....	41948	
	132 044	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	50 000	
3. Annar kostnaður .....	76 000	
		258 044
<b>12. Ríkisbú.</b>		
a. Á Bessastöðum.		
1. Tekjur .....	450 000	
2. Gjöld .....	444 145	
		5 855
b. Á Hvanneyri.		
1. Tekjur .....	820 000	
2. Gjöld .....	817 000	
		3 000
c. Á Hólum.		
1. Tekjur .....	377 000	
2. Gjöld .....	374 350	
		2 650
d. Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans).		
1. Tekjur .....	328 000	
2. Gjöld .....	318 000	
		10 000
e. Á Vífilsstöðum.		
1. Tekjur .....	622 000	
2. Gjöld .....	612 000	
		10 000
f. Í Kópavogi.		
1. Tekjur .....	93 700	
2. Gjöld .....	91 900	
		1 800
g. Á Kleppi.		
1. Tekjur .....	416 000	
2. Gjöld .....	413 000	
		3 000
		36 305
Fært á 3. gr. A. 7	. . .	
<b>B.</b>		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar .....		10 000

## Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjareign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands .....		40 000
2. Vextir af stofnfé Landsbanka Íslands, 6% af 3 millj. ..		180 000
3. Aðrir vextir .....		1 500 000
4. Arður af hlutafjareign .....		263 000
Samtals ...	. . .	1 983 000

Óvissar tekjur eru áætlaðar 4 100 000 krónur.

## II. KAFLI

## Gjöld:

112

27. des.

## 6. gr.

Árið 1955 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

## 7. gr.

Vextir af lánnum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán .....		3 900 683
2. Lán í dönskum krónum .....		175 252
3. Lán í dollurum .....		29 376
Samtals ...	. . .	4 105 311

## 8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	kr.	kr.
I. 1. Laun forseta Íslands .....	122 925	
2. Risna .....	70 000	
		192 925
II. Skrifstofa forseta í Reykjavík .....		100 000
III. Bifreiðakostnaður .....		180 000
IV. Forsetasetrið á Bessastöðum .....		150 000
V. Bessastaðakirkja .....		7 500
Samtals ...	. . .	630 425

## 9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar .....		4 500 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga .....		42 000
3. Fyrning á alþingishúsi .....		2 797
Samtals ...	. . .	4 544 797



## Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:			
1. Til ráðherra:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	297000		
2. Verðlagsuppbót .....	115830		
		412830	
b. Til risnu samkvæmt reikningi .....		40000	
c. 1. Húsaleiga forsætisráðherra	3000		
2. Húsaleiguuppbót .....	1260		
		4260	
d. Ríkisráð .....		9000	
			466 090
2. Til ráðuneytanna:			
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	167058		
2. Verðlagsuppbót .....	78020		
		245078	
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	403543		
2. Verðlagsuppbót .....	200520		
		604063	
c. Félagsmálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	292158		
2. Verðlagsuppbót .....	130098		
		422256	
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	319374		
2. Verðlagsuppbót .....	155067		
		474441	
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	628570		
2. Verðlagsuppbót .....	301681		
		930251	
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	162199		
2. Verðlagsuppbót .....	77308		
		239507	
b. Fálkaorðan .....	30000		
		269507	
f. Samgöngumálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	73440		
2. Verðlagsuppbót .....	32730		
		106170	
g. Utanríkisráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	338404		
2. Verðlagsuppbót .....	159835		
		498239	

	kr.	kr.	112 27. des.
h. Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	308642		
2. Verðlagsuppbót .....	71538		
	<u>380180</u>		
i. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	121878		
2. Verðlagsuppbót .....	59160		
	<u>181038</u>		
j. Aðrir starfsmenn, laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	59845		
2. Verðlagsuppbót .....	36706		
	<u>96551</u>		
k. Símakostnaður og burðargjöld .....	500000		
1. Annar kostnaður ráðuneytanna .....	750000		
	<u>5 457 774</u>		
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót ..	518099		
2. Verðlagsuppbót .....	249262		
	<u>767361</u>		
b. Annar kostnaður .....	100000		
	<u>867 361</u>		
4. Ýmis kostnaður:			
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga (áætlað) .....	50000		
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl. ....	1200		
2. Annar kostnaður .....	195000		
	<u>196200</u>		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað .....	90000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað .....	2379		
	<u>338 579</u>		
		<u>7 129 804</u>	
II. Hagstofan:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót .....	463701		
2. Verðlagsuppbót .....	235518		
	<u>699 219</u>		
b. Aukaaðstoð .....	40 000		
c. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna .....	115 000		
d. Prentun eyðublaða .....	12 000		
e. Húsaleiga, hiti og ljós .....	64 000		
f. Annar kostnaður .....	146 000		
	<u>1 076 219</u>		

## III. Utanríkismál:

## 1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:

a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	271000
b. Laun starfsfólks utan launalaga .....	20000
c. Annar kostnaður .....	75100

366 100

## 2. Sendiráðið í Stokkhólmi:

a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	294172
b. Laun annarra starfsmanna .....	34100
c. Annar kostnaður .....	100000

428 272

## 3. Sendiráðið í London:

a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	352946
b. Laun annarra starfsmanna .....	117265
c. Annar kostnaður .....	125000

595 211

## 4. Sendiráðið í Washington:

a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	458300
b. Laun annarra starfsmanna .....	144200
c. Annar kostnaður .....	97300

699 800

## 5. Sendiráðið í París:

a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	689682
b. Laun annarra starfsmanna .....	122700
c. Annar kostnaður .....	165000

977 382

## 6. Sendiráðið í Osló:

a. Laun sendiherra og annarra starfsmanna samkv. launalögum .....	284654
b. Laun annarra starfsmanna .....	10282
c. Annar kostnaður .....	50000

344 936

## 7. Sendiráðið í Vestur-Þýzkalandi:

a. Laun sendiherra samkv. launalögum .	124695
b. Laun annarra starfsmanna .....	67388
c. Annar kostnaður .....	60000

252 083

## 8. Sendiráðið í Moskva:

a. Laun samkv. launalögum .....	701760
b. Laun annarra starfsmanna .....	137490
c. Annar kostnaður .....	318650

1 157 900

## 9. Aðalræðismannsskrifstofan í New York:

a. Laun samkv. launalögum .....	46700
b. Annar kostnaður .....	20000

66 700

	kr.	kr.
10. Skrifstofa fulltrúa Íslands hjá NATO:		
a. Laun samkv. launalögum .....	323800	
b. Annar kostnaður .....	40800	
	<hr/>	
11. Ferðakostnaður .....	364 600	
12. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins .....	170 000	
13. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins .....	500 000	
14. Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi .....	500 000	
15. Til kaupna á kvikmynd fyrir sendiráð Íslands erlendis til landkynningar .....	70 000	
16. Til kjórræðismanna .....	35 000	
17. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins og annar utanfararkostnaður .....	17 400	
	<hr/>	
	200 000	
		6 745 384
	<hr/>	
Samtals ...	. . .	14 951 407

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
<b>A. Dómgæzla og lögreglustjórn.</b>		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót .....	329058	
2. Verðlagsuppbót .....	138492	
		467 550
b. Risna dómsforseta .....		10 000
c. Útgáfa hæstaréttardóma .....		160 000
d. Annar kostnaður .....		120 000
e. Til viðgerða á dómhúsinu .....		20 000
		777 550
2. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót .....	356648	
2. Verðlagsuppbót .....	182006	
		538 654
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....		130 000
c. Annar kostnaður .....		65 000
		733 654
3. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót .....	298242	
2. Verðlagsuppbót .....	144773	
		443 015
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....		56 000
c. Til kaupa á bifreið .....		96 400
d. Annar kostnaður .....		35 000
		630 415
4. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót .....	428413	
2. Verðlagsuppbót .....	214911	
		643 324
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....		169 000
c. Annar kostnaður .....		290 000
		1 102 324
5. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót .....	353693	
2. Verðlagsuppbót .....	177959	
		531 652
b. Aukavinna .....		45 000
c. Ljós, hiti ræsting og húskostnaður .....		175 000
d. Annar kostnaður .....		85 000
		836 652
6. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli:		
a. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót .....	65895	
2. Verðlagsuppbót .....	31175	
		97 070

	kr.	kr.	112 27. des.
b. Hiti, ljós og ræsting .....	100 000		
c. Annar kostnaður .....	25 000		
		222 070	
7. Embætti sýslunanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót .....	803160		
2. Verðlagsuppbót .....	366866		
	<u>1 170 026</u>		
b. Skrifstofukostnaður:			
1. Grunnlaun með uppbót .....	1900831		
2. Verðlagsuppbót .....	971030		
3. Annar kostnaður .....	1105000		
	<u>3976861</u>		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins .....	545000		
	<u>3 431 861</u>		
c. Einkennisbúningar héraðsdómara .....	50 000		
d. Viðhald embættisbústaða .....	300 000		
		4 951 887	
8. Laun hreppstjóra:			
a. Grunnlaun með uppbót .....	563 000		
b. Verðlagsuppbót .....	326 540		
		889 540	
9. Lögreglukostnaður:			
a. Ríkislögreglan í Reykjavík:			
1. Laun lögregluþjóna:			
a. Grunnlaun með uppbót .....	926947		
b. Verðlagsuppbót .....	485746		
	<u>1412693</u>		
2. Einkennisfatnaður og tryggingar .....	140700		
3. Bifreiðakostnaður .....	400000		
4. Æfingaskáli og gufubaðstofa .....	25000		
5. Kostnaður vegna kvenlögreglu .....	12000		
6. Áhöld, námskeiðskostnaður o. fl. ....	85000		
	<u>2 075 393</u>		
b. Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli:			
1. Laun lögregluþjóna:			
a. Grunnlaun með uppbót .....	575846		
b. Verðlagsuppbót .....	291486		
	<u>867332</u>		
2. Einkennisfatnaður .....	85000		
3. Bifreiðakostnaður .....	175000		
4. Fæðisstyrkur lögreglumanna .....	189000		
	<u>1 316 332</u>		
c. Ríkislögreglan á Akureyri, Hafnarfirði og Siglufirði:			
1. Laun lögregluþjóna:			
a. Grunnlaun með uppbót .....	136890		
b. Verðlagsuppbót .....	71084		
	<u>207974</u>		
2. Einkennisfatnaður og tryggingar .....	23450		
	<u>231 424</u>		

112  
27. des.

	kr.	kr.
d. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Siglufirði .....	60 000	
e. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Raufarhöfn .....	25 000	
f. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Seyðisfirði og Vopnafirði .....	50 000	
g. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Þórshöfn .....	15 000	
h. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Húsavík .....	15 000	
i. Til löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð ....	20 000	
j. Kostnaður við löggæzlu í Sandgerði á vertíðum ...	20 000	
k. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík ..	1 050 000	
l. Til kaupa á talstöðvum í bifreiðar .....	65 000	
m. Ýmis annar löggæzlukostnaður .....	400 000	
		5 343 149
10. Til kostnaðar við landhelgisgæzlu .....		10 995 000
11. Til hegningarhúsa og vinnuhæla:		
a. Hegningarhúsið í Reykjavík:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót .....	101877	
b. Verðlagsuppbót .....	53700	
	<u>155577</u>	
2. Annar kostnaður .....	190000	
	<u>345577</u>	
(Þar af fyrning kr. 1144.)		
÷ Framlag Reykjavíkurbæjar .....	172788	
	<u>172 789</u>	
b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót .....	229554	
b. Verðlagsuppbót .....	121370	
	<u>350924</u>	
2. Annar kostnaður .....	500000	
	<u>850924</u>	
(Þar af fyrning kr. 806.)		
÷ Tekjur .....	180000	
	<u>670 924</u>	
c. Til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju .....	175 000	
d. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, ½ kostnaður .....	28 298	
e. Kostnaður við önnur fangahús .....	50 000	
		1 097 011
12. Til byggingar fangahúsa .....		475 000
13. Kostnaður við sakamál og lögreglumál .....	600 000	
÷ Endurgreiddur málskostnaður .....	200 000	
		400 000
14. Til fangahjálpar, samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra		60 000
15. Kostnaður við siglingadóm samkvæmt lögum .....		50 000
16. Laun sjó- og verzlunardómsmanna .....		100 000
17. Kostnaður við störf setu- og varadómara .....		150 000
18. Kostnaður við félagsdóm:		
a. Laun félagsdómsmanna .....	60 000	
b. Annar kostnaður .....	6 000	
		66 000

		kr.	kr.	112 27. des.
19. a.	Laun sáttamanna í vinnudeilum:			
	1. Grunnlaun .....	17250		
	2. Verðlagsuppbót .....	3967		
		<u>21 217</u>		
b.	Annar kostnaður .....	35 000		
			56 217	
	Samtals A. ...	. . .	28 936 469	
<b>B. Opinbert eftirlit.</b>				
1.	Skipaskoðun ríkisins:			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun með uppbót .....	244578		
	2. Verðlagsuppbót .....	128653		
		<u>373 231</u>		
b.	Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði (áætlað) .....	70 000		
c.	Ferðakostnaður .....	24 000		
d.	Annar kostnaður .....	45 000		
e.	Til kaupa á röntgentæki fyrir skipaskoðunina ....	263 000		
		<u>775 231</u>		
	÷ Tekjur .....	184 000		
			591 231	
2.	Öryggiseftirlit ríkisins:			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun með uppbót .....	180450		
	2. Verðlagsuppbót .....	88474		
		<u>268 924</u>		
b.	Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði (áætlað) .....	30 000		
c.	Annar kostnaður .....	130 000		
		<u>428 924</u>		
	÷ Tekjur .....	428 924		
3.	Bifreiðaeftirlit ríkisins:			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun með uppbót .....	452916		
	2. Verðlagsuppbót .....	233982		
		<u>686 898</u>		
b.	Annar kostnaður .....	540 000		
		<u>1 226 898</u>		
	÷ Tekjur .....	1 226 898		
4.	Löggildingarstofan:			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun með uppbót .....	153738		
	2. Verðlagsuppbót .....	87500		
		<u>241 238</u>		



112  
27. des.

		kr.	kr.
b.	Annar kostnaður .....	120 000	
	÷ Tekjur .....	361 238	
		205 000	156 238
5.	Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:		
a.	Laun:		
	1. Grunnlaun með uppbót .....	166664	
	2. Verðlagsuppbót .....	77929	
		244 593	
b.	Ferðakostnaður við eftirlit .....	30 000	
c.	Mælingarkostnaður, helmingsþátttaka ríkissjóðs ...	45 000	
d.	Annar kostnaður .....	112 000	
	÷ Tekjur .....	431 593	
		431 593	
6.	Matvælaeftirlitið:		
a.	Laun:		
	1. Grunnlaun með uppbót .....	42480	
	2. Verðlagsuppbót .....	17689	
		60 169	
b.	Annar kostnaður .....	115 000	175 169
7.	Kostnaður við mat á afurðum:		
a.	Fiskmat:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun með uppbót .....	347553	
	b. Verðlagsuppbót .....	174442	
		521995	
	2. Skrifstofukostnaður .....	110000	
	3. Kostnaður við eftirlit með fiskaðgerð o. fl. samkvæmt 12. gr. laga um fiskmat frá 5. apríl 1948 .....	8000	
	4. Kostnaður við tilraunir með nýjar verk- unaraðferðir samkv. 15. gr. sömu laga .	10000	
	5. Kostnaður við námskeið fiskmatsmanna	20000	
	6. Ferðakostnaður .....	200000	
		869 995	
b.	Síldarmat:		
	1. Laun:		
	a. Grunnlaun með uppbót .....	28980	
	b. Verðlagsuppbót .....	14585	
		43565	
	2. Tímakaup matsmanna .....	55000	
	3. Annar kostnaður .....	25000	
		123565	
	÷ Tekjur .....	80000	
		43 565	

		kr.	kr.
			112 27. des.
c. Laun kjötmatsmanna:			
1. Grunnlaun með uppbót .....	15795		
2. Verðlagsuppbót .....	9161		
		24 956	
d. Laun ullarmatsmanna:			
1. Grunnlaun með uppbót .....	23403		
2. Verðlagsuppbót .....	11893		
		35 296	
e. Laun lýsismatsmanns:			
1. Grunnlaun með uppbót .....	9000		
2. Verðlagsuppbót .....	2070		
		11 070	
f. Ferðakostnaður matsmanna .....		25 000	
			1 009 882
8. Kostnaður við vörumerkjaskráningu .....			8 000
9. Eftirlit með opinberum sjóðum .....			8 580
10. Kostnaður við eftirlit á vegum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót .....	27378		
2. Verðlagsuppbót .....	14217		
		41 595	
b. Annar kostnaður .....		50 000	
			91 595
11. Eftirlit með sparisjóðum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót .....	23166		
2. Verðlagsuppbót .....	12278		
		35 444	
b. Ferðakostnaður .....		5 000	
			40 444
12. Húsaleiguetfirlit .....			200 000
13. Kostnaður við embættiseftilitsferðir .....			25 000
	Samtals B. ...	. . .	2 306 139
<b>C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.</b>			
<b>I. Tollar:</b>			
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:			
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun með uppbót .....	1821260		
b. Verðlagsuppbót .....	945452		
		2766712	
2. Lausavinna .....	97000		
3. Húsaleiga, ljós og hiti .....	155000		
4. Símakostnaður og burðargjöld .....	145000		
5. Annar kostnaður .....	470000		
		3 633 712	

112  
27. des.

		kr.	kr.
<b>b. Tollgæzla:</b>			
1. Í Reykjavík:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
	1. Grunnlaun með uppbót .. 1125216		
	2. Verðlagsuppbót .....	581702	
		<u>1706918</u>	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti .....	270000	
	c. Símakostnaður .....	20000	
	d. Kostnaður við tollbáta .....	70000	
	e. Annar kostnaður .....	550000	
		<u>2 616 918</u>	
2. Á Keflavíkurflugvelli:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
	1. Grunnlaun með uppbót .. 375750		
	2. Verðlagsuppbót .....	195764	
		<u>571514</u>	
	b. Einkennisfatnaður .....	58200	
	c. Hiti og ljós .....	19200	
	d. Fæðisstyrkur tollvarða .....	67200	
	e. Annar kostnaður .....	3900	
		<u>719 114</u>	
3. Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
	1. Grunnlaun með uppbót .. 307377		
	2. Verðlagsuppbót .....	155693	
		<u>463070</u>	
	b. Annar kostnaður .....	200000	
		<u>663 070</u>	
<b>II. Skattar:</b>			
a. Ríkisskattanevnd:			
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:			
	a. Grunnlaun með uppbót .....	171343	
	b. Verðlagsuppbót .....	55787	
		<u>227130</u>	
	2. Annar kostnaður .....	60000	
		<u>287 130</u>	
b. Skattstofan í Reykjavík:			
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:			
	a. Grunnlaun með uppbót .....	819261	
	b. Verðlagsuppbót .....	424681	
		<u>1243942</u>	
	2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting .....	250000	
	3. Tímavinna .....	650000	
	4. Annar kostnaður .....	200000	
		<u>2343942</u>	
	÷ Hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum .....	500000	
		<u>1 843 942</u>	

7 632 814

11. gr.

112  
27. des.

	kr.	kr.
c. Skattstofur utan Reykjavíkur .....	720 000	
d. Undirskattanefndir .....	875 000	
e. Yfirskattanefndir .....	350 000	
f. Millimatskostnaður .....	45 000	
		4 121 072
Samtals C. ...	. . .	11 753 886
<b>D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.</b>		
Eyðublöð, bókbænd, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnar- ráðsins og opinberra embætta .....		550 000
Samtals D. ...	. . .	550 000

## Til læknaþkipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
I. Landlæknisembættið:		
a. Laun landlæknis og skrifstofumanns:		
1. Grunnlaun með uppbót .....	70278	
2. Verðlagsuppbót .....	32003	
	<u>102 281</u>	
b. Annar kostnaður .....	35 000	137 281
II. Héraðslæknar:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót .....	1922976	
b. Verðlagsuppbót .....	892882	
	<u>2 815 858</u>	
2. Símakostnaður og burðargjöld .....	20 000	2 835 858
III. Kostnaður við framkvæmd laga um læknaáð ..		70 000
IV. Ríkisspítalar:		
A. Landsspítalinn:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót	2701407	
b. Verðlagsuppbót .....	1409907	
c. Hlunnindi .....	402120	
	<u>4513434</u>	
÷ Hlunnindi .....	438900	
	<u>4074534</u>	
2. Matvörur .....	700000	
3. Hjúkrunarkvennaskólinn .....	140000	
4. Ljósmeðraskólinn .....	108200	
5. Annar kostnaður .....	2495000	
	<u>7517734</u>	
÷ Tekjur .....	4395000	
	<u>3 122 734</u>	
B. Fæðingardeild Landsspítalans:		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót	1178674	
b. Verðlagsuppbót .....	633064	
c. Hlunnindi .....	108700	
	<u>1920438</u>	
÷ Hlunnindi .....	134000	
	<u>1786438</u>	
2. Fæðiskostnaður .....	512000	
3. Annar kostnaður .....	1300000	
	<u>3598438</u>	
÷ Tekjur .....	2250000	
	<u>1348438</u>	
÷ Hluti Reykjavíkurbæjar af rekstrar- halla .....	898958	
	<u>449 480</u>	

	kr.	kr.	112 27. des.
<b>C. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:</b>			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót 1601583			
b. Verðlagsuppbót .....	883066		
c. Hlunnindi .....	39900		
	2524549		
÷ Hlunnindi .....	565900		
	1958649		
2. Matvörur .....	1550000		
3. Annar kostnaður .....	1535000		
	5043649		
÷ Tekjur .....	3685000		
Rekstrarhalli .....		1 358 649	
<b>D. Heilsuhælið á Kristnesi:</b>			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót 613703			
b. Verðlagsuppbót .....	333618		
	947321		
÷ Hlunnindi .....	170268		
	777053		
2. Matvörur .....	500000		
3. Annar kostnaður .....	390000		
	1667053		
÷ Tekjur .....	1282600		
Rekstrarhalli .....		384 453	
<b>E. Geðveikrahælið á Kleppi:</b>			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót 2393732			
b. Verðlagsuppbót .....	1306349		
c. Hlunnindi .....	108780		
	3808861		
÷ Hlunnindi .....	545828		
	3263033		
2. Matvörur .....	1600000		
3. Annar kostnaður .....	1640000		
	6503033		
÷ Tekjur .....	5835000		
Rekstrarhalli .....		668 033	
<b>F. Holdsveikraspítalinn í Kópavogi:</b>			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót 113300			
b. Verðlagsuppbót .....	64700		
	178000		
÷ Hlunnindi .....	27300		
	150700		
2. Matvörur .....	45600		
3. Annar kostnaður .....	50000		
Rekstrarhalli .....		246 300	

	kr.	kr.
<b>G. Fávítahælið í Kópavogi:</b>		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót	404600	
b. Verðlagsuppbót .....	227000	
	<u>631600</u>	
÷ Hlunnindi .....	88300	
	<u>543300</u>	
2. Matvörur .....	187000	
3. Annar kostnaður .....	155000	
	<u>885300</u>	
÷ Tekjur .....	660000	
Rekstrarhalli ...	<u>225 300</u>	
<b>H. Fávítahælið á Kleppjárnreykjum:</b>		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót	218800	
b. Verðlagsuppbót .....	124700	
	<u>343500</u>	
÷ Hlunnindi .....	75100	
	<u>268400</u>	
2. Matvörur .....	108000	
3. Annar kostnaður .....	65000	
	<u>441400</u>	
÷ Tekjur .....	440000	
Rekstrarhalli ...	<u>1 400</u>	
<b>I. Blóðbankinn:</b>		
1. Laun:		
a. Grunnlaun með uppbót	129689	
b. Verðlagsuppbót .....	68384	
	<u>198073</u>	
2. Annar kostnaður .....	105000	
	<u>303073</u>	
÷ Tekjur .....	132000	
	<u>171 073</u>	
<b>V. Til berklavarna:</b>		6 627 422
a. Styrkur til berklasjúklinga (áætlað) .....	5 617 500	
b. Styrkur samkv. 19. gr. laga 66/1939 .....	10 000	
c. Laun:		
1. Grunnlaun með uppbót .....	125700	
2. Verðlagsuppbót .....	52669	
3. Aukaþóknun .....	18000	
	<u>196 369</u>	
d. Sýklarannsóknir .....	70 000	
e. Annar kostnaður .....	100 000	
	<u>5 993 869</u>	
Sylvía N. Guðmundsdóttir	5300.00
Unnur Skúladóttir	5606.25
Valborg Einarsson	5606.25
Valgerður Benediktsson	20334.36
Valgerður Halldórsdóttir	8000.00
Valgerður Ólafsdóttir	4000.00
Vigdís G. Blöndal	2811.75
Viktória Bjarnadóttir	845.25
Vilborg Bjarnadóttir	3200.00
Vilborg Torfadóttir	1690.50
Vilhelmina Ingimundardóttir	3650.00
Þóra L. Björnsson	6000.00
Þóra Hjartar	2000.00
Þóra Sigurðardóttir	1690.50
Þóra Skaftason	1690.50
Þorbjörg Sigmundsdóttir	5606.25
Þórdís Ívarsdóttir	1121.50
Þórunn Hafstein	2242.50
Þórunn Pálsdóttir	5606.25
Þórunn Sigurðardóttir	1690.50
Þórunn Þórðardóttir	1035.00
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	3500.00
Þrúður I. Jónsdóttir	2760.00
Þuríður Benediktsdóttir	5623.50
Þuríður Káradóttir	6500.00

913576.08

Verðlagsuppbót 520700.00

1 434 276

## c. Barnastyrkir:

1. Barn Árna sál. Helgasonar, héraðs-læknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1 $\frac{1}{2}$  1924, sjúklingur ..... 1690.50
2. Barn Bergsveins sál. Haraldssonar, kennara, Bergljót Bergsveinsdóttir, f.  $\frac{3}{4}$  1942 ..... 1690.50

## 18. gr.

		kr.	kr.
			112 27. des.
3. Barn Sigurðar sál. Gislasonar, Gunnar Sigurðsson, f. 2½ 1939 .....	1690.50		
	5071.50		
Verðlagsuppbót	2789.32		
		7 861	
			3 620 224
III. Framlag rikissjóðs skv. 10. gr. l. 101/1943 og 8. gr. l. 102/1943 (áætlað) .....			6 700 000
IV. Framlag rikissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvonna, skv. 12. gr. l. 103/1943 .....			160 000
V. Framlag rikissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940 .....			23 500
VI. Framlag rikissjóðs til grunnlauna- og vísitöluupp- bóta á lífeyri .....			2 150 000
Samtals ...		. . .	13 371 627

## 19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana .....			49 100 000
2. Til uppbóta á grunnlaun og lífeyri (áætlað) .....			6 000 000
3. Til óvissra útgjalda .....			2 000 000
Samtals ...		. . .	57 100 000

## III. KAFLI

## Eignahreyfingar.

## 20. gr.

	kr.	kr.
<b>Inn :</b>		
I. Fyrningar .....		1 850 000
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum .....		100 000
III. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna .....		500 000
Samtals ...	...	2 450 000
<b>Út :</b>		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán .....	9169802	
b. Lán í dönskum bönkum .....	1271429	
c. Lán í Bandaríkjunum .....	81600	
	10522831	
2. Lán ríkisstofnana:		
Landssíminn (3. gr. A. 2) .....	910 000	
	11 432 831	
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánnum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað) ..		12 000 000
III. Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2) ...		7 650 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins .....		800 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins .....		150 000
VI. Til byggingar björgunar- og varðskips fyrir Norðurland, enda samþykki dómsmálaráðuneytið gerð skipsins .....		500 000
VII. Til sementsverksmiðju .....		2 000 000
VIII. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana .....	3 600 000	
Þar af 250 þús. kr. til byggingar hjúkrunar- kvennaskóla.		
2. Til byggingar fávitahælis .....	500 000	
	4 100 000	
IX. Til bygginga nýrra vita og vitavarðabústaða ....		1 000 000
X. Til byggingar radiomiðunarstöðvar á Garðskaga, fyrsta greiðsla af þremur .....		120 000
XI. Til flugvallagerða .....		1 800 000
XII. 1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri .....	250 000	
2. Til byggingar sjómannaskólans .....	440 000	
3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum .....	75 000	
4. Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík ..	1 600 000	
5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	500 000	

	kr.	kr.
6. Til viðbótar Málleysingjaskólans .....	165 000	
7. Til byggingar Kennaraskóla Íslands .....	750 000	
8. Til bygginga vegna Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni .....	250 000	
9. Til byggingar húsmæðrakennaraskóla .....	200 000	
		4 230 000
XIII. Til bygginga á prestssetrum .....		1 550 000
XIV. Til byggingar prestsseturshúss á Hólum .....		100 000
XV. Til útihúsa á prestssetrum .....		350 000
XVI. Til byggingar sýslumannabústaða .....		600 000
XVII. Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík .....		850 000
XVIII. Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurlflugvelli .....		500 000
XIX. Til rafveituframkvæmda á Hólum .....		100 000
XX. Til byggingar beitarhúsa á Hólum .....		40 000
XXI. Til rafveituframkvæmda á Hvanneyri .....		35 000
XXII. Til fjósbyggingar að Eiðum .....		100 000
XXIII. Til byggingar peningshúsa að Litla-Hrauni .....		250 000
XXIV. Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs .....		650 000
XXV. Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglina .....		400 000
XXVI. Til byggingar tilraunagróðurhúss að Reykjum ..		100 000
XXVII. Til að lána Sölufélagi garðyrkjumanna til byggingar söluskála .....		150 000
XXVIII. Stofnframlag vegna þátttöku ríkissjóðs í sameignarfélaginu Íslenzkir aðalverktakar .....		1 000 000
XXIX. Til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er ríkisstjórnin telur heppilegast, og má setja þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt .....		5 000 000
XXX. Til byggingar stjórnarráðshúss .....		2 000 000
Samtals ...	. . .	59 557 831

		kr.	kr.
<b>Tekjur:</b>			
2. gr.	Skattar og tollar .....		397 500 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana .....		110 259 264
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs .....		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur .....		1 983 000
5. gr.	Óvissar tekjur .....		4 100 000
Samtals ...		...	513 852 264

## II. Sjóðs-

		kr.
<b>Inn:</b>		
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti .....	513 852 264
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar .....	1 850 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl. ....	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna .....	500 000
Samtals ...		516 302 264

Yfirlit.  
yfirlit.112  
27. des.

21. gr.

		kr.	kr.
Gjöld:			
7. gr.	Vextir .....		4 105 311
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins .....		630 425
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkis- reikninga .....		4 544 797
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar .....		14 951 407
11. gr.	A. Dómgæzla og lögreglustjórn .....	28 936 469	
—	B. Opinbert eftirlit .....	2 306 139	
—	C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta ....	11 753 886	
—	D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur ..	550 000	
			43 546 494
12. gr.	Til læknaSKIPUNAR og heilbrigðismála .....		31 893 367
13. gr.	A. Vegamál .....	48 957 175	
—	B. Samgöngur .....	8 971 500	
—	C. Vitamál og hafnargerðir .....	13 239 174	
—	D. Flugmál .....	3 866 801	
			75 034 650
14. gr.	A. Kirkjumál .....	9 285 371	
—	B. Kennslumál .....	66 432 420	
			75 717 791
15. gr.	A. Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	6 182 517	
—	B. Til rannsókna í opinbera þágu o. fl. ....	6 762 021	
			12 944 538
16. gr.	A. Landbúnaðarmál .....	37 629 959	
—	B. Sjávarútvegsmál .....	9 237 026	
—	C. Iðnaðarmál .....	2 506 720	
—	D. Raforkumál .....	12 628 101	
			62 001 806
17. gr.	Til félagsmála .....		59 900 951
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár .....		13 371 627
19. gr.	Óviss útgjöld .....		57 100 000
	Rekstrarafgangur .....		58 109 100
	Samtals ...	. . .	513 852 264

## yfirlit.

		kr.
Út:		
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi .....	455 743 164
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	59 557 831
	Greiðslujöfnuður ...	1 000 269
	Samtals ...	516 302 264



## Ríkisstjórninni er heimilt:

- I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
- II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.
- III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.
- IV. Að greiða Ólafi Lárussyni full prófessorslaun og Vilhjálmí Finsen ½ sendiherralauna, ef þeir láta af störfum á árinu.
- V. Að heimila Áfengisverzlun ríkisins að greiða Bjarna Kjartanssyni útsölumanni 60% af launum hans, eins og þau voru, er hann lét af störfum.
- VI. Að verja allt að 25 þús. kr. í samráði við símamálastjórnina til þess að tryggja, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum þurfi eigi að þeja meiri útgjöld af slíkum tækjum en talsímanotendur, sem hafa notendasíma landssímans í sveitum.
- VII. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1954 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.
- VIII. Að verja allt að 10 þús. kr. til þess að styrkja afskekkt staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.
- IX. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.
- X. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað.
- XI. Að greiða Ólafi Þór Jónssyni hæfilegar bætur vegna slyss, er hann varð fyrir 15. júlí 1946 af völdum sprengingar við bæinn Minna-Knarrarnes á Vatnsleysuströnd.
- XII. Að greiða halla á rekstri Þjóðleikhússins allt að 250 þús. kr.
- XIII. Að greiða menningarsjóði það, sem á kann að vanta, að tekjur sjóðsins árið 1954 nái 360 þús. kr.
- XIV. Að greiða ¼ hluta hitakostnaðar héraðs- og húsmæðraskóla í sveitum, sem ekki búa við jarðhita.
- XV. Að greiða h/f Skallagrími í Borgarnesi allt að 100 þús. kr. viðbótarrekstrarstyrk, ef óhjákvæmilegt reynist.
- XVI. Að greiða rekstrarhalla, ef óhjákvæmilegt reynist, vegna daglegs flutnings mjólkur og mjólkurafurða frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja, allt að 50 þús. kr.
- XVII. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er fjármálaráðherra metur gildar, 200 þús. kr. lán, er Flóabáturinn Baldur h/f í Stykkishólmi tekur vegna endurbyggingar báts síns.
- XVIII. Að ábyrgjast fyrir Skallagrím h/f í Borgarnesi allt að 3.6 millj. kr. innlent eða erlent lán, er félagið kann að taka til smíða á nýju skipi fyrir Reykjavíkur—Akranes—Borgarnesferðir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó eigi yfir 60% af kostnaðarverði skipsins. (Endurveiting.)

- XIX. Að ábyrgjast allt að 6 millj. kr. lán til byggingar hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hvernar 27. des. framkvæmdar.
- XX. Að ábyrgjast með þeim skilyrðum, er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, lán til útvegsmanna, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna þurrafúa í fiskiskipum, og mega lánin samtals nema allt að 2 millj. kr.
- XXI. Að ábyrgjast fyrir sameignarfélagið Íslenzkir aðalverktakar allt að 1.5 millj. kr. lán vegna þátttöku ríkissjóðs í félaginu.
- XXII. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. byggingarlán fyrir dvalarheimili aldraðra sjómanna, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.
- XXIII. Að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó eigi yfir 80% af heildarkostnaði.
- XXIV. Að aðstoða Flugfélag Íslands h/f við kaup á einni millilandaflugvél og einni innanlandsflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 60% af kaupverði flugvélna, þó eigi yfir 14 millj. kr., gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. (Endurveiting.)
- XXV. Að aðstoða Loftleiðir h/f við kaup á einni millilandaflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 10 millj. kr. láni gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. (Endurveiting.)
- XXVI. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum.
- XXVII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.
- XXVIII. Að endurgreiða toll af maniókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.
- XXIX. Að gefa Kjartani Guðmundssyni eftir 336 þús. kr., sem er helmingur af skuld hans við ríkissjóð vegna kaupa á Súðinni.
- XXX. Að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins M. Jónssonar verði eign Kennaraskóla Íslands, enda fallist ríkisstjórnin á skilyrði eigandans fyrir afhendingu safnsins.
- XXXI. Að kaupa einkasafn Finns Guðmundssonar af náttúrugripum og bókum um náttúrufræði.
- XXXII. Að kaupa grasasafn Ingólfs Davíðssonar.
- XXXIII. Að kaupa jarðirnar Kirkjubæ vestri og eystri á Rangárvöllum og leigja þær fyrir hrossaræktarþú. (Endurveiting.)
- XXXIV. Að kaupa jörðina Gröf í Hrunamannahreppi.
- XXXV. Að kaupa eignarhluta Hauks Jörundssonar í kennarabústað á Hvanneyri.
- XXXVI. Að verja allt að 3.5 millj. kr. til flugvallagerðar við viðbótar framlagi á 20. gr., ef tekjur flugvallanna fara fram úr áætlun sem þessu nemur, enda vaxi ekki rekstrarhalli flugmálanna samkv. 13. gr. D.
- XXXVII. Að taka allt að 800 þús. kr. lán til stækkunar sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík.
- XXXVIII. Að taka allt að 5 millj. kr. lán til að auka húsnæði ríkisspítalanna.
- XXXIX. Að selja landhelgisgæzlunni sóttvarnarhúsið í Reykjavík.
- XL. Að leyfa stjórn landhelgisgæzlunnar að greiða úr landhelgisjóði hluta af byggingarkostnaði björgunar- og varðskips fyrir Norðurlandi.
- XLI. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á tiltekna vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.
- XLII. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

112

23. gr.

27. des.

Á árinu 1955 skal greiða á laun starfsmanna ríkisins 20% grunnlaunauppbót, enda skal lágmarksvinnutími samkv. 1. gr. I. reglugerðar nr. 45 1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136 1945 vera á sama tíma 38½ klukkustund á viku.

Fyrir árið 1954 skal greiða starfsmönnum ríkisins sömu uppbót og segir í 1. mgr., að frádregnum þeim uppbótum, er greiddar hafa verið samkv. 23. gr. fjárlaga fyrir það ár.

Á árunum 1954 og 1955 skal greiða 20% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 20 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1954 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

113

L Ö G

23. des.

um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er hljóða svo:

Viðskiptamálaráðherra skal heimilt að veita allt að 5 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum í hverjum hinna kaupstaðanna, sem verzlunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir að hans dómi, leyfi til að selja sjálfir á frjálsum uppboði málverk, myndir, listmuni og bækur, enda fari um framkvæmd á þeim uppboðum eftir ákvæðum þessarar greinar.

Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en 5 ára í senn. Leyfisgjald er 1500 krónur, er renni í ríkissjóð. Eigi skulu greidd sölulaun til ríkissjóðs af andvirði muna þeirra, sem þannig eru seldir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

114

24. des.

## um aðstoð við togaraútgerðina.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1955 að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum. Má gjald þetta nema allt að 100% af fob-verði bifreiðanna, og innheimtir innflutningsskrifstofan það, sbr. þó 5. gr.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

## 2. gr.

Gjald það, sem innheimt er samkvæmt 1. gr., skal renna í sérstakan sjóð, sem er eign ríkisins.

Úr sjóði þessum skal greiða togaraútgerðinni rekstrarstyrk á árunum 1954 og 1955. Eigi má greiða hverjum einstökum togara meira fé úr sjóðnum en nemur kr. 2000.00 fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið úti til veiða á tímabilinu 1. ágúst 1954 til 31. des. 1955.

## 3. gr.

Sjóð þann, er um ræðir í 2. gr., skal geyma á sérstökum reikningi í Landsbanka Íslands.

Stjórn sjóðsins og greiðslu styrkja úr honum skal fela tveimur mönnum. Skipar fjármálaráðherra annan, en sjávarútvegsmálaráðherra hinn.

Kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af fé hans.

## 4. gr.

Ríkisstjórnin sker úr, ef ágreiningur er um, hverjar bifreiðar skuli gjaldskyldar samkvæmt 1. gr., svo og ef ágreiningur er um verð það, sem gjaldið miðast við.

## 5. gr.

Nú hefur innflutningsleyfi verið veitt fyrir bifreið áður en lög þessi öðlast gildi, en hún eigi verið tollafgreidd fyrir gildistöku laganna, og skal þá tollyfirvald heimta gjald samkvæmt 1. gr. þegar tollafgreiðsla fer fram.

Nú hefur bifreið verið tollafgreidd fyrir gildistöku laga þessara, og skal þó heimilt að krefja um leyfisgjald samkvæmt lögnum, ef leyfi til tollafgreiðslu bifreiðarinnar hefur verið veitt með fyrirvara um innheimtu gjaldsins síðar, ef það yrði á lagt. Ber innflytjandi slíkrar bifreiðar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

## 6. gr.

Veita skal tveggja ára greiðslufrest á afborgunum lána, er stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands hefur veitt til kaupa á togurum, og lánstíminn lengjast samkvæmt því. Fresturinn telst frá gjalddaga hverrar afborgunar, einnig þó að um áfallnar, en ógreiddar afborganir lána þessara sé að ræða.

Sama gildir um afborganir af lánnum, er ríkissjóður hefur veitt til kaupa á nýjum togurum.

## 7. gr.

Þar sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum, er átt við ríkisstjórnina í heild.

114

24. des.

Ríkisstjórnin setur reglur um framkvæmd laga þessara. Má í þeim reglum m. a. ákveða mismunandi gjald af leyfum fyrir ýmsum tegundum bifreiða innan þeirra marka, er greinir í 1. gr., og einnig, að bifreiðar til ákveðinna nota séu gjaldfrjálsar.

8. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

115

28. des.

## L Ö G

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fremst í 48. gr. framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, kemur ný málsg.::

Nú veldur maður með óreglu sinni og hirðuleysi um meðferð fjármuna hættu á því, að þeir, sem honum er skylt að framfæra, verði að leita aðstoðar um framfærslu eða líði nauð, og skal sveitarstjórn eða lögreglustjóri, sem til er leitað, þá leggja fyrir vinnuveitanda hans eða kaupgreiðanda að halda eftir tilteknum hluta af kaupum hans. Sá hluti, sem haldið er eftir, má nema allt að  $\frac{3}{4}$  hlutum kaupsins, að frádregnum opinberum gjöldum. Sveitarstjórn eða lögreglustjóri ákveður jafnframt, hver skuli taka við kaupinu, og er þá óheimilt að greiða það öðrum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

## L Ö G

116  
29. des.

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## 1. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr. laganna, er ráðherra heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins, er nefnist heilsugæzlustjóri.

Heilsugæzlustjóri skal hafa yfirstjórn allra læknamálefna stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

Hann hefur með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála Tryggingastofnunarinnar, er þriðji kafli laganna kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda og hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna meðan þau starfa.

Tryggingayfirlæknir annast í samráði við heilsugæzlustjóra störf þau, sem honum eru sérstaklega falin í lögnum.

## 2. gr.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á skipun og verksviði sérfræðinganefndar þeirrar, er um getur í 2. málsg. 6. gr. laganna, þannig að heilbrigðismálaráðherra tilnefni einn mann í nefndina, er verði formaður hennar í stað landlæknis, og að hlutverk nefndarinnar verði eingöngu að úrskurða örorkustig og orkutap þeirra, er sækja um bætur og ekki vilja una úrskurði lækna Tryggingastofnunarinnar eða tryggingaráð telur ástæðu til að leita úrskurðar nefndarinnar um.

## 3. gr.

Stéttarsamband bænda skal hafa rétt til þess að skipa einn fulltrúa til þess, ásamt fulltrúum þeim, er um getur í 9. gr. laganna, að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld samkv. 113. gr.

## 4. gr.

Til ársloka 1955 skulu sýslunefndir í tryggingaumdæmum utan kaupstaða fara með störf trygginganefndar, sbr. 11. gr. laganna. Þó er sýslunefnd heimilt að fela þessi störf sérstakri nefnd, er hún kys. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast stjórnir sjúkrasamlaganna þessi störf. Verði öll sjúkrasamlög í tryggingaumdæmi sameinuð í eitt samlag, skal stjórn þess fara með störf trygginganefndar í umdæminu í stað sýslunefndar.

## II. KAFLI

## 5. gr.

Grunnupphæðir bóta samkv. II. kafla laganna, 1.—4., skulu vera sem hér segir:

1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. og 18. gr. laganna:

a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 6528.00
Á 2. — .....	— 4896.00

<b>116</b> 29. des.	b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:	
	Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 4080.00
	Á 2. — .....	— 3060.00
	2. Árlegur barnalífeyrir samkv. 20. gr. laganna:	
	Á 1. verðlagssvæði .....	— 2400.00
	Á 2. — .....	— 1800.00
	3. Árlegar fjölskyldubætur samkv. 30. gr. laganna:	
	Á 1. verðlagssvæði .....	— 1200.00
	Á 2. — .....	— 900.00
	4. Ekkjubætur samkv. 35. gr. laganna:	
	Fyrstu 3 mán., eftir lát maka .....	kr. 600.00 á mán.
	Næstu 9 mán., ef ákvæði greinarinnar heimila .....	— 450.00 — —
	5. Hámark árlegra makabóta samkv. 38. gr. laganna:	
	Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 2448.00
	Á 2. — .....	— 1836.00
	6. Sjúkrabætur samkv. 40. gr. laganna:	
	a. Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis:	
	Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 18.00 á dag.
	Á 2. — .....	— 15.00 — —
	b. Fyrir aðra:	
	Á 1. verðlagssvæði .....	— 15.00 — —
	Á 2. — .....	— 12.00 — —

Nú eru hjón eigi samvistum, af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er ráðinu þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri samkv. 15. gr. laganna.

#### 6. gr.

Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málsg. 23. gr. laganna á greiðslu um barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna samkv. 27. og 28. gr.

#### 7. gr.

Tryggingaráði skal heimilt að greiða ekklum allt að fullum barnalífeyri, í stað hálf, eins og ákvæðið er í síðustu málsg. 23. gr. laganna.

#### 8. gr.

Þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsg. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkv. 76. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.

Um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Vanræki framfærslusveit að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

## 9. gr.

116  
29. des.

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna skulu þær íslenzkar konur eiga, sem giftar hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. — Lífeyrinn skal greiða frá þeim tíma, er barn hætti að njóta framfærslu föður síns eða meðlagsgreiðslu frá hans hendi, eigi lægri en lífeyrisgreiðslan, enda hafi barnið dvalið á Íslandi, þó eigi lengra aftur í tímann en til 1. janúar 1951. — Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

## 10. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að greiða fjölskyldubætur vegna barna, þótt þau dveljist ekki á heimili föðursins og ákvæði 2. málsg. 32. gr. laganna taki til þeirra, ef sannað er, að hann kostar framfæri þeirra að fullu, enda greiðast bæturnar þá til hans.

## 11. gr.

Auk fjölskyldubóta samkv. 30. gr. laganna skal greiða árlegar fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði með 2. barni kr. 400.00, með 3. barni kr. 600.00.

Á 2. — með 2. barni — 300.00, með 3. barni — 450.00.

Bætur þessar greiðast með sömu vísitöluupphót og aðrar bætur, og fer um greiðslurnar að öðru leyti eftir ákvæðum 30.—33. gr. laganna.

Ekkjur, ógiftar mæður og fráskildar konur, sem hafa fleiri en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri, skulu eiga rétt til mæðralauna. Mæðralaunin greiðast án tillits til þess, hvort konan nýtur jafnframt barnalífeyris eða eigi. Mæðralaunin nema sömu upphæð og fjölskyldubætur samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar og 30. gr. laganna.

Bætur samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á.

## 12. gr.

Fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. laganna skal vera jafn til allra mæðra og nema kr. 600.00 fyrir hverja fæðingu. Þó skal ógift móðir, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til þess að afla sér slíks úrskurðar, eiga rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni til viðbótar allt að kr. 300.00 á mánuði í allt að 3 mánuði á þann hátt, sem í 2.—4. mgr. greinarinnar segir, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi fyrir viðbótarupphæðinni, á sama hátt og segir í 27. gr. laganna um endurkröfurétt á barnalífeyri.

## 13. gr.

Til ársloka 1955 er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða giftum konum, þótt þær vinni eigi utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. gr. laganna, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærra upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. laganna og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsg. 40. gr. laganna séu fyrir hendi.

Þá er og heimilt að greiða sjúkrabætur til manna, sem náð hafa 67 ára aldri, ef þeir njóta ekki lífeyris eða annarra bóta frá Tryggingastofnuninni.

Hafi sjúkrasamlag eða sveitarstjórn í þjónustu sinni hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlkur til þess að veita hjúkrun eða aðstoð á heimilum í veikindum, er Tryggingastofnuninni heimilt að taka þátt í kostnaði við þau störf eftir samkomulagi við viðkomandi aðila.



## 116

29. des.

Tryggingaráði er heimilt, þegar ekki liggja fyrir fullar sannanir þess, að tekjur umsækjanda um sjúkrabætur hafi rýrnað svo vegna sjúkleikans, að þær fari niður fyrir það mark, sem 2. málsgr. 39. gr. laganna ákveður, að fresta úrskurði um sjúkrabætur, þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur hans á veikindaárinu liggja fyrir.

## 14. gr.

Ákvæði b-liðs 42. gr. laganna um lengri biðtíma þeirra, sem hafa launþega í þjónustu sinni, skulu aðeins gilda um þá, sem kaupa svo mikla vinnu, að þeim beri að greiða gjald samkv. 112. og 113. gr. af meiru en 52 vinnuvikum.

## 15. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að víkja frá þeim ákvæðum 1. málsgr. 43. gr. laganna, sem gera sjúkrahúsvist eða rúmlegu að skilyrði fyrir greiðslu sjúkrabóta, ef sérstaklega stendur á.

## 16. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að lengja tilkynningarfrést þann, sem um ræðir í 44. gr., þó ekki yfir 3 mánuði.

## 17. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að lengja tilkynningarfrést þann, sem um ræðir í 44. gr., þó ekki yfir 3 mánuði.

## 18. gr.

Grunnupphæðir slysabóta samkvæmt II. kafla laganna skulu vera sem hér segir:

1. Dagpeningar samkv. 53. gr. laganna kr. 22.50 á dag.
2. Fullur árlegur örorkulífeyrir samkv. 56. gr. laganna kr. 4080.00.
3. Dánarbætur samkv. 57. gr. laganna:
  - a. Til ekkju eða ekkils samkv. 1. tölul. kr. 9000.00. Fullur lífeyrir samkvæmt sama lið kr. 4080.00.
  - b. Barnalífeyrir samkv. 2. tölul. kr. 2400.00 á ári.
  - c. Bætur til uppkomins barns samkv. 3. tölul. kr. 3000.00—9000.00. Sama gildir um systkini, sbr. 5. tölul.
  - d. Bætur til foreldris samkv. 4. tölul. kr. 3000.00—9000.00.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að hækka örorkulífeyri samkv. 2. tölul. þessarar greinar, eftir sömu reglum og gilda um ellilífeyri samkv. 17. gr. laganna.

## 19. gr.

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll samkv. a-, c- og d-lið 3. töluliðs 18. greinar, greiða þessar grunnupphæðir:

1. Til ekkju eða ekkils skv. fyrri málslið a-liðs ..... kr. 14000.00
2. Til uppkomins barns eða systkinis skv. c-lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna skorts á starfsgetu ..... kr. 2000.00 til — 6000.00
3. Til foreldris skv. d-lið ..... — 2000.00 — — 6000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 6400.00 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tölulið þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 6400.00, sem skiptist milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b-lið 3. töluliðs 18. greinar, ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

## 20. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn auka-íðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. laga nr.

41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, þegar dag- 116 peningar eru greiddir samkv. 53. gr. laganna, einnig fullt kaup eða aflahlut í eina 29. des. viku frá afskráningardegi að telja.

#### 21. gr.

Barnalífeyrir samkv. 3. mgr. 56. gr. laganna skal aldrei vera lægri en verið hefði, ef lífeyririnn væri ákveðinn eftir fyrirmælum laganna um barnalífeyri til öryrkja, sbr. 20. og 22. gr. laganna.

#### 22. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að ákveða, að árlegar umsóknir um bætur, sbr. 65. gr. laganna, megi niður falla að því er varðar einstakar bótategundir, fleiri eða færri, og ákveður ráðið þá, hversu oft skuli endurnýja umsóknir og leggja fram eða endurnýja skilríki til sönnunar bótaréttinum.

### III. KAFLI

#### 23. gr.

Framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt III. kafla laganna skal frestað til 1. jan. 1956, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndarstöðvum eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr. laganna, til ríkisstyrks samkv. 77. gr. laganna helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. laganna um skipun lækna við slíkar stöðvar.

#### 24. gr.

Til þess tíma, er 23. gr. segir, skal III. kafli laga nr. 104 30. des. 1943, um sjúkratryggingar, vera í gildi, með þeim breytingum, er hér greinir:

1. Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið, að sjúkrasamlög, sem starfa í sama tryggingaumdæmi, skuli sameinuð, enda séu stjórnir a. m. k.  $\frac{2}{3}$  hluta sjúkrasamlaganna því samþykkar. Nú sameinast öll samlög innan sama umdæmis, og skal þá sýslunefnd kjósa fjóra menn í stjórn samlagsins.
2. Ríkisstjórnin getur, ef tryggingaráð gerir tillögur þar um, ákveðið, að greiðslur sjúkrasamlaga fyrir lyf, önnur en þau, sem lífsnauðsynleg teljast til notkunar að staðaldri, og umbúðir utan sjúkrahúsa, samkv. 2. tölul. 33. gr. l. 104/1943, skuli takmarkaðar frekar en þar er gert.
3. Þegar maður, 67 ára eða eldri, þarfnast sjúkrahúss- eða hælisvistar umfram þær 5 vikur, er sjúkrasamlagi hans ber að greiða samkv. síðari málslið fyrstu málsgr. 38. gr. laga nr. 104 frá 1943, vegna ellikramar eða annarra slíkra sjúkdóma, skal Tryggingastofnun ríkisins þann tíma, er hann þarfnast hjálparinnar, greiða ríkisframfærslunni ellilífeyri þann, er hlutaðeigandi á rétt til, ásamt álagi, sem úrskurðað kann að vera samkv. 16. gr., ef ákvæði ríkisframfærslulaga nr. 78/1936 verða látin taka til langvarandi ellisjúkdóma á sama hátt og þau taka nú til annarra langvarandi sjúkdóma.
4. Ákvæði 2. mgr. 39. gr. taka ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálpar, sem samningarnir fjalla um.
5. Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 78 krónur á ári að viðbætti verðlagsuppbót samkv. vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við.
6. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærrí tekjur en svo, að þær ásamt

- 116** lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi  
29. des. þrefaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr. laganna.

## 25. gr.

Til ársloka 1955 skal Tryggingastofnun ríkisins vera heimilt að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59/1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 300 þús. kr. á ári, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs.

## 26. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal, í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og hlutað-eigandi héraðsstjórn, láta fram fara athugun á vinnugetu öryrkja, sem ætla má að geti unnið fyrir sér að nokkru eða öllu leyti, ef þeim er veittur kostur á atvinnu við þeirra hæfi. Jafnframt skal gera tillögur um ráðstafanir til þess, að starfskraftar slíkra öryrkja geti komið þeim sjálfum og þjóðfélaginu að sem mestum notum.

## IV. KAFLI

## 27. gr.

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2—5, skulu vera sem hér segir árið 1955:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:
  - a. Kvæntir karlar:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 455.00
Á 2. — .....	— 365.00
  - b. Ókvæntir karlar:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	— 410.00
Á 2. — .....	— 330.00
  - c. Ógiftar konur:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	— 305.00
Á 2. — .....	— 245.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
 

Á 1. verðlagssvæði .....	kr. 5.45 á viku.
Á 2. — .....	— 4.10 — —
3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:  
12.6 millj. kr.
4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:  
20.4 millj. kr.

## 28. gr.

Auk þeirra, sem gjaldskyldir eru til almannatrygginganna samkvæmt 105. gr. laganna, skulu þegnar þeirra ríkja, sem hafa gagnkvæmissamninga um tryggingar við Ísland og búsettir eru hér á landi, einnig greiða iðgjöld til almannatrygginganna. Ráðherra ákveður iðgjaldaupphæð þeirra.

## 29. gr.

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og visitöluálag í 2. tölul. bráðabirgða-ákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísi-tölu eftir sömu reglum og laun.

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, 116 sbr. 27. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu þeirri, sem 29. des. uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marzmánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitölu-álag ársins hefur verið ákveðið.

### 30. gr.

Í stað ákvæða síðasta málsl. fyrstu málsgr. 109. gr. laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkv. 1. málsgr. 109. gr. laganna, og tekur þá sveitarstjórn ákvröðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

### 31. gr.

Störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelst og starfar á heimilum foreldra sinna, skulu metin til vinnuvikna samkv. 112. gr. laganna á sama hátt og störf unglunga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl.

### 32. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal vera heimilt, til ársloka 1955, að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætta atvinnurekstri á því tímabili, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingaiðgjöld fyrir árið 1946 samkv. II. kafla laga nr. 104/1943.

### 33. gr.

Um innheimtu framlags sveitarsjóða gilda ákvæði 117. gr. laganna, auk ákvæða 115. gr., þó þannig, að Tryggingastofnunin getur innheimt þau án milligöngu innheimtumanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún kýs það heldur.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur, sem tryggingargjaldi svarar, af þeim fasteignum, sem framlag sveitarfélags til tryggingasjóðs miðast við þegar því er skipt milli sveitarfélaga innan tryggingaumdæmis samkv. 2. tölul. 3. málsgr. 114. gr. laganna, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

### 34. gr.

Tekjuafgangi Tryggingastofnunarinnar, eins og hann nú er orðinn og síðar kann að verða, skal varið til þess að mæta ófyrirsjáanlegum halla, er verða kann á rekstri trygginganna einstök ár, og skal ekki tekið til ábyrgðar ríkissjóðs umfram hið fasta framlag hans, sbr. 27. gr. þessara laga, meðan nokkur tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði.

### 35. gr.

Skrár þær, er sveitarstjórnnum ber að semja samkvæmt 118. gr. laganna, skal gera í þremur eintökum, og skulu þær gerðar mánuði fyrr en greinin ákveður. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattanefndar (skattstjóra), eins og greinin mælir fyrir.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 118. gr. skulu einnig gilda um framlagningu skrár um iðgjöld samkvæmt 112. og 113. gr., svo og um kærur út af þeim gjöldum.

### 36. gr.

Heimilt skal að fresta afhendingu nýrra tryggingarskirteina, sbr. 127. gr., eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota fyrri skirteini á meðan slík frestun varir.

116

29. des.

37. gr.

Til ársloka 1955 skulu sjúkrasamlög í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

38. gr.

Sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104/1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðarstjóra skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

39. gr.

Tryggingaráð getur ákveðið, að auk þeirra frjálsu slysatrygginga, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að taka að sér samkv. 3. málsl. 1. málsgr. 135. gr. laganna, skuli stofnunin einnig veita félagssamþökum íþróttamanna kost á að kaupa slysatryggingu fyrir meðlimi sína, þegar þeir taka þátt í opinberri íþróttakeppni eða æfingum og námskeiðum undir stjórn viðurkenndra íþróttakennara, enda fáist endurtrygging fyrir a. m. k. 75% áhættunnar.

40. gr.

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1955.

41. gr.

Þó að lífeyrisgreiðslur falli niður vegna fyrirmæla í 1. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna, haldast í fullu gildi ákvæði 16. gr. um hækkun lífeyris vegna frestunar á lífeyrisgreiðslum.

42. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 38/1953 og lög nr. 50/1954.

#### Bráðabirgðaákvæði.

Nú ákveður Alþingi að ganga að einhverju leyti til móts við óskir opinberra starfsmanna um, að laun þeirra verði hækkuð til samræmingar við launahækkunarir, sem aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa fengið á undanförunum árum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að greiða skuli uppbætur á ellilaun og örorkulífeyri, samkvæmt 5. gr. 1. tl. a. og b., fyrir árið 1955 til samræmis við þær launabætur, sem embættismenn þannig kunna að fá.

Jafnframt skulu þá hækka framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða og iðgjöld atvinnurekenda og hinna tryggðu samkvæmt 27. gr. hlutfallslega jafnt, þannig, að hækkunin jafngildi útgjaldaaukningunni.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að hliðstæðar uppbætur verði greiddar á elli- og örorkulífeyri fyrir árið 1954, og greiðir þá ríkissjóður 1/3 hluta þeirrar útgjaldaaukningar, en 2/3 hluta greiði Tryggingastofnunin.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, að fengnum tillögum tryggingaráðs.

*Gjört í Reykjavík, 29. desember 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*



